

Morgunblaðið

FIMMTUDAGUR 1. FEBRÚAR 2024

• Stofnað 1913 • 27. tölublað • 112. árgangur •



SAUMAVÉLA-SAFN PFAFF VANTAR SKJÓL

YFIR HUNDRAD VÉLAR 14



LJÓÐRÆN SÚRREALÍSK FEGURÐ

VADLAHEIÐARGÖNG 68

KOMINN Í ENSKU ÚR-VALSDEILDINA

HÁKON RAFN 64



Morgunblaðið/Eggert

Barist í gegnum bylenn í Borgartúni

Mikill éljagangur gerði íbúum á suðvesturhorninu lífið leitt um miðjan dag í gær. Brotið úr Berlínarmúrnum, sem áður

stóð við Potsdamer Platz, stóð éljaganginn af sér og veitti kannski vegfarendum skjól í örskamma stund. Útlit er fyrir

að skammt verði stórra högga á milli; gul viðvörn tekur aftur gildi í kvöld og verður í gildi þar til á morgun.

Undirbúa tómata-ræktun í stóriðjustíl

Á vegum fyrirtækisins Landnýting ehf. er í undirbúningi að reisa 27 ha. gróðurhús við Árnes í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Erlendir fjárfestar eru með í spilin, sem gengur út á að setja á fót eins konar stóriðju í ræktun tómatu. Framleiðslan yrði um 300 tonn á viku, eða um 15.600 tonn á ári, og færi á markað í N-Evrópu og í Bretlandi. Þess má geta að ársframleiðsla á tómtum á Íslandi árið 2022 var 1.460 tonn.



Uppbygging á þessari grænu stóriðju í uppsveitum á Suðurlandi gæti tekið 10 ár og verðmiðinn er 22 milljarðar króna. „Þetta er verkefni sem sýnir mjög vel hvaða möguleikar og tækifæri felast í matvælaframleiðslu á Íslandi,“ segir Óttar Makuch, framkvæmdastjóri Landnýtingar. Haraldur Þór Jónsson, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps, telur að fleiri slík græn verkefni séu framtíðin á Íslandi. » 16

Fjölga þarf í lögreglunni

● Fullt tilefni til að taka hótanir í garð lögreglu og saksóknara alvarlega, segir ráðherra ● Ráðist er á lög og reglu í landinu

„Lögreglumenn og saksóknarar eiga rétt á því að njóta öryggis í vinnu sinni,“ segir Guðrún Hafsteinsdóttir dómsmálaráðherra. Hún vísar til fréttu Morgunblaðsins undanfarna daga af hótunum í garð lögreglumanna og saksóknara. Sagt var frá því í gær að Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari hefði um þriggja ára skeið mátt þola hótanir af hálfu manns sem sætti ákæru og hlaut dóm.

„Við erum að sjá aukið ofbeldi, aukinn vopnaburð, við höfum séð fjölgun hnifárása og útköllum sersveitar-

innar hefur fjölgað stórkostlega. Allt eru þetta teikn á lofti um meiri hörku. Við verðum að bregðast við þessu með því að bæta starfsumhverfi lögreglunnar og fjölga lögreglumönnum. Það er á stefnuskránni,“ segir Guðrún og bætir við:

„Árás á lögreglumann eða saksóknara er í raun mun stærra mál en árás á einstaklinginn. Með því að ráðast að þessum opinberu starfsmönnum er viðkomandi að ráðast á lög og reglu í landinu. Við treystum lögreglunni til þess að verja okkur fyrir þeim sem

ekki virða lög,“ segir Guðrún. „Ef ráðist er á laganna vörð er verið að ráðast á lög. Og það getum við sem réttarríki ekki liðið því þá erum við að samþykkja algert virðingarleysi við lög og rétt í landinu. Það er mikilvægt að við skiljum öll merkingu þess að ráðist sé á lögreglu eða saksóknara og þar með lög og rétt – og við ættum öll að taka það alvarlega.“

Guðrún vill ekki svara því hvort nýleg dæmi séu um hótanir í garð ráðamanna og hvort auka hafi þurft gæslu af þeim sökum. hdm@mbl.is

Tax free af öllum snyrtivörum

HAGKAUP

Tax free

19,36% afsláttur

SNYRTIVÖRU DAGAR

Reykjavíkurlflugvöllur í áratugi

- Áhættumat væntanlegt um Hvassahraunsflugvöll
- Ólíklegt að einhver sé tilbúinn að fjárfesta þar
- Mikilvægt að stjórnmalámennt grundvalli ákvarðanir á vísindum og þekkingu, segir innviðaráðherra

Ólafur E. Jóhannsson
oej@mbl.is

„Fyrir okkur leikmenn hljómar þetta þannig að ólíklegt sé að einhver sé tilbúinn að fjárfesta í uppbyggingu á dýru mannvirkjum til langs tíma á svæði sem er háð jafn mikilli óvissu eins og staðan er í dag,“ segir Sigurður Ingi Jóhannsson innviðaráðherra í samtali við Morgunblaðið. Hann var spurður hvort tímabært væri að slá af hugmyndir um byggingu alþjóðaflugvallar í Hvassahrauni í ljósi eldsumbrota á Reykjanesskaga sem ekki sér fyrir endann á og spáð er að geti staðið yfir árum eða jafnvel áratugum saman.

Segir Sigurður Ingi að unnið sé að áhættumati vegna jarðhræringa o.fl.



Sigurður Ingi Jóhannsson

á alþjóðaflugvöll í Hvassahrauni og von sé á skýrslu um það í mars nk. „Þá verður búið að taka inn áhættumatið og flug- og veður-rannsóknir,“ segir Sigurður Ingi.

Spurður hvort ekki sé einboðið að fara að leita að nýjum stað fyrir alþjóðaflugvöll í ljósi aðstæðna sem uppi eru segir hann:

„Skýrslan kemur í mars og ég stend við það sem ég hef sagt, að í stað þess að við stjórnmalámennt tökum einhverjar ákvarðanir núna og áður en niðurstaða hennar liggur fyrir, þá



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Reykjavíkurlflugvöllur Er Reykjavíkurlflugvöllur kannski allt í lagi?, spyr innviðaráðherra, sem biður eftir áhættumati á flugvelli í Hvassahrauni.

finnst mér rétt að biða eftir henni. Þá getum við byggt á þeim grundvelli.“

„Í ljósi alls þessa er auðvitað ljóst að Reykjavíkurlflugvöllur mun þjóna sínu hlutverki næstu áratugina, það liggur í augum uppi,“ segir Sigurður Ingi, enda mikil óvissa um Reykjanesskaga eins og raun beri vitni.

- Eru stjórnvöld farin að líta til annarra kosta í stöðunni?

„Nei, ég ætla að biða eftir skýrslunni. Þegar hún kemur verða menn líka að svara spurningunni: Er Reykjavíkurlflugvöllur kannski allt í lagi? Þarf að taka þá umræðu aftur, eða eigum við aftur að fara að skoða aðra staði? Það er mikilvægt að við stjórnmalámenntinnir grundvöllum ákvarðanir okkar á mati vísinda og bestu þekkingar,“ segir Sigurður Ingi.

Bókmenntaverðlaun á Bessastöðum

Íslensku bókmenntaverðlaunin 2023 voru afhent í 35. sinn við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í gærkvöldi.

Þau Steinunn Sigurðardóttir, Gunnar Helgason, Rán Flygenring og Haraldur Sigurðsson hlutu verðlaunin að þessu sinni sem Guðni Th. Jóhannesson forseti afhenti.

Fengu þau nýjan verðlaunagrip sem nefnist Blængur eftir Matthías Rúnar Sigurðsson. Við sama tækifæri hlaut Eva Björg Áegisdóttir Íslensku glæpasagnaverðlaunin Blóðdropann 2023. Á myndinni til hliðar eru Guðni Th. Jóhannesson forseti, Lilja Dögg Alfreðsdóttir menningarmálaráðherra, Eva Björg Áegisdóttir, Rán Flygenring, Gunnar Helgason, Haraldur Sigurðsson, Steinunn Sigurðardóttir og Heiðar Ingi Svansson formaður Félags íslenskra bókaútgefenda (Fibú). » 74



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

5 stjörnur á

Madeira

Hotel Melia Madeira Mare ★★★★★

4. APRÍL Í 10 NÆTUR

MORGUNVERÐUR OG EINN KVÖLDVERÐUR INNIFALINN

FLUG & GISTING FRA

239.450

Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA

Heimsferðir 595 1000 www.heimsferdir.is

Brot á samskiptaforriti ekki nauðgun


Hæstiréttur telur kynferðisbrot þar sem gerandi og brotþoli eru fjarri hvor öðrum ekki teljast til nauðgunar.

Þetta kemur fram í dómi Hæstaréttar í máli Brynjars Joensen Creed, sem var dæmdur í sjö ára fangelsi fyrir brot gegn fimm grunnskólabörnum.

Hæstiréttur fellur því frá úrskurði Landsréttar um að netbrot teljist til nauðgunar. Dómur Brynjars var ekki stytur.

Höfðu brot Brynjars meðal annars átt sér stað á samfélagsmiðlinum Snapchat og voru allar stúlkurnar 15 ára eða yngri er brotin áttu sér stað. Fékk hann stúlkurnar til að senda sér myndbönd af kynferðislegum toga.

Á málið sér langa sögu og hefur verið deilt fyrir héraðsdómi, Landsrétti og Hæstarétti um hvort brot geti talist nauðgun ef



AFP

Snapchat Brynjar notaði Snapchat til að nálgast stúlkur undir lögdaldi.

gerandi er ekki á staðnum. Hefur málið vakið talsverða athygli og skapað umræðu um réttarstöðu barna í tilfellum stafrens kynferðisofbeldis, sem fari sífellt fjölgandi.

Nánari umfjöllun um málið á mbl.is

Lögreglan rannsakar andlát sex ára barns

Andlát sex ára barns í Kópavogi er til rannsóknar hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Tilkynning um málið barst embættinu um klukkan hálfátta í gærmorgun og hélt lögreglan þegar á vettvang, í íbúðarhúsi á Nýbýlavegi. Barnið var látið þegar lögreglu bar að garði.

RÚV greindi frá því í gær að kona væri í haldi lögreglu vegna málsins og að hún ætti að sæta geðmati. Eiríkur Valberg, lögreglufulltrúi hjá miðlægri



rannsóknardeild Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, kvaðst þó ekki geta staðfest það í samtali við Morgunblaðið. Eiríkur sagði ekki frekari upplýsingar veittar að svo stöddu, enda málið á viðkvæmu stigi.

FÆR Í FLESTAN SJÖ



TOYOTA HIGHLANDER HYBRID
7 MANNA OG 4WD



Toyota Highlander Hybrid
Verð frá: 12.360.000 kr.

KINTO langtímaleiga. Verð frá: 281.000 kr. á mánuði.

TOYOTA FÖRUM LENGRA

Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur. 12 mánaða vegaaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota-bílum.

Útilokað var að meta sérstakt hæfi í útboði

● Bjarni Benediktsson svaraði fyrir söluna á Íslandsbankabréfunum

Freyr Bjarnason
freyr@mbl.is

Útilokað var að Bjarni Benediktsson þáverandi fjármálaráðherra hefði getað metið sérstakt hæfi sitt gagnvart hverjum og einum þeirra tilboðsgjafa sem þátt tóku í útboði á 22,5% hlut ríkisins í Íslandsbanka sem fram fór í mars 2022.

Þetta kom fram hjá Bjarna á opnum fundi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis í gær þar sem fjallað var um upplýsingagjöf til ráðherrans um stöðu Bankasýslu ríkisins sem sjálfstæðrar stofnunar og um framkvæmd hæfisreglna stjórnisýsluréttar við undirbúning að sölu á hlut ríkisins í Íslandsbanka.

Svo sem kunnugt er gaf Umboðsmaður Alþingis út það álit sitt í október sl. að Bjarna hefði skort hæfi til að samþykka tillögur Bankasýslunnar um sölu bréfanna, þar sem einkahlutafélag föður hans var á meðal kaupenda að 22,5% hlut ríkisins í bankanum. Bjarni sagði af sér embætti fjármála- og efnahagsráðherra í kjölfar þess að álitid kom fram.

„Það var útilokað af minni hálfu að fara yfir sérstakt hæfi mitt gagnvart hverjum og einum bjóðanda,“ sagði Bjarni á nefndarfundinum í gær og bætti því við að það hefði þá þurft að gerast með leifturhraða um miðja nótt.

Ekki hefði aðeins fjöldi þátttakenda í útboðinu skipt máli, heldur einnig hraði aðgerðanna. Opnað var fyrir tilboð eftir lokun markaða og tekið hefði verið við tilboðum alla nóttina ásamt því að greitt var úr því hvernig úthluta ætti, en fallist hefði verið á tillögur Bankasýslu ríkisins í aðalatriðum hvernig standa ætti að úthluta til fjárfesta.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Fundur Bjarni Benediktsson ásamt Hersi Ólafssyni aðstoðarmanni.

Á fundinum sagði Bjarni að eins hefði verið staðið að ákvarðanatöku sinni í báðum útboðum ríkisins á hlutabréfum í bankanum, bæði hve mikið af hlutabréfum væri selt sem og hvaða verð ætti að miða við. Hann hefði síðan ákveðið með hvaða hætti Bankasýslan myndi skipta þeim hlutabréfum sem til skipta voru á milli bjóðenda. Ekki hefði verið fundið að hæfi hans í fyrria útboðinu.

Á fundinum sagi Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, þingmaður Pírata og nefndarmaður í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd, að í sínum gögnum fyndi hún ekkert um það að Bjarni hefði þegið þau ráð að hann þyrfti ekki að gæta að hæfi sínu, sem hún sagði að Bjarni hefði haldið fram. Því vísaði Bjarni á bug og kvaðst hvergi hafa haldið því fram að hæfisreglur ráðherra ættu ekki við. Enda hefði hann ákveðið að stíga til hliðar úr embætti fjármála- og efnahagsráðherra í kjölfar álits Umboðsmanns Alþingis.

Nokkrar orðahnippingar urðu manna á milli á fundinum og fann Bjarni að því að svo virtist sem hann væri mættur í almenna yfirheyrslu.

Ábyrgð varpað á bæinn

● Telja sig ekki hafa brotið samningsskuldbindingar gagnvart HS Veitum ● Bærinn hafi enga innlausnarskyldu á veitunni

Hermann Nökkvi Gunnarsson
Sonja Sif Þóroldsdóttir

Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, segir HS Veitur reyna að komast undan skyldum sínum með því að varpa ábyrgð á vatnsveitunni yfir á Vestmannaeyjabæ. Segir hún bréf sem barst bænum á þriðjudagskvöld bera þess merki.

Morgunblaðið greindi frá því í gær að HS Veitur hefðu óskað eftir því með bréfi til bæjarins að Vestmannaeyjabær leysti vatnsveituna til sín.

HS Veitur hafa rekið vatnsveituna í Vestmannaeyjum frá árinu 2002 á grundvelli heimildar í lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, en um er að ræða skylduverkefni Vestmannaeyja-



Íris Róbertsdóttir

bæjar samkvæmt fyrrgreindum lögum. Í skriflegu svari frá HS Veitum til Morgunblaðsins sagði að í kjölfar þess að stórtjón varð á vatnslögninni til Eyja í nóvember hefðu HS Veitur unnið að því að tryggja að umt væri að flytja vatn um hana.

Mótmæta harðlega

Vestmannaeyjabær bæri ábyrgð á lögninni og væri skylt að koma að greiðslu kostnaðar við viðgerðirnar.

Þá ábyrgð hefði bærin ekki axlað og vísað henni með öllu frá sér.

Bæjarráð Vestmannaeyja fundaði í hádeginu í gær og sendi í kjölfarið Páli Erland, forstjóra HS Veitna, bréf, sem birt er í fundargerð bæjarráðs.

Í bréfinu er því harðlega mótmælt að Vestmannaeyjabær hafi brotið samningsskuldbindingar gagnvart HS Veitum. Það sé ekki útskýrt með haldbærum hætti í bréfinu frá HS Veitum til bæjarins.

Segir þar að bærin muni standa undir skuldbindingum sínum, en að í þeim felist ekki ákvörðun um viðgerðir á lögn, sem HS Veitur beri ábyrgð á lögum samkvæmt.

Telur bærin sig ekki bera neina innlausnarskyldu á vatnsveitunni.



Morgunblaðið/Eggert

Fundað í Karphúsinu á ný

Samninganefndir Samtaka atvinnulífsins (SA) og breiðfylkingarinnar komu saman til fundar á ný í húsakynnum Karphússins. Var það fyrsti fundurinn

eftir að deilunni var vísað til sáttasemjara. Fundi var frestað á sjötta tímanum síðdegis í gær og hefur annar fundur verið boðaður klukkan tíu í dag.



Fararstjórinn Apríl Harpa kann að opna leyndardóma Balí fyrir ævintýraþyrstum ferðalöngum

STRANDFERÐ TIL BALÍ

12. - 27. mars - Uppselt!
28. mars - 8. apríl - Örfá sæti laus!
25. apríl - 6. maí

Verð frá **349.900 kr.**

á mann m.v. 2 fullorðna. Flug, gisting o.fl.

Nánar info@sumarferdir.is eða www.sumarferdir.is

Útlendingar lengur í varðhaldi

● Úrræði skortir meðan beðið er dóms

Kristján Jónsson
kris@mbl.is

Erlendir ríkisborgarar eru gjarnan lengur í gæsluvarðhaldi en Íslendingar, fyrir svipaða glæpi, og dvelja þar meðan mál þeirra eru í dómskerfinu, segir Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu, félags fanga. Á dögnum birti Morgunblaðið tölur frá Fangelsisstofnun þar sem fram kom að 75% þeirra sem settir voru í gæsluvarðhald á árinu 2023 voru erlendir ríkisborgarar.

„Í flestum tilfellum eru þetta svokölluð burðardýr í smygilmálum og er þá nokkurn veginn vítað hversu þungan dóm þau munu fá [ef um tiltölulega lítið magn er að ræða]. Í mörgum tilfellum eru þetta konur og án efa eru margar þeirra fórnarlömb mansals. Þegar Íslendingar eru handteknir, grunaðir um svipuð brot, er þeim gjarnan sleppt úr haldi enda er ekki hægt að fara fram á gæsluvarðhald nema vegna rannsóknarhagsmuna eða viðkomandi sé talinn hættulegur samfélaginu,“ segir Guðmundur.

Ef tekið er á málum með þessum hætti sem Guðmundur lýsir er verið að mismuna eftir þjóðerni. Hann bendir hins vegar á að staðan sé ein-



Guðmundur Ingi Þóroddsson

faldlega þannig að fá úrræði séu í boði til að hýsa þessa erlendu ríkisborgara. „Þetta fólk getur verið 6-9 mánuði að bíða eftir dómi og stundum lengur. Tekin er ákvörðun um að hafa það áfram í gæsluvarðhaldi og þegar dómurinn fellur er það búið að afplána stóran hluta dómsins í gæsluvarðhaldinu. Er því gjarnan vísað úr landi í framhaldinu. Íslendingum er fljótlega sleppt í sambærilegum málum og taka dóminn út í samfélagsþjónustu en afplána ekki í fangelsi. Ef dómari setti útlendingana í farbann á meðan beðið er dóms, og þeim væri sleppt úr gæsluvarðhaldi, yrði lífið nokkuð flókið fyrir þetta fólk. Það býr þá í herbergi á einhverju gistiheimili og fær styrk fyrir mat. Það bíður þá við þær aðstæður í tæpt ár og fer það-an í fangelsi þegar dómurinn fellur. Allir þurfa að vera jafnir fyrir lögnum og við myndum vilja sjá þetta fólk eiga kost á því að vinna í farbanninu og sinna samfélagsþjónustu.“



F&S

— outlet —

Holtagörðum

ENGLABÖRNIN

Herra
lagerinn

Mathilda

TROÐFULL VERSLUN AF MERKJAVÖRU

30-50% AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM VÖRUM

Opnunartímar

mán-fös: 11-18

laugardagar: 11-17

sunnudagar: 12-17



Morgunblaðið/Halldór Kolbeins

Langreyður Lög í eyrnamergrá skíðishvala nýtast við aldursgreiningu.

Greina aldur af geislakolefni

Langreyður getur orðið 114 ára

Ólafur E. Jóhannsson
oej@mbl.is

Hægt er að nota geislakolefni frá kjarnorkusprengrum til að staðfesta aldur langreyða og er það staðfest í nýrri rannsókn sem dr. Guðjón Már Sigurðsson, sjávarlíffræðingur hjá Hafrannsóknastofnun, er höfundur að ásamt þeim Sigríði Völu Finnsdóttur og Steven E. Campana.

Þetta kemur fram á vefsíðu Hafrannsóknastofnunar. Segir þar að rannsóknin sýni fram á þetta með óbyggjandi hætti en ekki sé aðeins óvenjulegt að nýta kjarnorkusprengrum í þessum tilgangi, því einnig sé óhæfandi að eyrnamergrum hvalanna sé mældur, en það er hann sem staðfestir aldur hvalanna.

Segir að mjög erfitt hafi reynst að meta aldur skíðishvala, ólíkt flestum öðrum hópum hryggdýra. Yfirleitt sé hægt að nota tennur til aldursgreiningar spendýra, en þær eru ekki til staðar hjá skíðishvölum. Því hafa lög í eyrnamergrum hvalanna verið nýtt til aldursgreiningar, en hingað til hefur ekki verið hægt að staðfesta öryggi þeirrar aðferðar við aldursgreiningu.

Í þeirri rannsókn sem hér er ræðir var geislakolefni greint í eyrnamergrum þriggja langreyða sem veiddar voru við Ísland og staðfestist þar að hægt er að nota lög í mergrum til að greina aldur dýranna, þar sem skýrar breytingar hafi orðið fyrir um 60 árum í magni geislakolefnis. Þær urðu vegna tíðra prófana á kjarnorkusprengrum sem náðu hámarki á sjötta og sjöunda tug síðustu aldar, en prófanirnar urðu til þess að magn geislakolefnis í andrúmsloftinu jókst um 100%. Þessi aukning sem varð fyrir um 60 árum sýndi að hvalirnir sem rannsakaðir voru voru á bilinu 65-85 ára gamlir og því elstu skíðishvalir sem rannsakaðir hafa verið, og aldur þeirra staðfestur. Þessar niðurstöður eru sagðar styðja eldri mót á aldri skíðishvala sem byggð voru á lögum í eyrnamergrum, sem sýna að langreyðar geti orðið allt að 114 ára gamlar.

Með aukningu geislakolefnis í andrúmslofti af völdum tilrauna með kjarnorkusprengrum fór það fljótlega í heimshöfin og í lífverur þar og þannig er unnt að nýta aukningu í geislakolefni til að staðfesta aldur kóralla og sumra langlífra fiska, auk skíðishvala.

Árið fer bratt af stað hjá umboðsmanni

Umboðsmaður skuldara fengið 77 umsóknir í janúar

Anna Rún Frímansdóttir
annarun@mbl.is

Umboðsmanni skuldara bárust í fyrra 702 umsóknir um aðstoð vegna fjárhagsvanda en árið 2022 voru umsóknirnar 727. Árið 2024 fer hins vegar bratt af stað. Nú þegar hafa 77 sótt um aðstoð að sögn Söru Jasonardóttur, verkefnastjóra fræðslu og kynningar- málanna hjá umboðsmanni skuldara.



Sara Jasonardóttir

„Það er einhver smávægileg fækkun á milli ára en það hefur reyndar verið stöðug fækkun síðustu árin,“ segir Sara og bætir við að í raun sé ekkert sem skýri þessa þróun.

„Nema þá bara vonandi að fólk hafi ekki haft ástæðu til að koma til okkar á þessum árum.“

Janúar hefst með látum


Að sögn Söru byrjar árið skarplega, en eins og fyrr segir hafa nú tæplega 80 umsóknir um aðstoð vegna fjárhagsvanda borist umboðsmanni skuldara. „Það eru til að mynda alltaf færri umsóknir hjá okkur í desember, en í fyrra voru þær 35 samanborið við þessar 77 sem hafa nú þegar borist í janúar,“ segir hún. Innt eftir því hvort mögulega megi skýra þessa skörpu byrjun vegna ástandsins í Grindavík, og þá hvort Grindvíkingar séu að leita til þeirra í auknum mæli, segir hún svo ekki vera. „Við höfum ekki séð það enn þá og við erum ekki að sjá neina marktæka aukningu hjá einstaklingum með fasteignalán, hjá þeim sem búa í eigin fasteign. Stærsti hópurinn okkar hefur alltaf verið einstaklingar á leigumarkaði, þ.e.a.s. eftir að þessi svokölluðu hrunmál kláruðust.“

Nefnir Sara í beinu framhaldi að sá hópur sé allt að 70% þeirra sem sækir um aðstoð þó að hann fari aðeins minnkandi. „Tilfærslan virðist ekki

Umsóknir um aðstoð vegna fjárhagsvanda

2020-2023, fjöldi umsókna eftir mánuðum

Heimild: UMS



vera yfir í eigið húsnæði en 9% þeirra einstaklinga sem sóttu um í fyrra voru í eigin húsnæði á meðan yfir 50% voru á leigumarkaði.“

Betra að bregðast snemma við

Þá bendir Sara á að helst fjölgi umsóknum hjá fólki sem sé húsnæðislaust og búi jafnvel í foreldrahúsum. „Yngsti aldurshópurinn, 18-29 ára, fór hæst í 37% hjá okkur en hann hefur nú sem betur fer minnkað. Hann er þó alltaf í kringum 24-26% og var til dæmis 24% í fyrra. Svo er alltaf stærsti hópurinn hjá okkur á aldrinum 30-39 ára, en hann var 36% í fyrra. Þetta er aldurinn sem er yfirleitt með þyngsta reksturinn,“ segir hún og útskýrir að eitt af hlutverkum umboðsmanns skuldara sé að veita einstaklingum ókeypis aðstoð við að ná yfirsýn yfir fjármál sín og leita leiða til lausna á fjárhagsvanda. Tekur Sara fram að ráðgjöf geti hentað þeim einstaklingum sem hafi misst yfirsýn yfir fjárhagsstöðu sína og vilji öðlast betri sýn á stöðuna. Einnig þeim sem glími við greiðsluferfiðleika og viti ekki hvernig skuli bregðast við þeim, þeim sem hafi árangurslaust reynt samninga við kröfuhafa og þeim sem sjái fram á að fjárhags-

staða þeirra versni og vilji bregðast við áður en í þefni er komið.

Skellur eftir jólaeikninginn

Ef rýnt er í tölur síðustu ára má sjá að í marsmánuði eru töluvert fleiri umsóknir en í apríl. Segir Sara að þar komi einna helst til greina allir þessir greiðslumöguleikar sem í boði séu fyrir fólk í dag, svo netgíró. „Það þarf að borga jólaeikninginn í febrúar og þá eru margir að koma í mars til okkar og netgíró er mjög stór, þannig að það er kannski það eina sem við tengjum við og skýrir þennan mun á milli mánaða. Áður fyrr var þetta frekar febrúarmánuður því í lok janúar kom alltaf stór visa-reikningur. Við höfum ekki getað greint þetta sérstaklega en þetta er svona það eina sem við getum tengt þetta við, þetta er aðeins búið að færa til frá því sem áður var,“ segir hún og bætir við að lokum að vissulega fari þó árið núna brattar af stað en oft áður. En skyldi það vera vísbending um það sem koma skal á árinu?

„Það er góð spurning. Tilfinningin okkar er sú að það er búið að vera mjög mikið að gera hjá okkur það sem af er ári, mikið um símhringingar og fólk að leita ráða sem er jafnvel búið að halda svoltið í sér fram að þessu.“

ÚTSÖLULOK

15 til 40% afsláttur af öllum vörum

ÚTSÖLUNNI LÝKUR LAUGARDAGINN 3. FEBRÚAR



HEIMAHÚSIÐ

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

Staða Þríhnúka- gígs skoðuð í vor

Jarðskjálftahrina skammt frá

Höskuldur Daði Magnússon
hdm@mbl.is

„Við erum með lokað í vetur og það er ekki stefnt að opnun fyrr en í maí. Fram að því fylgjumst við grannt með stöðu mála og hvernig þau þróast,“ segir Ólafur Þór Júlíusson, einn aðstandenda ferðaþjónustufyrirtækisins Inside the Volcano sem býður upp á ferðir í Þríhnúkaagig.

Þríhnúkaagigur er skammt frá skíðasvæðinu í Bláfjöllum og því vakna spurningar um öryggi ferða þangað í ljósi fréttar af jarðskjálftum og virkni á þessu svæði. Um 15 þúsund ferðamenn komu í Þríhnúkaagig á síðasta ári að sögn Ólafs.

Eins og kom fram í Morgunblaðinu í byrjun vikunnar kann hrina jarðskjálfta sem hófst skammt suðaustur af Heimöörk á föstudag að gefa til kynna kvikusöfnun á töluverðu dýpi. Þorvaldur Þórðarson, prófessor í eldfjallafræði, sagði að skjálftarnir gætu verið vegna uppbyggingar spennu neðst í jarðskorpunni en þeir gætu líka gefið til kynna kvikusöfnun þar undir. Sagði Þorvaldur að við



Morgunblaðið/Golli

Vinsældir Um 15 þúsund ferðamenn komu í Þríhnúkaagig í fyrra.

þyrftum að búa okkur undir frekari virkni á þessu svæði þótt hann efaðist um að jarðskjálftarnir leiddu til umbrota á næstunni.

Ólafur segir að fram til þessa hafi ekki mikið orðið vart við jarðskjálftahrinur á svæðinu meðan ferðaþjónustan hefur verið opin. Visar hann þá m.a. til jarðskjálfta í námunda við Grindavík síðustu misseri og ár. „Auðvitað fylgjumst við þó með hvernig þetta mun þróast ef skjálftar eru að færa austur eftir,“ segir hann og bætir við að ekki sé tímabært að segja til um hvað verði í framtíðinni. Staðan verði tekin í vor.



Ný kynslóð í fremstu röð.

Rafmagnaður EQA sportjeppi með allt að 528 km drægni.
Nú í nýrri og enn glæsilegri útgáfu.


Komdu og reynsluaktu.

Við tökum vel á móti þér.



Mercedes-Benz

Askja · Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi



STAKSTEINAR

Sýndarsamningur við Ríkisútvarpið

Fyrir rúmum mánuði undirrituðu menningarmálaráðherra og útvarpsstjóri samning um starfsemi Ríkisútvarpsins til næstu ára þar sem segir meðal annars að unnið verði að því að „minnka umsvif Ríkisútvarpsins á samkeppnismarkaði, t.d. með frekari takmörkunum á birtingu viðskiptaþóða og/eða með því að breyta eðli og umfangi auglýsingasölu“.



Lilja Dögg Alfreðsdóttir



Stefán Eiríksson

Viðskipta- blaðið vakti í gær athygli á að skömmu áður hafði stjórn Rúv. samþykkt fjárhagsáætlun þessa árs á fundi sínum en þar er gert ráð fyrir 17,4% aukningu auglýsingatekna á þessu ári. Í sömu fundargerð segir að tekjur fyrstu tíu mánaða ársins 2023 hafi verið 129 milljónum króna yfir áætlun.

Tekjur Rúv. hafa farið vaxandi á undanförunum árum á sama tíma og einkareknir miðlar hafa almennt gefið eftir í samkeppni og jafnvel tínt tölunni. Rúv. er hins vegar ekki í neinni hættu því að auk ört vaxandi auglýsingatekna er sífellt verið að hækka útvarpsgjaldið, ofan á þá sjálfvirku hækkun sem felst í fjölgun landsmanna. Í Viðskiptablaðinu kemur fram að auglýsingatekjur Rúv. hafi verið rétt riflega 2 milljarðar árið 2021 en stefni samkvæmt fjárhagsáætlun í að fara yfir 3 milljarða á þessu ári.

Ríkisútvarpið fer með öðrum forðum sínu fram, alveg óháð lögum eða samningum við ráðherra. Slíkt er bara upp á punt að mati stofnunarinnar.

Hægt er að lýsa skoðun á ritstjórnargreinum Morgunblaðsins á slóðinni www.mbl.is/mogginn/leidarar

Nú má heita Pomóna og Náttfari

● Annamaría samþykkt eftir endurupptökubeiðni ● Mátt ekki heita Helgarut

Anna Rún Frímansdóttir
annarun@mbl.is

Mannanafnanefnd hefur samþykkt nokkur ný nöfn sem hafa verið færð á mannanafnaskrá. Meðal þess er kvenkynsnafnið Annamaría, sem áður hafði verið hafnað af nefndinni á þeim grunni að ritháttur nafnsins samrýmdist ekki almennum ritreglum og bryti gegn hefðbundnum nafnmyndunarreglum. Í endurupptökubeiðni var hins vegar bent á að

í dönsku mannanafnaskránni væri að finna nafnið Annamaria, einnig Annamarie, Annemaria og Annemarie, og því væri hægt að líta svo á að nafnið Annamaría væri íslensk aðlögun á erlendri nafnmynd.

15 ný nöfn samþykkt

Með tilliti til athugasemda sem fram komu í fyrrnefndri beiðni féllst nefndin því á að endurupptaka málið.

Önnur kvenmannsnöfn, sem hlutu



Morgunblaðið/Eggert

Úllen dúllen doff Alls voru 15 ný mannanöfn samþykkt á dögnum.

náð nefndarinnar að þessu sinni og uppfylltu öll skilyrði eru eiginnöfnin Bergeveig, Jóni, Siddý, Palma, Nift, Pomóna, Föld, Vanja og Magnína. Einnig voru karlmannsnöfnin Emír, Stari, Kleifar, Elling og Náttfari samþykkt af nefndinni og færð á mannanafnaskrá.

Nefndin hafnaði hins vegar eiginnafninu Helgarut og segir í úrskurði hennar að sem samsett nafn fari Helgarut gegn hefðbundnum nafnmyndunarreglum í íslensku.



Hjarta heimilisins

Við hönnum innréttingar að þínum þörfum

FRÍFORM
2000 — 2022

Virka daga 10–17
Laugardaga 11–15

Fríform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562–1500
Friform.is.

Yfir deild AGS í Washington

● Þorvarður Tjörvi nú deildarstjóri

Baldur Arnarson
baldura@mbl.is

Þorvarður Tjörvi Ólafsson hefur verið skipaður deildarstjóri á peninga- og fjármálamarkaðssviði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Washington. Hann er fyrsti Íslendingurinn sem fer fyrir deild eða einingu hjá sjóðnum. Íslendingar hafa náð herra í metorðastiganum hjá sjóðnum en án þess að stýra deild eða einingu. Svíðið sem hann starfar á er það stærsta innan sjóðsins. Undir hans stjórn starfa 13 sérfræðingar, auk tímabundinna starfsmanna, en meðal fastráðinna starfsmanna er Ingibjörg Guðbjartsdóttir, sem starfði áður hjá Seðlabankanum.

Kynntist sjóðnum 2008

Þorvarður Tjörvi var áður aðstoðardeildarstjóri á peninga- og fjármálamarkaðssviði AGS. Hann hóf störf hjá sjóðnum í nóvember 2016. Haustið 2022 rakti hann aðdragandann að því í miðopnuviðtali við ViðskiptaMoggann:

„Ég hafði allt frá því að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn kom í áætlunina á Íslandi [haustið 2008] haft mikinn áhuga á að koma hingað en ég ól-



Þorvarður Tjörvi Ólafsson

aðist reynslu af samstarfinu með þeim. Það var draumur sem rættist þegar ég fékk tækifæri til að koma hingað. Þá vil ég nefna að Már [Guðmundsson, fv. seðlabankastjóri] fékk gríðarlega reynslu af því að vera hjá Alþjóðagreiðslubankanum. Og maður sá hversu mikið hann hafði fengið út úr því og ég hugsaði með mér að mig langaði að starfa erlendis,“ sagði hann í viðtalinu.

Skipt í tvær deildir

Þorvarður Tjörvi var í upphafi almennur sérfræðingur hjá sjóðnum. Hann vann þá einkum við tvennt. Annars vegar við allt sem tengist fjármagnshöftum og gengismálum og hins vegar við svonefnda þjóðhagsvarúðarstefnu. Árið 2021 var deildinni sem hann starfaði á skipt í tvennt og búnar til tvær deildir. Hann var í kjölfarið gerður að aðstoðardeildarstjóra á peninga- og fjármálamarkaðssviði sjóðsins.



ÚRVAL ÚTSÝN



NÆSTA ÆVINTÝRI BÍÐUR

Bókaðu minningar í ár

PÁSKAFERÐ TIL VERONA
ITALÍA



27. - 31. MARS 5 DAGAR
Aðeins 1 vinnudagur! Beint flug!
Páskaferð til fögru Verona á Ítalíu um páskana. Beint flug, gisting og íslensk fararstjórn. Skoðunarferðir í boði!

FÁÐU TILBOÐ FYRIR HÓPINN ÞINN

VOR Í MARRAKESH
MAROKKÓ



24. - 28. APRÍL 5 DAGAR
Beint flug í borgarferð til Marrakesh í Marokkó. Uppgötvaðu töfra Norður-Afriku og fáðu forskot á sumarið í leiðinni. Fjöldi skoðunarferða í boði!
Aðeins 2 vinnudagar! Beint flug!

FÁÐU TILBOÐ FYRIR HÓPINN ÞINN

HELGARFERÐ TIL PORTO
PORTÚGAL



25. - 29. APRÍL 5 DAGAR
Aðeins 2 vinnudagar! Margt spennandi að skoða og upplifa. Dásamleg hús og torg, bragða ljúffengt púrtvín og fara í fljótasiglingu eða golf. Beint flug.

FÁÐU TILBOÐ FYRIR HÓPINN ÞINN

MADEIRA, PORTÚGAL
★★★★



4. - 14. APRÍL 10 DAGAR
Madeira er gjarnan kölluð Eyja hins eilífa vors, eða blómaeyjan í Atlantshafinu. Beint flug og fjöldi 4 - 5 stjörnu gistinga í boði í þessari 10 daga ferð í sól og menningu til Madeira.

VERÐ FRÁ 229.500 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

SÉRFERÐIR TIL ÍTALÍU
Í SUMAR



FJÖLDI ÆVINTÝRA Í BOÐI!
Komdu með í eina af mörgum sérferðum til Ítalíu í sumar. Hellstu náttúruperlur Ítalíu skoðaðar. Beint flug og fjölbreyttar dagskrár!

TAKMARKAÐ FRAMBOD!

PÁSKASÓL
Á TENERIFE



TENERIFE
22. MARS - 2. APRÍL
23. MARS - 3. APRÍL

KANARÍ
24. MARS - 4. APRÍL
SELST HRATT UPP!

VERÐ FRÁ 156.500 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 3 börn.

GOLF

EL PLANTIO GOLF RESORT
★★★★



VOR OG HAUST **FJÖLDI DAGSETNINGA Í BOÐI!**
Gott 4 stjörnu íbúðarhótel með morgunverði, staðsett við golfvöllinn. Frábær kostur á Alicante fyrir golfarann! Ótakmarkað golf og golfbíl!

VERÐ FRÁ 154.900 KR.
Verð á mann m.v. 4 fullorðna.

GOLF

ALICANTE GOLF
★★★★



VOR OG HAUST **FJÖLDI DAGSETNINGA Í BOÐI!**
Gott 4 stjörnu hótel staðsett við golfvöllinn. Morgunmatur innifalinn. Ótakmarkað golf og golfbíl. Komdu með í golf á Alicante!

VERÐ FRÁ 165.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

Sjáðu meira á
urvalutsyn.is

HREYFIFERÐIR | SÉRFERÐIR | 60+ |
BORGARFERÐIR | GOLFFERÐIR |
SÓLARFERÐIR | OG FLEIRA

HAFÐU SAMBAND
INFO@UU EÐA 585 4000
ERTU MEÐ HÓP? HOPAR@UU.IS



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Fagur og fjáður Auðnutittlingurinn er tíður gestur í gördum landans.

Yfir hundrað manns taldi fugla

● Svartþrösturinn sést víða á landinu

Anna Rún Frímansdóttir
annarun@mbl.is

„Ég kíkta reyndar bara um helgina þegar tölurnar voru að koma inn og þá voru þetta um 100 manns sem voru búnir að skila inn skráningum. Ég tel að þó nokkuð margir eigi eftir að senda inn,“ segir Ólafur Einarsón, doktor í fuglafræðum, spurður að því hvernig hin árlega garðfugla- talning Fuglaverndar, sem fram fór um helgina, hafi gengið. Hann hefur haldið utan um talninguna síðan hún fór fyrst fram árið 2014.

Segir Ólafur að framkvæmd athugunarinnar sé einföld. Fólk fari út í garð í klukkustund og skrái hjá sér hvaða fugla það sjái og mesta fjölda af hverri tegund á meðan athugin stendur yfir. Þá er einungis verið að tala um þá fugla sem eru í garðinum en ekki þá sem fljúga yfir. Þeir sem ekki hafa garð til umræða hafa hins vegar verið hvattir til að koma sér fyrir í almenningsgarði og telja þar.

Fjölgun milli ára

Segist Ólafur hafa vonast til að ná yfir 100 skráningum í ár þar sem þátttakan í fyrra hafi verið ansi

dræm en þá skiluðu um 50 manns inn skráningum. „Núna seinni árin hefur fólk alls staðar að af landinu verið að taka þátt. Það var lengi vel þannig að það var enginn þátttakandi á Vestfjörðum, af einhverjum ástæðum, en þeir eru komnir inn núna,“ segir hann.

Inntur eftir því hvort einhverjir óvanalegir fuglar sjáist almennt í þessum athugunum segir hann svo vera. „Jú, það sést nú alltaf eitthvað af þeim. Sjálfur sá ég til að mynda glóbrysting, sem er svona flækingsfugl, um helgina,“ segir hann og tekur fram að gott sé að hefja undirbúning talningar nokkrum dögum áður með því að hefja daglegar fódurgjafir til að lokka að fugla. „Við höfum einmitt mælt með því að fólk setji út eitthvert fódur og auðvitað vonast til þess í leiðinni að fólk fengi aukinn áhuga og héldi þá áfram að fylgjast með fuglunum og fódra þá.“

En hvaða fugl skyldi vera algengastur í þessum athugunum? „Svartþrösturinn er svolítið búinn að taka yfir, en hann var ekki reglulegur varpflug hér á landi fyrr en upp úr aldamótunum síðustu. Svo er auðnutittlingurinn eiginlega kominn í staðinn fyrir snjótitlinginn.“

Áhersla á geðrækt og forvarnir ungs fólks

● Andlegri heilsu unga fólksins hrakar ● Geðhjálp í átaki

SVIÐSLJÓÐ

Dóra Ósk Halldórsdóttir
doraosk@mbl.is

„Staða í geðheilbrigðismálum landsmanna er sú að 30% þeirra sem leita til heilsugæslunnar gera það vegna geðræna áskorana,“ segir Grímur Atlason framkvæmdastjóri Geðhjálpar. Hann segir engan vafa leika á að umfangið sé mikið og í dag séu geðrænar áskoranir stóra viðfangsefnið í hinum stóra heimi.

„Þegar við skoðum samfélagsgerðina hjá okkur sjáum við að það eru rúmlega 25 þúsund öryrkjar á Íslandi og af þeim eru 40% á örorku vegna geðræna áskorana. Það



Grímur Atlason

sýðir að rúmlega tíu þúsund manns eru á langtímaörorku eða endurhæfingarörorku vegna geðræna áskorana,“ segir hann. Setja þurfi geðheilbrigði í forgang, ekki

þýðir að rúmlega tíu þúsund manns eru á langtímaörorku eða endurhæfingarörorku vegna geðræna áskorana,“ segir hann. Setja þurfi geðheilbrigði í forgang, ekki

síð með tilliti til þess að sífellt yngra fólk upplifi erfíða andlega líðan í þjóðfélaginu.


Mikil lyfjanotkun

Þegar tölfræðin er skoðuð á Íslandi vekur það athygli hversu andlegri heilsu virðist hafa hrakað mikið hjá ungu fólki á aldrinum 6-17 ára. Þegar þróunin er skoðuð frá árinu 2013 til 2022 má sjá mikla aukningu í notkun þunglyndislyfja þessa hóps, eða um 106% fyrir meðaltal beggja kynja. ADHD-lyfjanotkun hefur aukist um 72% á sama tímabili og notkun svefn- og róandi lyfja hefur rakið upp, aukist um 268% hjá sama hópi á þessu tímabili.

Þetta eru sláandi tölur og vilja margir finna hér sökudólgá og kanna hvort læknum sé hugsanlega laus höndin þegar kemur að því að skrifa upp á lyf. Vissulega þarf að

Lyfjanotkun ungs fólks 6-17 ára

Aukning frá 2013 til 2022



Heimild: Gagnagrunnur landlæknis

skoða það. En það má ekki gleyma grundvallarvandamálinu, sem er að líðan ungs fólks á þessum aldri hefur versnað mikið á þessu tímabili. Finna þarf hvað veldur og hvernig hægt er að finna lausnir.

„En við erum líka betri í því að segja hvernig okkur líður og leita okkur aðstoðar, sem er gott.“ Hann bætir við að þegar komið sé í óefni sé mikilvægt að boðið sé upp á góða þjónustu. Þegar börnar séu saman geðdeildir í Danmörku og héraendis sjáist berlega að forgangur þessa málaflökks sé ekki góður.

„Við förum í alla grunn- og framhaldsskóla á landinu 2021 og 2022 með fræðslu fyrir 8.-10. bekk og fyrsta bekk menntaskóla þar sem við töluðum um geðrækt. Við bjuggum til orðabók geðheilsu og þar voru orð eins og samkennd, jákvæðni og umburðarlyndi, en ekki orð eins og þunglyndi og sjálfsvíg,“ segir Grímur. „Núna viljum við fara fyrir ofan fossinn og einbeita okkur að fyrirbyggjandi starfi og grípa einstaklingana áður en þeir falla ofan í fossinn.“

G-VÍTAMÍN ÞÁTTUR

Styrktarsöfnun Geðhjálpar

Sjónvarpsmaðurinn Gísli Marteinsson tekur sér frið annað kvöld á RÚV en í hans stað verður þátturinn G-vítamín á dagskrá í beinni útsendingu til styrktar Geðhjálpar. Í þættinum verður m.a. nútímaleg geðdeild í Danmörku heimsótt og við fáum að heyra margar reynslusögur og hugmyndir frá gestum. Farið verður yfir áföll, eins og Grindvíkingar kljást nú við, og áhrif þeirra á andlega heilsu.

Tónlistarfólk kemur fram, t.d. GDRN, Árný Margrét, Bogomil og greiningardeild Hljómskálans, Inspector Spacetime og Emmsjé Gauti.

TARAMAR

TILBOÐSDAGAR

5 VÖRUR SAMAN



FYRIR VILDARKLÚBBINN

50% AFSLÁTTUR

ÞÚ GETUR SKRÁÐ ÞIG Í VILDAR-
KLÚBBINN Á TARAMAR.IS OG
VERSLAÐ TILBOÐIÐ Í
NETVERSLUN TARAMAR

Þriggja ára dómur yfir Einari stendur



Einar Ágústsson

Hæstiréttur hefur hafnað beiðni Einars Ágústssonar, sem hvað þekktastur er fyrir að vera annar bróðirinn á bak við trúfélagið Zuism, um áfrýjunarleyfi.

Mun því dómur Landsréttar yfir Einari standa, en hann var í október í fyrra dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir fjársvik með því að hafa haft tugi milljóna af þremur einstaklingum og félögum. Sagðist Einar ætla að stunda fjárfestingar en peningana nýtti hann hins vegar í eigin þágu. Einar sótti um áfrýjunarleyfið en ákærvaldið mótmælti. Taldi Einar að málið hefði verulega þýðingu og mikilvægt væri að fá úrlausn Hæstaréttar.



Klíníkin, Ármúla 9, 108 Reykjavík.

Við kynnum Steinar Ólafsson, skurðlæknir sem hefur hafið störf hjá okkur á Meltingarklíníkin. Steinar er menntaður skurðlæknir frá Aarhus Universitetshospital og tekur að sér mat vegna kviðverkja, meltingartruflana, ristil og endaparmsvandamála (gyllinæð og endaparmsprungur). Hann framkvæmir maga- og ristilspeglanir.

Meltingarklíníkin leggur áherslu á forvarnir gegn ristilkrabbameini, ristil- og magaspeglanir og meðferð kvilla í endaparmi. Tækjabúnaður er með þeim besta sem völ er á og gervigreind er beitt til að greina forstíg (sepa) krabbameina í ristli og endaparmi.

Meltingarklíníkin ehf.

Tími kominn á stóra jarðskjálfta í Brennisteinsfjöllum


Engar mælingar benda til þess að kvika sé að safnast saman eða brjóta sér leið undir Brennisteinsfjöllum.

Þetta kemur fram í tilkynningu sem Veðurstofa Íslands sendi frá sér í gær. Kristín Jónsdóttir, deildarstjóri á Veðurstofunni, segir að kominn sé tími á annan Brennisteinsfjallaskjálfta en síðustu stóru skjálftar sem kenndir eru við fjöllin mældust um 6 að stærð og eru stærstu skjálftar sem hafa riðið yfir á Reykjaneskaganum.

„Um 20 skjálftar mældust um síðustu helgi á milli Húsfells og Bláfjalla. Flestir rétt eftir hádegi á sunnudaginn, 28. janúar. Stærstu skjálftarnir mældust 3,1 kl. 05:28 á laugardag (27. janúar) og 2,9 kl. 12:32 á sunnudag, 28. janúar.

Ein tilkynning barst Veðurstofunni um að sá fyrri hefði fundist í Breiðholti. Tveir smáskjálftar mældust á svæðinu á mánudag, báðir undir 1 að stærð, en ekki hafa mælst skjálftar á svæðinu síðan þá. Mögulegt er þó að virkinn taki sig upp á ný,“ segir í tilkynningunni.

Þar segir enn fremur að skjálftarnir hafi átt upptök sín í Húsfellsbruna,



Morgunblaðið/RAX

Brennisteinsfjöll Stutt gæti verið í næstu jarðhræringar.

norðarlega á misgengi sem hefur verið kallað Hvalhnúksmisgengið, sem er um 17 kílómetra langt norður-suðlægt sniðgengi og nær frá Hlíðarvatni í suðri.

Það er líklega ábyrgt fyrir stærstu skjálftum sem mælst hafa á Reykjaneskaganum, svokölluðum Brennisteinsfjallaskjálftum sem urðu árin 1929 og 1968 og voru um 6 að stærð.

Haft er eftir Kristínu Jónsdóttur að engar mælingar bendi til þess

að kvika sé að safnast saman undir Brennisteinsfjöllum. „Skjálftavirknin sem mældist um helgina er ekki vegna kvikuhreyfinga eins og sést hefur í tengslum við jarðhræringar við Fagradalsfjall og norðan Grindavíkur,“ segir Kristín.

Segir í tilkynningunni að skjálftarnir sem urðu á þessu svæði hafi orðið vegna landreksspennu sem hleðst upp þegar Norður-Ameríkuflekinn og Evrópuflekinn hreyfast hvor fram hjá öðrum.

Slík spennan losni reglulega í stærri skjálftum sem talið er að riði yfir skagann á um 50 ára fresti. Má því segja að kominn sé tími á annan Brennisteinsfjallaskjálfta, óháð öðrum jarðhræringum.

Ef kvika væri að safnast þarna saman ættu að sjást merki um landris í gögnum Veðurstofunnar líkt og sást við Svartsengi og Fagradalsfjall. Kristín segir mikilvægt að vera meðvituð um að skjálftar sem eigi upptök á Hvalhnúksmisgenginu séu stærstu skjálftar sem hafa riðið yfir á Reykjaneskaga.

ALGJÖRT verðhrun á útsölu

Aðeins 5 verð
2.000,-
3.000,-
4.000,-
5.000,-
6.000,-

Ríta

Bæjarlind 6 | Sími 554 7030 | Við erum á facebook

STÓRÚTSALA VERÐHRUN

Allt að **70% afsláttur**

Skoðið netverslun **laxdal.is**

Laxdal fyrir allar konur

BERNHARD LAXDAL
Skiðholti 29b • S: 551 4422

mbl.is

ÚTSALA!
50% AFSLÁTTUR AF FATNAÐI!

MÖRKIN 6 - 108 RVK
OPIÐ: MÁN-FIM: 11-18 - FÖS: 11-17 - LAU: LOKAÐ

SPENNANDI

www.spennandi-fashion.is
S: 781-5100

Útsölnni fer að ljúka
Enn meiri verðlækkun

belladonna

ZE ZE Dami kjóll Verð áður 13.990 kr. Útsöluverð 5.000 kr.
ZE ZE Danie kjóll Verð áður 12.990 kr. Útsöluverð 5.000 kr.
ZHENZI Anahi kjóll Verð áður 12.990 kr. Útsöluverð 5.000 kr.
ZE ZE Chase skyrtta Verð áður 10.990 kr. Útsöluverð 5.000 kr.
YESTA Bia kjóll Verð áður 13.980 kr. Útsöluverð 6.990 kr.
YESTA Ankaria tunika Verð áður 11.980 kr. Útsöluverð 5.990 kr.
YEST Inga opin peysa Verð áður 10.980 kr. Útsöluverð 5.490 kr.
ZHENZI Ophelia tunika Verð áður 12.990 kr. Útsöluverð 6.495 kr.

Dalvegur 30 | 201 Kópavogur | sími 517 6460 | VersluninBelladonna | Netverslun á www.belladonna.is



FERMINGARHELGI

2024

VELKOMIN Á FERMINGARHELGI
BLÓMAVALS Í SKÚTUVOGI

3. - 4. FEBRÚAR 2024



Blómaskreytingar



Borðskreytingar



Skrautskrifuð kerti



Merktar sálmaþækur,
hvítar, svartar eða rauðar



Áritaðar og merktar
servíettur

30% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM VÖRUM SEM ÞÚ ÞARFT FYRIR FERMINGUNA

Gildir 3. - 25. febrúar í verslunum okkar um land allt og vefverslun, blomaval.is

FERMINGARLEIKUR BLÓMAVALS

Allir sem panta árituð kerti, sálmaþækur eða servíettur á Fermingardögum,
í verslun eða í vefverslun fara sjálfkrafa í lukkupott Blómavals og geta unnið glæsilega vinninga:
Fjallahjól, HUE snjallýsingu í herbergið, sléttujárn, rakvél og fleira

GLAÐNINGUR FYLGIR ÖLLUM PÖNTUNUM Á FERMINGARVÖRUM

Allir sem versla fyrir ferminguna í Blómavali fá tilboðskort sem
gildir hjá völdum samstarfsaðilum okkar

SAMSTARFSADILAR BLÓMAVALS Á FERMINGARHELGINNÍ ERU:

Veislan, Flash tískuverslun, Baunin vegan veislutertur, Jack & Jones, Vera Moda, VILA,
Foldabassa (prentþjónusta), Nomy veislupjónusta, Kransakökunámskeið Blómavals,
Watercolour by Ruth, 17 sortir, Matarkompaní, Húsasmiðjan og fleiri





Vilja að saumavélarnar komist í skjól

„Við þyrftum að fá vissu fyrir því að safnið okkar færi á góðan stað þar sem vel yrði hugsað um það,“ segja feðginin Kristmann og Margrét hjá Pfaff, sem leita nú að réttum aðila til að hýsa saumavélasafni þeirra sem geymir margan dýrgripinn.

Kristín Heiða Kristinsdóttir
khk@mbl.is

Ég tók við af pabba sem framkvæmdastjóri hér hjá Pfaff fyrir sextíu árum, eða 1963, en ég hafði verið átta ár þar á undan að vinna við saumavélaúgerðir hér heima,“ segir Kristmann Magnússon, en faðir hans, Magnús Þorgeirsson, stofnaði Pfaff-verslunina árið 1929. Kristmann hefur lagt mikið upp úr því að safna gömlum saumavélum og skrá þær, hvaðan vélarnar koma, hvenær þær voru framleiddar og hverjir hafa átt þær. Í saumavélasafni Pfaff eru nú um hundrað og fjórutíu saumavélar, margar miklar gersemar, fagrar og flúraðar. Þar er m.a. sú allra fyrsta sem faðir Kristmanns seldi, árið 1862.

„Pabbi keypti löngu síðar aftur þessa merkilegu vél af konunni sem hafði keypt hana forðum af honum. Í saumavélasafni okkar er líka að finna elstu Pfaff-vél sem fundist hefur á Íslandi, en áður en okkar fyrirtæki var stofnað fluttu einhverjir inn saumavélar hingað til lands. Við eigum einnig vél sem Óli Finnbogason í Pennavíðgerðinni gaf okkur og er einstök, framleidd í Danmörku 1869. Móðir Óla átti vélina en á undan henni móðir hennar sem fædd var 1848 og bjó í Rangárvallasýslu. Þetta var ein fyrsta saumavél á Suðurlandi og þessi amma Óla, Eyrún Jónsdóttir, gekk með vélina á milli bæja á Suðurlandi og saumaði



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Fjölskyldufyrirtæki Kristmann ásamt tveimur barna sinna, Margréti og Magnúsi, sem bæði starfa hjá Pfaff.



Framleidd 1869 Eyrún Jónsdóttir gekk með þessa saumavél á milli bæja á Suðurlandi og saumaði á fólk.

á fólk. Þessar sögur gera gripina dýrmæta,“ segir Kristmann og bætir við að þau eigi líka eftirgerð af fyrstu saumavélinni sem Pfaff bjó til árið 1862.

Fegurð og mikil saga

„Þegar ég var hættur að vinna fór ég á Árbæjarsafn og Þjóðminjasafnið og fékk að skoða saumavélar sem þar voru til og

komst að því að engar upplýsingar voru skráðar um þær nema hver hefði gefið þær. Ég var í nokkurn tíma að vinna við að skrá þessar saumavélar. Ég var kallaður til Keflavíkur í fyrra, vegna sýningar sem haldin var þar á saumavélum, og ég skráði sögu þeirra. Þar fann ég einhverja þá falggestu saumavél sem ég hef séð hér á landi og meðal þeirra elstu, frá níttjándu öld. Hún



Pfaff 230 Innvolsið í þessari vél frá 1958 er að mestu eins og var í fyrstu síkksakk-vélum Pfaff frá 1936.

er stór og mikil og um hana hefur verið skrifað í þýskum blöðunum.“

Margrét, dóttir Kristmanns og núverandi framkvæmdastjóri Pfaff, fullyrðir að enginn á landi hér viti eins mikið um gamlar saumavélar og faðir hennar.

„Hann hefur skráð samviskusamlega allar þessar á annað hundrað saumavélar sem til eru í safni okkar. Hann hefur unnið ómetanlegt starf

við skráninguna, að finna út hvaðan hver vél kemur, og haldið vel utan um þetta. Við höfum ekki lengur pláss fyrir allt þetta safn, vélar sem eru í borðum taka til dæmis mikið pláss. Okkur vantar stað til að sýna safnið og ég hafði samband við nokkur starfandi söfn á Íslandi fyrir tveimur árum, hvort þetta myndi henta hjá þeim, en það er hvergi pláss. Nú datt okkur það snjallræði í hug að auglýsa í hinu víðlesna Bændablaði eftir aðila til að taka við safninu án endurgjalds, sem hefur metnað til að hafa það til sýnis til frambúðar. Við þyrftum að fá vissu fyrir því að safnið okkar færi á góðan stað þar sem vel yrði hugsað um það. Við viljum gjarnan að það komist í gott skjól þar sem það fær að njóta sín og að sem flest fólk geti skoðað það. Við stilltum því síðast upp fyrir fimm árum þegar fyrir-tækið varð 90 ára og það vakti mikla athygli, enda mikil fegurð og saga sem þær geyma,“ segir Margrét og bætir við að þau hafi fengið nokkrar fyrirspurnir eftir að þau auglýstu.

Fullt hús barnasaumavéla

Margrét segist stundum hafa ætlað að taka kreditkortíð af pabba sínum, því þegar hann fari til útlanda rekist hann oft á gamlar saumavélar og kaupir þær.

„Við eigum fyrir vikið líka gott safna af gömlum barnasaumavélum,“ segir hún og Kristmann bætir við að hann hafi eitt sinn komið inn á merkilegt barnasaumavélasafn í Bandaríkjunum.

„Þetta var heima hjá konu sem átti 1.500 barnasaumavélar og engar tvær þeirra voru af sömu tegund. Það voru hillur meðfram öllum veggjum gangans og heilu herbergin þar sem allir veggir voru þéttskipaðir barnasaumavélum. Kjallarin var líka fullur af þeim og ég spurði hver þurrkaði af,“ segir Kristmann, sem er félagi í Alþjóðlegu félagi saumavélasafnara og hefur þar kynnst miklum saumavélanörðum. Kristmann segir að tæknin heilli hann sem var fundin upp hverju sinni, framfarirnar.

„Þegar þetta var að byrja var Singer að keppa við manninn sem fann upp fyrstu saumavélina, Elias Howe. Þetta var hörð keppni og eilíf málaferli, því þeir notuðu einkaleyfi hvor frá öðrum án leyfis.“



Einfaldaðu vinnudaginn

með Intempus tíma- og verkskráningarkerfinu

Intempus er sérhönnuð lausn fyrir iðnaðarmanninn og þá sem eru á ferðinni.

- Tímaskráning – verkefni, inn-/útstimplun.
- Skráðu útlagðan kostnað, vörur á verk, akstur, athugasemdir, veikindi/orlof.
- Taktu fyrir og eftir myndir af verkum.
- Settu verk á starfsmenn fram í tímann.
- Hægt að hafa aðalverk og undirverk.
- Hægt að hengja fylgiskjöl á verk.



„Við höfum verið með Intempus í nokkur ár og erum hæstánægð með það. Kerfið er notendavænt, viðmótið er þægilegt og auðvelt í notkun og auðveldar okkur mikið að halda utan um tímaskráningar bæði fyrir starfsmenn og svo þau verk sem verið er að vinna.“

Hafðu samband
sala@svar.is
510 6000
svar.is

svaR)



Upphaf Nákvaem eftirlíking af fyrstu saumavélinni sem Pfaff smíðaði 1862.



SUBARU

Confidence in Motion

NÝR OG SPENNANDI

SUBARU OUTBACK

FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR



LÆKKAÐ VERÐ!

Subaru hentar íslenskum aðstæðum fullkomlega. Komdu til okkar og kynntu þér fjórhjóladrifið fræga og byltingarkennda EyeSight akstursaðstoð sem veitir þér og þínum alhliða öryggi.

Lækkað verð frá: 7.990.000 kr.

Verð áður frá: 8.490.000 kr.

5 ÁRA ÁBYRGÐ*

*Skilyrði fyrir ábyrgð eru að eigandi tryggi og kosti reglulegt þjónustueftirlit hjá viðurkenndum aðilum. Nánari upplýsingar á www.subaru.is

 **EyeSight**
Driver Assist Technology

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
547 9100

BL ehf.
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Tveir hafa
boðið sig
fram hjá BÍTrausti
Hjálmarsson

Trausti Hjálmarsson gefur kost á sér til formennsku í Bændasamtökunum, en kosið verður í byrjun mars. Trausti hefur síðustu tvö árin verið formaður í deild sauðfjárbænda.

„Það hefur verið skemmtilegt en ég ætla að láta þar við sitja og stefni ótraudur á að vinna fyrir alla íslenska bænda,“ segir Trausti.

„Ég tel mikilvægt fyrir okkur bænda og stjórnvöld að leggjast vel yfir kerfin sem við erum að vinna eftir og nú er tækifæri til þess. Bæði ytra umhverfi landbúnaðarins og innra skipulag kerfisins. Bændur gera sér grein fyrir þörfinni og mér sýnist stjórnvöld átta sig á því að eitthvað þurfi að gera til að landbúnaður leggist ekki smátt og smátt af. Við ættum frekar að auka matvælaframleiðslu.“

Gunnar Þorgeirsson er formaður BÍ og hefur lýst yfir framboði. Verða því tveir í framboði hið minnsta.

Nóakropp innkallað
vegna hesilhmeta

Nói Sírius hefur innkallað allar pakkningar af Nóa Kroppi, 200 g, með vörunúmerinu 11663 og söludag fyrir 28.05. 2025.

Varan er ekki hættuleg neyslu, nema þeim sem eru með hnetu- ofnæmi.

Í ljós kom að þessi framleiðslulota af Nóa Kroppi hafði blandast saman við súkkulaðihiúðaðar vörur með heslihnetum, sem eru þekktur ofnæmis- og óþolsvaldur.

Sökum neytendaverndar var því ákveðið að innkalla þessa lotu og er ný framleiðslulota á leið í verslanir á næstu dögum.

300 tómatatonn á viku

- Undirbúa grænmetisver í uppsveitum Árnassýslu ● 22 milljarða kr. fjárfesting
- Tífoldun á við ársframleiðslu tómata í dag ● Mestallt framleitt fyrir útflutning

Sigurður Bogi Sævarsson
sbs@mbl.is

Góður gangur er í undirbúningi þess að reist verði stóriðja í grænmetisrækt nærri Árnasi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Í fyrsta áfanga stendur til að reisa gróðurhús sem verður af stærri gerðinni á íslenskan mælikvarða. Áætlanir miðast annars við að reisa byggingar þar sem ræktunarsvæði undir gleri yrði allt að 27 hektarar. Þetta yrði innan 10 ára. Þá yrði framleiðslugetan um 300 tonn af tómatum á viku, svo dæmi sé tekið um eina grænmetisvegund. Að þessu verkefni stendur fyrir tækni Landnýting ehf. og framkvæmdastjóri þess er Óttarr Makuch.

„Stóra viðfangsefnið nú er að ljúka fjármögnun og stilla allar áætlanir af. Þetta tekur allt sinn tíma,“ segir Óttarr um verkefnið, sem vonast er til að bæði innlendir og erlendir fjárfestar komi að. Heildarfjárfesting á þessu 10 ára tímabili, miðað við þau tilboð sem liggja fyrir að utan, gæti numið um 22 milljörðum króna á núgildandi verðlagi. Vænt er að framkvæmdir hefjist síðar á þessu ári.

Miklir möguleikar
í matvælaframleiðslu

„Verkefnið allt byggist allt á góðum áætlunum. Einnig því að þekkja markaði, og hafa kannanir okkar staðfest að samkeppnishæfni okkar er ágæt. Uppbygging okkar miðast við að öll framleiðslan fari á erlendan markað og þá til Norður-Evrópu og Bretlands,“ segir Óttarr. „Frá Árnasi til Þorlákshafnar er ekki nema um rúmlega klukkustundar akstur, sem gerir alla flutninga mjög þægilega um Þorlákshöfn. Einnig um Reykjavík og Keflavíkurflugvöll. Þetta er verkefni sem sýnir mjög vel hve miklir möguleikar og tækifæri felast í matvælaframleiðslu á Íslandi.“

Þess má geta að heildarframleiðsla á tómatum á Íslandi árið 2022 var 1.460 tonn. Sé sú tala höfð til samanburðar verður framleiðslan í Árnasi á fullum afköstum um tífalt meiri, eða um 15.600 tonn á ári miðað við 300 tonn á viku.



Samkomulag Óttarr Makuch framkvæmdastjóri Landnýtingar og Halldór Pálsson stjórnarformaður. Á milli þeirra er Haraldur Þór Jónsson sveitarstjóri, en myndin var tekin þegar samkomulag var gert við sveitarfélagið.



Gróðurhús Alls 27 verða ha. undir gleri þegar framkvæmdum lýkur.

Gróðurhúsin við Árnas yrðu reist sunnan Þjóðveggarins sem liggur þvert í gegnum Gnúpverjahreppinn gamla Á umræddum stað er 36 ha. atvinnulóð sem er merkt grænni atvinnustarfsemi. Þá er í grennd, í landi jarðarinnar Þjórsárholts, borhola sem skilar um 100 l/sek. af 70° heitu vatni sem í dag nýtist ekki nema að litlu leyti. Þetta gerir Árnassvæðið góðan stað fyrir risastórt gróðurhús og ræktun þar.

Græn framtíð


Haraldur Þór Jónsson, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps, segist trúa að í næstu framtíð verði hafist handa um fleiri græn verkefni í þessum dúr á Íslandi. Hér á landi séu aðstæður til slíks mjög góðar, þar sem landgæði, hreint rafmagn og vatn séu til staðar.

MEIRAPRÓF
14. Febrúar 2024

NÁMSKEIÐ
Öll réttindi C + D + CE + B/far
Minni réttindi C1 + C1E
B/far + Harkari

TILBOÐ
kr. 640.000
kr. 199.000
kr. 150.000

ovs@ovs.is
588-1414



Ljósmynd/Eva Björk Ægisdóttir

Upphitun Páll Óskar sá um að koma keppendum í girinn í síðasta hlaupi.

Norðurljósahlaup
á laugardaginn

- 4-5 kílómetra hlaup um miðbæinn

Norðurljósahlaup Orkusölnnar fer fram í miðbæ Reykjavíkur á laugardaginn, 3. febrúar, kl. 19. Hlaupið er hluti af Vetrarhátíð Reykjavíkurborgar. Hægt er að hlaupa, skokka og ganga 4-5 kílómetra leið.

Ræst verður frá Listasafni Reykjavíkur við Hafnarhúsið og Páll Óskar sér um upphitun þar innandyrna kl. 18.30. Húsið verður opnað kl. 18. Þátttakendur fá allir svokallaðan stemmingspoka

með upplýstum glaðningi líkt og armband og græjur fyrir andlitsmálningu.

Engin tímataka er í hlaupinu og er það því ekki „keppni“ sem slík, segir í tilkynningu frá Orkusölnni. Endastöð hlaupsins er einnig Hafnarhúsið og þar fá allir þátttakendur orkudrykki og bás verður á staðnum fyrir myndatökur. Skráning fer fram á síðunni nordurljosahlaup.is. Fritt er fyrir átta ára og yngri.



GOLDBERGH



hjá
Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

Með banöðnum í liði



u.þ.b **54**

kr./stk.

**Dole banani
298 kr./kg**

BÓNUS

Verð gildir til og með 4. febrúar eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.



149
kr./pk.

Läkerol
Tveir pakkar saman

Bolludagur nálgastr

1.298
kr./pk.

Rjómi
1ltr



1.898
kr./pk.

Brakandi bringubitar



1.898
kr./pk.

Brakandi lundir

1.499
kr./pk.



Brakandi læri


799
kr./pk.



Brakandi vængir

398
kr./pk.

Klementínur í neti
1,5 kg



Aukin andúð á gyðingum í Evrópu

- Pólski sagnfræðingurinn Mateusz Szpytma rannsakaði voðaverk nasista í þorpinu Markowa
- Ömmusystir hans og fjölskylda voru líflátin fyrir að reyna að bjarga gyðingum frá helförinni

BAKSVIÐ

Baldur Arnarson
baldura@mbl.is



Andúð á gyðingum hefur farið vaxandi í Evrópu á síðustu árum. Þá vekja ódæðisverk Hamas-liða í Ísrael í haust upp sárar minningar frá helförinni.

Þetta kom fram á minningarathöfn um helförina í pólska sendiráðinu á sunnudag sem fram fór daginn eftir alþjóðlegan minningardag um frelsun fanga í útrýmingarbudunum í Auschwitz-Birkenau 27. janúar 1945.

Af öryggisástæðum var athöfnin ekki öllum opin heldur aðeins fyrir boðsgesti. Meginástæðan var að mótmælendur skyldu veitast að Bjarna Benediktssyni utanríkisráðherra í Háskóla Íslands hinn 8. desember sl. en mótmælendur kröfðust stjórn málaslita og viðskiptabanns á hendur Ísrael. Athæfið var litið mjög alvarlegum augum af diplómötum sem Morgunblaðið ræddi við í kjölfarið.

Ræðumenn voru Avi Feldman, rabbíni gyðinga á Íslandi, Marek Wierzbicki, prófessor við Kaþólska háskólann í Lublin, og doktor Mateusz Szpytma, aðstoðarforseti pólskrar stofnunar (IPN) sem rannsakar glæpi nasista og kommúnista gegn pólsku þjóðinni. Athöfninni stýrði Gerard Pokruszynski, sendiherra Póllands á Íslandi.

Líflátin fyrir að fela gyðinga

Eftir ræðuhöld var heimildarmyndin Saga af glæp (Historia jednej zbrodni) sýnd, en henni var leikstýrt af Mariusz Piliś. Segir hún sögu Pólverja og gyðinga sem nasistar myrtu í þorpinu Markowa í síðari heimsstyrjöldinni.

Myndin bregður birtu á að fjöldi Pólverja var reiðubúinn að hætta lífi sínu til að bjarga gyðingum frá útrýmingarbudum nasista, en það er Pólverjum tilfinningamál að sú saga fái að heyrast. Eftir athöfnina ræddi Morgunblaðið við dr. Mateusz Szpytma og samstarfskonu hans, Blanka Kaminska-Pienkos, sem jafnframt aðstoðaði við að túlka viðtalið.

Dr. Szpytma er sagnfræðingur sem hefur starfað hjá áðurnefndri stofnun, IPN, frá aldamótum. Hann hefur rannsakað glæpi gegn Ulma-fjölskyldunni, en hann er tengdur henni fjölskylduböndum. Ræða hans á athöfninni var persónuleg, en ömmusystir hans er meðal þeirra sem fjallað er um í áður-



Ljósmynd/Pólska sendiráðið

Minningarathöfn Meðal viðstaddra voru Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, Avi Feldman, rabbíni gyðinga á Íslandi, Carrin F. Patman, sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, og Ryotaro Suzuki, sendiherra Japans á Íslandi.

nefndri heimildarmynd. Frásagnir af endalokum ættingja hans eru átakanlegar og eru viðkvæmir varaðir við að halda áfram lestrinum.

Nánar tiltekið skutu ömmusystir hans, Wiktoria Ulma, og eiginmaður hennar, Józef Ulma, skjólshúsi yfir gyðinga úr sitthvorri fjölskyldunni á háaloftinu á bóndabæ sínum árið 1942, í kjölfar þess að nasistar fluttu gyðinga á brott frá Markowa það ár. Brottlutningurinn var hluti af áætlun nasista um að útrýma gyðingum.

Vorið 1944 hafði lögreglumaður fengið lánað fé hjá annarri gyðingafjölskyldunni sem faldi sig á háaloftinu. Þegar fjölskyldan vildi fá endurgreitt, að því er talið er, fann hann út felustaðinn og vísaði nasistum á fjölskylduna. Nasistar umkringdu í kjölfarið bóndabæ Ulma-fjölskyldunnar, handsömuðu gyðingana átta á háaloftinu og skutu til bana áður en þeir líflétu hjónin Wiktoria og Józef fyrir framan börnin þeirra. Því næst skutu nasistarnir börnin þeirra sex, en Wiktoria var með barni þegar hún var myrt.

Fann liðsforingjann

Dr. Szpytma rannsakaði ódæðið þegar hann var orðinn fræðimaður og bærust böndingur að Eilert Dieken, sem var liðsforingi í her nasista. Dr. Szpytma hefur í myndinni upp á dóttur Dieken, sem er löngu látinn, en hún er þá á gamals aldri. Fær hún afhent skjöl í lokuðu umslagi sem sýna eiga fram á glæpi föður hennar. Henni er boðið að hafa samband við dr. Szpytma daginn eftir en hann heyrir ekki frá henni. Hún hafði alla tíð litið upp til föður síns sem gerðist lögreglumaður.

Dr. Szpytma segir aðspurður áætlað að um þúsund Pólverjar hafi verið dæmdir til dauða fyrir að liðsinna gyðingum í stríðinu.

Með lagasetningu hinn 15. október 1941 hafi það verið gert að dauðasök í Póllandi að aðstoða gyðinga. Lögin hafi svo verið hert árið 1942, en með því hafi þau orðið samsæk

sem bjuggu með manneskju sem aðstoðaði gyðinga. Sem sagt líka verið rétttræp.

„Samkvæmt lögunum gátu lögreglumenn ákveðið að skjóta alla fjölskylduna, ekki aðeins þá sem skotið höfðu skjólshúsi yfir gyðinga, heldur alla fjölskylduna. Og stundum skutu þeir til bana nágranna sem vissu af aðstoðinni en sögðu ekki frá henni. Þó eru ekki mörg dæmi um það,“ segir dr. Szpytma. Það hafi verið áætlað að hundrað þúsund til þrjú hundruð þúsund Pólverjar hafi aðstoðað gyðinga í stríðinu.

Vildu útrýma gyðingum

Hversu margir Pólverjar týndu lífi í stríðinu?

„Um fimmtungur Pólverja lét lífið. Við misstum sex milljónir manna og þar af var um helmingurinn gyðingar. Hlutfallslega létust 90% gyðinga í stríðinu en 10% fólks sem var af pólsku bergi brotið.“

Hvert var markmið nasista í stríðinu?

„Markmið þeirra var að tortíma samfélagi gyðinga og myrða þá alla sem einn.“

Hvers vegna?

„Vegna hugmyndafræði. Þeir sögðu gyðinga ekki menn heldur dýr. Þá væru Pólverjar hálfir menn.“

Hvers vegna?

„Vegna þess að þeir sögðu Pólverja tilheyra óæðri kynþætti og að óæskilegt væri að þeir myndu ala af sér nýja kynslóð.“

Hvaða áform höfðu nasistar í Póllandi að stríðinu loknu?

„Þeir vildu útrýma fólki og losna við sem flesta Pólverja en þó ekki alla. Þeir höfðu almenna áætlun [Generalplan Ost], sem fól í sér að flytja hluta Pólverja til Úralfjalla. Lítið brot þeirra, kannski 10%, mætti svo vera áfram í Póllandi, sem væri þá orðið hluti af Þýskalandi, og þá sem þrælur fyrir Þjóðverja. Gyðingunum skyldi útrýma en Pólverjar máttu vera þrælur.“

Ábyrgðin Þjóðverja

Rætt var við sérfræðing í heimildarmyndinni, sem sagði reynt að endurskrifa söguna. Geturðu sagt mér frá viðleitni Þjóðverja til að endurskrifa söguna hvað varðar Pólverja og gyðinga?

„Það á ekki aðeins við um Þjóðverja. Sumir sagnfræðingar vilja fjalla um að Pólverjar hafi aðstoðað Þjóðverja við að myrða gyðinga. Það voru dæmi um að Pólverjar aðstoðuðu Þjóðverja en á því bera Þjóðverjar ábyrgð. Fyrir stríðið var enginn gyðingur tekinn af lífi í Póllandi. Þjóðverjar hvöttu Pólverja til að berja gyðinga. Þeir gáfu Pólverjum sykur og korn [fyrir að vera saminnuþýðir og veita upplýsingar].“

Uppreisn Pólverja gegn nasistum í miðborg Varsjár árið 1944 er vel þekkt. En kannski eru frásagnir af fólki eins og Ulma-fjölskyldunni ekki jafn þekktar. Uppreisn að heimurinn mun verða meðvitaðri um þær frásagnir?

„Það er erfitt að segja. Ég get sagt þér að þegar við sýndum þessa kvikmynd í Berlín í september í fyrra voru ekki margir í salnum. Ég skrifaði um þetta á Facebook-síðu mína. Ég sýndi myndir af sýningunni í Berlín, en þar búa fjórar milljónir manna, og svo myndir af sýningunni hér í Reykjavík þar sem um 140 þúsund manns búa. Það voru fleiri á sýningunni hér.“

Fluttir til Síberíu

Vilja Þjóðverjar ekki heyra þetta?

„Það er erfitt að segja. Ég vil ekki alhæfa en það er erfitt fyrir þá að rifja þessa atburði upp.“

Hversu margir gyðingar búa nú í Póllandi?

„Gyðingar sem sækja samkunduhús gyðinga og eru yfirlýstir gyðingar teljast vera um átta þúsund.“

Átta þúsund í Póllandi?

„Já. Þeir eru fáir, mjög fáir.“

Hvert fluttu gyðingar sem lifðu stríðið af?

„Almennt til Bandaríkjanna eða Ísraels. Það eru pólskir gyðingar um heim allan. Fyrir stríðið bjuggu fleiri gyðingar í Póllandi en nokkru ríki Evrópu og Bandaríkin voru eina landið þar sem bjuggu fleiri gyðingar. Það bjuggu um 3,3 milljónir gyðinga í Póllandi fyrir stríðið en nú teljast þeir vera um átta þúsund. Um 300 þúsund gyðingar í Póllandi lifðu stríðið af en flestir þeirra höfðu verið fluttir til Síberíu árin 1940 og 1941 [í þrælunarvinnu].“

Hvenær byrjuðu Pólverjar að leita sannleikans um helförina?

„Þegar Pólland varð sjálfstætt lýðveldi. Eftir fall kommúnismans opnuðust skjalasöfnin og sagnfræðingar gátu fjallað um málin að vild.“

Er sannleikurinn kominn í ljós eða mun það taka lengri tíma?

„Nei. Það mun taka lengri tíma. Það er til dæmis sérstaklega óheppið að Ursula von der Leyen [forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins] skyldi hafa nefnt Pólland í samhengi við Auschwitz, því stundum heldur fólk sem þekkir söguna ekki vel að [útrýmingarbudirnar] hafi verið í Póllandi. Það er vegna þess að Auschwitz var á her teknu svæði í Póllandi og Pólverjar gátu ekkert gert til að sporna gegn því að útrýmingarbudirnar yrðu byggðar. Þetta voru slæm mistök [hjá von der Leyen] en daginn eftir var tístinu eytt.“

Urðu síðan dómamar

Það kemur fram í myndinni að Konrad Adenauer hafi talið Vestur-Pýskaland hafa þurft á fyrrverandi nasistum að halda til að byggja upp landið.

„Já. Til dæmis urðu dómamar sem dæmdu Pólverja og gyðinga til dauða í stríðinu hluti af dómskerfinu.“

Telurðu að Vestur-Pýskaland hafi ekki átt að ráða fyrrverandi nasista?

„Já, en með undantekningum.“

Er gyðingaandúð á uppleið í Póllandi?

„Hún fer vaxandi um alla Evrópu.“

Hvers vegna?

„Það er erfitt að segja. Hins vegar nefna margir atburðina á Gasa.“

Hvað skýrir gyðingaandúð í Evrópu ef Gasa er frátalið?

„Ein ástæðan er aðflutningur múslíma sem eru andvígir gyðingum.“

Pólverjar hafa gengið í gegnum mjög erfiða tíma. Fyrst nasismann og svo Sovéttímann. Það hefur verið ráðist inn í landið og landamærin hafa breyst. Hefur pólska þjóðin náð sér?

„Já. Við höfum verið sjálfstæð þjóð í 35 ár, eftir svo erfiða tíma. Það sýnir að pólska þjóðin er mjög sterk, enda tel ég að önnur þjóð hefði ekki komist af eftir árásir úr austri og vestri,“ segir dr. Szpytma að lokum.

RÚMFÖT.IS

ÚTSALA ÁRSINS til 3. febrúar

www.rumfot.is



20-50% afsláttur af öllu í búðinni



Nýbýlavegur 28 - sími 565 1025 - rumfot@rumfot.is - Opið frá 12-17.30 alla virka daga og 11-15 laugardaga

smashbox

30% afsláttur

af öllum Smashbox vörum

1.-7. febrúar



Við kynnum nýjan farða, Always On Skin Balancing Foundation. Formúla sem jafnar olíumyndun húðarinnar og gefur henni þann raka sem hún þarf. Uppbyggjanlegur farði sem gefur þér náttúrulegt útlit og endist í allt að 16 klukkustundir.

HAGKAUP

Nýtt

lægra

verð

Við höfum lækkað verðið á yfir sex þúsund vörum.
Þetta er ekki tilboð – **bara nýtt lægra verð!**

Nýtt lægra verð

2.990,-

BRUNKRISSLA
sængurverasett
B150xL200 cm
~~3.490,-~~



Nýtt lægra verð

TÁLLÁSEN
bólstruð rúmgrind
160x200 cm
34.950,- ~~44.950,-~~



Nýtt lægra verð

HAUGA
náttborð
6.950,- ~~8.950,-~~



Nýtt lægra verð

PLUTTIS
veggklukka Ø28 cm
995,- ~~1.190,-~~



Nýtt lægra verð

VINDKAST
loftljós
5.990,- ~~6.990,-~~



Nýtt lægra verð

VALEVÁG
pokagormadýna
180x200 cm
49.950,- ~~59.950,-~~



Nýtt lægra verð

FÖRNUFTIG
lofthreinsitæki
9.950,- ~~11.950,-~~



Nýtt lægra verð

STRANDMON
hægindastóll
fyrir börn
19.950,- ~~24.950,-~~



Nýtt lægra verð

STORSINT
glös
1.990,- /6 í pk.
~~2.690,-~~



Nýtt lægra verð

395,-
SPARKA mjúkdýr, bolti 495,-



Nýtt lægra verð

FÖRHÖJA
hjólaborð
19.950,- ~~22.950,-~~

Nýtt lægra verð

BUMERANG
herðatré
995,-/8 í pk.
~~1.190,-~~



Nýtt lægra verð

VITTSJÖ
sjónvarpsbekkur
9.950,- ~~11.950,-~~



Nýtt lægra verð

KRAGSTA
innskotsborð
14.950,-/2 í setti
~~16.950,-~~



Nýtt lægra verð

9.950,-
VITTSJÖ hillueining ~~11.950,-~~

Nýtt lægra verð

VONSBÁK
motta, lágt flos
133x195cm
8.990,- ~~10.990,-~~



Nýtt lægra verð

VÁGSJÖN
handklæði
40x70 cm
395,- ~~450,-~~



Nýtt lægra verð

9.950,-
EKEDALEN stóll ~~11.950,-~~



Nýtt lægra verð

UPPSTÁ
byggingabikarar
395,- ~~495,-~~



Nýtt lægra verð

LILLABO
lestarsett
1.990,-/20 í setti
~~2.290,-~~



Nýtt lægra verð

FEJKA
gerviblóm og blómopottur, 6 cm
695,-/3 í pk.
~~895,-~~



„Frábærasta afrekið“ í Melbourne

- Vilhjálmur Einarsson átti ólympíumetið í þrístökki í klukkutíma og fékk silfur á ÓL 1956
- Enginn hefur enn komist nálægt Íslandsmetinu sem Vilhjálmur setti fjórum árum síðar

BAKSVIÐ

Víðir Sigurðsson
vs@mbl.is



Þegar 22 ára gamall Íslendingur gerði sér lítið fyrir og hreppti silfurverðlaunin í þrístökki á Ólympíuleikum í Melbourne árið 1956, og átti ólympíumetið í greininni í klukkustund, vann hann afrek sem enginn íslenskur keppandi hefur leikið eftir í einstaklingsgrein á leikunum.

Vilhjálmur Einarsson var Austfirðingur, fæddur að Hafranesi við Reyðarfjörð (eins og sá sem þetta skrifar!) árið 1934, og búsettur á Egilsstöðum en hafði stundað nám við Menntaskólann á Akureyri og síðan Dartmouth-háskóla í Bandaríkjunum. Vestanhafs keppti hann í langstökki, hástökki og kúluvarpi fyrir hönd skólans.

Aðeins tveir Íslendingar voru sendir í þetta langa ferðalag til Melbourne í Ástralíu, ferðalag sem tekur drjúgan tíma á dag og enn lengri fyrir 68 árum. Hilmar Þorbjörnsson spretthlaupari keppti í 100 metra hlaupi og stóð sig vel, varð í 30. sæti af 65 keppendum.

Leikarnir hófust 22. nóvember 1956 og lauk 8. desember en þriðjudaginn 27. nóvember var röðin komin að Vilhjálmi. Hann krækti í silfurverðlaunin með mögnuðu stökki í annari umferð þrístökkskeppninnar, af sex, og stökk í raun beina leið inn í hjarta íslensku þjóðarsálarinnar. Í dag, 68 árum síðar, er hann enn talinn fremsti íslenski þróttamaður ársins fimm sinnum á sex árum, 1956, 1957, 1958, 1960 og 1961.

Morgunblaðið fjallaði að vonum ítarlega um þetta mikla afrek Vilhjálms daginn eftir, miðvikudaginn 28. nóvember, en þá var efst á forsiðunni frétt af honum undir fyrirsögninni: Íslendingur kom öllum á óvart, ásamt mynd af Vilhjálmi í stökki.

Í útvarpi allra landa

Þar segir síðan: „Vilhjálmur Einarsson, vann frábærasta afrek íslenskra íþróttamanna, er hann í gær varð 2. í þrístökkskeppni Ólympíuleikanna. Stökk hann 16,25, en Brasilíumaðurinn da Silva sigraði með 16,34 m stökki. Báðir voru þeir yfir fyrri Ólympíumeti, sem da Silva átti og var 16,22, sett 1952 í Helsingfors og var þá nýtt heimsmet.“

Nafn Vilhjálms hljómaði í gær í útvarpsstöðvum allra landa. Brezka útvarpið sagði að hann hefði komið mjög á óvart. Norska útvarpið gat afreks Vilhjálms áður en afreks da Silva var getið, svo mjög hrifust



Morgunblaðið/Ólafur K. Magnússon

Heiðraður Vilhjálmur Einarsson við heimkomuna frá Melbourne ásamt foreldrum sínum, Sigríði Vilhjálmsdóttur frá Hánefsstöðum á Seyðisfirði og Einari Stefánssyni frá Mýrum í Skriöldal.



28. nóvember Afrek Vilhjálms var efst á forsiðu Morgunblaðsins.

Norðmenn af afreki Vilhjálms, sem er Norðurlandamet. Um afrek Vilhjálms og aðrar Ólympíufréttir er nánar rætt á bls. 14.“

Þess ber að geta að Vilhjálmur stökk 16,26 metra en ekki 16,25 eins og sagt var í fyrstu fréttum frá Melbourne. Keppinauturinn Adhemar da Silva var fremsti þrístökksvari heims, var heimsmethafi og ríkjandi Ólympíumeistari í greininni frá 1952.

Meiddist í fjórða stökki

Á forsiðu blaðsins var líka vísað í frétt Reuters-fréttastofunnar af þrístökkskeppninni:

„Í Reutersfregn í gærðag er sagt



28. nóvember Ítarlegar var fjallað um Vilhjálmi á íþróttasíðu.

frá því að Vilhjálmur Einarsson hafi meiðzt í þrístökkskeppninni. Úrðu meiðsli þessi á ökla er hann stökk 4. stökk sitt af 6 í keppninni. Ollu meiðsli því að 5. stökk hans eyðilagðist, og það 6. hætti hann við vegna eymsla.

Af skeytinu má ráða að fram til þess er Vilhjálmur meiddist hafi hann haft forystuna í keppninni, en da Silva náð henni í 5. eða 6. umferð. Segir síðan í Reutersskeytinu, sem sent er til blaða um heim allan:

„Ef Íslendingurinn hefði ekki meiðzt, kynni svo að hafa farið, að honum hefði tekist að sigra hinn mikla stökkmann, da Silva - en



11. desember Ólympíufararnir fengu góðar móttökur.

meiðslanna vegna varð Íslendingurinn að hætta við sitt síðasta og 6. stökk.“

Rætt við móður hans

Íþróttasíða Morgunblaðsins þennan dag var síðan að mestu lögð undir Vilhjálmi og afrek hans. Þar er ítarleg grein um þrístökkskeppnina og afrekið og sagt meira frá þessum 22 ára gamla Austfirðingi.

Þá er á síðunni rætt við Sigríði Vilhjálmsdóttur, móður Vilhjálms, sem lá á Landspítalanum í Reykjavík þar sem hún var til rannsóknar, en Bragi Kristjánsson, formaður Ólympíunefndar Íslands, og

Brynjólfur Ingólfsson, formaður Frjálsíþróttasambands Íslands, heimsóttu hana þangað og færðu henni blómvönd í tilefni afreksins.

Atli Steinarsson var íþróttafréttamaður Morgunblaðsins og skrifaði umfjöllunina um Vilhjálmi. Hann var einn af stofnendum Samtaka íþróttafréttamanna, sem voru stofnuð í framhaldi af árangri Vilhjálms í Melbourne. Samtökin kusu hann íþróttamann ársins 1956, fyrstan allra, og gerðu það fimm sinnum á fyrstu sex árum kjörsins.

Vilhjálmur og Hilmar komu heim frá Melbourne sunnudaginn 9. desember og í næsta blaði Morgunblaðsins þar á eftir, 11. desember, er mynd af þeim á forsiðu þar sem ríkisstjórnin afhenti þeim blómvönd og Vilhjálmi bikar.

Aldrei verið þreyttari

Á íþróttasíðu blaðsins er síðan ítarlegt viðtal Atla við Vilhjálmi undir fyrirsögninni: „Ég hef aldrei verið þreyttari eftir keppni“ og grein um heimkomuna með fyrirsögninni „Vona að ég komi einhverju góðu til leiðar“, en þar er vísað til þakkarorða hans við heimkomuna.

Vilhjálmur átti eftir að vera í fremstu röð í heiminum næstu árin á eftir, eða þar til hann hætti keppni árið 1962 eftir að hafa hafnað í sjötta sæti Evrópumótsins í Belgrad. Hann mætti aftur á Ólympíuleika árið 1960, í Róm, og var þar líka í baráttu um verðlaunasæti. Hann stökk 16,37 metra og hafnaði í fimmta sæti.

Jafnaði gildandi heimsmet

Vilhjálmur er enn handhafi Íslandsmetsins í þrístökki, en það er 16,70 metrar. Það setti hann á Laugardalsvellið 7. ágúst árið 1960 og er óhætt að segja að það standi upp úr í íslensku meta-skránni. Enginn hefur komist nálægt því enn sem komið er. Engu nemaði að Vilhjálmur jafnaði heimsmetið, sem var 16,70 en hafði verið slegið tveimur dögum áður þegar Josef Schmidt frá Póllandi stökk 17,03 metra. Tæknilega séð jafnaði Vilhjálmur gildandi heimsmet því ekki var búið að staðfesta met Pólverjans.

Næstbesti árangur Íslendings um árabil var 15,29 metrar, Friðrik Þór Óskarsson úr ÍR náði því stökki árið 1979, en á síðasta ári stökk FH-ingurinn Daníel Ingi Egilsson 15,98 metra og virðist hann sá eini sem mögulega gæti ógnað meti Vilhjálms á næstu árum. Vilhjálmur kæmist enn í úrslit á mörgum alþjóðlegum stórmótum með sínu 64 ára gamla Íslandsmeti og hefði verið í 50. sæti heimslistasins árið 2023.

Snjallar lausnir



Framkvæmdasvæði

Við bjóðum margar góðar lausnir á aðstöðu fyrir starfsmenn og stjórnendur á framkvæmdasvæðum. Auðvelt og fljótlegt er að setja upp skrifstofur, gísteiningar og salerni í stærðum og gerðum sem hentar best hverju einstaka verkefni.

Hafðu samband á stolpigamar.is eða í síma 568 0100

stolpigamar.is

Stólpi Gámar

KLETTAGARÐAR 3-5 | 104 REYKJAVÍK | STOLPIGAMAR@STOLPIGAMAR.IS

Lagersala

Allt að 70% afsláttur



Stendur til og með 5. febrúar

Frí heimsending ef verslað er fyrir 20.000 kr.- í vefverslun.

Fullorðnir



Krafla jakki
69.000 kr. **34.500 kr.**



Skaftafell dömuajakki
72.000 kr. **36.000 kr.**



Krafla dúnkápa
109.000 kr. **54.500 kr.**



Dyngja flíspeysa
14.900 kr. **7.450 kr.**



Öxi jakki
42.000 kr. **21.000 kr.**



Dyngja dúnkápa
89.000 kr. **53.400 kr.**



Bylur stutt ullarpeysa
29.000 kr. **14.500 kr.**



Reykjavík buxur
28.500 kr. **11.400 kr.**

Krakkar



Frosti Parka
19.900 kr. **9.950 kr.**



Máni jakki
14.900 kr. **8.940 kr.**



Ýmir hettupeysa
9.900 kr. **5.940 kr.**



Svanur heilgalli
21.000 kr. **12.600 kr.**

Aukahlutir



66°Norður eyrnaband
4.900 kr. **2.450 kr.**



66°North Bakpoki
18.500 kr. **11.100 kr.**



Dyngja húfa
7.900 kr. **4.740 kr.**



Dyngja taska
17.500 kr. **12.250 kr.**

Lagersalan fer fram í vefverslun, á Skipagötu 9, Akureyri og á útsölumarkaði okkar í Faxafeni 12 í Reykjavík. Hægt er að sækja pantanir úr vefverslun í þjónustuverið, Miðhrauni 11, Garðabæ.

Opnunartímar á lagersölu:

Faxafeni 12: Mán - lau: 10:00 - 18:00, sun: 12:00 - 18:00

Skipagata Akureyri: Mán - lau: 11:00 - 18:00, sun: 12:00 - 17:00

Þjónustuver Miðhrauni 11: Mán - fös: 08:00 - 16:00, lau - sun: Lokað

Vinsamlegast athugið að verð á lagersölu á aðeins við ákveðnar vörur og liti af vörum í vörulínu okkar.

Verð á lagersölu geta lækkað meðan á lagersölu stendur.

Verð eru birt með fyrirvara um innsláttarvillur og verðafsláttavillur.

66north.is | @66north



Ljósmynd/Ruth Ásgeirsdóttir

Vigaleg Meðlimir kokkalandslíðsins ætla sér langt á Ólympíumótinu.

Stefnan sett á verðlaunapall

● Kokkalandslíðið keppir í Stuttgart

Höskuldur Daði Magnússon
hdm@mbl.is

„Undirbúningurinn hefur gengið vel og líðið er tilbúið,“ segir Þórir Erlingsson, forseti Klúbbs matreiðslumeistara, um íslenska kokkalandslíðið sem heldur í fyrri-málið til Þýskalands. Fram undan er keppni á Ólympíuleikum í matreiðslu í Stuttgart þar sem margir fremstu matreiðslumenn heims koma saman og bítast um stærstu verðlaunin í keppnismatreiðslu, eins og Þórir kallar þau.

Okkar fólk hefur æft stíft undanfarna mánuði og stefnan er sett á að komast á verðlaunapall. „Við erum sem betur fer meðal þeirra bestu í matargerðarlistinni og þessi hópur er tilbúinn að takast á við verkefnið. Við förum aldrei út til annars en að vinna,“ segir Þórir í samtali við Morgunblaðið en fyrir fjórum árum hlaut kokkalandslíðið tvenn gullverðlaun og lenti samanlagt í þriðja sæti á Ólympíumótinu.

Þórir segir að í líðinu sé góð blanda af reynsluboltum og nýliðum, fólk sem hafi farið út áður og öðrum sem fara nú í fyrsta sinn. „Hópurinn er sterkur,“ segir hann.

Snædís Xyza Mae Jónsdóttir er þjálfari landslíosins en fyrirlíði er Ísak Aron Jóhannsson sem hefur verið í hópnun síðan 2019. Aðrir í

hópnun eru Hugi Rafn Stefánsson, Úlfar Örn Úlfarsson, Erla Þóra Bergmann Pálmadóttir, Gabríel Kristinn Bjarnason, Kristín Birta Ólafsdóttir, Jafet Bergmann Viðarsson, Bjarki Snær Þorsteinsson, Ólöf Ólafsdóttir og María Shramko.

Búnaðurinn sendur með skipi

Snædís þjálfari hefur verið tengd landslíosinu síðan 2016 og var í landslíosþópnun sem náði þriðja sæti á síðustu Ólympíuleikum. Hún starfar sem yfirkokkur á Ion Adventure og tók að sér þjálfunina í fyrri. „Við ætlum okkur alla leið, þessi hópur er tilbúinn að leggja gríðarlega mikið á sig til að ná sem bestum árangri,“ segir Snædís en æfingar hafa verið aðra hverja viku, þrjá til fjóra daga í senn, þar sem hver æfing er um tíu til fjórtán klukkustundir.

Ólympíuleikarnir verða settir á laugardaginn og mun íslenska kokkalandslíðið keppa í tveimur greinum. Fyrri keppnisgreinin er „Chef's table“, tólf manna ellefu rétta matseðill og í hinni síðari þarf að afgreiða þriggja rétta matseðil fyrir 110 manns. Að miklu er að huga í undirbúningnum og þannig flaug Þórir út í morgun svo hann gæti ferjað bíl með búnaði landslíosins á áfangastað en bíllinn var sendur með Norrænu á dögnum.

Heimsmarkmiðið leið að betri heimi

● Frásagnasamkeppni Félags Sameinuðu Þjóðanna á Íslandi

Sigurður Bogi Sævarsson
sbs@mbl.is

Heimurinn allur var undir í frásögnum sem bárust í samkeppni Félags Sameinuðu Þjóðanna á Íslandi (SP) um heimsmarkmið samtakanna og inntak þeirra. Keppnin var meðal nemenda í framhaldsskólum og efstu bekkjum grunnskóla. Félag SP á Íslandi er 75 ára um þessar mundir og af því tilefni var efnt til þessarar samkeppni, sem mæltist vel fyrir. Margar áhugaverðar frásagnir bárust, en þær máttu vera ritgerðir, pistlar, ljóð, myndmál eða hver sú leið sem þátttakendum hent að best.

17 markmið í 193 löndum

„Þær fylla mig hjartsýni, þessar frábæru frásagnir krakka sem vilja öll gera heiminn aðeins betri,“ sagði Eliza Reid forsetafrú þegar hún afhenti verðlaunin. Eliza átti sæti í nefndinni sem lagði dóm á ritgerðirnar auk þess sem hún er verndari Félags SP á Íslandi.

Heimsmarkmið SP eru frá september árið 2015 og voru þá samþykkt af öllum aðildarríkjunum 193 að tölu. Markmiðin eru 17 og undirgreinar þeirra 169 og ná þau jafnt til innanlandsmála sem alþjóðastarfs. Engin fátækt eða hungur eru tvö markmiðanna sem nú gilda, en önnur sem tiltaka má eru menntun fyrir alla, jafnrétti kynjanna, sjálfbær orka, sjálfbærni og loftslagsmál.

Tvö fengu aðalverðlaun

Aðalverðlaunahafar í samkeppninni voru Pröstur Flóki Klemensson úr Háteigsskóla við Reykjavík, með söguna sína um Anahi og Berglindi, og Eybjört Ísól Torfadóttir, nemandi í Kvinnaskólanum í Reykjavík, með smásögur sínar um heimsmarkmiðin. Þau vinna bæði flug og gistingu, ásamt forráðamönnum sínum, í New York nú í vor í boði Ícelandair. Heimssækja þau höfuðstöðvar Sameinuðu Þjóðanna og kynast starfsemi þeirra og fastanefnd Íslands þar.



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Framúrskandi Aðalverðlaunahafarnir Pröstur Flóki Klemensson og Eybjört Ísól Torfadóttir. Til vinstri Eliza Reid forsetafrú og hægra megin Eva Harðardóttir, formaður Félags Sameinuðu Þjóðanna á Íslandi.

„Sagan mín er um stúlku frá Íslandi og Anahi, sem er frá Íran. Þarna er fjallað um börn í ólíkum löndum sem eiga sér þó sviðuð áhugamál. Þau ganga hvort um sig í gegnum ýmis ævintýri og enda svo í lokin á sama stað, hvar annars staðar en á ráðstefnu um alþjóðleg málefni,“ segir Pröstur Flóki, sem er í 10. bekk.

Aðspurður segir hann að söguskrifin hafi verið krefjandi og að mörgu verið að hyggja, svo sem í heimildaleit um aðstæður barna í Íran. Þetta hafi þó náð vel til sín, en Pröstur Flóki segist hafa mikinn áhuga á alþjóðlegu starfi og er áfram um að starfa á þeim vettvangi í fyllingu tímans. Því verði mjög spennandi að heimsækja New York og kynast starfsemi SP þar.

Eybjört Ísól Torfadóttir skrifaði í einum texta fjórar örsögur um nokkur heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna og mikilvægi þeirra. Ein sagan var

til dæmis um stúlku sem lent hafði í kynferðislegu ofbeldi og hin um barn sem upplifði stríð og missti fjölskyldu sína. „Ég skrifaði í fyrstu persónu svo að skilaboðin kæmust vel á framfæri,“ segir Eybjört, sem kveðst hafa verið sískrifandi frá því að hún man eftir sér. Móðir hennar hafi svo hvatt hana til að taka þátt í keppninni nú og því sjái hún ekki eftir. „Já, ég held að flestir krakkar viti af heimsmarkmiðunum, enda er vel farið yfir þetta í efstu bekkjum grunnskóla,“ segir Eybjört.

Hvað ef allt hverfur?

Ída Kolbrá Heiðarsdóttir, nemandi í Giljaskóla á Akureyri, hlaut aukaverðlaun fyrir ritgerðina *Hvað ef allt hverfur?* Þá fengu nokkur aukaverðlaun, nemendur sem skrifuðu um mikilvægi heimsmarkmiðanna og vongóðar vangaveltur sínar um að breyta mætti heiminum til góðs.

Síðustu dagar útsölu!

- * Undirföt
- * Náttföt
- * Náttkjólar
- * Sloppar
- * Sundföt
- * Strandfatnaður

Selena

Bláu húsin v/Faxafen • Sími 553 7355
Opið virka daga 11-18, laugardaga 11-15
www.selena.is

Sólblómabönd og ósýnileg fötlun

● Aukin þjónusta Isavia við farþega

Isavia hefur aukið þjónustu við farþega með ósýnilegar fatlanir á fjórum flugvöllum innanlands, í Reykjavík, á Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði. Hugmyndin er að gera ferðareynsluna eins þægilega og hægt er fyrir viðkvæma hópa sem bera ekki fötlun sína endilega utan á sér, en glíma kannski við einhverfu, lesblindu eða heilabilun. Nú geta þau sem upplifa að það sé áskorun að fara í flugferð sótt sér sólblómaband og fengið betri upplifun á flugvellinum.

Böndin eru á innritunarborði

Sólblómabönd eru kennimerki sem hægt er að nálgast á þessum flugvöllum við innritunarborð og bera á ferð sinni um flugvöllinn. Ekki þarf að panta þau fyrir flugið. Böndin eru kennileiti fyrir starfsfólk flugvallanna og gefa til kynna að þau sem beri böndin þurfi lengri tíma, meiri tillitssemi, þolinmæði og skilning.

Ferðamenn með ósýnilega fötlun þurfa ekki að tilgreina skerðingu sína eða fötlun þegar þeir biðja um sólblómabandið og þótt starfsfólk flugvallanna sé ekki sérþjálfað í sértækri þjón-




Þjónusta Sólblómaböndin segja starfsfólki að gefa góðan tíma.

ustu við viðkvæmari hópa er það upplýst um að vera sérstaklega skilningsríkt og hjálpsamt við þau sem bera sólblómaböndin og veita betri tíma við almenna þjónustu.

Ekki ávísun á forgang

Sólblómaböndin eru ekki hugsuð sem sérstök hraðferð í gegnum flugvöllinn eða ávísun á forgang, heldur miða þau fyrst og fremst að því að upplifun notanda á flugvellinum sé eins þægileg og best verður á kosíð. Það ætti því ekki að vera áskorun fyrir neinn að fara á flugvöllinn.




Útsalan er hafin!

Allt að sjötíu prósentu afsláttur af sýningarvörum

**Í DAG, Á MORGUN FÖSTUDAG
OG LAUGARDAG, 1. - 3. FEBRÚAR!**

HANS J. WEGNER,
ARNE JACOBSEN,
BORGE MOGENSSEN,
PHILIPPE STARCK,
ERIK MAGNUSSEN
OFL.

Skeifan 6 / 5687733 / www.epal.is





Réttu handtökin Námskeiðið, sem stendur yfir í 5-6 vikur, er á vegum breska hersins og fer því fram þar í landi.



Skyndihjálp Hér er farið yfir helstu atriði þegar kemur að því að sinna hinum særðu á víglínunni.



Íslenski fáninn Bráðatæknar Slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu eru auðkenndir með þjóðfánanum.

Hafa þjálfað hundruð Úkraínumanna

- Leitað til Íslands vegna sérþekkingar íslenskra bráðatækna
- Þjálfar hermenn sem bráðaliða
- 10-25% nemenda deyja á víglínunni
- Hversdagsleg vandamál á Íslandi blikna í samanburði

VIÐTAL

Anna Rún Frímansdóttir
annarun@mbl.is



„Utanríkisráðuneytið leitaði til slökkviliðsins í apríl í fyrra með ósk um hvort Ísland gæti aðstoðað við þjálfun úkraínskra hermanna og erum við nú þegar

búnir að þjálfa 250 manns,“ segir Hlynur Höskuldsson, deildarstjóri á aðgerðasviði Slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu.

Að sögn Hlyns er um að ræða verkefni sem Slökkviliðið á



Hlynur Höskuldsson

höfuðborgarsvæðinu vinnur fyrir ráðuneytið. Segir hann þetta í annað sinn sem ráðuneytið hafi leitað til slökkviliðsins um aðstoð í slíkum málum, en fyrir tæpum 20 árum var slökkviliðið kallað til í verkefni þegar Ísland var með friðargæslu í Afganistan.



Combat Medical Corpsman Að sögn Hlyns falla 10-25% af nemendum á námskeiðinu þegar þeir mæta á víglínuna.

að fara að taka þátt í að þjálfa 100 manns í víðbót. Þessu verður svo eflaust framhaldið,“ segir hann.

Spurður í framhaldinu hvort verkefnið sé ekki heldur óvanalegt fyrir íslenska bráðatækna segir Hlynur svo ekki vera, þar sem allir sem fari út séu vanir að kenna.

„Þetta eru fræði sem við höfum alveg verið að nota, kannski ekki hernaðarhlutinn, enda sjá Bretarnir um allt sem kemur að æfingum á sprengjuárásam og slíku. En um leið og fólk er orðið slasað eða veikt nýtist sérþekking okkar. Við berum því í rauninni ábyrgð á allri kennslu á meðferð og að sinna öllum slösuðum, það er sérþekking okkar í þessu.“

Gríðarlegt mannfali

Þá segir Hlynur að þegar hermennirnir hafi fengið þessa tilteknun þjálfun séu þeir sendir á víglínuna, þar sem sérþekking þeirra nýtist til að sinna þeim særðu.

„Sumir þeirra koma beint af víglínunni og fara svo rakleitt þangað aftur. Aðrir hafa hins vegar aldrei farið á víglínuna og svo eru sumir sem byrjuðu bara í hernum tveimur vikum áður en þeir komu á þetta námskeið til okkar. Þannig að 90% af þessu fólki er óbreyttir borgarar sem eru allt í einu orðnir hermenn.“

Hlynur tekur fram í kjölfarið að þegar Úkraínumennirnir séu komnir með þá menntun sem þeir fá á námskeiðinu séu þeir að vissu leyti orðnir dýrmætari en aðrir hermenn, þar sem þeir geti sinnt þeim slösuðu og hjálpað þeim að komast aftur á víglínuna.

„Þegar þeir eru orðnir svona dýrmætir ættu þeir ekki að vera fremst á víglínunni en þeir eru samt mjög framarlega. Það sorglega við þetta er að á undanförunum námskeiðum falla um 10-25% af nemendum okkar þegar þeir mæta á víglínuna, það er því gríðarlegt mannfali,“ segir hann og bætir við að bæði Bretarnir og Úkraínumennirnir hafi sagt þeim að eftir þessu námskeiði séu þessir hermenn oftast en ekki orðnir að skotmörkum. „Þetta er víst þannig að Rússar reyna fyrst að taka út alla stjórnendur og svo þennan hóp. Það er gert svo að þeir geti ekki hjálpað þeim særðu að berjast áfram.“

Sjálfur hefur Hlynur kennt á þessum námskeiðum og spurður hvernig það sé að snúa svo aftur heim í hið daglega líf og venju-bundna starf segir hann flest vandamál blikna í samanburði við það sem þessir nemendur standi frammi fyrir. „Öll okkar vandamál hér á Íslandi verða einhvern veginn alveg rosalega smá, fyrir utan kannski vandamálin í Grindavík. Öll þessi hversdagslegu vandamál sem fólk er að fást við eru hálfgerður brandari miðað við hvað þetta fólk þarf að kljást við,“ segir hann að lokum.

Einu þjálfararnir á staðnum sem ekki eru hermenn

„Hér er um að ræða verkefni sem bráðatæknar frá Slökkviliðinu á höfuðborgarsvæðinu sjá um, en það snýst í raun og veru um að þjálfa úkraínska hermenn sem bráðaliða. Námskeiðið kallast Combat Medical Corpsman, en á hverju námskeiði eru um 50 nemendur,“ segir Hlynur og bætir því við að verkefnið sjálft sé á vegum breska hersins og fari því fram í Bretlandi.

Segir hann ástæðuna fyrir því að leitað sé til Íslands vera þá sérþekkingu sem íslenskir bráðatæknar búi yfir.

„Það eru leiðbeinendur frá Hollandi á námskeiðinu líka en við Íslendingarnir erum í raun og veru þeir einu sem þjálfa en eru ekki hermenn. Námskeiðin standa alltaf yfir í 5-6 vikur og því höfum við verið að senda mannskap út í þann tíma til að aðstoða við þetta, en um nokkrar tegundir af námskeiðum er að ræða.“

Verkefnið ekki óvanalegt

Segir Hlynur að með þjálfuninni sé bráðaliðum, þ.e.a.s. úkraínsku hermönnum, kennt að sinna slösuðum og veikum á vígvellinum, þar sem helstu inngrip séu stöðvun meiriháttar blæðinga, sérhæfð öndunarvegsinngríp, nálauppsetningar, lyfjagjafir og brottflutningur slasaðra. Þá tekur hann fram að flestir áverkarnir séu eftir loft- eða skotárásir og jarðsprengingar.

„Verkefnið er enn í fullum gangi en við erum eins og fyrr segir bunnir að þjálfa 250 manns og það er þegar búið að staðfesta að við séum

HUKLA
fæst hjá Casa

Casa


Casa Skeifan 8 | Sími 588 0640 | casa.is



ORDIN
OKKAR

Orð geta verið nærandi

Hvernig notar þú orðin þín?



Morgunblaðið/Hafþór

Afli Íslensku fiskiskipin lönduðu aðeins minni afla í fyrra en árið áður. Verulegur samdráttur varð í þorskafla en ýsuaflinn jókst myndarlega.

1.379 þúsund tonnum landað

● Afli fiskiskipanna minnkaði í fyrra

Gunnlaugur Snær Ólafsson
gso@mbl.is

Heildarafli Íslensku fiskiskipaflo-ans árið 2023 var tæplega 1.379 þúsund tonn sem er 3% minni afli en árið 2022. Uppsjávarafli var 946 þúsund tonn og dróst saman um 1% frá fyrra ári en botnfiskafli nam 403 þúsund tonnum sem er 7% minni afli en árið 2022, að því er fram kemur á vef Hagstofu Íslands.

Meðal botnfisktegunda var landað mest af þorski og var aflinn rúm 220 þúsund tonn sem er 23 þúsund tonnum minna en árið 2022. Mesti hlutfallslegi samdráttur meðal botnfisktegunda var í ufsa og endaði afli ársins 2023 í 42 þúsund tonnum sem er 32% minna en árið á undan. Góður vöxtur var þó í ýsuaflanum sem jókst um 22% milli ára og nam aflinn rúmlega 69 þúsund tonnum.

Uppsjávarskipin skiluðu myndarlegum kolmunnaafli í fyrra

og lönduðu tæplega 293 þúsund tonnum sem er 53% meira en árið á undan. Makrilaflinn jókst um 9% og var 141 þúsund tonn. Loðnuafli-inn dróst hins vegar saman um 28% og endaði í 325 þúsund tonnum.

Pá jókst flatfiskaflinn um 10% milli ára og nam rúmlega 23 þúsund tonnum á síðasta ári, en skel- og krabbadýraafli dróst saman um 6% milli ára og nam 5.773 tonnum.

Samdráttur í desember

Í desembermánuði var heildarafli Íslenskra fiskiskipa 46.451 tonn sem er 4% minna en í desember 2022. Þá nam þorskaflinn 17 þúsund tonnum sem er svipað og sama mánuð árið á undan, en 26% samdráttur varð í ufsa og var aflinn 1.896 tonn.

Kolmunnaafli í desember síðastliðnum var 12 þúsund tonn sem er 174% aukning frá desember 2022, en síðarafli dróst saman um 38% og endaði í 6.305 tonnum.

Pólitísk refsakák í grásleppumáli?

● Nefndarmenn sagðir hlífa ráðherra fyrir samflokksfólki

Gunnlaugur Snær Ólafsson
gso@mbl.is

Inga Sæland, formaður Flokks fólksins, segir að brögðum sé nú beitt til að koma í veg fyrir að Vinstrihreyfingin – grænt framboð (VG) beri ábyrgð á kvótasetningu grásleppuveiða vegna þess hve óvinsælt málið sé innan raða flokksins. Þórarinn Ingi Pétursson, þingmaður Framsóknarflokksins og formaður atvinnuveganefndar, viðurkendi í ræðupólti Alþingis á þriðjudag að meirihluti nefndarinnar hefði lagt frumvarp um kvótasetningu fram að beiðni matvælaráðherra, Svandísar Svavarsdóttur, sem nú er í veikindaleyfi.

Frumvarpið um kvótasetningu grásleppuveiða sem meirihluti atvinnuveganefndar kynnti á þriðjudag er samhljóða frumvarpi sem matvælaráðherra kynnti á vorþingi á síðasta ári en fékkst ekki afgreitt fyrir þinglok.

„Þetta er bara döpur staða. Það er sorglegt að horfa upp á að haldið sé áfram að kvótasetja auðlindirnar okkar eins og það hefur verið gert með fyrirheit um að það eigi að skila sér til samfélagsins, en það hefur ekki gerst. Það sjá það allir að þau eru ekki að fylgja stefnu síns flokks og að grásrótin sé óánægð með að þau hafi snúið frá sjávarútvegsstefnunni sinni. Þau voru oft búin að boða stefnu sem sneri að því að verja sjávarbyggðirnar og vernda það sem hægt væri að vernda úr því sem búin er að skemma. En svona fór nú það og nú á að kvótasetja eina ferðina enn,“ segir Inga innt álits á málinu.

Sagt paulskipulagt

„Matvælaráðherra var gerður aftur- reka með þetta frumvarp sitt í fyrra vor. Það var búin að ganga í gegnum atvinnuveganefnd, það var búin að



Morgunblaðið/Hafþór Hreiðarsson

Krökaleið Sitt sýnist hverjum um að kvótasetja grásleppuveiðar. Óvinsældir málsins innan VG eru sagðar ástæða þess að þingnefnd flytur málið.

afla umsagna og málið alveg tilbúið fyrir þingið, en grásrót Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs var ekki par hrifin af frumvarpinu. Núna í haust biður hún síðan formann atvinnuveganefndar um að flytja málið fyrir sig, ekki í hennar nafni en í nafni meirihluta atvinnuveganefndar. Ég hef aldrei orðið vitni að því síðan ég kom á þing að meirihluti fastanefndar er beðinn um að taka að sér eitthvað mál og flytja það fyrir þingi. Venjan er sú að sá sem ber veg og vanda af málinu – í þessu tilviki kvótasetningu grásleppu – er matvælaráðherra, Svandís Svavarsdóttir,“ segir hún.

Veikindi ráðherra hafa ekkert með það að gera hvernig málinu er teft fram að sögn Ingu, sem segir Svandís hafa getað lagt fram frumvarpið allt frá því að þing hófst síðasta haust. Fullyrðir hún að um sé að ræða paulskipulagða aðgerð í þeim tilgangi

af fría VG ábyrgð á innihaldi frumvarpsins. „Þetta er gert með einbeittum vilja. Yfirleitt eru frumvörp sem sem lögð eru fram af nefnd unninn af nefndinni en ekki fengin frá einhverjum ráðherra sem þorði ekki að koma með það sjálfur. Þetta er einstakt.“

Spurningar vakna

Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátæigenda, lýsir undrun sinni á því hvernig frumvarpið sé lagt fyrir Alþingi. „Það er mjög sjaldgæft að einhver nefnd flytji frumvarp. Það á kannski við ef öll nefndin er sammála og það sé eitthvað akútmál en það að gera þetta í tengslum við mál eins og grásleppuna er mjög sjaldgæft. Þetta er gert að beiðni matvælaráðherra og einkennilegt að hann skuli ekki bara hafa endurflutt frumvarpið. Það eru margar spurningar sem vakna við svona lagað.“

VEGG FÓÐUR

Fjölbreyttir litir. Allskonar áferðir. Einstök mynstur.

Veggfóðrið er til sýnis í Slippfélaginu, Skútuvogi 2.

Opið:
8-18 virka daga
10-14 laugardaga
Sími 588 8000
slippfelagid.is

 **SLIPPFÉLAGIÐ**

VOGIR

ELTAK sérhæfir sig í sölu og þjónustu á vogum



Þjófðum **MESTA** úrval á Íslandi af smáum og stórum vogum

 **ELTAK**
-vogir eru okkar fag

Hlíðasmára 14 | S: 588 2122
www.eltak.is

Afurðaverð á markaði

31. janúar, meðalverð, kr./kg

Þorskur, óslægður	463,88
Þorskur, slægður	550,50
Ýsa, óslægð	420,19
Ýsa, slægð	252,76
Ufsi, óslægður	237,37
Ufsi, slægður	288,30
Gullkarfi	233,30
Blálanga, slægð	173,55
Langa, óslægð	173,00
Langa, slægð	274,90
Keila, óslægð	62,50
Keila, slægð	157,02
Steinbítur, óslægður	169,70
Steinbítur, slægður	254,11
Hlýri, slægður	266,58
Skötuselur, slægður	482,94
Grálúða, slægð	252,00
Skarkoli, slægður	593,32
Pykkvalúra, slægð	866,73
Langlúra, slægð	166,00
Sandkoli, óslægður	98,36
Rauðmagi, óslægður	255,92
Grásleppa, óslægð	104,88
Gellur	2.203,00
Hrogn/ýsa	243,00
Hrogn/þorskur	655,15
Lúða, slægð	1.047,05
Lýsa, slægð	49,03
Sandhverfa, slægð	560,00
Undirmálsýsa, óslægð	30,10
Undirmálsýsa, slægð	184,23
Undirmálsþorskur, óslægður	247,24
Undirmálsþorskur, slægður	282,93



VEGNA MIKILLA VINSÆLDA, NÝ FERÐ!

UPPSELT ER Í VORFERÐINA 17.–22. MAÍ 2024



Sr. Þórhallur Heimisson

verður leiðsögumaður okkar. Hann er öllum hnútum kunnugur í Róm og hefur starfað þar sem leiðsögumaður allt frá árinu 2005.


SÖGUFERÐ TIL RÓMAR

20.–25. september 2024 – með sr. Þórhalli Heimissyni

Róm er án efa ein fegursta borg í Evrópu og hefur að geyma áhrifamikla sögu sem spannar árþúsund.

Róm hrifur ferðamenn og margir koma þangað aftur og aftur því aldrei verður hægt að skoða nóg í þessari stórfenglegu borg. **Kolumbus ævintýraferðir** bjóða upp á einstaka **Söguferð með sr. Þórhalli Heimissyni** sem er öllum hnútum kunnugur í borginni og hefur starfað þar sem leiðsögumaður allt frá árinu 2005. Í ferðinni fá farþegar að fræðast um **sögu Rómverja** á öldum áður og allt til nútímans og njóta sérstakrar leiðsagnar um merkustu byggingar borgarinnar, sjálfa **Péturskirkjuna** og **Vatíkanið** auk **Colosseum** sem á sér engan líka í þessum heimi.

Gist er á **Hótel Morgana**, 4* hóteli í miðborginni, nálægt Colosseum þar sem er mikið mannlíf og fjöldi veitingastaða. Auðvelt er að ferðast með lestakerfi borgarinnar (Metro) til hinna ýmsu staða en lestarstöðin er aðeins steinsnar frá hótelinu. Veðurfar í maí er hlýtt og gott svo ekki þarf að kvíða neinu heldur um að gera að láta sér líða vel og njóta dvalarinnar þá daga sem dvalið verður.



Verð á mann 249.000 kr. Aukagjald fyrir eins manns herbergi er 49.000 kr.

Innifalið: Beint flug með **Icelandair** til Rómar 20. september og til baka 25. september – 23 kg innrituð taska, allir skattar og gjöld.

Gisting í 5 nætur á **Hotel Morgana 4*** m/morgunverði. **Skoðunarferð í Vatíkanið og Péturskirkjuna** 21. eða 22. september.

Skoðunarferð í Colosseum 23. september. **Íslensk fararstjórn og leiðsögn í öllum skoðunarferðum ásamt heyrnartólum.** Allur rútuakstur frá flugvelli að hóteli og til baka og í allar skoðunarferðir skv. lýsingu.

Bókanir og nánari upplýsingar eru á kolumbus.is, í síma **499-2960** og á netfanginu niko@niko.is



Ferðalýsing og bókanir



Kolumbus – Ævintýraferðir er ferðaskrifstofa í eigu Niko ehf. og hefur það að markmiði sínu að bjóða uppá einstakar ferðalausnir til áfangastaða sem fólk hefur almennt ekki heimsótt. Lengri og skemtri ferðir innan Evrópu og til annarra heimsálfa. Ferðir á vegum Kolumbus eru ætlaðar fólki á aldrinum 50 ára og eldri sem hefur áhuga á skemmtilegum hópferðum til framandi áfangastaða.

Niko ehf. | Austurvegi 6 | 800 Selfoss | kt. 590110-1750 | kolumbus.is

KOLUMBUS
ÆVINTÝRAFERÐIR

OMX I15	2.627 0,74 % ▲	OMX C	1.857 0,74 % ▲	OMX H	10.167 -0,36 % ▼	Dow Jones	38.457 -0,03 % ▼	FTSE	7.631 -0,47 % ▼
OMX N40	2.601 1,33 % ▲	OMX S	2.357 -0,50 % ▼	OSEBX	1.278 -0,35 % ▼	Nasdaq	15.319 -1,23 % ▼	DAX	16.904 -0,40 % ▼

Vill leiða vaxtarskeið félagsins

● Nýr forstjóri CRI með mikla reynslu úr orkuiðnaði ● Sannreynd tækni ● Íslensk og dönsk fyrirtækjamenning svipuð ● Starfsfólk ástríðufullt með mikla þekkingu ● Orðið þekkt vörumerki

BAKSVIÐ

Póroddur Bjarnason
tobj@mbl.is



Íslenska hátæknifyrirtækið Carbon Recycling International (CRI) hefur ráðið Lotte Rosenberg sem nýjan forstjóra fyrirtækisins. Björk Kristjánsdóttir, sem sinnt hefur starfi forstjóra tímabundið frá 2022, hefur tekið við nýrri stöðu framkvæmdastjóra rekstrar- og fjármálasviðs.

Rosenberg hefur yfirgripsmikla reynslu innan orkuiðnaðarinnar og starfaði áður sem framkvæmdastjóri hjá dönsku félögunum Ørsted, stærsta vindorkufyrirtæki heims, og sjálfbæra gasframleiðandanum Nature Energy, sem selt var til Shell á síðasta ári. Síðast starfaði hún sem forstjóri nýsköpunarfyrirtækisins WPU, sem sérhæfir sig í endurnýjun plastúrgangs yfir í olíu. Hjá fyrri félögum leiddi hún stefnumótandi vöxt, þróun alþjóðlegs samstarfs og uppbyggingu starfsstöðva í Evrópu og Norður-Ameríku.

Lotte Rosenberg

„Ég mun hefja störf á fimmtudag [í dag],“ segir Rosenberg í samtali við Morgunblaðið og kveðst spennt fyrir því að nýta reynslu sína til þess að leiða vaxtarskeið félagsins á ört vaxandi mörkuðum fyrir grænar tæknilausnir.

Byrjaði í fyrirtækjalögfræði

Rosenberg, sem er dönsk og lögfræðingur að mennt, segist aðspurð um reynslu sína í orkugeiranum fyrst um sinn hafa stundað fyrirtækjalögfræði og sinnt samrunum – og yfirtökum m.a.

„Svo fór ég í MBA-nám erlendis



Metanól Jiangsu Sailboat Petrochemical í Kína endurvinnur yfir 300.000 tonn af CO2 árlega með tækni frá CRI.

og komst að því að það heillaði mig að vinna í viðskiptunum sjálfum. Ég vildi sitja hinum megin borðsins,” segir hún og brosir.

„Ég var svo heppin að fá vinnu í viðskiptapróun hjá Ørsted árið 2007. Það var frábær reynsla og ég endaði á að starfa hjá félaginu í tólf ár. Ég lærði mikið um orkubransann og fékkst við allt frá orkuverum og vindorkugörðum yfir í framleiðslu á vetni og endurnýjanlegu gasi. Vinna mín sneri sem sagt mikið að stefnumótun

og grænni umbreytingu félagsins.“

Hún segir að hennar svið hafi skilað 700 milljóna danskra króna hagnaði árlega (14 milljarðar króna) og hún hafi verið framkvæmdastjóri í einu af þremur dótturfélögum Ørsted.

„Parna öðlaðist ég reynslu sem stjórnandi og fékk mikla ástríðu fyrir forystu.“

Frá Ørsted tók hún við sem framkvæmdastjóri sölu, markaðsmála og þróunar hjá Nature Energy.

„Ég kynntist því félagi í gegnum Ørsted. Þar var ég með breiða ábyrgð, allt frá stefnumótun til rannsóknar og þróunar. Nature Energy var í eigu alþjóðlegra fjárfesta og danskra lífeyrissjóða. Það hafði mikinn metnað fyrir vexti. Reynsla mín hjá Ørsted í að skala upp verkefni og fyrirtæki kom þar að góðum notum. Það var mjög spennandi vaxtarferðalag. Fyrirtækið tvöfaldaðist að stærð og kom sér fyrir bæði á Bandaríkja-markaði og í Kanada, Frakklandi og Hollandi. Við völdum okkur markaði þar sem við töldum okkur hafa samkeppnisforskot.“

Að lokum var félagið selt til olíurísans Shell eins og fyrr sagði.

Sannreynd tækni

Hjá CRI taka svipuð verkefni við hjá Rosenberg.

„Reynsla mín mun vafalaust nýtast vel. Tækni CRI hefur verið sannreynd og nú þurfum við að setja meiri kraft í útrásina og fjölgja verkefnum.“

Rosenberg segir að sú staðreynd að hjá CRI hafi hún sterkan stuðning frá hluthöfum og reynslumikið stjórnendateymi muni gefa henni traustan grunn til að laða að hæfileikaríkt fólk og taka leiðandi stöðu á markaði.

„Þess vegna fannst mér CRI svo spennandi.“

Spurð um fyrstu kynni af CRI segir Rosenberg að hún hafi upphaflega kynnt því í gegnum kollega hjá Nature Energy.

„Hann fór til Íslands og heimsótti CRI og kom til baka mjög spenntur fyrir því sem hann sá. Þegar ég kynntist fólkinu líkaði mér strax vel við það og fékk góða tilfinningu.“

CRI

» Frumkvöðull við hagnýtingu á koltvísýringi á heimsvísu.

» Umbreytir koltvísýringi og vetni í metanól sem nýta má sem rafeldsneyti eða sem hráefni í efnavinnslu og hefur mun minni umhverfisáhrif en hefðbundið jarðefnaeldsneyti.

» Tvær stærstu og skilvirkustu efnaverksmiðjur í heimi sem nýta fangaðan koltvísýring sem hráefni byggja á verkfræðihönnun, tækni og búnaði sem CRI hefur útvegað.

Hún segir að það hjálpi til hvað íslensk og dönsk fyrirtækjamenning sé lík.

„Viðhorfið er blátt áfram í báðum löndum og við erum ófimin að segja okkar skoðun. En það sem mér líkaði best við var hve tækni CRI er einstök. Það eru mörg fyrirtæki í heiminum sem búa yfir tækni á þessu sviði sem er enn á þróunarstigi en hér er tækni tilbúin til útflutnings og notkunar og er skalanleg. Vörumerkið er orðið þekkt í geiranum, sem skiptir einnig máli þegar þarf að eiga í samskiptum við stærri fyrirtæki.“

Ekki er langt síðan CRI lauk við fjögurra milljarða króna hlutfjár- aukningu. Aðspurð segir Rosenberg að þeir fjármunir eigi eftir að duga vel inn í komandi vaxtaráform. Það sé einnig traustsyfirlýsing af hafa fengið fjármagn á erfiðum tímum á fjármagnsmörkuðum síðastliðin tvö ár.

„Við höfum nægt fjármagn til að framfylgja núverandi stefnu og verkefnastöðu og það er ekki þörf á að afla meira fjár að sinni,“ segir Rosenberg, sem hyggst leggja fram fimm ára áætlun fyrir CRI.

Mest aðlaðandi

Um vaxtaráætlunina segist Rosenberg ætla að velja þá markaði sem séu mest aðlaðandi til að vaxa á og einnig að horfa til náins samstarfs við önnur félög.

„Það eru ýmsar breytur sem þarf að taka tillit til en það er mikil eftirspurn eftir metanólinu sem framleitt er með sannreyndri tækni okkar.“

Rosenberg hefur nú þegar kynnt starfsfólki CRI.

„Það var eitt af því sem ég kynnti mér vel áður en ég tók ákvörðunina um starfið. Ég fann að fólkið er ástríðufullt með djúpa þekkingu og hefur margt starfað hjá CRI um árabíl,“ segir Rosenberg, sem sér fram á að ferðast mikið á næstunni, bæði til að hitta tilvonandi viðskiptavini og sækja ráðstefnur í orkugeiranum.

„Ég vil að CRI verði leiðandi framleiðandi endurnýjanlegs metanóls í framtíðinni og ég vil setja metnaðarfull markmið. Ég þori samt ekki að nefna neinar tölur að svo stöddu,“ segir Rosenberg að lokum og hlær við.

vfs.is



Nýi snjóblásarinn frá RYOBI er með 25cm vinnslubreidd og hentar vel til að ryðja göngustíga, verandir og önnur minni svæði. Þú finnur hann hér:



RYOBI

18V ONE+

VERKFERA SALAN

EIN RAFHLAÐA

+ öll verkfæri fyrir garðinn, heimilið og bílskúrinn

VERKFERASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is

1. febrúar 2024	
Gjaldmiðill	Gengi
Dollari	136.73
Sterlingspund	173.19
Kanadadalur	101.83
Dönsk króna	19.895
Norsk króna	13.08
Sænsk króna	13.127
Svissn. franki	158.36
Japanskt jen	0.927
SDR	181.9
Evra	148.3
Meðalgengi/Viðskiptavog þröng	180.4057

200

MÍLUR

Allt um sjávarútveg

mbl.is



ILVA

GO CRAZY

SPARAÐU

250%

AF ÖLLUM VÖRUM*

GILDIR TIL 5. FEBRÚAR

LOKADAGAR ÚTSÖLU - ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR AF ÚTSÖLUVÖRUM

*Gildir ekki af sérpöntunum og ekki á vörum sem eru nú þegar á afslætti né útsöluvörum

Skiptast á stríðsföngum á nýjan leik

- Fyrstu fangaskipti eftir að Iljúsjín-vélinni var grandað
- 195 hermenn hvorrar þjóðar sneru heim
- Pútín kveður Patriot-kerfi Úkraínu hafa skotið
- Sameinuðu arabísku furstadæmin með milligöngu

Atli Steinn Guðmundsson
atlisteinn@mbi.is

Rússar og Úkraínnumenn greindu frá því í gær að þeir hefðu skipst á föngum í fyrsta skipti síðan Iljúsjín Il-76-herflutningavél rússneska hersins var skotin niður yfir rússneska héraðinu Belgorod í síðustu viku.

Greinir rússneski herinn frá því að hvor nágrannaþjóðanna hafi fengið 195 af sínum hermönnum til baka úr haldi en Volódímír Selenski Úkraínuforseti kveður samtals 207 hermenn og almenna borgara hafa snúið aftur til Úkraínu.

Miklar viðsjár voru vaktar með þjóðunum – sem þegar eiga þó í stríði – í kjölfar þess er vélin forst og kenndu Rússar Úkraínnum um



Til fósturjarðar Úkraínur hermaður brestur í grát eftir að hafa verið leystur úr haldi óvinarins í fangaskiptum Rússa og Úkraínnumanna í gær.

að hafa skotið hana niður með tveimur flugskeytum. Kallaði rússneski utanríkisráðherra Sergey Lavrov aðgerðina hryðjuverk en Úkraínnumenn hafa hvorki játað né neitað að hafa grandað vélinni.

Muni njóta aðhlyningar

Sagði Vladímír Pútín Rússlandsforseti í gær að Patriot-loftvarnakerfi Úkraínnumanna hefði grandað vélinni og hefði það verið handvömm af þeirra hálfu, þar sem um borð í vélinni hefðu verið 65 úkraínkir stríðsfangar á leið í fangaskipti. Auk þeirra hefðu nú Rússar verið um borð og allir 74 farist.

Hafa Úkraínnumenn dregið frásögnina af stríðsföngunum í efa en bæði ríkin hafa krafist alþjóðlegrar rannsóknar á atvikinu. Fram til þessa

hefur ekkert fengið staðfest um hverjir í raun voru um borð í Iljúsjín-vélinni þegar hún hrapaði til jarðar í Belgorod.

Greindi rússneska varnarmálaráðuneytið frá því í stuttri tilkynningu í gær að ákvörðun hefði verið tekin um skiptin í kjölfar samningaviðræðna við stjórnina í Kænugarði. „Hermennirnir sem nú verða leystur úr haldi verða fluttir með herflutningavél [...] til Moskva í lækni meðferð og endurhæfingu,“ sagði þar.

Birti ráðuneytið myndskildi sem það kvað sýna rússneska hermenn stíga um borð í langferðabifreið og bætti því við að hermennirnir hlytu nú nauðsynlega aðhlyningu, andlega sem líkamlega, og hefðu Sameinuðu arabísku furstadæmin komið að samningaviðræðunum um fangaskipti þjóðanna.

Danakonungur í fyrstu utanlandsferðinni eftir að hann tók við völdum

Fór fyrir sendinefnd til Póllands

Fríðrik X. Danakonungur fór í fyrstu utanlandsferð sína í gær eftir að hann tók við konungstígn í janúar, en hann fór fyrir danski viðskiptasendinefnd til Póllands.

Andrzej Duda, forseti Póllands, tók á móti konungi í Varsjá í gær. Fríðrik átti síðan fundi með pólskum þingmönnum og borgarfulltrúum í Varsjá og Stettin, en þar heimsótti hann einnig höfuðstöðvar herliðs Atlantshafsbandalagsins í landinu.

Danska Ritzau-fréttastofan segir að í ávarpi sem Fríðrik flutti í Varsjá hafi hann lýst því yfir að hann myndi sem konungur einbeita sér að því að leggja baráttunni gegn loftslagsbreytingum lið.

Þrír danskir ráðherrar, þar á meðal Lars Løkke Rasmussen utanríkisráðherra, voru í fylgdarliði konungs.



AFP/Wojtek Radwanski

MYANMAR

Neyðarástand framlengt enn á ný

Herstjórnin í Myanmar hefur framlengt neyðarástand í landinu um hálf tveggja ár og enn á ný frestað þingkosningum sem hún hefur lofað að halda. Segir

Maður með mynd af Suu Kyi

herstjórnin að ástandið í landinu sé enn ótryggt og nauðsynlegt að stjórnin hafi völd til að berjast við hryðjuverkamenn. Herforingjastjórnin lýsti yfir neyðarástandi þegar hún rændi völdum árið 2021 og hneppti Aung San Suu Kyi forseta landsins í varðhald. Í kjölfarið reis upp mikil mótmælaalda sem bæld var niður með harðri hendi. Neyðarástandið hefur verið framlengt nokkrum sinnum síðan. Herstjórnin segir að stjórnarskrá sem staðfest var árið 2008 sé enn í gildi, en samkvæmt henni þurfa stjórnvöld að boða til kosninga sex mánuðum eftir að neyðarástandi er aflétt.



Bætt hreinlæti
í 40 ár

Síðastliðin 40 ár höfum við lagt áherslu á að þjónusta fyrirtæki og stofnanir. Við þökkum fyrir samfylgdina í gegnum árin og hlökkum til framhaldsins.

Er ekki örugglega Hreint hjá þér?

Hreint
RÆSTING

SIANSMERKING
Ræstingurinn
1076 0023

Frémurkærendi
fyrirtæki 2015-2023

BANDARÍKIN

Milljarða dala greiðsla til Musks ógilt

Dómari í Delaware í Bandaríkjunum hefur ógilt 56 milljarða dala greiðslu, jafnvirði nærri 7.600 milljarða króna, sem stjórn bílaframleiðandans Tesla samþykkti árið 2018 að Elon Musk aðaleigandi fyrirtækisins fengi yfir tíu ára tímabil. Hluthafi í Tesla höfðu á mál og krafðist þess að greiðslan yrði dæmd ógild á þeirri forsendu að hluthafar hefðu ekki fengið nægar upplýsingar um forsendur hennar. Hægt er að áfrýja dómnum til hæstaréttar ríkisins.



Elon Musk




Allar almennar bílaviðgerðir



Viðurkenndur
þjónustuaðili

**BIFREIÐAVERKSTÆÐI
KÓPAVOGS**



Smiðjuvegur 68, Kópavogi | S. 587 1350 | bifreidaverkstaedi.is



ÞETTA LEYFÐUM VIÐ! **BÆTUM** FYRIR ÞAÐ!



Hömlulaust og mengandi sjókvíældi við Íslandsstrendur ógnar tilvist villtra laxastofna og veldur náttúru og lífríki gríðarlegum skaða.

Grípa þarf í taumana strax og stöðva þessa starfsemi — sem felur í sér dýraníð, græðgi og misnotkun auðlinda — áður en það verður of seint!

Þú getur haft áhrif með því að rita nafn þitt á undirskriftalista sem færður verður Alþingi.

Nánar á burtmedsjokviar.is

BURT MED SJOKVIAR.IS

Morgunblaðið

STOFNAÐ 1913

Útgáfufélag: Árvakur hf., Reykjavík.

Ritstjóri: Davíð Oddsson
Ritstjóri og framkvæmdastjóri: Haraldur JohannessenAstoðarritstjóri:
Karl Blöndal

Hver ógnar hverjum?

Atlantshafsbandalagið hóf í liðinni viku umfangsmikla heræfingu, sem verður í tveimur hlutum og lýkur ekki fyrr en í vor.

Æfingin snýst um varnir á norðurslóðum og austurvæng eins og það er orðað. Þetta er víðamesta heræfing bandalagsins síðan 1988, þegar kalda stríðið stóð enn yfir.

Dmitrí Peskov, talsmaður rússneskra stjórnvalda, var spurður út í þessa æfingu í gær og svaraði því til að Rússar litu á NATO sem ógn. „Auðvitað stafar okkur ógn af henni. Við bregðumst við í samræmi við það og erum í sífellu að grípa til viðeigandi ráðstafana út af henni,“ sagði Peskov og bætti við: „Bandalagið hefur fært hernaðarinnviði sína að landamærum okkar í nokkra áratugi án afláts.“

Þessa plötu hafa Rússar spilað allt frá því að Vladímír Pútín Rússlandsforseti flutti frá Moskvu á öryggisráðstefnunni í München árið 2007 þar sem hann sakaði Atlantshafsbandalagið um skelfjalausa útþenslu við landamæri Rússlands þvert á gefin loforð

Rússar hafa gaman af að leika fórnarlömb en fórnarlömbum þeirra er ekki skemmt

þegar járntrjaldid hrundi 1989.

Þau loforð voru aldrei gefin. Rússum hefur verið í nöp við að ríki, sem áður voru austan járntrjalds, skyldu ganga í NATO og Evrópusambandið og litið á það sem ögrun við sig.

Staðreyndin er sú að ekki þurfti að beita ríki, sem þá voru til eða urðu til eftir að Sovétríkin liðuðust í sundur, þvingunum til að leita öryggis fyrir Rússum. Eftir að hafa verið undir járnhæl þeirra og þolað ýmsar miður skemmtilegar trakteringar gátu þau ekki beðið eftir að tryggja sig fyrir yfirgangi Rússa. Besta tryggingin var aðild að Atlantshafsbandalaginu.

Bandalagið fór sér í fyrstu hægt í að fjölga aðildarríkjum, einmitt til að styggja ekki Rússa. Fór það sér reyndar mun hæggar en mörg ríkin hefðu viljað. Ótti þeirra við Rússa hefur ekki minnkað og yfirgangileg innrás þeirra í Úkraínu sýnir að það er ekki að ástæðulausu.

Æfingin nú helgast af ógnandi framferði Kremilverja og tilgangurinn er ekki að ógna heldur fæla þá frá yfirgangi.

Jákvæð tíðindi af raflínu

Í vikunni sagði Morgunblaðið frá því að Landsnet stefndi að því að hefja framkvæmdir

við Suðurnesjalínu 2 síðsumars. Þessi jákvæðu tíðindi komu í framhaldi af því að úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hafði hafnað kröfu fjögurra náttúruverndarsamtaka sem höfðu, eins og venja er orðin við slíkar framkvæmdir, fullnýtt alla kærumöguleika og tafið framkvæmdir eftir því. Áður hafði náðst samkomulag við sveitarfélagið Voga, sem hafði um langt skeið haft í frammi óaðgengilegar kröfur um línulagninguna.

Samningar hafa náðst við langflestu landeigendur, en út af stendur að fá heimild til eignarnáms á því landi sem enn er ósamið um, sem er oft óhjákvæmilegur hluti af slíku ferli.

Þessi raflína er búin að vera í bígerð í að minnsta kosti áratug og hefur mætt mikilli fyrirstöðu þrátt fyrir að augljóst sé að lagning hennar sé afar brýn fyrir raforkuöryggi á Reykjanesi. Mikilvægi línunn-

Suðurnesjalína 2 er áminning um þörf á breyttum lagaramma

ar hefur orðið augljósara með eldsumbrotum á Reykjanesi, en þau þurfti þó ekki til enda hófst undir-

búningur línunnar áður en jörð fór að skjálfa á svæðinu eða hraun að renna.

Tafirnar við Suðurnesjalínu 2 eru enn ein áminningin til stjórnvalda um að breyta þurfi vinnubrögðum við framkvæmdir í orkumálum hér á landi. Þó að ganga þurfi vel um náttúruna má ekki vera hægt að tefja nauðsynlegar framkvæmdir árum saman, en nú liggur fyrir, sem ekki var jafn skýrt þegar núverandi lagarammi var settur, að einstaka félagasamtök munu beita öllum aðferðum sem færar eru til að tefja og reyna að hindra allar framkvæmdir. Það sama á við um einstaka sveitarfélög, ekki er heldur hægt að búa við það að þau geti tafið slíkar framkvæmdir eins og raunin varð með þessa framkvæmd.

Fram undan eru frekari framkvæmdir, bæði í raflínulögnum og virkjunum, sem þola ekki bið. Þeim þarf að hraða með lagasetningu sem dugar.

Hægt er að lýsa skoðun á ritstjórnargreinum Morgunblaðsins á www.mbl.is/mogginn/leidarar/

Þrefaldur munur á kostnaði við húshitun

SVIÐSLJÓÐ

Ómar Friðriksson
omfr@mbl.is

Mikill munur getur verið á orkukostnaði heimila eftir byggðarlögum landsins og er munurinn á húshitunarkostnaði mun meiri en á raforkuverði. Lægsti mögulegi kostnaðurinn þar sem húshitunin er dýrust er um þrefalt hærri en þar sem hún er ódýrust. Þetta kemur fram í nýbirttri skýrslu Bygðastofnunar um orkukostnað heimila í 91 byggðarlagi. Hún er byggð á útreikningum Orkustofnunar á kostnaði á ársgrundvelli við raforkunotkun og húshitun á sömu fasteigninni sem notuð er til viðmiðunar á nokkrum þéttbýlisstöðum og í dreifbýli.

„Lægsti húshitunarkostnaður fyrir viðmiðunareign er í Brautarholti á Skeiðum og á Seltjarnarnesi um 75 [þúsund kr.] og þar næst á Flúðum um 77 [þúsund kr.]. Á þessum stöðum er lægsti húshitunarkostnaður um þriðjungur af kostnaðinum þar sem hann er hæstur. Hæsti húshitunarkostnaður fyrir viðmiðunareign er í Grímsey um 246 þ.kr., þar sem er olúkynding. Þar fyrir utan er húshitunarkostnaður fyrir viðmiðunareign hæstur á stöðum þar sem hitaveita er dýr eða notast er við kynta hitaveitu. Á Höfn í Hornafirði og í Nesjahverfi er nýleg hitaveita (RARIK) og húshitunarkostnaður viðmiðunareignar er 232 þ.kr. Á Grenivík er einnig hitaveita (Norðurorka) og þar er húshitunarkostnaður 231 þ.kr. Í Vestmannaeyjum er kynt hitaveita og þar er húshitunarkostnaður 225 þ.kr. fyrir viðmiðunareign. Á stöðum sem þurfa að nota beina rafhitun er lægsti húshitunarkostnaður fyrir viðmiðunareignina nú um 197 þ.kr., en með varmadælu er hér áætlað að hann geti verið um 99 þ.kr.,“ segir í skýrslunni.

Sé eingöngu litið á raforkukostnað heimila leiðir samanburðurinn í ljós að lægsta mögulega verð sem neytendum stendur til boða að meðtöldum flutnings- og dreifingarkostnaði fæst hjá Veitum á höfuðborgarsvæðinu og á Akranesi, um 87 þúsund kr. Hæsta gjald fyrir raforkuna í skilgreindu þéttbýli er um 107 þúsund kr. hjá Orkubúí Vestfjarða. Raforkuverð er hærri í dreifbýli, hjá RARIK og Orkubúí Vestfjarða, eða um 116-120 þús. kr.

Ertu ekki farin að vinna?

Það eru mikil lífsgæði fólgin í því að sinna starfi sem maður hefur valið sér og nýtur að gegna. Þau lífsgæði geta auðveldlega gleymst í amstri hversdagsins en eru langt frá því að vera sjálfsögð. Þegar fólk tapar starfsgetu vegna veikinda eða slysa blasir við flestum hversu stór hluti lífsins snýst um vinnu, hvað hún gefur okkur og hversu djúpstæð sú skoðun fólks er að vinnan göggi ekki bara manninn heldur réttlæti hreinlega tilvist hans.

ÓBÍ réttindasamtök stóðu fyrir merku málþingi í vikunni undir yfirskriftinni: Ertu ekki farin að vinna? Þar var þátttaka á vinnumarkaði rædd frá sjónarhóli fatlaðs fólks, þeirra sem glíma við afleiðingar slysa eða hafa misst starfsgetu vegna veikinda, hvort sem þau eru tímabundin eða langvinn. Alma Ýr Ingólfssdóttir formaður ÓBÍ benti á að yfirskrifin væri gildishlaðin einmitt vegna þess hve viðhorf samfélagsins til þeirra sem hafa skerta starfsgetu eru gildishlaðin. Hún gerði að umtalsefni virðispiramíðann þar sem efst tróna þau sem búa við óskerta starfsgetu. Þau þykja hafa meira fram að færa en aðrir. En öll erum við jafn mikils virði án tillits til þátttöku á vinnumarkaði. Þess vegna njótum við mannréttinda sem hinu opinbera ber skylda að tryggja.

Hlutastörf eru mikilvæg forsenda þess að eiga aðgang að vinnumarkaði. Svo virðist sem íslenskir atvinnurekendur hafi litið svigrúm til ráðninga í hlutastörf og þar er hið opinbera síst skárri en einkamarkaðurinn. Á mál-

Orkukostnaður heimila árið 2023

Lægsta mögulega verð, þús. kr. á ári* ■ Raforka ■ Húshitun

	Raforka	Húshitun	Heimild: Bygðastofnun
Dýrast			
Grímsey			374
Nesjahverfi Hornafirði			
Höfn			333
Grenivík			
Vestmannaeyjar			325
Nokkur stærri sveitarf.			
Ísafjörður			321
Hafnarfjörður			234
Akureyri			229
Egilsstaðir			226
Reykjavík og Kópavogur			221
Reykjanesbær			212
Ódýrast			
Brautarholt á Skeiðum			
Laugarás			
Mosfellsbær			183
Flúðir			
Seltjarnarnes			163

Bent er á í umfjöllun Bygðastofnunar um niðurstöðurnar að lægsta mögulega raforkuverð fyrir viðmiðunareignina var töluvert hærri á dreifbýli en í þéttbýli fram til ársins 2021 en þá fór bilið þar á milli að minnka mikið vegna aukins dreifbýlisframlags til jöfnunar dreifkostnaðar raforku í dreifbýli. Í fyrria hækkandi raforkuverð í þéttbýli um 0,4-3,9%, nema hjá Veitum en þar lækkaði raforkuverð um 1,4%. Í dreifbýli lækkaði raforkuverð heimilisins á seinasta ári um 7,0% hjá Orkubúí Vestfjarða og 3,1% hjá RARIK.

Kostnaðurinn hæstur í Grímsey en lægstur á Seltjarnarnesi

Heildarorkukostnaður, fyrir raforku og vegna húshitunar, er líkt og verið hefur á undanföllum árum hæstur í Grímsey eða 374 þúsund kr. en þar er rafmagn framleitt með dísilrafstöð og húsinn kynt með olíu. Ólían hefur lækkað mikið, árið 2022 lækkaði verð á olíu til húshitunar um 57% frá fyrria ári og 2023 varð aftur 21% lækkan, en bent er á í skýrslunni að vegna niðurgreiðslna höfðu hækkarnir ekki áhrif á húshitunarkostnað í Grímsey.

Næst á eftir Grímsey er heildarorkukostnaður vegna raforku og húshitunar hæstur í Nesjahverfi í Hornafirði, 352 þús. kr., og á Höfn

333 þús. kr., Grenivík 332 þús. kr. og í Vestmannaeyjum 325 þús. kr. Líkt og á undanföllum árum er lægsta heildarorkukostnaðinn á landinu að finna á Seltjarnarnesi, 163 þús. kr., og þar næst á Flúðum, 178 þús. kr.

Skýrsluhöfundar skoða einnig þróunina innan svæða og eftir landshlutum frá árinu 2014. Á höfuðborgarsvæðinu er heildarorkukostnaður fyrir viðmiðunareignina hæstur í Hafnarfirði og vesturhluta Garðabæjar, 234 þús. kr. Næsthæsti heildarkostnaðurinn á höfuðborgarsvæðinu er í Reykjavík, Kópavogi og austurhluta Garðabæjar, 221 þúsund kr. Þar hefur hann lækkað um 6% frá 2014. Í Grundarhverfi á Kjalarnesi er heildarorkukostnaður 202 þús. kr. og hefur lækkað um 6,8% síðan 2014. „Lægsti heildarkostnaður höfuðborgarsvæðisins og á landinu öllu er á Seltjarnarnesi, 163 þ.kr., en hann hefur lækkað nokkuð frá árinu 2021, eða um 9,8%. Heildarorkukostnaður viðmiðunareignar á höfuðborgarsvæðinu er svo næstlægstur í Mosfellsbæ, 183 þ.kr., þar sem hann hefur lækkað um 13,6% síðan 2014,“ segir í skýrslunni. Frá 2014 hefur heildarorkukostnaðurinn lækkað í Grímsey um 15,1% og um 27,8% á Bakkafirði, um 23,2% á Þórshöfn og Raufarhöfn og um 23,2% í Ólafsvík, Grundarfirði, á Hellissandi og Rifi frá 2014 svo dæmi séu tekin.

Pistill



Þórunn Sveinbjarnardóttir

Þinginu voru sagðar reynslusögur fólks sem hafði beinlínis verið ytt út af vinnumarkaði vegna þess að hlutastarf var ekki í boði þegar það þurfti að minnka við sig vinnu vegna veikinda. Þessi skortur á sveigjanleika á vinnumarkaði veldur því meiri örorku sem er eins ófugsnið og hægt er að hugsa sér. Við blasir að það eykur lífsgæði, hvetur til inngildingar og margborgar sig fjárhagslega að fólk eigi almennt kost á því að sinna hlutastörfum þegar það á við. Fyrir utan góð sambönd fólks í einkalífi er gott ráðningarsamband mikilvægt. Vinna uppfyllir margvíslegar þarfir, bæði félagslegar og vitmunalegar, auk þess að tryggja almenna virkni.

Það velur sér enginn að búa við örorku og flestir öryrkjar eru í fullri vinnu við að komast af. Ein ræðukvænna nefndi það „fötlunarstrit“. Formaður ÓBÍ hvatti til samstöðu með öryrkjum, skilnings á stöðu þeirra og samþykkis samfélagsins fyrir því að leyfa þeim sem til þess hafa getu og vilja að taka þátt á vinnumarkaði. Eins og staðan er í dag eru nær allar dyr lokaðar og afli fólk sér einhverra tekna eru þær jafnóðum skertar svo um munar við útreikning almannatrygginga. Skilaboðin geta í það minnsta ekki verið að án þátttöku á vinnumarkaði sértu minna virði en aðrir þegar samfélagið gerir þá sömu þátttöku nær ómögulega.

Höfundur er þingkona Samfylkingarinnar – jafnaðarflokks Íslands.
thorunn.sveinbjarnardottir@althingi.is



Undanfari Áður en lægðaskil fóru yfir suðvesturhorn landsins tók að fjúka frá sköflunum ofan á Esjunni í gærmorgun og fram af hjargbrúnum. Boðað óveður rættist þó ekki að öllu leyti.

Vinna verður bug á verðbólgunni

Ánægjulegt er að nokkur árangur hefur náðst í baráttunni við verðbólguna. Tólf mánaða verðbólga mældist 6,7% í janúar og lækkaði um eitt prósentustig frá desembermánuði þegar hún mældist 7,7%. Verðbólgan fór yfir 10% í mars sl. en hefur hjaðnað verulega síðan og ekki mælt lægri frá árinu 2022. Betur má þó ef duga skal enda er verðbólgan enn langt frá 2,5% markmiði stjórnvalda.



Kjartan Magnússon

Verðbólga rýrir kjör almennings og er í raun viðbótarskattur, sem enginn getur skotið sér undan. Um leið eykur verðbólgan völd hins opinbera, sem fer með seðlaprentunarvaldið. Slíkur skattur bitnar hvað harðast á láglaunafólki og skuldugum íbúðarkaupendum.

Vonandi tekst að lækka verðbólguna frekar og skapa þannig svigrúm til vaxtalækkana. Ekki má þó mikið út af bera og ljóst er að yfirstandandi kjaraviðræður ráða úrslitum

um hvort frekari árangur náist í baráttunni við verðbólguþrautina.

Fleira hefur þó áhrif á verðbólgu en kjarasamningar. Allnokkrar umræður hafa t.d. orðið um áhrif gjaldskrárhækkana í því sambandi. Jákvætt var að ríkið gætti hófs í gjaldskrárhækkunum um nýliðin áramót. Mikil hækkun varð hins vegar á ýmsum gjaldskrárum

Reykjavíkurborgar, t.d. sorphirðugjöldum, sem koma munu fram í verðbólguþrautunum í febrúar.

Óviðunandi hallarekstur hins opinbera

Stöðugur útgjaldavöxtur hins opinbera hefur mikil áhrif til hækkunar verðbólgu. Ríki og sveitarfélög eru rekin með halla og hafa safnað gífurlegum skuldum undanfarnar ár.

Eitt besta ráðið í baráttunni við verðbólguna væri ef hið opinbera, ríki og sveitarfélög, létu af lántökum og kæmu rekstri sínum í jafnvægi.

» Aukin útgjöld hins opinbera og lóðaskortur eru olía á verðbólguþraut.

Með því að sýna aðhald og draga úr opinberum lántökum myndi verðbólgan hjaðna og svigrúm skapast fyrir lækkun vaxta.

Ekkert bendir þó til þess að hið opinbera sé að rífa seglin, hvorki í rekstri né framkvæmdum. Fjárlög og fjárhagsáætlanir margra sveitarfélaganna eru þensluhvetjandi og gera ráð fyrir áframhaldandi lántökum. Opinberir verkkaupar hafa t.d. boðað riflega tvöföldun verkefna framkvæmda árið 2023, frá fyrra ári. Þetta kom fram á útbodspingi Samtaka iðnaðarins í vikunni. Áætluð fjárfesting í framkvæmdum opinberra aðila á þessu ári nemur um 175 milljörðum króna, sem er um 22% hærrí fjárhæð en þeir fjárfestu fyrir á síðasta ári. Þessar fjárfestingar auka þenslu þótt þær séu margar hverjar í mikilvægum og arðberum innviðum.

Háværar kröfur eru um að ríkisvaldið efni til tugmilljarða útgjalda í því skyni að liðka fyrir hóflegum kjarasamningum. Ljóst er að þessar kröfur snúast ekki um einskisgreiðslu heldur aukin ríkisafskipti og skattahækkningar til framtíðar. Að sjálfsögðu er óæskilegt að skattgreiðendur fái ítrekað háan og varanlegan reikning í hausinn vegna samninga milli aðila vinnu- markaðarins.

Evrópumet í hækkun húsnæðisverðs

Miklar hækkningar á húsnæðisverði hafa verið einn helsti drifkraftur verðbólgunnar á undanförunum árum. Húsnæðisliðurinn hefur mikil áhrif á verðbólgu enda með þungt vægi í neysluverðsvísitölunni.

Íslendingar njóta þess vafasama heiðurs að vera Evrópumeistarar í hækkun húsnæðisverðs. Þessa hækkun má ekki síst rekja til viðvarandi framboðsskorts á fasteignum í Reykjavík, sem er hluti af húsnæðisstefnu vinstri meirihlutans í borgarstjórn. Sú stefna felst í því að takmarka lóðaframboð í því skyni að

hækka húsnæðisverð í borginni og halda því háu. Komið hefur fram að meirihlutinn vill viðhalda lóðaskorti í borginni á næstunni til að opinbert hlutafélag geti selt byggingarlóðir í Keldnalandi við sem hæstu verði.

Ef ekkert verður að gert má búast við verulegri þenslu á bygginga- markaði og enn frekari hækkunum húsnæðisverðs á næstu misserum vegna húsnæðiskaupa Grindvíkinga en einnig vegna uppsafnaðs lóðaskorts.

Reykjavíkurborg ætti við þessar aðstæður að einsetja sér að eyða lóðaskorti, brjóta land undir byggingar í stórum stíl og bjóða þúsundir lóða á hagstæðu verði. Hófligt verð á lóðum myndi stuðla að lækkun húsnæðisverðs.

Slíkar úrbætur myndu stuðla að lækkun verðbólgu og heilbrigðara efnahagsumhverfi. Síðast en ekki síst myndu þær gera fjölda fólks kleift að kaupa eða leigja íbúð á mun lægra verði en nú þekkest á höfuðborgarsvæðinu.

Höfundur er borgarfulltrúi og varapingmaður.

Tveggja ára innviðaráðuneyti

Kæri lesandi.

Í dag eru tvö ár liðin frá því að nýtt og öflugt ráðuneyti, innviðaráðuneytið, tók til starfa. Ráðuneytið er ávöxtur breytts stjórnarráðs þar sem ákveðið var að færa málaflökka á milli ráðuneyta til að stjórn ríkisins tæki betur mið af samfélaginu og þeim fjölbreyttu og brýnu verkefnum sem vinna þarf að frá degi til dags til að leggja traustari grunn að framtíðinni. Í fyrsta sinn voru sameinaðir undir eina yfirstjórn málaflökka sveitarstjórna, samgangna, byggðamála, húsnæðismála og skipulagsmála. Með þessu var stigið stórt skref sem hefur í för með sér mun betri sýn yfir málaflökka sem snerta daglegt líf allra landsmanna.

Vörðum leiðina saman

Verkefni ráðuneytisins eru mörg og þau eru mikilvæg. Innviðaráðu-



Sigurður Ingi Jóhannsson

neytið býr að því að eiga innan vébanda sinna öflugt fólk sem vinnur af krafti við að mæta þörfum og kröfum samfélagsins. Við höfum á þeim tveimur árum sem liðin eru frá stofnun ráðuneytisins lagt mikla áherslu á lífandi og djúpt samtal við samfélagið. Haustið 2022 voru haldnir samráðsfundir í samvinnu við landshlutasamtök sveitarfélaga undir yfirskriftinni Vörðum leiðina saman og voru þeir fundir mikilvægur liður í samhæfingu ráðuneytisins á sviði stefnumótunar í málaflökum byggða-, samgöngu-, húsnæðis-, sveitarstjórnar- og skipulagsmála. Þessir fundir eru þó aðeins brot af því víótæka samráði og samtali sem innviðaráðuneytið á í á hverjum tíma.

Á þessu þingi og því síðasta hef ég lagt fyrir þingið áætlanir sem varða alla þessa málaflökka og

hafa tvær þeirra verið samþykktar á Alþingi: Byggðaaætlun og stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga. Þessar vikurnar eru nefndir þingsins að vinna að landsskipulagsstefnu, samgönguáætlun og húsnæðisstefnu. Allar eru þessar stefnur ávextir vinnu hins tveggja ára ráðuneytis.

Húsnæðismálin eru í öndvegi

Allir málaflökka ráðuneytisins eru mikilvægir. Það er þó ljóst að sá málaflökki sem hefur fengið mesta kastljósið þessi fyrstu tvö árin er húsnæðismálin. Húsnæðisstefnan sem nú liggur fyrir þinginu er ótrúlegt en satt fyrsta heildstæða áætlunin um húsnæðismál á Íslandi. Hún mun ramma inn hugmyndafræði og aðgerðir sem varða leiðina næstu árin og áratugin. Ég hef sem innviðaráðherra lagt höfuðáherslu á gott samstarf við sveitarfélögin sem hafa skipulagsvaldið og eru því mikilvægur hlekkur í þeirri miklu uppbyggingu húsnæðis sem við verðum að ráðast í á næstu árum. Sumarið 2022

» Þjónusta okkar við samfélagið er okkur í innviðaráðuneytinu alltaf efst í huga. Fyrstu tvö árin eru liðin og við höldum ótrauð áfram veginn.

undirritaði ég rammaþingmálag við Samband íslenskra sveitarfélaga sem miðar að því að á tíu árum verði byggðar 35 þúsund nýjar íbúðir svo þörf samfélagsins verði mætt. Stóra markmiðið í þeirri stefnu er að vinna gegn þeim miklu sveiflum sem við höfum upplifað á húsnæðismarkaði síðustu ár og áratugi með tilheyrandi áhrifum á verð, verðbólgu og vexti. Í framhaldinu hefur verið unnið að samningum við einstaka sveitarfélög og hef ég undirritað samninga við tvö sveitarfélög, Reykjavík og Vík í Mýrdal. Fleiri samningar eru í uppsiglingu. Þrátt fyrir óhagstætt

umhverfi verðbólgu og hárra vaxta hefur þessu stóra verkefni miðað vel. Þótt fyrstu skrefin hafi þurft að vera styttri og varfærari vegna húsnæðisverðs er markmiðið um 35 þúsund nýjar íbúðir óbreytt. Þarfir ört vaxandi samfélags kalla einfaldlega á öflugt samstarf ríkis, sveitarfélaga og iðnaðarins.

Við gerum gagn

Fyrstu tvö ár innviðaráðuneytisins hafa einkennst af ákveðnum hugsunarhætti sem má ramma inn í orðin: Við gerum gagn. Í þessum orðum má lesa ákveðna auðmýkt en á sama tíma gömul og góð íslensk gildi um dugnað og ósérhlífni.

Við sem störfum í innviðaráðuneytinu munum áfram vinna eftir þessum hugsunarhætti. Þjónusta okkar við samfélagið er okkur alltaf efst í huga. Fyrstu tvö árin eru liðin og við höldum ótrauð áfram veginn.

Höfundur er formaður Framsóknar og innviðaráðherra.

Örlagaspurningar

Vonum seinna er nú hafin alvöru umræða hérlandis um svonefnda gullhúðun (blýhúðun) EES-reglna. Þessi umræða er nauðsynleg í lagalegu og hagfræðilegu tilliti, en hún er einnig nauðsynleg í lýðræðislegu tilliti.

Í lýðræðisríki mótast réttarreglur í virku samtal: Milli almennra borgara, milli sérfræðinga, milli þingmanna, í samráðsgátt stjórnvalda á netinu, á fundum þingnefnda, í ræðustól Alþingis, með álitsgerðum um áhrif nýrra reglna á önnur lög, umhverfi, efnahagslíf o.s.frv. Í stuttu máli gerir lýðræðið þá kröfu til löggjafans að lög séu ekki sett nema þau þjóni skýrum og vel rökstuddum tilgangi, standist faglegar og hagfræðilegar kröfur. Fari í gegnum hreinsunareld hreinskiptinnar umræðu á opinberum vettvangi. Gullið hreinsast í eldi og guðhræddur maður í raunum.

Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu Alþingis var 131 stjórnarfrumvarp samþykkt á 151. löggjafarþingi, en þar af höfðu 26 tengsl við EES-samninginn. Þetta er hátt hlutfall laga sem innleidd eru hér án hefðbundinna innlendra lýðræðislegra verkferla. Í 30 ára sögu EES-samningsins hefur Ísland aldrei beitt synjunarvaldi og raunin orðið sú að fjölmargt í regluverki EES hefur verið innleitt með blýhúðun, þar sem reglum hefur verið breytt til spýngingar fyrir íslenskt efnahagslíf.

Innviðir íslensks samfélags bera ekki mikla umframbyrði, hvorki í formi blýhúðunar né annars, enda eru þeir komnir að þölmörkum. Þetta á við um heilbrigðiskerfið, menntakerfið, vegakerfið, raforkakerfið o.fl. Skattar fara stöðugt hækkandi. Fjöldi Grindvíkinga er á hrakhólum og hús-næðisskortur er í landinu. Þrengt er að almennum borgurum með nýjum sköttum, skerðingum á valfrelsi, auknu skrifræði, miðstýringu, auk innleiðingar á alþjóðlegum boðum og



Arnar Þór Jónsson

bönnum. Svo virðist sem ofan á allt annað séu hinir lýðræðislegu innviðir einnig í hættu. Í þeirra stað rís nú stöðugt sjáanlegra sérfræðinga- og stofnanaveldi, þar sem frjálslyndi hórfar undan stjórnlyndi, þar sem löggin eru ekki lengur sammæli heldur valdboð, þar sem fjarlægir valdamenn móta stefnu og taka ákvarðanir án

» Innviðir íslensks samfélags bera ekki mikla umframbyrði, hvorki í formi blýhúðunar né annars, enda eru þeir komnir að þölmörkum.

Þess að við höfum tök á að láta þá svara til ábyrgðar. Vald án ábyrgðar býður heim hættu á ofríki. Til að víkja af þessari braut þarf að styrkja ábyrgðarsambandið milli ráðamanna og kjósenda. Eins og nú háttar til verður það best gert með því að auka og efla beint lýðræði. Verði það ekki gert mun áfram síga á ógæfuhliðina með þeim afleiðingum að lýðræðið mun enn veikjast.

Við stöndum á tímamótum sem samfélag. Við getum valið að verja þau gildi sem best hafa reynst, verja undirstöðurnar, landið okkar, frelsið, fjölskyldur okkar og réttarríkið. Hin leiðin liggur í átt til sífellt meiri miðstýringar, þar sem stjórnað er með tilskipunum þar sem löggin verja ekki lengur borgarana heldur yfirvöld, þar sem lagabókstafurinn er notaður til endurskilgreiningar á öllu því sem stjórnvöld vilja hagræða sér í hag.

Við getum valið að stefna í lýðræðis-átt. Örlög lands og þjóðar eru að miklu leyti í okkar eigin höndum.

Höfundur er forsetaframbjóðandi

Heilræði handa nýjum borgarstjóra

Einar Þorsteinsson hefur nú í ársbyrjun 2024 tekið við embætti borgarstjóra í Reykjavík. Hann er 45 ára að aldri, stjórnmaðlafræðingur að mennt og landsþekktur fjölmiðla- maður. Hann hefur nú verið borgarfulltrúi í Reykjavík og formaður borgarráðs í 18 mánuði.

Í ljósi framanskráðs vil ég koma á framfæri við nýjan borgarstjóra góðum óskum vegna hans nýja og ábyrgðarmikla starfs hans og heilræðum sem ég tel að skipti meginmáli. Flyting Sundabrautar og öryggi Reykjavíkurflugvallar eru þar efst á blaði.

Varðandi Sundabraut þá þarf hún að vera á brú en ekki í göngum. Mikilvægt er einnig að greiða



Ólafur F. Magnússon

fyrir umferð í borginni og að láta almenningsgöngur og einkabílaumferð vinna saman en ekki hvort gegn öðru!

Varðandi öryggi Reykjavíkurflugvallar þarf nú þegar að hefjast handa við skógarhögg á hávöxnum greniskógi í Öskjuhlíð sem ógnar lendingu og flugtaki á A/V-braut vallarins.

Fresta ber og endurskoða stórkarlalegar byggingafrákvæmdir og landfyllingar í svonefndum „Nýja Skerjafirði“. Ekki má heldur vanmeta hættuna sem stafar af einhvers konar borgarlínu- og göngubrú yfir Skerjafjörð, vegna byggingakrana og stórtækra vinnuvéla við enda suðurbrautar

» Flyting Sundabrautar og öryggi Reykjavíkurflugvallar eru þar efst á blaði.

vallarins, sem munu ógna flugöryggi þannig að jafnvel þurfi að loka N/S-brautinni á meðan þessar allt annað en brýnu framkvæmdir standa yfir.

Ég bið þig, borgarstjóri, að taka þessar ábendingar mínar til skoðunar, en þær eru settar fram af heilindum og mótað mjög af bakgrunni mínum sem heimilislæknir í borginni og héraðslæknir í dreifbýli um áratugaskeið. Mikilvægt er að þér gangi vel í starfi. Það eru almannahagsmunir.

Höfundur er læknir og f.v. borgarstjóri.

Er skömmtun á grænni orku besta leiðin?

Vegna skorts á grænni raforku á Íslandi stendur til að setja skömmtunarkerfi í lög og að ráðherra verði skömmtunarsjóri ríkisins.

Þessi staða, skortur á grænni raforku, er tilkomin vegna algjörlega óviðunandi ástands í leyfisveitingum grænnar raforku sem tekur fjölda ára eða áratugi, eins og undirritaður hefur áður bent á. Ísland er nú í þeirri stöðu að auðveldara og mun fljótlegra er að fá leyfi fyrir skitugri díselorku en grænni orku, undarleg staða svo ekki sé meira sagt í ljósi metnaðarfullra markmiða í loftslagsmálum sem sett hafa verið í lög nú þegar. Segja má að hver höndin sé upp á móti annarri í stjórnun orku- og loftslagsmála og



Magnús B. Jóhannesson

ef ekkert verður að gert mun það kosta þjóðina þúsundir milljóna á ári í loftslagssektir.

Er ekki kominn tími til að hætta skipulögðum töfum á grænni orku- og innviðauppbýggingu á þeim rökum að það þurfi að vanda sig svo mikið og fara sér hægt? Þeir sem þekkja til þeirra krafna sem gerðar eru til rannsóknar

jafn auðugt að tækifærum í grænni orku og Ísland er sé í þessari stöðu.

Þá spyr ég: Er skömmtun á grænni orku besta leiðin eða eru aðrar leiðir betri? Ljóst er að skömmtun ræðst ekki að rót vandans en freistar þess að setja plástur á mesta skaðann fyrir heimili landsins. Jafn ljóst er hins vegar að atvinnustarfsemi og útflutningstekjur landsins munu líða fyrir. Ísland verður fyrir milljarða tjóni á ári hverju um ófyrirséða framtíð.

Lausnin

Í stað þess að setja upp skömmtunarkerfi sem ekki leysir vandamálið er hægt að ráðast að rót vandans og straumlínulaga leyfisveitingakerfi grænnar raforku, koma uppbyggingu í gang strax.

Lausnin felst í því að fella niður rammaáætlun, enda hefur hún lokið hlutverki sínu, og setja upp kerfi þar sem virkjunaraðilar sækja eitt leyfi sem tekur eitt ár að afgreiða. Með því að straumlínulaga leyfisveitingaferli grænnar raforku næst samstilling loftslags- og orkumála og komið verður í veg fyrir stórkostlegt fjárhagstjón þjóðarinnar með tilheyrandi kaupmáttarrýrnun og skerðingu á þjóðarafkomu.

Af hverju er ekki ráðist að rót vandans? Er skömmtunarlástráaferðin virkilega besta leiðin?

Höfundur er framkvæmdastjóri StormOrku.

Nú finnur þú það sem þú leitar að á FINNA.is



FINNA Q
ÍSLENSK FYRIRTÆKI OG ÞJÓNUSTA

ACANA

Því innihaldið skiptir öllu

ACANA - Hluti af fjölskyldunni í yfir 40 ár

70% KÍÓT
30% GRÆNMETI OG ÁVEXTIR

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli

- Iðnaðarhurðir
- Iðnaðarhurðir með gönguhurð
- Bílskúrshurðir
- Hurðir í trékarma
- Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

BIENVENIDOS



spánar
heimili
Þitt annað heimili

SPÁNARKYNNING

Á næstu dögum munu starfsmenn Spánarheimila vera á ferðinni og kynna og útskýra allt sem þig langar að vita um fasteignakaup á Spáni. Allir velkomnir - léttar veitingar í boði.



FIMMTUDAGUR 1. FEBRÚAR Á MILLI 17.30-19.00
Edinborgarhúsið Ísafirði



LAUGARDAGUR 3. FEBRÚAR Á MILLI 11.00-16.00
Verslunarmiðstöðin Fjörður Hafnarfirði



SUNNUDAGUR 4. FEBRÚAR Á MILLI 13.00-15.00
Veitingastaðurinn Vamos Akureyri

- Ný og spennandi svæði á Spáni
- Kaup og lánaferli
- Vildarklúbbur Spánarheimila
- Leigu og fasteignausmjón
- Fyrirtækja og stéttarfélagspjónusta
- Ódýrara golf á Spáni
- Ódýrara flug
- Fjármögnun á Spáni ofl.

TILBOÐ
SKOÐUNARFERÐIR
VERÐ FRÁ:
99.000

www.spanarheimili.is

S: 558-5858

Yfirvegum eða óðagot í orkumálum

Aðgangur að orku á viðráðanlegu verði er óumdeilanlega mikilvæg forsenda fyrir góðum lífskjörum og velsæld. Deiluefnið er hversu mikla orku þarf til að viðhalda lífskjörum og velsæld og, ef meiri raforku er þörf, hvernig megi afla hennar án þess að valda skaða á íslenskri náttúru og viðernum.



Tryggvi Felixson

Raforkuframléiðsla á Íslandi 2022 var um 20 teravattstundir (TWh), en notkunin um 19 TWh. Frá árinu 2006 hefur framléiðsla rafmagns liðlega tvöfaldast á sama tíma og íbúum landsins hefur fjölgað um þriðjung. Á Íslandi er framléitt um tvöfalt meira rafmagn á íbúa en í Noregi, sem er í öðru sæti á lista yfir þau Evrópuríki sem framléiðsla mest. Á þessu sviði eru Íslendingar fremstir meðal jafningja.

Orkuöflun síðasta áratuginn

Mikið hefur verið virkjað til raforkuframléiðslu undanfarin ár. Þrjár stórar virkjanir hafi verið teknar í notkun á síðasta áratug sem aukid hafa aflgetu um tæplega 300 MW. Fjöldi smávirkjana (undir 10 MW) hefur verið byggður með uppsett afl um það bil 35 MW. Á áratug hefur

því orkuvinnslugeta aukist um 2,2 TWh. Til samanburðar nota heimilin í landinu um 1 TWh, og er þá rafhitun meðtalin. Framleiðslan hefur því á áratug aukist um sem nemur meira en tvöfaldrí notkun heimilanna. Aukinni orkuþörf heimila og smærri fyrirtækja hefur verið mætt; ekki bara að fullu heldur margfalt. Allt tal um

stöðnun og að ekki hafi verið virkjað hér á landi undanfarin ár er villandi málfutningur.

Um 70% raforkuframléiðslu á Íslandi eru framléidd með vatnsafl. Vegna lélegs vatnsárs blasir við að gera þarf ráðstafanir til að draga úr notkun hjá stórnotendum, í þetta sinn á suðvesturhorninu. Það er ekki nýtt. Ef til varanlegs orkuskortis hjá sjálfum methöfunum í orkuframléiðslu kemur, eru fyrir því aðrar ástæður en að framboð hafi ekki vaxið. Meint ójafnvægi felst líklega helst í því að einhver hefur selt til stórnotenda umfram það sem hægt er að framléiða með góðu móti.

Orkuspá og framboð

Nýleg spá Orkustofnunar um notkun rafmagns bendir til þess að

» Meint ójafnvægi í raforkumálum þýðir að einhver hefur líklega selt stórnotendum umfram það sem hægt er að framléiða með góðu móti.

eftirspurn eftir raforku verði á bilinu 21,4 og 22,6 TWh á árinu 2030, sem er aukning um á bilinu 13 til 19% miðað við árið 2022. Það er nokkuð umfram núverandi framléiðslugetu. Segir í spánni að til þess að mæta þessari aukningu þurfi framléiðslugetan að vaxa árlega á bilinu 18 til 36 MW.

Í farvatninu eru hugmyndir um frekari rafmagnsframléiðslu. Í orkunýtingarflokki rammaáætlunar er vísað til virkjana með samtals 1.300 MW aflgetu, þar með talin eru tvö vindorkuver Landsvirkjunar, við Blöndu og Búrfell, með meira 200 MW aflgetu. Nokkrar framkvæmdir sem eru undir viðmiðunarstærð rammaáætlunar (undir 10 MW) eru í undirbúningi. Utan rammaáætlunar er ráðgerð stækkun vatnsaflsvirkjana Landsvirkjunar við Hrauneyjar, Sigöldu og Vatnsfell og jarðvarmavirkjunar við Þeistareyki, sem þýða mun aukna aflgetu um

200 til 300 MW gangi þau eftir. Þá sækir Landsvirkjun fast að fá að reisa hina umdeildu Hvammsvirkjun með 95 MW aflgetu.

Nýlega kom út skýrsla um orkunýtni sem sýnir að ríkuleg tækifæri eru til bættrar orkunýtni á Íslandi, eða um allt 8% af núverandi raforkunotkun þjóðarinnar, eða um 1,6 TWh. Þetta er bæði gerlegt og hagkvæmt. Talið er að hægt sé að ná 24% af þessum orkusparnaði á næstu fimm árum og 53% á næsta áratug. Til að virkja þennan möguleika verður að innleiða rétta hvata. Ráðherra orkumála ætti að leggja áherslu á það. Áform um endurbætur á byggðalínu sem eru komin vel á veg munu hafa umtalsverð jákvæð áhrif á nýtingu á þeim orkuverum sem fyrir eru.

Jafnvægi

Af framangreindum tölum verður ekki annað séð en að viðunandi jafnvægi sé fram undan í raforkumálum. Horfurnar í frekari orkuöflun og bættari nýtni eru ágæt. Aldrei verður hægt að útiloka tímabundnar þrengingar vegna lélegra vatnsára. Yfirdrifnar yfirlýsingar sem fram hafa komið um að allt sé hér á vonarvöl í raforkumálum eru einmitt það, yfirdrifnar. Miðað við flestar aðrar þjóðir mætti segja að við séum að drukna í raforku. Að láta sér

ekkert detta í hug annað en að virkja endalaust til að greiða úr meintum orkuskortri kann ekki góðri lukku að stýra. Meðal annars er nauðsynlegt að skoða þjóðhagslega hagkvæmni þess að nýta þá orku sem losnar þegar samningar við núverandi stórkaupendur renna út til nýrri og aðkallandi verkefna í orkuskiptum.

Hugsað til framtíðar

Það er vandasamt að stækka raforkukerfi í landi eins og Íslandi með stórbrotna heillandi og afar verðmæta náttúru; vandasamara en í löndum þar sem landslag og náttúruvar er annað. Forsenda fyrir farsælum lausnum er að gera sér grein fyrir að raforkukerfið mun aldrei geta annað allri eftirspurn, enda eftirspurn eftir ódýrri hreinni orku gríðarleg. Hófsemi, nýtni, forgangsröðun og vönduð vinnubrögð eru nauðsynleg. Það er löngu kominn tími til að leggja áherslu á aðgerðir sem stuðla að góðum lífskjörum til langrar framtíðar án þess að gengið sé frekar á náttúru landsins við orkuöflun. Lýst er eftir meiri yfirvegum og minna óðagoti í umfjöllum um þessi mikilvægu mál, og meiri virðingu fyrir þeim verðmætum sem felast í óspilltri íslenskri náttúru.

Höfundur er hagfræðingur og fyrrverandi formaður Landverndar.

Um mikilvægi góðra dómara í lýðræðissamfélagi

Nýlega féll dómur Hæstaréttar um að ekki þyrftu 260 æðstu embættismenn ríkisins að endurgreiða ofgreidd laun vegna mistaka við útreikning þeirra sem fjármálaráðherra Bjarni Benediktsson hafði gert kröfu um og fólu í sér endurgreiðslu að upphæð 551.120 kr. og lækkan launa á mánuði þar eftir að upphæð 34.174 kr. fyrir hvern þeirra. Hæstiréttur ályktaði sig vanhæfan vegna hugsanlegra hagsmunaárekstra. Því varð Hæstiréttur að kalla þá að dómi, sem hæstiréttur taldi hæfa, alls fimm manns, sem höfðu mikla reynslu að baki sér í lögfræðistörfum og fjölbreytta til að fella dóm. Heildarkostnaður almenningis í landinu gæti numið 261.114.000 kr. fyrsta árið eftir dómsuppkvaðningu



Jón Friðberg Hjartarson



Þorsteinn Þorsteinsson

ef dómara fá sömu laun og verjandi eða alls aðeins 16 hundruð þúsund rúm á mánuði.

Erfitt getur verið að átta sig á krónunni sífallandi í verðbólgunni og er því ef til vill betra að átta sig á umfanginu með því að miða við verð á blódmörskveppum. Krafan var að upphæð sú sama og jafngildir 428.056 blódmörskveppum sem vega

» Við undirritaðir höfðum beðið Umboðsmann Alþingis um að hann beitti sér fyrir að leiðrétt yrði fyrir tvískattlagningu á lífeyrisgreiðslum okkar.

1,99 tonn og sést þá að um verulega upphæð er að ræða. Með dómmum verða kaflaskipti í sögu launabaráttu á Íslandi og ljóst varð hversu mikilvægt það er að vera auðtrúa, taka á móti launum sínum í góðri trú um að þau séu ekki ákvörðuð með reiknisafglöpum, svindli, gervigreind eða af handahófi og þó svo væri, væru þau verðskulduð og sama mætti vera af hvaða rót þau kæmu.

Undirritaðir höfðum beðið umboðsmann Alþingis um að hann beitti sér fyrir að leiðrétt yrði fyrir tvískattlagningu á lífeyrisgreiðslum okkar

á árunum 1988-1995 og var settur til verksins Kjartan nokkur B. Björgvinsson, formaður Dómarafélags Íslands, sem vísaði erindi okkar á bug, en lagði fram kröfu um að ofgreiddum launum sinnar stéttar yrði ekki skilað (sbr. forsíðugreinar í Mbl.). Athyglisvert er að ekki er tekið beinlínis á athugasemdum Bjarna Benediktssonar um að það feli í sér siðferðisbrest að hafna kröfunni um endurgreiðslu ofgreiddra launa. Sama má segja um að hafna að leiðréttá vangreiðd laun. Við undirritaðir teljum að hér eftir sé ráðlegt að taka allt með fyrirvara og af tortryggni og að stofnanir ríkisins séu vanda sínum vaxnar nú á tímum nýlendusköpunar á Íslandi þar sem íbúar þessa lands eru skikkaðir til að greiða fyrir einangrun húsa í Slóvakíu, og til stendur að við Íslendingar verðum að greiða skatta til Evrópusambandsins fyrir flugsamgöngur til og frá okkar landi. Hugmyndir um skattlagningu á

nýlendum hafa um langan tíma verið á kreiki í Brusseli frá tímum kóngs Leopolds II. Það mætti vera öllum þingmönnum ljóst að ekki verður við það búið að ekki megi leiðrétt mistök þá framin hafa verið. Einfaldast væri að vísa svona máli til þjóðaratkvæðis eða borgarþings, væri þess kostur (sbr. grein í Mbl. 22.09.23).

Okkur þykir tími til kominn að Alþingi láti þessi mál til sín taka og veiti fjármálaráðherra heimild til að leiðréttá augljós afglöp við afgreiðslu launa og felli úr gildi þennan dóm Hæstaréttar, því Hæstiréttur er hvorki réttur aðili til að skattleggja íbúa þessa lands án málefnalegs tilefnis né að koma í veg fyrir að rétt skal vera rétt.

„Gamansemi er ekki afsal nokkurrar alvöru.“

Jón Friðberg er fyrrverandi skóla-meistari FNV og landsdómari. Þorsteinn er fyrrverandi skólameistari Fjölbrotaskólans í Garðabæ.



Porsche Cayenne E-Hybrid	Porsche Taycan 4S	Porsche Cayenne E-Hybrid	Porsche Taycan 4S
<p>Sérlega vel útbúinn bíll. Hér allt til staðar. Beygjur að aftan, loftþúfaþjöðrun, fjórhjóladrif, LED ljósabúnaður, 360° myndavél, 462 hestöfl, 0-100 á 5.0 sekúndum, ofl. ofl. Lítið ekin og einn eigandi!</p>	<p>Einstakur bíll! 100% rafmagn, geggjaður litur, Turbo Aero 20" felgur, samlitur, Panorama glerþak, Sport-Chrono pakki með Sport Plus ham, varmadæla, fjórhjóladrif og 4 sekúndur í hundradíð, ofl, ofl. Æðislegur fjölskyldu/sportbíll!</p>	<p>Glæsilegur Cayenne E-Hybrid. Óvenju vel búinn. Beygjur að aftan, stillanleg fjöðrun, rafdrifinn dráttarkrókur, LED ljósabúnaður, framsæti með hita, nálægðarskynjarar, 360° myndavél, akreinavari, 462 hestöfl og margt fleira.</p>	<p>100% rafmagn, leður áklæði, lítað gler, LED ljósabúnaður, fjórhjóladrif, lykllaus ræsing og markt fleira. Frábær bíll!</p>
Verð: 11.990.000 kr.	Verð: 14.990.000 kr.	Verð: 17.990.000 kr.	Verð: 13.990.000 kr.
Nýskráður 09.2018 Ekinn 32.000 km.	Nýskráður 01.2021 Ekinn 35.000 km.	Nýskráður 04.2022 Ekinn 8.000 km.	Nýskráður 08.2022 Ekinn 22.000 km.



ÚTSALAN ER HAFIN

icebreaker
Move to natural

30 - 50%
AFSLÁTTUR



30%
AFSLÁTTUR



OSPREY BAKPOKAR

Hágæða bakpokar.
Eitt mesta úrval landsins!
Klifurbakpokar
Leiðsögumannabakpokar
Fjallgöngubakpokar • Dufflar
Krakkabakpokar
Fjallaskíðabakpokar
Hjólabakpokar • Ferðatöskur



Veglegar

ÚTSÖLUBOMBUR Í BOÐI!

Lengri
opnunartími!

Alla virka daga
frá kl 10 - 18
Laugardaga
frá kl 11 - 18
Sunnudag
frá kl 12 - 16

Afsláttar-
borðin eru
á sínum stað!

AKU Alterra GTX dömu

Verð áður kr. 35.990,-
Verð nú kr. 17.995,-

*vara hættir



50%

50%
afsláttur
af vettlingum frá
Extremities

Mikið úrval
Verð frá kr. 3.995



50%

MADSHUS Fjelltech

Verð áður kr. 49.990,-
Verð nú kr. 24.995,-



50%

K2 Wayback og Talkback

Verð áður kr. 89.990,-
Verð nú kr. 44.995,-



50%

MADSHUS Panorama T55

Verð áður frá kr. 59.990,-
Verð nú frá kr. 29.995,-



GG  SPORT

mbl.is

SMARTLAND
MÖRTU MARÍU

Ætlar þú að vera alveg löðrandi í fjallinu?

Skíðavertíðin stendur sem hæst þessa dagana og keppist fólk við að þeytast niður brekkurnar. Eitt er að vera góður á skíðum eða bretti – annað er að vera þessi sem vekur eftirtekt fyrir góðan fatasmekk.



Þessi sólarvörn er frá Shiseido og er SPF50. Hún kemur í veg fyrir að andlituð sól-brenni á heitum dögum í fjallinu.

Marta María Winkel Jónasdóttir
mm@mbl.is

Adam Driver og Lady Gaga voru eftirminnileg í hlutverkum sínum í kvikmyndinni House of Gucci. Hann lék Maurizio Gucci og hún fyrrverandi eiginkonu hans, Patrizia Reggiani. Í kvikmyndinni fóru þau í ítölsku Alpna til að lyfta sér upp, fá hvíld frá sjálfum sér og öfgafullum hversdagsleikanum. Það getur verið svo gott fyrir fólk að fara aðeins í brekkurnar, fá fjallaloft í lungun og skemmta sér. Klæðaburður Driver og Gaga var upp á 12 af 10 mögulegum. Eigandi tískuhúss gat náttúrulega ekki verið eins og ræfill í Öpunum og heldur ekki konan hans. Hann klæddist ljóstri kaðlapeysu með rúllukraga og var í hvítum skíðabuxum við. Hann státaði af einföldum stíl en var löðrandi í lúxus á sama tíma.

Peysan úr kasmír – ekki gerviefni. Hárið vel blásið með nettri og síðri herraklippingu – engar utanbæjarstrípur og engin skeggólía. Bara heiðarleg næntis finheit. Hann var í raun ekki með ósvipaða hárgreiðslu og fréttamaðurinn Bogi Ágústsson skartaði þegar hann var ungur og ferskur. Reggiani var hins vegar gulli skreytt. Í svörtum skíðafötum með belti um mittið. Gullhálsfestar, gulleyrnalokkar og gullarmband undirstrikuðu stöðu hennar, svo ekki sé minnst á hvítu pels-húfuna. Þótt gullfestar séu kannski ekki alveg hættulausar þegar brunað er niður brekkurnar

► SJÁ SÍÐU 44

Gucci Adam Driver og Lady Gaga léku aðalhlutverkin í House of Gucci. Þegar Gucci-hjónin fóru á skíði í ítölsku Alpna var ekkert til sparað er stíl varðar.



Þessi hattur er frá 66°Norður.

Það skiptir máli að vera í flottri skíðapeysu í fjallinu. Hér er Isabella Rakonic í einni slíkri sem er merkt Kitzbühel í Austurríki.



Moon Boot eru vinsæl þessa dagana. Hér er ein útgáfa af slíkum skóm. Þeir fást í Zara.

Þessi skíðagleraugu frá Rossignol eru flott við hvítu skíðabuxurnar. Þau fást í Útilíf.



Þessi gleraugu eru líka frá Rossignol og eru fyrir þá sem vilja sjá heiminn í fallegri litum. Þau fást í Útilíf.

Húðfegrin býr yfir 23 ára reynslu í húðmeðferðum

Öflugasta
augnlokalyfting án
skurðaðgerðar á
markaðnum í dag




Skannaðu mig



Lyftir augnlokum sem farin eru að síga
Þéttir slappa húð undir augum
Mildar hrukkur og fínar línur

Húðfegrin

Tímamantanir í síma 533 1320 | Vegmúli 2 | www.hudfegrin.is



Hvern dreymir ekki um þrjónaða ullarsokka frá Loro Piana? Þeir fást á Net-a-porter.com.



Skíðabuxur frá 66°Norður passa inn í þemað hjá þeim sem vilja vera löðrandi í fjallinu.

Allar ferðatöskur

og allir ferðafylgihlutir á 20% afslætti



20%
afsláttur

Ferðataska AirBase 67cm
38.239 kr. Verð áður 47.799 kr.



Ferðataska Chatelet Air2 55cm
71.999 kr. Verð áður 89.999 kr.



20%
afsláttur

Ferðataska MiaMily 55cm
63.999 kr. Verð áður 79.999 kr.



Ferðataska MontmAir 68cm
55.999 kr. Verð áður 69.999 kr.



20%
afsláttur

Ferðataska Paradise 67cm
27.999 kr. Verð áður 34.999 kr.



Ferðataska Cloud rauð 79cm
28.799 kr. Verð áður 35.999 kr.



20%
afsláttur

Ferðataska Cabin 2 hjóla
18.399 kr. Verð áður 22.999 kr.



Ferðataska Air Armour 55 cm
38.399 kr. Verð áður 47.999 kr.



20%
afsláttur

Ferðataska LW 70cm
19.199 kr. Verð áður 23.999 kr.



Ferðataska VIIA 55cm
23.599 kr. Verð áður 29.499 kr.



20%
afsláttur

Allir ferðafylgihlutir á 20% afslætti

www.penninn.is
s: 540-2000



Frí heimsending*

ef pantað er fyrir 10.000 kr.
eða meira á vefnum okkar

*á ekki við um húsgögn og fyrirtækjþjónustu

PENNINN

Eymundsson

Vörurval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilbodsins er til og með 06. febrúar 2024 eða á meðan birgðir endast. Úppfyllingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabreytingu.

mbl.is

SMARTLAND

MÖRTU MARÍU



Það týnist enginn í bleikum ullarfötum í fjallinu. Þessi eru frá Prettylittlething.com.

má hafa þær undir peysunni í stórsviginu og lauma þeim upp úr kraganum þegar stoppað er í næsta skíðaskála.

Hvítar buxur – hvítir skór!

Skíðatískan í ár kallar á eitthvað hvítt, eitthvað svart, kannski eitthvað rautt og kannski eitthvað bleikt. Það skiptir máli að skíðadressið sé hugsað í heild sinni þannig að buxurnar passi við úlpuna, skíðapeysuna, skíðahjálminn og lúffurnar. Hvítar buxur eru vinsælar þessa dagana, hvort sem þær eru þröngar og lögulegar eða með góðri hreyfivídd. Úlpur með hettu og belti um mittið fara vel við hvítu skíðabuxurnar. Ef skíðaúlpan þín er ekki með belti gætir þú smellt belti á hana. Það er þó ekki nóg að vera bara í smart skíðadressi í brekkunum. Það skiptir máli að vera í sama stíl þegar farið er í brekkurnar og þá koma Moon Boots eða skór í svipuðum stíl sterk inn. Góð húfa, sólgleraugu og arfasmart skíðagleraugu eru líka atriði sem þarf að hugsa út í. Gott er líka að koma sér upp mittistösku sem passar við skíðafötin. Svo eru það samfestingarnir, sem




Þessar skíðabuxur eru frá Bogner. Þær fást á Net-a-porter.com

njóta vinsælda þessa dagana. Fótboltakonan Nadía Atladóttir klæddist til dæmis glæsilegum samfestingi á dögunum þegar hún skíðaði í frönsku Ölpunum. Skíðagallinn var keyptur á vefsíðunni Prettylittlething.com. sem selur alls konar fatnað sem lifgar upp á tilveruna. Þar er hægt að kaupa alls konar skíðaföt sem munu án efa veita ómælda gleði. Hlý undirföt þurfa að fara með í fjallið og vandaðir ullarsokkar. Ullarsokkararnir frá Loro Piana toppa skíðaferðina, það er að segja ef þér finnst appelsínurautt, grænt, ljósblátt og hvítt fara vel saman.

Ert þú þessi hvíta og svarta? Þetta framúrskarandi skíðadress fæst á Zara.com.



Nadía Atladóttir er í skíðagalla í frönsku Ölpunum sem hún keypti í vefversluninni Prettylittlething.com.



Helly Hansen er með flotta skíðalínu. Þessi jakki fæst í Utilif.



Þessi skíðahjálmur fæst í Fjallakofanum og er bæði öruggur og smart.



HVÍTANES
Merínó peysa
13.990kr,-



HVÍTANES
Merínó buxur
11.990kr,-

@icewearmagasin
www.icewear.is

Skíðapeysa í stíl við buxurnar. Þessi skíðapeysa er frá Goldbergh og fæst Hjá Hrafnhildi.



Diskókúla í stuði. Þessi silfurúlfá er frá Mackage og smellpassar við svartar þröngar skíðabuxur.

Xtra

Ódýrt í Nettó



299 kr



215 kr



169 kr



99 kr



255 kr



149 kr



199 kr

... og **enn ódýrara** með appinu!



Þú getur notað appið í öllum verslunum og á netto.is og fengið fastan 2% afslátt í formi inneignar. Sérstök apptilboð eru auglýst reglulega.

Appið gildir í yfir 60 verslunum Nettó, Iceland, Kjörbúða og Krambúða um allt land.



nettó

Matur á [mbl.is](#)

– stærsti uppskriftarvefur landsins!



Lúxussamlökan Upphaldssamlökan hans Eyjólfss er samsett úr tveimur þykkiskornum sneiðum af sigurbrauðinu, smjörsteiktum á pönnu, með fíkjusultu, parmaskinku og brie-osti á milli.

Lúxussamlökan hans Eyjólfss

Eyjólfur Hafsteinsson bakari hjá Bakameistararnum kom, sá og sigraði í keppninni „Brauð ársins“ í ár en Landssamband bakameistara stóð fyrir keppninni eins og undanfarin ár. Brauðið hans heillaði dómnefndina upp úr skónum og er fullkomið til að setja saman lúxussamlöku við hvers kyns tilefni.

Sjöfn Þórðardóttir
sjofn@mbl.is

Hann hafði aldrei í huga að gerast bakari og segir að það hafi verið hálfgerð tilviljun að hann prófaði það. Hann hefur blómstrað í faginu og hefur alltaf jafn gaman af starfi sínu.

Eyjólfur er Keflvíkingur í húð og hár og hóf nám í bakaraiðni árið 1979 hjá Ragnari Eðvaldssyni bakameistara, sem er eigandi og stofnandi Ragnarsbakarís í Keflavík. Sveinsprófið tók hann árið 1983 og

fékk meistararéttindi árið 1987. „Frá árinu 1988 til 2013 rak ég mitt eigið bakari, Nýja Bakaríð í Keflavík. Síðan fór ég um tíma út á land og starfaði í veisluþjónustu og loks lá leið mín hingað í Bakameistararnum þar sem ég hef starfað í tvö og hálf ár,“ segir Eyjólfur.

Hafði aldrei í huga að gerast bakari

„Ég hafði aldrei í huga að gerast bakari en lífið leiðir mann stundum í ákveðnar áttir og fyrir hálfgerða



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Sigurvegarinn Eyjólfur Hafsteinsson bakari hjá Bakameistararnum sigraði í keppninni „Brauð ársins“ í ár með trefjaríku, mjúku og safaríku brauði með stökkri, góðri og bragðmikilli skorpu.

tilviljun fór ég og prófaði og líkaði vel. En þegar ég var yngri, á bernskuárnum, þótti mér reyndar mjög gaman að hjálpa móður minni í eldhúsinu. Hún bakaði mikið, enda fullt af börnum á heimilinu og með því að aðstoða hana tryggði ég mér alltaf fyrsta diskinn af því sem kom úr ofninum,“ segir Eyjólfur og hlær.

Baksturinn heillar Eyjólf ávallt jafn mikið og ástríðan er til staðar. „Það sem er svo skemmtilegt við bakstur er að sjá fullt af hráefnum sem þú tekur saman geta orðið að dýrindis

kræsingum. Oftast gengur baksturinn vel en það er þó svo að hversu góður sem þú ert í faginu geta hlutir svo sem alveg farið á verri veg. Hvað innblástur að einhverju nýju varðar, þá er það stundum eitthvað sem poppar upp í kollinum og kallar á þig að reyna þig við og auðvitað stundum eitthvað sem annar fagmaður er að gera og þá reynir þú bara að setja þitt handbragð á vöruna og gera hana að þínu.“

Trefjaríkt, mjúkt og safaríkt með góðri skorpu

Aðspurður segir Eyjólfur að hvað „brauð ársins“ varðar hafi það komið óvænt upp í hugann og tilraun með hráefnið tókst í fyrstu eða annarri atrennu. „Ég vildi hafa brauðið hæfilega trefjaríkt, mjúkt og safaríkt en með stökkri, góðri og bragðmikilli skorpu, sem tókst. Brauðið inniheldur spírað rúgkorn með smá maltkeim og íslenskt bygg frá Móður

náttúru ásamt sesam og ögn af hunangi sem

gefur aukið jafnvægi í brauðið og fallega skorpu. Ég veit ekki hver er leyndardómurinn á bak við „brauð ársins“ því þá myndi ég ávallt sigra en ég held að það velti svolítið á dagsformi þess tíma sem keppnin fer fram. Brauð sem sigrar í dag myndi ekki endilega sigra á morgun,“ segir Eyjólfur og brosir.

Eyjólfur borðar mikið brauð og á sitt upphaldsálegg sem hann setur á það. „Dagsdaglega finnst mér best að vera með klassíska samsetningu ofan á brauði. Ég vil ristað, gróft brauð með smjöri, osti og góðri sultu. En ef ég ætla að gera vel við mig þá tek ég gott óskorið brauð, að þessu sinni „brauð ársins“, sker þykkar sneiðar, smjörsteiki á pönnu og set á það fíkjusultu, parmaskinku og brie-ost á milli. Algjört lostæti þessi lúxussamlöku með glasi af góðu rauðvíni með,“ segir Eyjólfur og lætur sig dreyma. „Að lokum langar mig til að hvetja alla til að fara út í næsta bakarí sem selur

„brauð ársins“ og smakka,“ segir Eyjólfur.

Brauð ársins Brauðið inniheldur spírað rúgkorn með smá maltkeim og íslenskt bygg frá Móður náttúru ásamt sesam og ögn af hunangi sem gefur aukið jafnvægi í brauðið og fallega skorpu.

Unaðslega gott Brauðið hans Eyjólfss er líka gott með heimagerðum hummus og öðru góðgæti sem kitlar bragðlaukana.



15-60% afsláttur

ÚTSALA

Borðstofuborð, borðstofustólar, eldhússtólar, sófaborð, sófar o.fl. o.fl.



NYFORM
HÚSGAGNAVERSLUN

Komið og skoðið úrvalið

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | [nyform.is](#)

Sírius



Pralín súkkulaði

...fyrir hið ljúfa líf

NÝTT



56% dökkt með bananafyllingu

Prófaðu glænýtt dökkt Sírius Pralín súkkulaði með silkimjúkri bananafyllingu.
Sannkölluð súkkulaðiveisla!

Sírius – fyrir hið ljúfa líf!



Ómótstæðileg „hraun“-súkkulaðikaka

Finnur Guðberg Ívarsson, bakaranemi í Hótel- og matvælasólunum í MK, býður upp á dýrðlega „hraun“-súkkulaðiköku fyrir komandi helgi sem á eftir að töfra matargestina upp úr skónum.

Sjöfn Þórðardóttir
sjofn@mbl.is

Finnur varð Íslandsmeistari ungra bakara á síðastliðnu ári, þá aðeins 18 ára gamall, sem er framúrskarandi árangur. Einnig gerðu hann og félagi hans sér lítið fyrir og hlutu fjórða sæti í heimsmeistarakeppni ungra bakara í Berlín í fyrra. Síðan hlaut Finnur viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í keppni í bakaraíðni á Evrópumóti iðn-, verk- og tæknigreina, Euroskills, sem haldin var í Gdansk í Póllandi í september síðastliðnum. Finnur er jafnframt í landsliði íslenskra bakara sem tók þátt heimsmeistaramóti bakara í München í vetur og náði flottum árangri. Loks tók Finnur þátt í keppninni um brauð ársins í ár og hreppti þriðja sætið fyrir brauðið sitt. Finnur er því búinn að afreka mikið í bakaraíðinni, aðeins 19 ára gamall.

Listrænar útfærslur sem gleðja augað

Finnur hefur vakið verðskuldaða athygli fyrir hæfileika sína í bakstri og „pastry“-gerð. „Ég byrjaði mjög ungur að árum að vinna í bakarí og fann ástríðu mína fljótt í bakstrinum. Mér finnst gaman að skapa, það er mikil listsköpun sem fylgir þessu fagi. Það er eitthvað sem ég elska að gera og það heillar mig

sérstaklega mikið að vinna við þessar listrænu útfærslur sem gleðja bæði auga og munn,“ segir Finnur. Hraun-súkkulaðikakan er einmitt kaka sem gleður bæði augað og bragðlaukana og er gaman að bera fram á listrænan hátt. Hún minnr lítið eitt á eldgos þar sem súkkulaðið, vanillukremið og marenssinn flæðir niður eins og hraun við hvern bita og ber því nafn með rentu.

„Hraun“-súkkulaðikaka

6 stykki
120 g smjör
170 g suðusúkkulaði
2 egg
2 eggjarauður
50 g púðursykur
Klípa af salti
30 g hveiti

Byrjið á því að hita ofninn að 230°C og stillið á blástur og penslið 8 cm postulínsform með smjöri og sigtið létt með hveiti. Þegar þessu er lokið er hægt að hefjast handa við að laga deigið. Setjið egg, eggjarauður og sykur saman í hrærivél og þeytið þar til blandan er orðin ljós og létt. Setjið á meðan smjör í pott og brjótið niður súkkulaði og setjið í skál. Um leið og smjör fer að búbbla hellið því þá yfir súkkulaðið og blandið varlega við eggjablönduna og síðast hveitið og saltið. Þegar tími gefst er gott að



Bakaradregurinn Finnur Guðberg Ívarsson hefur náð langt í keppni bakara síðastliðin tvö ár og hefur vakið verðskuldaða athygli fyrir hæfileika sína í bakstri.

Morgunblaðið/Árni Sæberg



Ómótstæðileg Hraun-súkkulaðikakan hans Finns minnr óneitanlega á lítið, fallett eldgos. Þetta er súkkulaðikaka með vanillukremi og ítölskum marenssinn sem gleður matarhjarða.



NÝJUNG!
Takmarkað
magn



Þrumubrauð

Ger-, hveiti- og mjólkurlaust brauð. Án viðbætts sykurs! Inniheldur m.a. margskonar fræ, husk trefjar, lífrænt eplaedik og sjávarsalt!

þeyta kremið og geyma það síðan í ísskáp þangað til kakan er borin fram, vert er að hafa í huga að gott er að undirbúa kremið kvöldinu áður. Gott er að lesa leiðbeiningarnar hér fyrir neðan með uppskriftinni. Kökudeiginu er svo deilt í 6 postulínsform sem eru um 8 cm í þvermál. Bakið kökurnar síðan í 6-8 mínútur og leyfið þeim að kólna í 15 mínútur áður en þið veltið þeim úr formunum og berið þær fram. Á meðan kökurnar bakast er upplagt að laga ítalska marenssinn samkvæmt uppskrift og leiðbeiningum hér fyrir neðan.

Þeytt vanillukrem

1 blað matarlím
70 g hvítt súkkulaði
200 g rjómi
8 g vanilludropar


Leggið matarlím fyrir vanillukremið í bleyti, í kalt vatn, í 10 mínútur. Sigið síðan vatnið frá. Sjóðið rjóma og vanilludropa upp og hellið yfir súkkulaðið. Blandið

síðan saman við matarlímsblaðið og kælið helst yfir nótt eða allavega í 5 klukkustundir. Einnig má skipta kreminu út fyrir súkkulaðis.

Ítalskur marenssinn

2 eggjahvítur
120 g sykur
40 g vatn

Byrjið á því að sjóða upp sykur og vatn í 121°C hita en byrjið að þeyta eggjahvítur þegar sykursírópið fer að nalgast 105-110°C hita. Þegar sírópið er komið upp í 121°C er því hellið í eggjahvítur á miðlungshraða í mjórri bunn og þeytt þar til skálin er ekki lengur heit. Að lokum raðið þessu öllu á disk eins og hugur ykkar gírnist. Hægt er að skreyta diskinn með ferskum berjum eins og hindberjum og skreyta kökuna með gullhúðuðu ætisskrauti eftir smekk líft og Finnur gerir. Látið hjartað ráða för þegar kemur að framsetningunni. Síðan er bara að horfa á súkkulaðið flæða úr kökunni og njóta hvers bita í botn.



Skíðaganga gleður alla

Gönguskíðapakkar
í miklu úrvali

20% afsláttur

Kaupauki fylgir með
gönguskíðapökkum þessa viku.
Umhirðusett frá Toko
eða Fjallakofa gönguskíðapoki.

Þú færð **Kästle** gönguskíði á alla fjölskylduna hjá okkur!
Eigum einnig mikið úrval af skíðagöngufatnaði.



Páll Óskar Hjálmtýsson segir það hafa krafist mikillar sjálfsvinnu að koma nýja laginu frá sér

Gerir upp fortíðina og fyrri sambönd

Söngvarinn Páll Óskar skrifaði fortíðina frá sér og gaf út lagið *Elskar þú mig ennþá?* í kjölfarið. Hann segir lagið uppgjör við fyrrverandi elskhuga, það verði að skrifa um þá líka.

Edda Gunnlaugsdóttir
eddag@mbl.is

Páll Óskar Hjálmtýsson hefur verið upptekinn af ástinni síðan hann var 18 ára gamall, segir það drifkraftinn sinn og það sem fái hann til að tifa. Hann var gestur Kristínar Sifjar, Þórs Bæring og Bolla Más í Ísland vaknar á dögnum þar sem hann talaði aðallega um ástina af mikilli einlægni og nýja lagið sitt, *Elskar þú mig ennþá?*

Hann segir það hafa verið erfitt að koma nýja laginu út, það hafi krafist mikillar sjálfsvinnu og uppgjörs á fortíðinni. „Þegar við Birnir gerðum lagið *Spurningar* þá heyrði ég það eftir að það kom í loftið. Það rann þá upp fyrir mér að við minnumst aldrei á hvaða spurningar það eru sem gera okkur svona tjúlluð,“ segir Páll Óskar.

„Svo fyrir þremur árum fæ ég sýnishorn (demo) frá Agli Rafnsyni trommara og Svenna vini hans. Ég fann strax að ég þurfti að finna þessa spurningu. Svo þetta lag er sjálfstætt framhald af *Spurningum*.“

Fann loks spurninguna

Hann fann spurninguna eftir mikla sjálfsskoðun, sem er *Elskar þú mig ennþá?*

„Það er svo mikið fórnarlamb í þessu. En þetta lag er um alla mína fyrrverandi, ég verð að gera lag um



Sáttur Páll Óskar er sáttur við nýja lagið en segist ekki munu lifa eftir því.

Morgunblaðið/Eggert

BM-VALLÁ
Byggjum vistvænni framtíð

ALLT FYRIR MÚRVERKIÐ

Gæðamúr-, flot- og steypublöndur*

* Uppfylla skilyrði Svansins og má nota í byggingar sem stefna að umhverfisvottun.

bmvalla.is bmvalla@bmvalla.is 412 5000

þá líka,“ segir hann og brosir. Hann segir lagið *Galið gott* sem hann gaf út í fyrra vera tileinkað sínum núverandi.

„En þetta tók sinn tíma. Ég hélt ég væri orðinn svo klár í þessu, búinn með allar sjálfhjálparbækurnar.“

Páll söng lagið inn í janúar fyrir rúmu ári, var sáttur, þurrkaði svitann af ennu og beið eftir því sem koma skyldi.

„Þegar maður hefur skrifað frá sér svona áföll þarf að horfast í augu við sjálfan sig. Ég spurði sjálfan mig, hvað ertu að fara að bjóða einhverjum elskhuga upp á? Ætlarðu að bjóða upp á alla þína fyrrverandi sem eru enn í kerfinu þínu? Þú verður að taka til heima hjá þér áður en þú færð gest í heimsókn.“

Það var nákvæmlega það sem gerðist. „Minn núverandi græddi helling á að ég skyldi hafa skrifað þetta frá mér. Þetta var það fyrsta sem hann fann þegar við föðmuðumst, þessi gaur er tilbúinn, það er pláss fyrir mig hérna. Húsið er hreint. Svo ég mæli með að skrifa frá sér gamalt drasl sem leynist enn þá hjá manni,“ segir hann hlæjandi.

„Ofsalega oft ætlumst við til að elskhuginn sé mættur til að redda okkur og taka til fyrir okkur. Það er mesti dónaskapur sem fyrirfinnst.

Þú verður að gera þetta sjálfur, það gerir það enginn fyrir þig.“

Eru að kynnst kerfinu

Núverandi maki Páls er flótta- maður frá Venesúela og Páll segir það glænýjan heim sem hann er að kynnst.

„Við erum hjartanlega tilbúin, erum að kynnst kerfinu og maður verður að vera þolinmóður og skilningsríkur,“ segir hann og brosir. „En við erum svo góðir hvor við annan. Erum að njóta samvasta og þössum okkur á því á hverjum einasta degi að gera eitthvað að kynnst.“

Í tilefni eins árs sambandsafmælisins ætla þeir að elda saman og segir Páll það vera eina leið til að sýna að manni þyki vænt um einhvern. „Ég elska að elda fyrir hann og sjá viðbrögðin hans.“

Kristín Sif spyr hvort hann sé með ráð fyrir þá sem eru enn með fortíðina innra með sér, gamla drauga sem þeir óski að losna við. „Það þarf að rækta sálina líka. Ekki fylla hana af dægurprasi, samfélagsmiðlum og þannig. Það er áskorun fyrir okkur öll.“

Hann segist sáttur við nýja lagið, *Elskar þú mig ennþá?* en hann muni ekki lifa eftir því, ekki láta það stjórna sér.

Hægt er að hlusta á viðtalið í heild sinni á K100.is.





Helgihald í febrúar í Garðakirkju og Vídalínskirkju



GDRN



Unnur Ösp Stefánsdóttir



Pálmar Ragnarsson



Sr. Kristján Björnsson

Sunnudagur 4. febrúar

Kl. 11:00 Fjölskylduguðsþjónusta í Vídalínskirkju. Jóna Þórdís Eggertsdóttir æskulýðsfulltrúi og sr. Matthildur Bjarnadóttir leiða stundina. Barnakórar Vídalínskirkju syngja undir stjórn Davíðs Sigurgeirssonar og Ingvars Alfreðssonar. Í messukaffinu verður Æskulýðsfélag Vídalínskirkju með Bingó til styrktar SOS barninu sínu.

Kl. 11:00 Messa í Garðakirkju. Sr. Jóna Hrönn Bolladóttir þjónar og sr. Kristján Björnsson vígslubiskup í Skálholti predikar. Félagar úr Kór Vídalínskirkju syngja. Organisti er Jóhann Baldvinsson.

Kl. 17:00 Fermingahátíð í Vídalínskirkju. Sr. Jóna Hrönn Bolladóttir, sr. Matthildur Bjarnadóttir og Benedikt Sigurðsson guðfræðinemi. Gospelkór Jóns Vídalíns syngur undir stjórn Davíðs Sigurgeirssonar og Ingvars Alfreðssonar. Pálmar Ragnarsson körfuboltaþjálfari talar um jákvæð samskipti. Pizzupartý í lok samverunnar.

Sunnudagur 11. febrúar

Kl. 11:00 Messa í Vídalínskirkju. Sr. Stefán Már Gunnlaugsson héraðsprestur predikar og þjónar fyrir altari. Félagar úr Kór Vídalínskirkju syngja. Organisti er Jóhann Baldvinsson.

Sunnudagur 18. febrúar

Kl. 11:00 Messa í Vídalínskirkju. Sr. Jóna Hrönn Bolladóttir predikar og þjónar fyrir altari. Félagar úr Kór Vídalínskirkju syngja. Organisti er Jóhann Baldvinsson.

Sunnudagur 25. febrúar

Kl. 11:00 Konudagsmessa í Vídalínskirkju. Hátíðarmessa í tilefni konudags. Sr. Jóna Hrönn Bolladóttir og Helga Björk Jónsdóttir djákni þjóna fyrir altari. Unnur Ösp Stefánsdóttir leikkona flytur hugvekju. Gospelkór Jóns Vídalíns syngur undir stjórn Davíðs Sigurgeirssonar. Guðrún Ýr Eyfjörð Jóhannesdóttir, GDRN, syngur við undirleik er Ingvars Alfreðssonar. Bein útsending á Rás 1.

Haltu áfram að læra svo lengi sem þú lifir

G vítamín

Ræktum og verndum geðheilsu okkar.
Nýir skammtar daglega á gvitamin.is



Mikið líf í framleiðslu á íslensku sjónvarpsefni



Morgunblaðið/Golli

Best Jodie Foster sagði Ólafu vera bestu leikkonu í heimi.

Bara vitleysingar eru með stjörnustæla

Það er varla dauður tími hjá leikkonunni Ólafu Hrönn, en á milli leiklistarverkefna er hún í námi í húsasmíði. Á því hefur hún brennandi áhuga.

Edda Gunnlaugsdóttir
eddag@mbl.is

Dagskráin hjá leikkonunni Ólafu Hrönn Jónsdóttur er þétt núna, en hún æfir stíft fyrir söngleikinn Frost, var á skjám landsmanna í IceGuys og Kennarastofunni og lék á móti Jodie Foster í þáttunum True Detective. En þetta er ekki nóg, því einnig er hún í námi í húsasmíði sem hún hyggst útskrifast úr næsta vor.

„Frost verður rosalega flott, það eru miklar dansæfingar sem fara fram. Handritið er þannig að það er ekki dauður punktur en tónlistin er líka svo skemmtileg og falleg í þessu,“ segir hún.

Þættirnir Kennarastofan hafa einnig slegið í gegn, en þar leikur hún Gunnþórunni skólaritara. Hún segir brúnkuna hafa farið full hratt af en hún hafði þó fengið furðulegt augnarád frá fólki þegar hún var sem mest. „Eftir að maður fer í svona brúngu má ekki fara strax í sturtu. Það var eins og ég hefði verið dregin upp úr drullu. Ég fór í Ikea og augnaráðið sem ég fékk frá fólki,“ segir hún og hlær.

Besta leikkona í heimi

Stöðuna á íslensku sjónvarpsefni telur hún góða, það sé mikið líf og framleiðsla en einnig útlend verkefni að koma til landsins. Þá er hún aðallega að tala um þættina True Detective með Jodie Foster í aðalhlutverki. „Ég hef alltaf lítið mikið upp til Jodie Foster. Hún er jafngömul mér og ég man þegar ég sá hana fyrst á tjaldi, þá var ég búin að ákveða að verða leikkona. En þegar ég sá hana sökk ég inn í hana og hún hefur alltaf skipt mig máli á skráttinn hátt. Svo ég fylgdist vel með henni og ef ég sá hana þá drakk ég hana í mig,“ segir Ólafía. „Svo kemur hún til Íslands og ég fæ tækifæri til að vera í True Detective. Það væri lygi ef ég segði ekki að ég hefði verið rosalega spennt að hitta hana.“

Fyrstu tókurnar með henni voru í myndverki í Grafarvoginum þar sem Jodie átti að „henda henni“ í fangelsi. „Mér fannst það svo absúrd að Jodie Foster væri að henda mér í fangelsi. Eftir alla söguna, hve mikið ég leit upp til hennar. Ég og þessi leikkona og hún hendir mér inn í fangelsi. Svona þrjátíu sinnum,“ hlær hún. Það

eru engir stjörnustælar að hrjá Jodie heldur eyðir hún tíma með meðleikurum sínum, segir Ólafía. „Hún er yndisleg, engir stjörnustælar. Hún er greind og það eru bara vitleysingar sem láta svoleiðis.“

Jodie sagði Ólafu meira að segja vera bestu leikkonu í heimi. „Það er ein taka þar sem ég er að vakna í blínum eftir að ég klessi á Jodie. Fyrsta skotið er þegar ég er að vakna. Þetta er æft svo mörgum sinnum, örugglega tuttugu sinnum, og ég er alltaf að gera þetta aftur og aftur. Loksins erum við tilbúin í tókur, ég geri nákvæmlega það sama og í hin skiptin en fæ blóðnasir,“ útskýrir hún.

„Það eina sem ég hugsa er, ég má ekki klína á hana blóði. Tíminn er svo miklir peningar í þessum bransa. Ef ég fæ blóð í minn búning eða hún í sinn erum við stöpp í nokkra tíma, svo ég hugsaði, ekki klúðra þessu.“

Tökunni lauk með því að Ólafía átti að taka í Jodie en hún breytti því og þóttist bara taka í hana. Eftir tókurnar baðst hún afsökunar og sagðist hafa fengið blóðnasir. „Þá kemur hún með sína flottu rödd og segir, þú ert besta leikkona í heimi. Þærð blóðnasir þegar þess er krafti,“ rifjar hún upp og hlær. „Svo að þetta fór rosalega vel af stað hjá mér.“

Draumurinn að smíða lítið hús

Ólafía nemur einnig húsasmíði og segist alltaf hafa haft mikinn áhuga á því og lengi langað til að kunna það. „Ég segi það alveg satt, ef ég er að horfa á myndbönd á Youtube um hvernig eigi að byggja kofa eða gera grunn, þá er eins og ég sé að horfa á spennynd. Mér finnst líka leiðinlegt hvað ég hef verið hrædd við þessi tæki og tól.“

Henni finnst námið skemmtilegt og hefur nú fengið svör við ýmsum spurningunum. „Þegar ég er úti að labba og sé hús hugsa ég, hver ætli hallinn sé á regnskugginu og hvernig er það fest við húsið? Nú hef ég fengið að komast að þessu öllu.“ Draumurinn sé að smíða lítið hús sjálf hjá „litla kofanum sínum í Grímsnesi“. „Það verður fyrsta verkefni mitt, en svo er fleira,“ hlær hún. Hún tekur náminu rólega og stefnir á að útskrifast næsta vor. „Það er ljómandi, það er ekki eins og allir séu að bíða eftir mér.“

Hægt er að hlusta á viðtalið á K100.is.



30-50% AFSLÁTTUR

OUTLET

LAUGAVEGUR 91 · FÁKAFEN 9

Pantaðu pláss fyrir þína atvinnuauglýsingu á

atvinna@mbl.is

Morgunblaðið



Kvika eignastýring á toppnum

Allir sjóðir fyrir almenna fjárfesta í virkri stýringu Kviku eignastýringar skiluðu jákvæðri ávöxtun árið 2023* í krefjandi markaðsaðstæðum.

Skuldabréfasjóður (meðallöng)	Kvika – Ríkisverðbréf	Hæsta ávöxtun
Skuldabréfasjóður (stutt)	Kvika – Stutt skuldabréf	Hæsta ávöxtun
Innlendur hlutabréfasjóður	Kvika – Innlend hlutabréf	Hæsta ávöxtun

100% afsláttur af gengismun til 1. mars

Fjárfestu í sjóðum Kviku eignastýringar á kvikaeignastýring.is

Framangreindir sjóðir eru verðbréfasjóðir skv. ákvæðum laga nr. 116/2021 sem starfræktir eru af Kviku eignastýringu hf. í samræmi við ákvæði laga nr. 45/2020, um rekstraráðila sérhæfðra sjóða, sbr. einkum IX. og X. kafla þeirra laga. Fjárfestingu í fjármálagerningum fylgir fjárhagsleg áhætta. Samkvæmt eðli slíkra fjárfestinga getur virði bæði hækkað og lækkað.

Söguleg ávöxtun er hvorki áreiðanleg vísending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð.

Auglýsingin veitir mjög takmarkaðar upplýsingar um sjóðina. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér fyrri árangur, reglur, lykilupplýsingar og útboðslýsingar sjóðanna sem eru aðgengilegar á vefsíðu Kviku eignastýringar hf., www.kvikaeignastýring.is. Jafnframt eru fjárfestar hvattir til þess að kynna sér áhættur tengdum sjóðunum gaumgæfilega.

**Nafnávöxtun samkvæmt flokkun Keldunnar*

Jóhann Hinrik Níelsson

† Jóhann Hinrik Níelsson fæddist 1. júlí 1931 á Ekru í Neskaupstað. Hann lést 11. janúar 2024.

Foreldrar hans voru Niels Björgvin Ingvarsson yfirfiskmatsmaður, f. 21. september 1900, d. 5. mars 1982, og Guðrún Borghildur Hinriksdóttir húsfreyja á Ekru, f. 9. maí 1908, d. 17. nóvember 2001.

Bróðir Jóhanns var Ingvar, f. 1933, d. 2017, giftur Önnu Sigríði Hauksdóttur, f. 1931, d. 2014, og uppléssystir hans var Guðlaug Lovisa Ólafsdóttir, f. 1924, d. 2020, gift Guðmundi Björnssyni, f. 1925, d. 1988. Jóhann átti einnig þrjár systur sem allar létust í frumbersku.

Jóhann giftist 7. júlí 1956 Þórdísi Gústavsdóttur, f. 1. júlí 1931. Foreldrar hennar voru Gústav Adolf Jónasson ráðuneytisstjóri, f. 1896, d. 1961, og Steinunn Sigurðardóttir Sívertsen, f. 1900, d. 1973. Dætur Jóhanns og Þórdísar eru: 1) Steinunn, iðjuþjálfari og líffræðingur, f. 1961, hún er



í sambandi með Torfa Þórhallssyni verkfræðingi, f. 1964. Steinunn á þrjá syni og einn stjúpson með fyrrverandi sambylismanni sínum Jóni Einarssyni: a) Einar, f. 1982, d. 2020, móðir hans er Hafrún Lára Ágústsdóttir.

b) Jóhann Hinrik, f. 1996, í sambúð með Victoríu Volcova. c) Ingimar, f. 1998, í sambúð með Kötlu Björk Ketilsdóttur, þau eiga eina dóttur, Júlíu Björt. d) Björn Gústav, f. 2000. Börn Torfa eru Egill, f. 1997, Ragnheiður, f. 2000, og Vilmundur, f. 2001. 2) Borghildur verkfræðingur, f. 1963, hún er gift Tryggva Þorsteinssyni verkfræðingi, f. 1964, dætur þeirra eru: a) Sandra, f. 1988, móðir hennar er Hulda Björk Pálsdóttir, Sandra er gift Atla Þór Agnarssyni, þau eiga tvö börn, Úlfhildi og Fálka. b) Þórdís, f. 1995. c) Ragnheiður, f. 1998.

Jóhann útskrifaðist sem stúdent frá MA 1952 og lauk lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands 1960. Hann varð

Við byrjum þetta ár á að kveðja elsku afa okkar, afa Jonna.

Þegar við hugsum um afa, þá sjáum við hann fyrir okkur í sætinu sínu við eldhúsborðið á Stekkjarflötinni. Við barnabörnin nutum þeirra forréttinda að alast upp í göngufjarlægð frá afa og ömmu. Það voru ófá tilfelli þar sem við komum við hjá þeim, fengum afbrauð eða hafragraut með eplum og kanil og mjólkurglas, spiluðum við afa og þutum svo af stað í önnur verkefni.

Afi var einstaklega barngóður og það var augljóst að afahlutverkið var honum mjög kært, enda kallaði hann sig lengi vel lang-afa áður en við fæddumst, því hann langaði svo að verða afi. Hann gaf sér alltaf tíma fyrir okkur barnabörnin, spjallaði við okkur, kenndi okkur að tefla, og smitaði okkur af ást sinni á náttúrunni og garðinum. Sama hvort það var í útilegum eða í garðinum heima, þá naut hann þess að vera úti í sólinni með fólkinu sínu.

Amma og afi á Stekkjó hafa verið fastur hluti af heimsmynd okkar og það er sár veruleiki að

horfast í augu við að nú sé afi farinn. Við erum þakklát fyrir þau forréttindi að hafa átt hann sem afa og að hafa fengið að hafa hann svona lengi hjá okkur.

Kveðja frá barnabörnunum, Þórdís, Jóhann Hinrik, Ragnheiður, Ingimar og Björn Gústav.

Í dag kveðjum við heiðursmann, yndislegan mág minn, sem hefur lifað löngu farsælu lífi. Mér er minnstætt þegar ungur maður frá Norðfirði fór að gera hosur sínar grænar fyrir systur minni, hjartur yfirlitum, brosmildur, fjörugur og bar með sér ferskan andblæ. Þau trúlofuðust á gamlársdag 1955 og giftust í Dómkirkjunni 7. júlí 1956. Þau hafa verið gift í 68 ár, samhent hjón, jafnræði milli þeirra, kærleikur og vinátta.

Þau voru frumbyggjar á Stekkjarflöt í Garðabæ, sköpuðu vinalagt og fallet heimili með fallegum garði og útipalli. Jonni var ekki bara góður lögfræðingur heldur líka listasmiður. Að loknum vinnudegi í Sakadómi fór

héraðsdómslögmaður 1965 og hæstaréttarlögmaður 1973. Jóhann var fulltrúi hjá Sakadómaranum í Reykjavík 1960-65 og framkvæmdastjóri Hjartaverndar 1966-78. Hann rak eigin lögmannsstofu frá 1969, fyrst einn og síðar með öðrum. Jóhann var félagi í Rótaryklúbbum Görðum frá stofnun hans. Hann sat í stjórn Lögmannafélags Íslands 1981-83, sem formaður 1982-83 og sat í stjórn Menntasjóðs LMFÍ frá 1990 til 2004 auk þess sem hann gegndi ýmsum nefndarstörfum. Jóhann var kjörinn heiðursfélagi í Lögmannafélagi Íslands árið 2015.

Jóhann og Þórdís voru frumbyggjar á flötunum í Garðabæ, hann byggði hús þeirra á Stekkjarflötinni. Hann var mikill útivistarmaður og fór með fjölskyldunni í skíðaferðir á veturna og útilegur á sumrin. Jóhann stundaði golf og siglingar af miklum krafti og var stofnfélagi í golfklúbbum Keili. Hann tók virkan þátt í uppbyggingu siglinga sem keppnisþróttar á Íslandi og var kjörinn siglingamaður ársins 1978. Jóhann var mikill fjölskyldumaður og eftir að hann hætti í lögmenntu lagði hann áherslu á að vera með barnabörnunum.

Útför Jóhanns fer fram í Víðalíniskirkju í dag, 1. febrúar 2024, klukkan 13.

hann í Garðabæinn til að vinna í húsinu. Unga fjölskyldan flutti í september 1963 í húsið með tvö lítil börn. Hamingjan var á hápunkt. Þau héldu áfram að vinna í húsinu, voru útsjónarsöm og listfeng, allt varð svo fallett í kringum þau.

Þau voru mikið fjölskyldufólk, samhent um að ala upp tvær yndislegar dætur og sinna barnabörnunum af alúð og ástríki, sýndu stórfjölskyldunni líka gestrisni og góðvild. Fjölskylduboð á jölum voru tilhlökkunarefni. Eftirminnilegar eru afmælisveislur þeirra hjóna, fædd sama dag og ár. Oftast gott veður fyrir garðveislu þegar vinir og vandamenn fögnuðu með afmælisbörnunum.

Þau deildu mörgum áhugamálum, útivistarfólk og náttúruvinnendur innan lands og utan, nutu þess að ferðast um landið í tjaldvagni. Þau stunduðu saman sund, skíðaferðir og golf. Jonni hafði líka brennandi áhuga á siglingum, var keppismaður í þeirri grein og stundaði hana með ungu fólki í Kópavogi. Eitt sinn var hann kosinn siglingamaður ársins.

Þau ferðuðust til framandi landa, heimsóttu Ingvar bróður hans og Önnu í Singapúr og voru fastagestir hjá okkur í Gautaborg. Þau kunnu að njóta lífsins og voru líka sérlega barngóð. Jonni sat með þeim yngstu á gólfinu, galdraði og lék alls kyns kúnstir. Þetta fengu öll börn í fjölskyldunni að upplifa og börnin mín nutu þess að eiga þennan skemmtilega frænda á Íslandi. Þau hjónin voru nánast staðenglar afa og ömmu í lífi barnanna. Fjölskylda mín bjó í

Gautaborg í 42 ár, en þau gerðu okkur kleift að halda tengslum við Ísland, eiga samastað og vera velkomin, voru alltaf mætt á flugvellinum, svo var brunað heim á Stekkjarflöt. Oft var búíð að skipuleggja ferðir um landið. Þeim var annt um að börnin lærðu íslensku og kynntust landinu.

Síðustu árin hafa alvarleg veikindi sett svip sinn á heimilið. Jonni missti líkamlegan og andlegan kraft en var samt inn á milli sjálfum sér líkur, húmorinn á sínum stað. Það var unun að sjá og einstakt hversu vel systir mín, dætur, tengdasynir og barnabörn tókust á við veikindin og gerðu honum mögulegt að vera heima í því umhverfi sem hann elskaði, umvafinn sínu fólki. Hann naut þess að sitja í fallegu stofunni og dást að garðinum: „Sjáið hvað þetta er fallett.“ Oft benti hann á konuna sína og sagði: „Sjáið hvað hún er falleg.“ Það var kærleikur í loftinu.

Við Karl Gustaf, Sigrún og Björn þökkum innilega einlæga og tryggja vinátta og ástríki í áratugi.

Kristín Gústavsdóttir.

Fallinn er frá á 93. aldursári einstakur maður, svili og uppáhalds-„frændi“ okkar, Jóhann Hinrik Níelsson hdl.

Alla tíð hefur verið mikill samgangur á milli fjölskyldna okkar en maðurinn minn og pabbi okkar, Jónas Gústavsson, var bróðir Þórdísar, eiginkonu Jóhanns.

Það var alltaf svo gott að koma til þeirra Þórdísar og Jóhanns á Stekkjarflötina. Þau voru einstaklega góðir gestgjafar og móttökurnar ávallt svo hlýjar og heimili þeirra fallett. Innandyra stjórnáði Þórdís af röggsemi en garðurinn var staðurinn hans Jóhanns og í honum var allt svo snyrtilegt og fallett. Hugað var að hverju smáatriði og grasflötin sú grænasta og sléttasta í bænum. Jóhann naut þess að sýna okkur garðinn og segja frá hvað hann var að hugsa með þessu tré, þessum blómum og runnum. Allt hafði sinn tilgang.

Í gamla daga voru haldin stór fjölskylduboð á Stekkjarflötinni bæði með okkar stórfjölskyldu og fjölskyldunni hans Jóhanns sem við hugsum til baka til með hlýju.

Jóhann var mikill fjölskyldumaður og það var enginn eins og hann. Við krakkarnir höndumst að honum því hann var göldróttur, gat galdrað peninga inn í handlegginn á okkur og tekið hann út bak við eyrað án þess að okkur yrði illt. Svo var hann líka svo skemmtilegur. Spjallaði við okkur og spurði hvað við værum að fást við, hlustaði og sýndi því áhuga. Hann keppti líka í siglingum, var með tattú og skíðaði manna best.

Við Jónas ferðuðumst mikið með Þórdísi og Jóhanni bæði innanlands og utan. Fórum í skíðaferðalög til Evrópu, ferðir á framandi slóðir og óteljandi ferðir í tjaldvögnunum okkar innanlands.

Einu sinni í ferð okkar um gömlu Sovétríkin kom afi stór-

fjölskyldu í Georgíu að máli við Jóhann og vildi að hann yrði guðfaðir nýfædds barns í fjölskyldunni. Hann sá greinilega eitthvað traust og vinalagt í fari Jóhanns. Hann var líka svo óskaplega skemmtilegur og hafði áhuga á svo mörgu. Alúðlegur, víðsýnn, útsjónarsamur og heilt yfir ákaflega góð manneskja, þrýddur þeim mannkostum sem við öll viljum hafa.

Það var gott að eiga Jóhann að og alltaf var hægt að leita til hans bæði með persónuleg málefni og lögfræðileg enda vel sjáður, ekki bara í lögfræðinni heldur í lífinu og hefur hann reynst fjölskyldum okkar einstaklega vel. Hann vildi hafa hlutina einfalda og ef það voru stór og flókin mál, þá vildi hann einfalda þau. Það var kannski líka þess vegna sem honum vegnaði vel í starfi sem lögfræðingur enda einstaklega greindur og yfirvegaður.

Elsku Þórdís, Steina, Bogga og fjölskyldur, hlýjar kveðjur til ykkar. Við eigum eftir að sakna Jonna.

Kristín, Guðrún Helga, Steinunn, Einar, Daniel og fjölskyldur.

Í dag er kvaddur Jóhann H. Níelsson. Hann átti farsælan lögmannsferil frá 1969 allt fram til ársins 2004. Fjölbreytt viðfangsefni öfluðu honum mikill- ar þekkingar og reynslu. Hann ávann sér einnig traust kollega sinna og annarra samferðamanna og var meðal annars oft leitað til hans þegar kom að stórum og vandasömum verkefnum við skiptastjórn.

Fyrstu kynni mín af Jóhanni voru í ágúst 1993 þegar ég var ráðin sem laganemi til að aðstoða við gjaldþrotaskipti sem þá stóðu yfir og Jóhann stýrði ásamt Ástráði Haraldssyni. Ráðningin átti aðeins að vera í nokkra mánuði en einhvern veginn gerðist það að við Jóhann störfuðum saman fram til þess að hann lét af lögmenntu árið 2004. Þetta var ný staða fyrir okkur bæði; ég hafði aldrei stigið fæti inn á lögmannsstofu og Jóhann hafði aldrei starfað með fulltrúa. Við fundum þó fljótlega taktinn í samstarfi okkar og þar þar aldrei skugga á. Það var gott að starfa með Jóhanni og ekki spillti þar fyrir leifrandi hugsun hans, rík frásagnargáfa og oftast en ekki dæmisögur sem stundum komu úr óvæntum áttum.

Jóhann tók ríka ábyrgð á uppræðslu hins unga lögfræðings. Mildilega las hann yfir drög bréfa, greiddi úr orðaflækjum og merkti við alla „grænjaxla“. Þar fyrir utan fannst honum bréf þola ágætlega að biða yfir nótt enda gerðist þá oft að lýsingarorð urðu óþörf og þau sem lifðu af voru færð niður um stig. Bréf samin í ójafnvægi eða fljótferni væru auk þess síst vænleg til sátta. Svo voru það reglurnar. Til að mynda ætti helst aldrei að flýta ákvarðanatöku ef einhver þrýsti á um það. Það væri alltaf nægur tími. Varast ætti að gera gagnstillboð í samningaviðræðum en heldur reyna að kalla fram betra tilboð. Mikilvægast var þó

að undir öllum kringumstæðum ætti að segja skjólstæðingum hið rétta í hverju og einu máli. Ekki mætti taka undir óraunhæfar væntingar þeirra um niðurstöðu dómsmáls. Það væri hlutverk lögmanns að tryggja að ákvörðun um málsókn ætti að vera tekin á grundvelli áreiðanlegra upplýsinga.

Starf lögmanns getur á tíðum verið vandasamt. Jóhann hafði sérstaka náðargáfu í mannlegum samskiptum og átti auðvelt með að nálgast einstaklinga þannig að honum var treyst. Með hreinskiptni og rólegu fasi lagði hann einfaldlega til lausnir sem voru bæði raunhæfar og réttlátar. Hann var enda sanngjarn maður í eðli sínu, réttssýnn sem og heiðarlegur í samskiptum. Það mætti treysta því sem hann lagði til.

Það er sérstök gæfa mín að hafa fengið tækifæri til að kynna Jóhanni og starfa með honum um árabíl. Vinátta hans og velvild í minn garð hefur verið mér ómetanleg. Alltaf gat ég leitað til hans með stór og smá mál- efni og alltaf hafði hann nægan tíma. Hann tók þá skynsömu ákvörðun að hætta lögmenntu í lok árs 2004. Nú var komið að því að verja meiri tíma með Þórdísi og fjölskyldunni og rækta áhugamálin. Það reyndist honum farsælt.

Nú kveð ég Jóhann og þakka honum kynnin. Þau voru mér dýrmæt og munu fylgja mér áfram um ökomna tíð. Ég votta Þórdísi, Borghildi og Steinunni sem og öðrum aðstandendum mína dýpstu samúð.

Ása Ólafsdóttir.

Ég var svo heppinn að fá leigða skrifstofuáðstöðu hjá Jóhanni H. Níelssyni hæstaréttarlögmanni er ég var að byrja í lögmenntu upp úr 1980. Átti Jóhann hluta af 4. hæð, að Lág múla 5, Reykjavík, fjögur rúmgorð skrifstofuherbergi, með breiðum gangi og góðri aðstöðu fyrir ritara, og síðan kaffistofu, rétt við inn- ganginn.

Var gott að vera hjá Jóhanni. Veitti hann margs konar ráð og leiðbeiningar í lögmenntu. Hafði hann á orði, að í lögmenntu yrði maður vitni að því hvað lífið væri margslungið. Mörg mál væru þessi eðlis að engin leið hefði verið að gera grein fyrir atvikunum í skáld- sögu.

Jóhann var aldrei með mörg mál, en vann bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki og hélt vel utan um sína skjólstæðinga og kláraði málin. Einnig sá hann um skipti dánarbúa og þrotabúa, en Jóhann var reikningsglöggur og athugvall. Síðari árin sem ég var í Lág múlanum upp úr 1990 var Jóhann með nokkur stærstu þrotabúin sem komu við við sögu hér á landi á þeim tíma, með öðrum valinkunnum lögmonnum.

Eftir að ég kom í Lág múlan til Jóhanns hitti ég aðra lögmenntu sem komu reglulega á kaffistofuna. Einn af þeim var Ólafur Axelsson, sem var góður vinur Jóhanns og afbrigðis lögmaður, sem ég kynntist vel. Fóru þeir



HARPA

ÚTFARARSTOFA



Harpa Heimisdóttir
s. 842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
s. 821 2045

Kirkjulundur 19 | 210 Garðabær
s. 842 0204 | www.harpautfor.is



FRÍMANN & HÁLFÁN

ÚTFARARÞJÓNUSTA



Frímann
897 2468



Hálfán
898 5765



Óláf
898 3075



Kristín
699 0512



Stapahrauni 5, Hafnarfjörð
Sími: 565 9775
www.uth.is - uth@uth.is



FRÍMANN & HÁLFÁN

ÚTFARARÞJÓNUSTA



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

JÓNÍNA KARLSDÓTTIR,
Didda rokk,
Hraunbæ 103,
Reykjavík,

lést í faðmi fjölskyldunnar 15. janúar, eftir erfið og stutt veikindi. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð.

Sigríður Eva Sævarsdóttir
Guðrún Ósk Jakobsdóttir
Guðbjörg H. Jakobsdóttir
Guðný Erla Jakobsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn

Heiðar Bjarnason
Ragnar Kr. Gunnarsson
Ali Mobli
barnabörn og barnabarnabörn

ákveðna daga í viku hverri út að hlaupa og síðan í æfingasali til lyftinga. Fljótlega fór ég að fara með þeim. Fyrst fórum við niður í Jakaból í Laugardalnum, en þar æfði líka Ólafur Sigurgeirsson, öðru nafni Óli sterki, sem þá starfaði hjá sýslumanninum í Reykjavík, og var góður vinur Ólafs Axelssonar. Eftir að Jakaból lagðist af fórum við í Æfingastöðina Engihjalla, sem Óli sterki átti hlut í. Eftir æfingar var oft farið á góðan stað og borðað.

Jóhann var á þessum tíma vel á sig kominn líkamlega og stundaði hlaup, sem þá var ekki komið í tísku. Einnig stundað hann siglingar reglulega. Sagði hann að bestu ár ævinnar hefðu komið upp úr fimmtugu.

Jóhann bar sterkan persónuleika. Ef ég fór á ráðstefnur eða aðrar samkomur á vegum lögmannafélagsins, brást ekki að alltaf myndast hópur í kringum Jóhann, þar sem málin voru rædd og farið var með góðlátlegt grín.

Einn af þeim sem komu reglulega á kaffistofuna til Jóhanns var Guðmundur Ingvi Sigurðsson lögmaður. Er Guðmundur Ingvi maðti var lögræðin ekki rædd, heldur önnur veraldleg mál. Farið var með ljóð og annan kveðskap, stundum blautlegan.

Eitt sinn er Guðmundur Ingvi var á kaffistofunni, var Jóhann byrjaður að setja saman vísu um Jón Steinar Gunnlaugsson lögmann. Var fyrri partur Jóhanns á þessa leið: Staðfastur er hann Jón Steinar og stendur við það sem hann meinar.

Gekk eitthvað erfiðlega hjá Jóhanni að klára vísuna. Bað hann okkur Guðmund Ingva um aðstoð. Varð seinni hluti okkar á þessa leið: Og líkurnar á, að hann falli því frá, eru sko alls ekki neinar.

Samþykkti Jóhann seinni hlutann og komst limra þessi á eitthvert flug um skeið og þótti eiga vel við.

Er Jóhanni þakkaður tíminn í Lágmulanum. Blessuð sé minning hans.

Steingrímur Þormósson.

Það er lífsgæfa að fá að vera innan um gott fólk. Ekki síst ef það er líka skynsamlegt og skemmtilegt. Jói Niels og skemmtilegt. Jói Niels var þannig fólk. Það var gæfa mín að fá að setjast við fótskór hans í júní 1993 og vinna undir leiðsögu hans að umfangsmiklum og mikilvægum verkefnum í mörg ár. Þetta var mitt framhaldsnám. Þolinmæði hans og lagni við að koma viti fyrir ungt fólk með öra lund var einstök. Þau okkar sem þess nutu búa að því síðan.

Jói var nefnilega áhrifavaldur. Þó ekki þess háttar áhrifavaldur sem birtir glannalegar myndir á samfélagsmiðlum og segir fólk til um megrunarmál. Hann var áhrifavaldur með því að það voru í hans tíð ekki mörg mál afráðin í hópi lögmanna án þess að ráðgjafar hans væri leitað. Ég man að stundum reyndi á þolinmæðina þegar við vorum í önnum og hann sat í miðjum storminum og átti löng símtöl við lögmenn úti í bæ til að leiðbeina þeim um þeirra mál. Auðvitað algveg ókeypis. Þegar ég var að nöldra út af þessu sagði hann ævinlega að það græddi enginn eins mikið á þessu og hann sjálfur. Sem er auðvitað algveg rétt. Svona var Jói og svona á maður að vera.

Þannig var Jói Niels fyrirmynd og leiðtogi. Hann var líka þróttamaður og kraftakarll. Hann hafði ríka kímigáfu og átti þess konar högværð og auðmýkt gagnvart verkefnum sínum og samferðamönnum sem aðeins djúpvirtur fólk hefur yfir að ráða. Það er verðugt markmið í lífinu að reyna að vera eins og hann. Ég er forsjóninni ævinlega þakklátur fyrir að hafa fengið að kynna Jóhanni H. Nielsynni.

Ástráður Haraldsson.

Haukur Kristinn Árnason

† Haukur Árnason fæddist 13. ágúst 1934 á Akureyri. Hann lést á Hjúkrunarheimilinu Eir 22. janúar 2024.

Foreldrar hans voru Árni Guðmundsson læknir, f. 3. desember 1899, d. 10. október 1971, og Ingibjörg Guðmundsdóttir húsfreyja, f. 2. apríl. 1907, d. 1. desember 1999. Systkini hans eru Guðmundur Örn, f. 18. júní 1930, d. 18. febrúar 2010, Þórunn, f. 11. júní 1941, d. 20. september 2011, og Svava, f. 22. maí 1948.

Haukur kvæntist fyrri konu sinni Aldís Þuríði Ragnarsdóttur 3. september 1960, þau slitu samvistir. Börn þeirra eru: 1) Sigurður Þórir, f. 28. mars 1963, maki hans er Oktavía Jóhannesdóttir, börn hans eru Hrafnhildur, f. 1990, maki Jason Ranes, Haukur Þór, f. 1995, og Gréta Björt, f. 1997. 2) Ingibjörg, f. 1. apríl 1969, gift Ingibóri Ásgeirssyni, börn þeirra eru Valtýr, f. 1990, Aldís Anna, f. 1995, maki Daníel Örn Arnarson, og Eyrún Eva, f. 1995.

Elsku pabbi minn, þau voru erfið sporin út af Eir að morgni manudags 22. janúar, daginn sem þú kvaddir okkur.

Í huga mér er hvað minnisstæðust sagan af fæðingu minni, hvernig öll fæðingardeildin hló af því ég fæddist skollött með kruga og lífandi eftirmynd þín. Á uppvaxtarárunum hafði ég ekki gaman af þessari sögu en á fullorðinsárum hefur hún orðið mér kær, ekki síst þegar ég eignaðist eftirmynd okkar í nafna þínum og afabarni.

Ég mun alltaf minnst hinna fjölmörgu samverustunda okkar og ótal ferða okkar saman upp í hesthús, á skíði, skauta eða í sund.

Ég man eftir ótal stundum þar sem þú kenndir mér hinar ýmsu íþróttir enda varstu lunkinn í þeim öllum. Sundið var okkar helsta íþrótt og er mér minnisstætt þegar þú sagðir við mig um níu ára gamla: „Daginn sem þú syndir hraðar en ég, þá verð ég orðinn gamall.“

Aldrei varðstu gamall, meira að segja hættir þú að syngja í kór eldri borgara af því þér fannst þú ekki orðinn nógu gamall til að syngja með þessu gamla liði, eins og þú orðaðir það.

Elsku pabbi minn, mikið finnst mér samt erfið að kveðja þig, að fá ekki að sjá þig meira og heyra rödd þína. En minning þín lifir um ókomna tíð. Það er þó huggun harmi gegn að vita að þú ert kominn aftur í Hellatung með hestunum þínum Blossa, Dreka og Ófeigi, foreldrum þínum, Völu, Guðna og ömmu á Akureyri.

Við kveðjum þig með tregans þunga tár sem tryggð og kærleik veittir líðin ár. Þín fórnarlund var fagurt ævistarf og frá þér eigum við hinn dýra arf. (Guðrún Jóhannsdóttir)

Þín dóttir, Valgerður Helga (Vala).

Leiðir okkar Hauks Árnasonar lágu fyrst saman í 5. bekk Barnaskóla Akureyrar, þegar hann kom ásamt Aðalgeiri Pálssyni í hóp „Arnarunganna“ – kennari var Örn Snorrason. Augljós áhrif skátastarfs með Tryggva Þorsteinssyni



Þann 27. ágúst 1983 kvæntist Haukur Guðrúnu Guðmundsdóttur, f. 7. janúar 1949, barn þeirra er Valgerður Helga, f. 19. október 1984, gift Atla Unnarssyni, börn þeirra eru Haukur Kristinn, f. 2010, Alexía Ösp, f. 2014, Árni Sveinbjörn, f. 2017, og Unnar Páll, f. 2017. Uppeldisdætur Hauks eru: 1) Guðrún Ólína Ágústsdóttir, f. 8. apríl 1968, gift Arnari Páli Michelsen, börn þeirra eru Ágúst Frank, f. 1991, giftur Camillu Holst, Elísa, f. 1993, maki hennar Þórir Már Guðnason, og Íris, f. 2001. 2) Ásta Ágústsdóttir, f. 18. janúar 1972, gift Halldóri Guðmundssyni, börn hennar eru Brynja, f. 1995, gift Heiki Orri Snorrassyni, og Guðrún, f. 2007. 3) Elísabet Ágústsdóttir, f. 30. júlí 1976, maki hennar er Gunnar Þór Guðmundsson. Haukur á sjö langafabörn.

Haukur ólst upp á Akureyri og varð stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri 1953. Hann lauk læknaprófi frá Háskóla Íslands 1961. Haukur

frá barnsaldri komu m.a. fram í áhuga okkar á fjallgöngum og jöklaferðum. Lengsta ferð menntaskólaáranna var vorið 1952, þegar við ásamt Aðalgeiri og Ólafi Hallgrímssyni gengum frá Bakkaseli yfir Öxnadalshéiði og gistum hjá nafna mínum á Silfrastöðum; þaðan inn Kjálka í veislukost og gistingu hjá Moniku á Merkigili. Lögðum svo á Nýjabæjarfjall (yfir 1.000 m) sunnan Tinnárdals. Gangan sóttist seint á fjallinu, skíðalausir, en lengst af snjór upp á miðja leggi; náðum að Villingadal í Eyjafirði eftir u.þ.b. 20 klst. ferð frá Merkigili.

Af MA-stúdentum 1953 fórum við, níu skólabræður, í læknisfræði. Sumarið 1955 gengum við Haukur ásamt Aðalgeiri úr Hörgárdal um Barkárdal, yfir Tungnahryggsgjökul til Hóla. Um páska sóttum við kraft til fjalla með göðum félögum; 1954 á Tindfjallajökul, 1955 á Fimmvörðuháls og í Þórsörk. 1956 vorum við sex á ferð (24.-29. mars), þrjár aðrir læknanemar, Eiríkur Sveinsson, Óli Björn Hannesson og Leifur Jónsson ásamt Magnúsi Hallgrímssyni verkfræðinema.

Þetta var göngu- og skíðaferð frá Gullfossi norður yfir Hofsjökul til Akureyrar. Gist var í Hvítárnesi og Kerlingarfjöllum. Þriðji áfanginn var langur og strangur, upp Blágnjúkjökul, norðaustur yfir hábungu jökulsins, tæplega 1.800 m, með stefnu austan Illviðrahjúka að Laugafellsskála. Þangað náðum við eftir um 80 km göngu í 23 klst., þar af um 40 km á jöklinum í niðarþoku.

Ferðabúnaður var 35-40 kg á mann, allt borið á bakinu. Eftir góða hvíld í Laugafelli var svo gengið niður í Eyjafjörð og ekið til Akureyrar.

Við vorum 12 sem lukum prófum í læknisfræði vorið 1961. Næsta ár réðum við Haukur okkur á FSA og fylltum þar þrjár stöður kandidata hjá Guðmundi Karli og Ólafi Sigurðssyni.

Fram undan voru sex ár í sérnámi erlendis. Fjallaferðum hefur farið fækkandi og lækkandi en vináttan haldist. Árið 2006 fórum við 50 ára afmælisferð yfir Hofsjökul í mesta jöklaðreka landsins, ICECOOL. Margt breytist, jöklarnir óðum að hverfa og að gamlingjum farið að sverfa.

MA-stúdentar '53 fögnuðu 70 ára afmælinu þann 15. júní síðastliðinn. Þar var Haukur mættur með Guðrúnu sinni. Nokkrir „Arnarungar“ hittust á kaffihúsi 4. janúar '24, níraðir á þessu ári. Þar var „skarð fyrir skildi“, Haukur ekki ferðafær. Nú er hann farinn í sína hinstu för og stefnir hátt.

Okkar innilegustu samúðarkveðjur til Guðrúnar og fjölskyldu.

hlaut almennt lækningaleyfi á Íslandi 1963 og 1968 í Svíþjóð og sérfræðingsleyfi í bæklunarskurðlækningum 1971.

Á árunum 1961-1963 starfaði Haukur sem læknir á ýmsum stöðum á Íslandi áður en hann hélt til Svíþjóðar í sérnámi í bæklunarskurðlækningum. Á árunum 1963-1971 var Haukur við störf og í sérnámi í Svíþjóð og Englandi. Sérfræðingur við slysadeild Borgarspítalans 1971. Árið 1980 sótti Haukur fyrstu alþjóðaráðstefnu um hjörgun sjúkra og slasaðra með þyrllu í München. Á árunum 1971-1973 starfaði Haukur sem stundakennari við Háskóla Íslands, hann var aðjunkt við læknadeild Háskóla Íslands frá 1975-1977 og lektor frá 1979. Meðan á læknanámi stóð var Haukur í ritstjórn Læknanamans frá 1959-1960. Á árunum 1985-2004 starfaði Haukur jafnt á slysadeild og bæklunardeild Borgarspítalans, en hafði einlægán áhuga á bráðatilfellum. Hann var ritari Félags íslenskra bæklunarlækna frá stofnun þess 1972-1985 ásamt því að sitja í stjórn læknaáðs Borgarspítalans frá 1973-1975. Haukur hafði mikinn áhuga á hvers konar útivist og var mikill stangveiði- og skotveiðimaður, skíða-, skauta- og hestamaður.

Útför Hauks verður gerð frá Bústaðakirkju í dag, 1. febrúar 2024, og hefst athöfnin kl. 13.

mann, allt borið á bakinu. Eftir góða hvíld í Laugafelli var svo gengið niður í Eyjafjörð og ekið til Akureyrar.

Við vorum 12 sem lukum prófum í læknisfræði vorið 1961. Næsta ár réðum við Haukur okkur á FSA og fylltum þar þrjár stöður kandidata hjá Guðmundi Karli og Ólafi Sigurðssyni.

Fram undan voru sex ár í sérnámi erlendis. Fjallaferðum hefur farið fækkandi og lækkandi en vináttan haldist. Árið 2006 fórum við 50 ára afmælisferð yfir Hofsjökul í mesta jöklaðreka landsins, ICECOOL. Margt breytist, jöklarnir óðum að hverfa og að gamlingjum farið að sverfa.

MA-stúdentar '53 fögnuðu 70 ára afmælinu þann 15. júní síðastliðinn. Þar var Haukur mættur með Guðrúnu sinni. Nokkrir „Arnarungar“ hittust á kaffihúsi 4. janúar '24, níraðir á þessu ári. Þar var „skarð fyrir skildi“, Haukur ekki ferðafær. Nú er hann farinn í sína hinstu för og stefnir hátt.

Okkar innilegustu samúðarkveðjur til Guðrúnar og fjölskyldu.

Jóhann Lárus Jónasson og Hlaðgerður Laxdal.

Þegar ég er í nauðum staddur ákalla ég þig því að þú bænheyrir mig.

Sálm. 86.7

biblian.is

Nýrnafélagið
Minningarkort
fæst á nyra.is eða í síma 561 9244

†

Ástkær faðir minn, tengdafaðir og afi,

BALDUR HJÖRLEIFSSON
sjómaður frá Hrísey,
Hrísmóum 1, Garðabæ,

lést föstudaginn 12. janúar.
Útför fer fram frá Seljakirkju þriðjudaginn 6. febrúar klukkan 13.

Lára Baldursdóttir Óskar Örn Pétursson
Baldur Ingi Óskarsson
Elin Ýrr Óskarsdóttir



†

Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

GUÐRÚN LAUFEY MAGNÚSDÓTTIR
bóndi, Kaldárholti,

lést á Dvalarheimilinu Grund í Reykjavík 13. janúar. Útför hennar fer fram frá Hagakirkju í Holtum í Rangárvallasýslu laugardaginn 10. febrúar klukkan 13.

Sigurleif Kr. Sigurþórsdóttir Mátur Jóhannesson
Helga Gísladóttir Reynir Pálmason
Þorbjörg Gísladóttir barnabörn og barnabarnabarn



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

GÍSLI HINRIK SIGURÐSSON,
Garðheimum,

lést í faðmi ástvina á Hrafnistu við Brúnaveg þriðjudaginn 16. janúar. Jarðarförin fer fram í Digraneskirkju mánudaginn 5. febrúar klukkan 13. Starfsfólki Mánateigs, Hrafnistu, eru færðar alúðarpakkir fyrir umönnun og hlýju.

Jónína Sigríður Lárusdóttir
Sigurður Björn Gíslason Sæunn Þórisdóttir
Kristín Helga Gísladóttir Sigurður Einar Þorsteinsson
Olga Björney Gísladóttir Davíð Gunnarsson
Jóna Björk Gísladóttir Jens Sigurðsson
barnabörn og barnabarnabörn



†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

GUÐBJÖRN JÓHANSSON
sjómaður,

lést á líknardeild Landakots 26. janúar. Útför fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 7. febrúar klukkan 15. Blóm og kransar eru vinsamlega afþökkuð en þeim sem vildu minnst hans er bent á Slysavarnafélagið Landsbjörg.

Katrín Björg Sólrúnardóttir Víðir Orri Hauksson
Atli Jóhann Guðbjörnsson
Ásgeir Ævar Guðbjörnsson Sjófn Pálsdóttir og barnabörn



†

Elsku bróðir minn og faðir okkar,

GUÐJÓN MÁR VALDIMARSSON
Svíþjóð,
síðast til heimilis á Sléttuvegi 11,
Reykjavík,

lést á Landakoti sunnudaginn 7. janúar.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Páll Vídalín Valdimarsson
og börn hins látna



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

GYLFI KNUDSEN
lögfræðingur,

lést á Landspítalanum Fossvogi 29. janúar.
Útför verður auglýst síðar.

Guðrún Kristjónsdóttir
Sigurbjörn Knudsen
Kristjana Knudsen Guðmann Ólafsson
Haldór Knudsen Ingibjörg R. Hauksdóttir og barnabörn





Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar og bróðir,

JÓN HALLFRED ENGLBERTSSON
Sundstræti 32,
Ísafirði,

lést á Landspítalanum 30. janúar.

Helga S. Snorraddóttir
Snorri Sigbjörn Jónsson
Kristín Harpa Jónsdóttir
og systkini hins látna



Elskuð móðir, amma, langamma og systir,

BIRNA ÁSMUNSDÓTTIR OLSEN

lést á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu í Hafnarfirði þriðjudaginn 23. janúar. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 5. febrúar klukkan 13.

Guðrún H. Jónsdóttir
Guðrún Birna Jakobsdóttir
Ásrún Á. Olsen
Viðar Á. Olsen
Gunnlaugur Már Olsen
og barnabarnabörn



Yndisleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

ÁSTA JÓNÍNA SVEINBJÖRNSDÓTTIR
Dalbæ á Dalvík,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri laugardaginn 27. janúar. Hún verður jarðsöngin frá Dalvíkurkirkju laugardaginn 3. febrúar klukkan 13.00.

Valgerður Gunnarsdóttir
Jóhann Gunnarsson
Hulda S. Gunnarsdóttir
Edda Gunnarsdóttir
barnabörn og langömmubörn



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

SVEINN FRÍMANNSSON
skipasmiðameistari,
Grundartanga 1,
Mosfellsbæ,

lést miðvikudaginn 24. janúar. Útför verður frá Guðriðarkirkju fimmtudaginn 1. febrúar klukkan 15.

Elisabet Kristjánsdóttir
Sigrún Sveinsdóttir
Frímánn Sveinsson
Heiða Helgadóttir
Kjartan Sveinsson
og barnabörn



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

ARNDÍS HELGADÓTTIR
Hagamel 51,
Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans föstudaginn 26. janúar. Útför hennar fer fram frá Nes Kirkju föstudaginn 9. febrúar klukkan 13.

Sigurður Þorláksson
Hjördís Sigurðardóttir
Haukur C. Benediktsson
Arnar, Bjarni og Helgi



Haukur Ágústsson

† Haukur Ágústsson fæddist í Reykjavík 3. nóvember 1937. Hann lést að heimili sínu, Galtalæk á Akureyri, 15. janúar 2024.

Foreldrar Hauks voru Ágúst Jónsson vélstjóri í Reykjavík, f. 1.5. 1901, d. 5.7. 1976, og Guðbjörg Helga Vigfúsdóttir húsfreyja, f. 10.4. 1913, d. 7.1. 1969. Systir Hauks er Katrín Helga Ágústsdóttir, f. 11.8. 1939, gift Stefáni Halldórssyni. Þau eiga tvö börn.

Haukur kvæntist 11.7. 1970 Hildu Torfadóttur, f. 26.10. 1943, d. 8.10. 2019, kennara og talmeinafræðingi. Foreldrar Hildu voru Torfi Jónsson lögreglumaður og Ragnhildur Helga Magnúsdóttir, húsfreyja og kennari.

Sonur Hauks og Hildu er Ágúst Torfi Hauksson, f. 31.5. 1974, kvæntur Evu Hlín Dereksdóttur. Dætur þeirra eru Ragnhildur Edda, Bryndís Eva og Hilda Kristín.

Haukur gekk í Menntaskólann á Laugarvatni og útskrifaðist þaðan árið 1959. Hann lauk guðfræðiprófi árið 1968, prófi í uppeldis- og kennslufræðum 1970 og

kennaraprófi frá Tónlistarskóla Reykjavíkur árið 1977, auk þess að sækja ýmis námskeið erlendis.

Haukur vann ungur að árum meðal annars við sildveiðar, sem dagmaður í vél og sem vélamaður í vegavinnu á námsárum sínum. Hann starfaði sem kennari á Patreksfirði 1959-1960 og við Langholts-skóla í Reykjavík 1962-1971. Hann var veðurathugunar- og öðrum menningarviðburðum. Haukur var ritstjóri *Súlna*, *Rits Sögufélags Eyjafjarðar*, 2005-2012. Haukur samdi fjölda laga og söngleikja sem fluttu voru bæði af börnum og kórum sem hann stjórnaði. Þekktustu verkini voru *Litla Ljót*, sem gefin var út á hljómplötu og tekin upp fyrir sjónvarp, *Poppmessa*, *Kristniþáttur* og *Helgileikur*. Hann gaf einnig út skáldsögu og þýddar bækur. Haukur var sæmdur *riddarakrossi Hinnar íslensku fálkaorðu* árið 2017 fyrir störf sín að menningar- og menntamálum. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju í dag, 1. febrúar 2024, klukkan 13.



Tengdafaðir minn Haukur Ágústsson kvæddi okkur þann 15. janúar. Hann fékk ósk sína uppfyllta um að kveðja þennan heim á Galtalæk, heimili sínu, og þó að okkur hafi þótt hann fara of snemma þá hafði hann sagt okkur oftar en einu sinni að hann væri sáttur. Hann mátti líka vera það. Fyrstu árin mín með Ágústi Torfa komum við oft norður til foreldra hans og þá var Haukur enn kennari við VMA. Hann lagði mikinn metnað og tíma í kennsluna og því kynntist ég honum ekki af alvöru fyrr en hann hætti að kenna og fór á eftirlaun. Þau hjónin fluttu inn á Galtalæk fyrir 24 árum og þá komum við Ágústi Torfi til að aðstoða þau við flutningana. Eitt af því sem við gerðum var að sækja fornþilana, sem þeir feðgar áttu í geymslu hingað og þangað, og flytja þá inn á Galtalæk. Ég sat þá með Hauki í Scout-jeppanum hans, en Ágústi Torfi sat í einhverjum bremsulitlum fornþilnum sem við drógum. Haukur var virðulegur lífsreynður kennari og prestur og hann sá því að mestu um spjallið í þessum ferðum okkar og ég hlustaði. Mér er sérstaklega minnstætt þegar hann sagði mér að hann skildi ekki hvað hann hefði gert til að njóta slíkrar gæfu að eignast bestu eiginkonuna og besta soninn sem nokkur gæti hugsað sér. Þetta samtal hafði mikil áhrif á mig en ég lærði síðar að þetta sagði Haukur ansi oft því hann var þakklátur fyrir fólkið í kringum sig og það var honum mjög ofarlega í huga. Hann notaði hvert tækifæri til að hrósa fólki og reyndi ávallt að hvetja fólk áfram, hvort sem það var í umsögnum hans um menningarviðburði, í kennslustofunni eða í spjalli við eldhúsbörðið, nú eða í bítturum á Scout-jeppa.

Nú í seinni tíð hafði hann mikinn áhuga á því hvað við fjölskyldan værum að gera eða skipuleggja. Honum fannst alltaf áhugavert að heyra af ferðalögum okkar, hvort sem það var dagsbítur eða lengri utanlandsferð, og hvatti okkur til að njóta tímans með dætrum okkar. Þegar sonardæturnar fóru að hafa aldur til að spjalla við afa sinn spurði hann þær út í áhugamál, námið og vinina og hann var óspar á hrós og hvatningu. Maður sá það í brosi hans þegar hann spjallaði við þær hvað hann var stoltur af því að vera afi þeirra og sjá þær þroskast og dafna, og hann var líka duglegur að segja þeim það. Við skírnum þeirra allra orti hann til þeirra ljóð sem hann skrifaði niður og setti inn í Biblíur sem hann gaf þeim. Í dag eru þessi ljóð meðal margra dýrmættra minninga um hjartahlýjan og hæfileikaríkan föður og afa.

Hans er sárt saknað en við kveðjum hann þakklát.

Eva Hlín Dereksdóttir.

Haukur, kærri bróðir.

Nú er okkar samfylgd svo snögglega lokið. Þú sem aldrei varðst veikur og varst kletturinn í lífi mínu. Margt er að minnst frá æviskeiði okkar og æskuár- um sem ég minnst nú í fáeinum orðum.

Á Njálsgötu 35, Laugateig 18 og ekki síst í sumarþústaðnum sem pabbi byggði árið 1942 við Súluholti í Flóa þar sem Vilborg systir hans bjó. Þar dvöldum við með mömmu sumarlangt fyrstu árin okkar.

Þabbi var í siglingum hjá Eimskip og var því langdvöldum að heiman. Hugurinn reikar til þessa tíma þegar við lékum okkur í móanum kringum húsið með leggi og kjálka sem við höfðum fyrir búfé. Seinna lékum við okkur með litla bíla sem pabbi keypti handa okkur. Við ristum þúfurnar sundur til að leggja vegi og byggðum brýr úr spýtum. Helguðum okkur þúfur og þjuggum rausnarbúi.

Þú varst hugmyndasmiðurinn. Já, þú varst góður í að finna upp leiki og þrautir fyrir okkur að fást við.

Síðar gerðist þú snúningadrengr á búinu og ég fékk að elta þig við að reka kýrnar í haggann og sækja. Ná í brúkshestana þegar þess var þörf. Við höldum á beislinu fyrir aftan bak og læddumst að þeim, þeir voru stýggir. En að lokum leyfðu þeir okkur að ná sér. Svo voru ýmsir aðrir snúningar sem féllu til. Ekki mikil tími

burði á Norðurlandi um langt skeið bæði í dagblaðinu *Degi* á Akureyri og öðrum miðlum.

Haukur starfaði mikið að félags- og menningarmálum. Hann var í æskulýðsnefnd *Þjóðkirkjunnar* og sýslunefndarmaður í *Norður-Múlasýslu* 1974-1978. Hann var söngstjóri *Samkórs Vopnafjarðar* 1972-1980 og *Árnesingakórsins* í Reykjavík 1977. Haukur stundaði dagskrárgerð fyrir *Ljósavakmiðla* um trúfræðslu og með frumsömu efni. Hann var formaður *Menningarssamtaka Norðurlands*, 1986-1992 og stóð fyrir útgáfu blaðs, *skemmtidagskrám* og öðrum menningarviðburðum. Haukur var ritstjóri *Súlna*, *Rits Sögufélags Eyjafjarðar*, 2005-2012.

Haukur samdi fjölda laga og söngleikja sem fluttu voru bæði af börnum og kórum sem hann stjórnaði. Þekktustu verkini voru *Litla Ljót*, sem gefin var út á hljómplötu og tekin upp fyrir sjónvarp, *Poppmessa*, *Kristniþáttur* og *Helgileikur*. Hann gaf einnig út skáldsögu og þýddar bækur.

Haukur var sæmdur *riddarakrossi Hinnar íslensku fálkaorðu* árið 2017 fyrir störf sín að menningar- og menntamálum.

Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju í dag, 1. febrúar 2024, klukkan 13.

til að leika sér í önnum dagsins í sveitinni.

Við dvöldum oft langtímum saman hjá frænku og fjölskyldu hennar. Afi og amma dvöldu þar, eins sagt var í þá daga, í horninu hjá dóttur sinni og tengdasyningu Guðmundi. Það var fjölmennt við matarborðið hjá Vilborgu. Við nutum dvalarinnar hjá þeim og þar var aldrei hallað orði en ef eitthvað var ekki rétt var bent á og leiðbeint. Við lærðum að virða landið, dýrin, heyskapinn og að gera það sem gera þurfti.

Á þessum árum voru komnar hestaslátuvélar. En orfið, ljárin og hrifan voru enn í fullu gildi. Heyið var reitt heim á hestum af engjunum. Já, mikið hefur breyst síðan þá með tækninni.

Barnaskóla- og frámhaldsnám sóttum við í Reykjavík en þú laukst stúdentsprófi frá Laugarvatni. Vannst við kennslu, gerðist prestur, skólastjóri og svo kennari aftur, meðal annars við Verkmenntaskólann á Akureyri. Á þeim árum varst þú frumkvöðull í fjarkennslu og þótti sú aðferð við að koma þekkingu áfram til nemenda mikil nýlunda. Sú tækni hefur síðan rutt sér til rúms í skólakerfinu og víðar. Mörgu fleiru komst þú að á þínum ferli og áhugasviðin lágu víða.

Það var alltaf gott að renna í heimsókn til þín og Hildu og njóta góðra stunda sem og að fá ykkur í heimsókn. Ræða heimsmálin og skemmtileg nýbreytni og bætti bæjarlífið.

Nú er Haukur Ágústsson allur, ljósinn á Galtalæk slökkt. Ég sendi fjölskyldu hans innilegar samúðarkveðjur.

Bernharð Haraldsson.

Síra Haukur var í báðar ættir afkomandi Jóns yngra Bjarnasonar, bónda og hreppstjóra á Vindási í Landmannahreppi, og konu hans, Ástríðar Jónsdóttur í Bolholti Þórarinnssonar. Var Jón yngri sonur Bjarna Halldórssonar hreppstjóra á Víkingaslæk, ættföður Víkingaslækjarættar, og Guðriðar Eyjólfsdóttur frá Reyðarvatni. Jón Þórarinnsson var ættfaðir Bolholtsættar; lifði einn af 10 systkinum í Stórubólu. Kona hans var Guðrún Auðunsdóttir frá Austur-Sámsstöðum í Fljótshlíðarhreppi. Af Bolholtsætt er komin Langholts- og Birtingaholtsætt.

Það fæðast ekki allir með þeirri vöggugjöf að vera af slíkum stofni. Ættarmark á niðjum þessa fólks er oflega skýrt; sést ósjaldan svipur með sex- og sjömenningum, þótt kallaðir séu lítt skyldir. Ættfræðingur íslenskur mun hafa



Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441



ÚTFARARSTOFA
ÚTR
REYKJAVÍKUR

Víð andlát
ástvínar
Nærgætni,
hlíja
og virðing

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is

Þjónusta allan sólarhringinn
Áratuga reynsla við útfararþjónustu

rakió spékopp í hægri kinn aftur um 400 ár. Um síra Hauk gílti, að hjá honum fóru saman miklir hæfileikar með viti og hreinu hjarta.

Vilmundur landlæknir lét svo ummælt, að besta læknislyfið væri að láta sér aldrei verk úr hendi falla. Óhætt er að segja um svo vinnusaman mann og Hauk Ágústsson, að honum féll aldrei verk hendi firr, enda afrekaði hann margt og mikið um dagana og var löngum við góða heilsu.

Síra Haukur var vinfastur; missti aldrei sambandið við neinn. Síma- og frímerkjakostnaðurinn hlýtur að hafa verið tilfinnanlegur, að ekki sé talað um tíma og fyrirhöfn. Og aldrei nema ágætt að fréttu; alltaf gott veður á Akureyri.

Frú Hilda var annáluð dugnaðar- og atorkukona. Þegar þau hjón stækkuðu við sig fóru þau búnaði sínum af Gilsbakkaveginum að Galtalæk, býlinu, sem blasir við ferðalangnum upp í fjallshlíðinni, þegar stigið er út úr flugvélinni á Akureyrarvelli. Því sem áður var fimm tíu kúa fjós breyttu þau í glæsilegar stásstofur og tónleikasal með flygl og öllu saman. Þau höfðu sinn kontórinu hvort, og voru áður mjólkurhús og fódur-geymsla; þurfti háan stiga til þess að komast í efstu bókahillurnar. Bílskur hjónanna var heyllaða fólksins sem átti þarna heima á undan þeim.

Meðal þess sem haft var í árbít á Galtalæk var hræringur að forn- um síð; þá er skýri og hafragraut blandað saman; þetta var dásamlegt og óviðjafnanlegt hnossgeði, enda hafði síra Haukur látið skýrið súrna í búrinu um tveggja mánaða skeið, áður neytt var.

Á Akureyri verða veitingahúsin viðhafnarlegri en í flestum stöðum og aldrei brást, að gestir fengu voldugan skatt á einhverju þeirra, er degi tók að halla. Einn sinni ók síra Haukur gistivinum sínum meira að segja alla leið til Húsavíkur. Þá var farið yfir Vaðlaheiði og fram hjá hefðarsetrinu Grenjaðarstað, þar sem dr. Einar heitinn Sigurbjörnsson

var dregur í sveit hjá prestinum, og bóndagarðinum Laxamýri, þar sem borinn var í þennan heim Jóhann skáld, sem kvaðst í ljóði vera fæddur úti á eyðiskaga, en krjúpa að knjám fátæku lífi og grípa geisla þess fórnandi höndum.

Með söknuði er síra Haukur kært kvaddur og Guð bedinn að unna honum ásamt oss á efsta degi upprisu lífsins og ævinlegs fagnaðar í ríki sínu. Guð blessi minningu hans og oss öll sem syrgjum. Guð gefi alla himneska blessun og náð, bæði hér og í komandi heimi.

Gunnar Björnsson
pastor emeritus.

Með tímans þunga nið hverfa vinirnir einn af öðrum og nú hefur kvatt einn af bestu vinum okkar, Haukur Ágústsson. Kynni okkar hófust þegar hann tók við skólalastjórastöðu á Laugum í Reykjadal og þau hjónin settust þar að. Þá var Ágúst Torfi ungur að árum. Haukur og Hilda, Hilda og Haukur, voru ávallt nefnd í sama orðinu. Þegar þau svo fluttu til Akureyrar átti kunningskapurinn eftir að eflast enn frekar. Haukur og Völundur náðu mjög vel saman og nánast í hverri Akureyrarferð var komið við hjá þeim hjónum á Gilsbakkaveginum. Síðar festu þau hjón kaup á Galtalæk og komu sér vel fyrir þar. Gríðarmikið bókasafn Hauks sómdi sér vel í stórri bókastofu. Í aðalrýmiinu var svo flygill Hauks sem hann lék á og söng með þegar svo horfði, ekki síst negrasálma. Hann söng mér til heiðurs á 70 ára afmæli mínu í Ýdölum við góðar undirtektir. Eftir Hauk liggur fjöldi leikrita, söngleikja, sönglaga og sálma. Á Galtalæk voru líka haldnir tónleikar af ýms- um toga, margt listafólk kom þar að með söng og hljóðfærslætti.

Haukur var einnig umhyggjusamur eiginmaður, en eftir að sjúkdómur Hildu ágerðist varð erfiðara að sinna henni. Allt fram á síðasta ár hennar hugsaði hann þó um hana af mikilli natni og þrautseigu þar til hún

flutti á Hlíð þar sem hún lést sama haust 2019. Ég hef engar forsendur til að telja upp allt það sem Haukur tók sér fyrir hendur á lífsleiðinni, en þar á meðal var hann sóknarprestur í Hofsprestakalli í Vopnafirði frá 1972-1980. Fjölróðari og víðlesnari mann en Hauk veit ég ekki, það var nánast alveg sama upp á hverju var bryddað, alltaf var hægt að fræðast meira og betur. Áður en maður vissi af var gjarnan spjallað í 1-2 klukkustundir og meðan Völundur lifði fylgdi því ávallt svoltill vindlakeimur. Allt fram á síðasta dag sat hann lengi dags við tölvuna og fylgdist með fréttum víðs vegar að úr heiminum. Það verður undarlegt að geta ekki tilkynnt sig í kaffi í Galtalæk þegar maður er á ferðinni. En allt er í heiminum hverfult og nú er þessum kafla lokið og það ber að þakka á sinn hátt.

Ágúst Torfi og fjölskylda, Katrín og Stefán, innlegar sam- úðarkveðjur.

Halla Lovísa.

Nú þegar Haukur Ágústsson er fallinn frá rífast upp hjá mér kærar minningar. Leiðir okkar lágu fyrst saman í guðfræðideild Háskóla Íslands. Hann kom í deildina með dálitlum hvelli því hann tók fyrri hluta guðfræðinámnsins utan skóla. Mér er ógleymanlegt þegar hann gekk að prófborði í munnlegu prófi hjá prófessor Birni Magnússyni. Þá stóð Björn upp, kynnti sig með nafni, rétti Hauki höndina og bauð hann velkominn. Þeir voru þá að sjást í fyrsta skipti. Haukur tók prófið og náði því. Ég hygg þetta nánast einstakt og segir nokkra sögu af Hauki. Sjálfstraustið var öruggt, viljinn einbeittur og markið skýrt. Vel getur verið að þarna hafi farið að gerjast í honum áhugi hans á fjar- kennslu en á því sviði varð hann frumkvöðull er hann skipulagði og kom á fót fjarkennslu við Verkmenntaskólann á Akureyri og hlaut riddarakross fyrir frum- kvæði sitt.

Haukur var kennari og tón- menntakennari og samdi texta og tónlist við fjölmörg lög og söngleiki. Þekktasti söngleikur hans var sennilega Litla ljót sem gefin var út á hljómdiski 1969. Á árunum 1968-1970 sat hann í nefnd fyrir æskulýðsdag þjóð- kirkjunnar og samdi þá sérstaka og framsækna guðspjónustu í tilefni af æskulýðsdeginum 1969. Hann samdi sjálfur allt mál og tónlist og kallaði Dægurtíðir. Haukur lék undir og stjórnaði kórum og söngvum. Þetta var frábærlega vel gert hjá honum og sum laganna úr þessu verki voru sungin áfram í barnastarfi kirkjunnar. Ég nefni þar lagið: Ó leið mig þá leið sem prentað var í söngbókinni Í lífi og leik. Dægurtíðir voru verðug tilraun Hauks til að ná til breiðari hóps fólks sem þá hafði annan smekk fyrir tónlist og messuflutningi. Verkið var flutt tvisvar í Háteigskirkju fyrir fullu húsi og síðan í útvarpi á skírdag. Flytj- endur með Hauki voru ungt fólk og hafði ég þar hlutverk. Einnig var í þeim hópi Hilda Torfadóttir er síðar varð eiginkona Hauks.

Ekki er þó svo að skilja að Haukur hafi ekki haft áhuga á sigldri messu. Sigurður Pálsson vígslubiskup hélt fram sigildum gömlum messusöng og gaf út bók með honum árið 1972. Það var sérstakt við þessa bók að í henni voru tveir messusöngvar. Tónlistin við þann síðari frum- saminn af Hauki Ágústssyni. Mik- ill aldursmunur var á höfundum bókarinnar og enn meiri aldurs- munur á tónlistinni.

Síðar á ævinni lágu leiðir okkar Hauks aftur saman er við þjónuðum báðir við útför Vig- fúsar Jónssonar oddvita, sem var þekktur borgari á Eyrar- bakka en hann var föðurbróðir Hauks.

Ég færi fram mínar hjartans þakkir fyrir mjög góð kynni og ánægjulegt samstarf á löngu liðnum árum.

Guð blessi Hauk Ágústsson, minningu hans og alla ástvini.

Úlfar Guðmundsson.



†

Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og systir okkar,

PÓRUNN KRISTINSDÓTTIR,
Bólstaðarhlíð 45, Reykjavík,

lést á heimili sínu mánudaginn 22. janúar. Útför hennar fer fram frá Laugarneskirkju föstudaginn 2. febrúar klukkan 10.30.

Gunnar Garðarsson Yan Xingqiao
Pórdís Kristinsdóttir Gunnar Kristinsson
Jóhann Kristinsson
og barnabarn



†

Okkar heittelskaða móðir, amma, langamma, systir, vinkona og frænka,

GERÐUR TÓMASDÓTTIR
Vogatungu 103,
Kópavogi,

lést í faðmi fjölskyldunnar á Landspítalanum fimmtudaginn 25. janúar. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu miðvikudaginn 7. febrúar klukkan 13.

Anna Margrét Sveinsdóttir
Halldór Sveinsson
Páll Sævar Sveinsson
barnabörn barnabarnabörn
makar, vinir og ættingjar



†

Elsku besta mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,

HERBORG HALLDÓRA
HALLDÓRSDÓTTIR
fjármálastjóri,

er látin. Útförin fer fram frá Garðakirkju föstudaginn 9. febrúar klukkan 15. Blóm afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á hjúkrunarheimilið Grund.

Haldóra Hreggviðsdóttir Árni Geirsson
Þráinn Valur Hreggviðsson Hugrún Gunnarsdóttir
Snorri Hreggviðsson Olga Björk Guðmundsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn

Elín Ellertsdóttir

† Elín Ellerts- dóttir var fædd í Reykjavík 20. febrúar 1928. Hún lést á Skógarbæ, Hrafnistu, 21. janúar 2024.



Foreldrar hennar voru Ellert Kristinn Magnússon byggingameistari, f. 1.5 1897, d. 8.2. 1974, og Guðrjúður

Þorkeldsdóttir húsfreyja, f. 11.11. 1900, d. 29.10. 1987. Elín var elst fimm systkina: Guðrún Ellerts- dóttir, f. 15.11. 1930, maki Guð- jón Guðmundsson, f. 7.6. 1931, d. 28.2. 2023. Ásgeir B. Ellertsson, f. 20.5. 1933, d. 22.6. 2021, maki 1) Guðlaug Ragnarsdóttir, f. 11.5. 1940, d. 18.8. 1999, 2) Erika Urbancic, f. 9.5. 1945. Þorkell Steinar Ellertsson, f. 10.7. 1939, d. 7.5. 2018, maki 1) Guðrún Bjartmarsdóttir, f. 3.7. 1939, d.

13.9. 1988, 2) Hildur Sigurðardóttir, f. 26.4. 1961. Magný Ellertsdóttir, f. 21.4. 1942, maki Jóhann Gíslason, f. 3.9. 1934, d. 8.2. 2014. Þann 20. septem- ber 1957 giftist Elín eftirlifandi eigin- manni sínum, Paul Jóhannsson, f. 8.9. 1929, í Strö kirke

í Danmörku. Þau eignuðust þrjár dætur: 1) Guðrún Edda Paulsdóttir, f. 10.4. 1958, maki Benedikt Ólafsson (þau skildu). Þeirra börn eru Stefán, f. 10.2. 1986, m. Sandra Micalsdóttir, f. 12.6. 1991, og Ásdís Edda, f. 2.6. 1988, maki Johan Nord- gren, börn þeirra Alfred Dreki Ásdísarson Nordgren, f. 10.1. 2020, Astrid Edda Ásdísar- dóttir Nordgren, f. 22.3. 2022. 2) Steinunn J. Paulsdóttir-

Jenkins, f. 1.12. 1959, maki Roy Jenkins og þeirra börn Daniel Royson Jenkins, f. 28.6. 1986, m. Lia Ioanniti, f. 4.2. 1985; Oliver Danielson Jenkins, f. 15.8. 1987; Hanna Elisabeth Roysdóttir Jenkins, f. 5.4. 1988, m. Luke Anthony Merivale, f. 15.1. 1985, börn þeirra Elsie Jane Merivale, f. 26.3. 2021, og Con- stance Hazel Merivale, f. 28.11. 2023; Sarah Irene Jenkins, f. 5.10. 1990, m. Jared Csoke, f. 15.8. 1989. 3) Ásdís Paulsdóttir, f. 13.4. 1965, m. Emil Kárason (þau skildu), þeirra synir: Páll Emil Emilsson, f. 12.2. 1993, Þorgrímur Kári Emilsson, f. 27.7. 1994, m. Silvíja Kucerová, f. 29.4. 1994, og Matthías Gauti Emilsson, f. 20.1. 2000.

Elín útskrifaðist sem hjúkrunarfræðingur í mars 1953. 1956 hélt hún utan til framhaldsnáms í skurðhjúkrun í Svíþjóð. Þar kynntist hún manni sínum Paul sem var vélfræðingur. Í Svíþjóð bjuggu þau í Västerås og eignuðust

þar dætur sínar þrjár. 1974 dró Ísland þau aftur heim og þau settust að í Garðabæ því þangað mátti flytja með hundinn Eddie. Eftir veikindi stuttu eftir heimkomu var ljóst að hún gat ekki lengur unnið sem skurðhjúkrunarfræðingur og hóf því störf sem kennari og kenndi sjúkraliðum við Fjölbrotaskólann í Breiðholti, kennararéttindi hlaut hún 1982. Hún saknaði alltaf hjúkr- unarinnar og 65 ára fór hún í framhaldsnám í öldrunarhjúkr- unarfræði í Växjö í Svíþjóð einn vetur og vann svo næstu tíu ár á Hrafnistu.

Elín söng mikið og var m.a. í tveimur kirkjukórum. Hún var virk m.a. í Kristniðs- sambandinu, KFUK, Gideon og Norræna félaginu. Elín og Paul voru stofnfélagar Íslensku óperunnar og Söngskólans í Reykjavík.

Útför Elínar fer fram í Digra- neskkirkju í dag, 1. febrúar 2024, klukkan 13.

og endalaus gleði í minningunni. Eftir því sem við eltumst fengum við að kynnast henni betur og því sem hún vildi standa fyrir. Hún hafði áorkað svo miklu, menntað sig, ferðast og eignast fjölskyldu. Hún bjó yfir ótrúlegum dugnaði og kjarki og lét aldrei neinn bilbug á sér finna. Hún átti mikla hlýju að gefa og samkennd sem við fengum sannarlega að reyna.

Þegar fjölskylda okkar gekk í gegnum mikla erfiðleika stóð hún með okkur eins og klettur, hún var móður okkar eins og systir, hún umvafði okkur öll og um leið eignaðist hún enn stærri sess í hjörtum okkar. Elín og Paul mættu í allar þær veislur sem fjölskyld- an hélt, afmælisboð og viðburði hjá börnunum okkar, því Elín

var ræktarsöm með eindæmum. Elín var frænkan sem hélt utan um stórfjölskylduna, hún opnaði heimili sitt og hélt jólaboð fyrir stórfjölskylduna um áratugaskeið. Í þeim veislum var gengið í kring- um jólatréð, Paul tók frægu „rak- ettuna“ og stórfjölskyldan hopp- aði og líkti eftir froskum og söng hástöfum „Smá gradorna“. Öll börnin fengu poka með góðgæti og Elín bauð upp á sína frábæru ís-lagtertu, sem í okkar fjölskyldu var alltaf kölluð góða tertan hennar Elínar. Þessari hefð höfum við systkinabörnin viðhaldið þar sem hist er árlega í jólaboði stórfjöl- skyldunnar.

Þegar árin færðust yfir gerðu minnisglöp vart við sig og þar kom að hún þekkti okkur ekki. Hún

hvarf á vit alzheimersjúkdóms- ins sem er svo miskunnarlaus og harður. En alltaf var hún glöð þegar hún fékk gesti, þá hló hún og lék við hvern sinn fingur. Og hún var mikill sælkeri og fannst gott að fá súkkulaði. Paul, hennar trúfasti eiginmaður, stóð við hlið hennar og á miklar þakkar skildar.

Elín var einstök kona, yndisleg manneskja og mikið þótti okkur vænt um hana. Við erum þakklát- ar fyrir allt það sem hún var okkur.

Elsku Paul, Guðrún, Steinunn, Ásdís og fjölskyldur. Við færum ykkur okkar innilegustu sam- úðarkveðjur og þökkum af hjarta fyrir lióna samfylgd. Minningin um góða frænku lifir.

Guðlaug Helga, Steinunn og Ragnhildur.

ÚTFARARSTOFA
ÍSLANDS síðan 1996

Auðbrekku 1, 200 Kópavogi

ALÚÐ VIRÐING TRAUT REYNSLA

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

Sólarhringsþjónusta | S: 581 3300 eða utforin@utforin.is

 Sverrir Einarsson Útfararstjóri S: 896 8242	 Jón G. Bjarnason Útfararstjóri S: 793 4455	 Jóhanna Eiríksdóttir Umsjón útfara	 Guðmundur Örn Jóhannsson Frankvændastjóri Umsjón útfara S: 862 0537
--	---	--	--

ÚTFARARSTOFA
HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is | Dofrahellu 9b, Hafnarfirði | s: 565 5892



ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNI

Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



Elskuleg sambýliskona mín, systir og mágkona,

HILDUR HELGADÓTTIR,

lést 9. janúar á Hjúkrunarheimilinu Hlíð á Akureyri. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Bestu þakkir til starfsfólks Hlíðar svo og til starfsfólks Héraðsjúkrahúss Sauðárkróks, deild 5, fyrir einstaka umönnun Hildar.




Dagnýr M. Marinósson
Jóhanna Bryndís Helgadóttir Kristján Óli Andrésen



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

JÓNÍNA JÓHANNSDÓTTIR,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund þriðjudaginn 16. janúar. Útförin fer fram í Grafarvogskirkju föstudaginn 2. febrúar klukkan 13.



Jóhann Úlfarsson Halldóra Viðarsdóttir
Logi Úlfarsson Brynja Vermundsdóttir
Ingibjörg Úlfarsdóttir Andri Þór Steingrímsson
og fjölskyldur



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

ANNA GUÐMUNDS

lést á heimili sínu í Spóahólum sunnudaginn 28. janúar. Útför hennar fer fram frá Seljakirkju mánudaginn 12. febrúar klukkan 13.



Haraldur Þorsteinsson
Hinrik Jón Stefánsson
Þorgrímur Haraldsson
Þorsteinn Kr. Haraldsson Guðrún Húnfjörð
barnabörn og barnabarnabörn



Ástkær pabbi minn, sonur, bróðir, mágur og frændi,

REYNIÐ SMÁRI REYNISSON, grafískur miðlari, Flúðaseli 65, Reykjavík,

varð bráðkvaddur fimmtudaginn 18. janúar. Jarðarförin fór fram í kyrrþey.



Ísak Máni Reynisson
Sigfríður Lárusdóttir Lárus Pálmasen
Reynir P. Wíum Kristinsson Tatjana Guzhvyy
Helga Rós Reynisdóttir Guðni Scheving
Hugrún María, Frosti Þór og Sindri Páll



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

INGA STÍNA STEFÁNSDÓTTIR

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk þriðjudaginn 16. janúar. Útför fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 5. febrúar klukkan 13.



Valgerður Grímsdóttir
Vilhjálmur Grímsson Rannveig A. Guðmundsdóttir
Grímur Þór Freyja Sjöfn
Agla Eir Nökkvi Páll
Inga Björk
og langömmubörn



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

SIGRÍÐUR GÍSLADÓTTIR Sóltúni 1, Reykjavík,

lést á Skjólí hjúkrunarheimili mánudaginn 29. janúar. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju 23. febrúar klukkan 11.



Bjarnís Pálsdóttir Ólafur Ó. Johnson
Þórunn Pálsdóttir
Gísli Pálsson Hildur Ragnars
Sigurjón Pálsson Margrét Vilborg Bjarnadóttir
barnabörn og barnabarnabörn

Reynir Sveinsson

† Reynir Sveinsson fæddist í Sandgerði 2. júní 1948. Hann lést á HSS í Keflavík 21. janúar 2024.

Foreldrar hans voru Sveinn Aðalsteinn Gíslason frá Reykjavík, f. 11. september 1914, d. 19. maí 1982, og Guðbjörg Hulda Guðmundsdóttir frá Reykjavík, f. 22. október 1914, d. 2. febrúar 1998.

Systkini Reynis eru Ásdís, f. 22. janúar 1942, d. 12. febrúar 2018, Gísli, f. 15. janúar 1943, d. 16. maí 1970, Guðmundur, f. 28. júní 1946, Sigurður, f. 28. júní 1949, Aðalsteinn, f. 12. janúar 1952, og Sólveig, f. 29. apríl 1955.

Þann 25. október 1975 kvæntist Reynir Guðmundinu Þorbjörgu Kristjánsdóttur (Díu), en foreldrar hennar voru Sigríður Sigurðardóttir frá Hafnarfirði, f. 25. ágúst 1917, d. 20. júní 2002, og Kristján Sumarliði Jón Andrésen frá Lindarbrekkum á



Hellnum, f. 16. nóvember 1909, d. 24. júní 1987.

Börn Reynis og Díu eru: 1) Gísli, f. 20. ágúst 1975. Börn hans frá fyrra hjónabandi með Helenu Maríu Johnsen eru Elísabet Lena, f. 19. júlí 2005, og Una Rós, f. 20. júlí

2007. Sambýliskona Gísla er Hrefna Björk Sigurðardóttir, börn hennar eru Thelma Ögn, f. 13. febrúar 2009, og Reynir Hörður, f. 27. október 2011. 2) Sigríður, f. 14. júlí 1980. Börn með fv. maka, Bjarka Tý Gylfasyni, eru Garðar Freyr, f. 27. janúar 2001, Úlfar Þór, f. 5. ágúst 2002, Embla María, f. 11. mars 2010, Ýmir Breki, f. 2. október 2012, og Natan Leví, f. 16. ágúst 2016. 3) Guðbjörg, f. 15. október 1985. Sambýlismaður hennar er Gunnar Daniel Sæmundsson, f. 11. apríl 1985. Börn þeirra eru Hilmar Þór, f. 2. september 2019, og Ragnar Óli, f. 5. nóvember 2022.

frá sálhliðinu að þjónustuhúsum en hann náði aldrei að sjá þann stíg.

Þín er sárt saknað elsku pabbi en þú veist að nýja húsið mitt mun halda uppi nafni þínu.

Takk fyrir allt elsku pabbi. Ég enda þetta á orðunum sem ég sagði við þig: „Ég kem aftur á sunnudaginn.“ Já, við munum hittast aftur elsku pabbi og þá kem ég aftur á sunnudaginn.

Gísli Reynisson.

Mig langar í nokkrum orðum að minnast föður míns. Faðir minn var mikil veislukarll og hafði mjög gaman af því að hafa líf og fjór í húsinu sínu að Bjarmalandi 5 í Sandgerði. Í hvert skipti sem kft var í heimsókn tæmdi hann nánast allt úr kexskúffunni og bar það fram, hann var alltaf svo glaður og talaði um allt sem boðið var upp á. Flestar heimssóknar enduðu á kvöldmat og það var ekkert slor. Yfirleitt var grillað, enda elskaði faðir minn grillveislu, og þá var yfirleitt grillað mikið. Hann hafði mjög gaman af hundinum Brúnó sem ég á, og hundurinn var búinn að átta sig á hvað kexskúffan hans þabba var, og sat við hana því hann vissi að pabbi ætti eitthvað gott og pabbi gaf honum alltaf.

Pabbi var æðislegur afi og gerði allt fyrir barnabörnin, hvort sem um var að ræða skutl, pössun eða bara fíflalæti. Ein sterkasta minningin mín um fíflalæti hjá þabba var þegar tvö yngstu börnin mín voru að leika sér í húsinu hjá þabba með sparkbil og þríhjól, með tilheyrandi hávaða og skríkjum. Pabbi vildi endilega taka þátt í fjörinu en hafði ekkert farartæki inni. En hann dó ekki ráðalaus því hann reddaði því snarlega, í stofunni var ryksuga með rana, og hann tekur í ranann á ryksugunni og hleypur á eftir börnunum með ryksuguna í eftirdragi.

Pabbi bjó alla sína tíð í Sandgerði og þótti mikið vænt um bæinn sinn. Viðsvegar um Sandgerði má sjá ummerki um hluti sem pabbi vann að og átti hugmyndir að, svo sem Hvirfil og útsýnisbrekkuna við löndunarkranana á Norðurgarði í Sandgerðis-höfn. Síðan allt í sambandi við Hvalsneskirkju, en hann var sóknarnefndarformaður í 35 ár og þótti mjög vænt um kirkjuna sína. Allra síðasta verkið hans var göngustígur

Reynir bjó alla sína tíð á Bjarmalandi 5 í Sandgerði, en það hús hafði bróðir hans Gísli byggt og bjó í því. Gísli fórst í sjóslýsi í maí árið 1970 þegar báturinn Steinunn gamla KE sigldi í gegnum trilluna Ver sem Gísli var á.

Reynir rak verkstæðið Rafverk ehf. í um 30 ár, en tók við sem forstöðumaður Fræðasetursins í Sandgerði sem í dag heitir Þekkingarsetur Suðurnesja. Var forstöðumaður þess þar til hann hætti að vinna 70 ára. Reynir var í björgunarsveitinni Sigurvon í um 30 ár og formaður í nokkur ár. Hann var í slökkviliðinu í Sandgerði í 40 ár og þar af formaður í níu ár. Hann var í bæjarstjórn Sandgerðis í 20 ár og í hafnarráði Sandgerðis í 16 ár. Reynir var í sóknarnefnd Hvalsneskirkju í 35 ár og þar af formaður í um 30 ár.

Samhliða því var Reynir leiðsögumaður um Reykjanesið og mikill náttúruunnandi. Reynir ljósmyndaði mikið og eftir hann eru tugþúsundir af ljósmyndum.

Útför hans fer fram frá Sandgerðiskirkju í dag, 1. febrúar 2024, klukkan 14.

Elsku pabbi, þú varst yndislegur faðir og afi og vildir allt gera fyrir alla í kringum þig. Við elskum þig mikið og ég sakna þín mikið. Hvíldu í friði, elsku pabbi.

Sigríður Reynisdóttir.

Mig langar í nokkrum orðum að kveðja tengdapabba minn, en minningar um hann eru mjög miklar, til dæmis öll matarboðin, ferðalögin og allar sögnar sem þú hefur sagt okkur. Það var alltaf gleði og hlátur í kringum þig og þú varst duglegur í að elta okkur Gísla um allt land sama hvar við vorum. Ég mun aldrei gleyma því þegar þú hringdir í mig þegar ég bjó á neðri hæðinni á Bjarmalandi 5 í Sandgerði og þú bjóst á efri hæðinni. Þú hringdir í mig og baðst mig að koma upp því þú talaðir um að þú værir svo slappur. Þegar ég kom upp stóðstu í ganginum og gréist mikið því þú skildir ekki hvað væri að. Það tók mikið á mig að sjá þig gráta svona. Ég fór með þig á sjúkrahúsið í Keflavík og það var í síðasta skipti sem þú fórst út úr húsinu á Bjarmalandi 5.

En trúin þín á að þú værir að koma heim aftur var mikil og sterk og þú varst búinn að plana ýmislegt sem þú ætlaðir að gera þegar heim væri komið, þar á meðal að halda stóra grillveislu handa öllum. Það var nefnilega þannig að tengdapabbi elskaði grillveislu og vildi hafa nóg af þeim, og vildi hafa fólkið sitt í kringum sig.

Tengdapabbi var með okkur Gísla og börnum hver einustu jól síðan 2016, og er mikill missir að hafa hann ekki lengur með okkur á jólnum.

Takk fyrir allar samverustundirnar og tímann sem við höfum átt saman, þín verður ávallt saknað.

Kær kveðja, þín tengdadóttir,
Hrefna Björk.

Mörg samfélög njóta þess að eiga einstaklinga sem sífelldu eru reiðubúin að þjóna því, ýmist með mikilli sjálfböðavinnu eða með því að taka að sér krefjandi verkefni sem unnin eru um kvöld eða helgar. Reynir Sveinsson var slíkur einstaklingur, ætíð reiðubúinn að þjóna nærumhverfi sínu og samfélaginu í Sandgerði.

Ég kynntist Reyni árið 1992, þegar hann sinnti viðgerðum og endurbótum á rafmagnni á Garðvegi 1, gömlu frystihúsi

sem búið var að fá nýtt hlutverk sem rannsóknastöð fyrir rannsóknaverkefnið Botndýr á Íslandsmiðum. Húsið hýsti síðar Fræðasetur á vegum Sandgerðisbæjar, rannsóknasetur á vegum Háskóla Íslands, Náttúrustofu Suðvesturlands og að lokum Þekkingarsetur Suðurnesja. Eftir að Reynir varð forstöðumaður Fræðasetursins urðu samskipti okkar tíðari, enda þurfti ég itrekað að leita til Reynis með margvíslegar spurningar eða aðkallandi vandamál. Hann var lausnamiðaður og ráðagóður og leysti fljótt og vel úr öllum mínum vanda. Þegar Háskóli Íslands og Sandgerðisbær settu upp á Garðvegi 1 sýninguna Heimskautin heilla, sem fjallar um franska lækinn og heimskautafarann Jean-Baptiste Charcot, fékk Reynir það hlutverk að hafa umsjón með framkvæmdum. Það verkefni leysti hann með einstakri þrýði og sýningin varð sérlega vel heppnuð, öllum aðstandendum til sóma.

Rannsóknastaðnaðin á Garðvegi 1 hefur á liðnum áratugum verið áfangastaður fjölda fræðimanna frá ýmsum löndum. Reynir hafði mikil afskipti af flestum þeirra og tengdist mörgum þeirra sterkum vináttuböndum. Hann var ætíð reiðubúinn að aðstoða fræðimennina við hvaðeina sem kom upp á, hvort sem það var innan eða utan hefðbundins vinnutíma. Ófáa fræðimenn sótti Reynir upp á flugvöll síðla kvölds eða fyrri hluta nætur. Reynir naut þess að umgangast fræðimenn og gesti frá ölkum menningarheimum og varð hann minnisstæður öllum þeim sem kynntust honum. Það er eftirsjá að þessum öðlingi. Ég sendi fjölskyldu hans mínar innilegustu samúðarkveðjur.

Jörundur Svavarsson

Ég kynntist Reyni Sveinssyni fljótlega eftir að ég fluttist á Suðurnesin árið 1990. Reynir var eftirtektarverður maður á margan hátt og hafði sínar skoðanir á málnum og leyndi þeim ekki þó svo að hann færi þar á móti strauinum. Leiðir okkar lágu saman í gegnum sveitarstjórnarmálin í fyrstu og áttum við góð samskipti við ýmis tækifæri þegar sveitarstjórnarmenn hittust til skrafs og ráðagerða um málefni sveitarfélaganna á Suðurnesjum. Þá voru ýmsar nýjungar í öryggismálum svæðisins til skoðunar, m.a. að styrkja raforkukerfi Suðurnesja með lagningu Suðurnesjalínu. Það kom okkur og mörgum á óvart hve mikil andstaða var við lagningu nýrrar línu yfir hraunin frá Hafnarfirði að tengivirkjun á Fitjum í Njarðvík. Sagði Reynir eitt sinn í umræðu um Suðurnesjalínu að þegar hann sæi stórt raforkuvirki stoppaði hann gjarnan til að taka af því mynd, fátt væri fallega og merkilegra myndefni. Rafmagnslínur væru ekki að trufla ferðamannastrauminn til Íslands, en tekið skal fram að Reynir var rafvirki og vissi hvað þyrfti til að tryggja raforkuöryggi Suðurnesja. Við sáum eitt sinn japanskan ferðamannahóp á ferð um 100 gíga garðinn að Gunnhver. Það vakti athygli okkar að Japanirnir vildu stoppa við lagnakerfið frá borholunum að Reykjanesvirkjun og taka myndir af pípunum að stöðvarhúsinu. Stöðvarhúsið sjálft og frárennslíð hefur einnig verið mikið aðdráttaraf ferðamanna frá því að virkjunin var reist og eiga forystumennirnir þar heiður skilinn fyrir hönnun Reykjanesvirkjunar og útfærslur að og frá þeirri virkjun, sem og stöðvarhúsi Svartsengisvirkjunar. Við Reynir

unnum lengi saman í Ferðamálasamtökum Suðurnesja og lögðum grunn að stofnun Markaðsstofu Suðurnesja. Við fórum víða saman þegar við störfuðum fyrir ferðapjónustuna á Suðurnesjum, m.a. til Færeyja og Belgíu í höfuðstöðvar Evrópusambandsins í Brussel, að ógleymdum ferðunum um Reykjanesið við undirbúning ýmissa verkefna, m.a. að stífgagerð um svæðið, skiltagerð við Gunnhver, Reykjanesfólkvang, aðgengismál hreyfihamladra að ferðamannastöðum að Suðurnesjum og margt fleira. Reynir var afskaplega trygg starfsfélagi og mátti treysta honum í hvívetna þegar kom að því að verja uppgang Suðurnesjanna. Hvar sem við komum var Reynir hrókur alls fagnadar enda frábær sögumaður og fáir sem komust í skóna hans hvað varðaði leiðsögn um Reykjanesið og að kynna Hvalsneskirkju. Enda var það aldrei vafi í hans huga þegar við vorum með „kirkjurallífi“ um kirkjur á Suðurnesjum að þemað í Hvalsneskirkju yrði Hallgrímur Pétursson og fengjum við Megas til að syngja um Hallgrím af sinni alkunni snilld. Votta ég aðstandendur Reynis og Sandgerðingum mína dýpstu samúð vegna fráfalls þessa mikla höfðingja.

Kristján Pálsson

Reynir Sveinsson var formaður sóknarnefndar Hvalsneskirkju og kynntist honum fyrst vorið 1995.

Ég hafði verið ráðin til þess að skrifa leikrit um Guðríði Símonardóttur, eiginkonu Hallgríms Péturssonar, og setja upp á Kirkjulistahátíð í Hallgrímskirkju.

Mér bauðst að dvelja um hríð við skrifir í nágrenni Hvalsness og langaði í framhaldinu að kynna leikurunum þessar söguöldir umræddra hjóna frá 17. öld.

Hallgrímur vígðist til sóknarinnar 1644 og hann og Guðríður deildu kjörum með íbúum þessa litla útróðrpláss til 1651. Ég sótti um leyfi til þess að hafa fyrsta samlestur á Heimi Guðríðar í Hvalsneskirkju og það reyndist auðsött mál hjá formanninum. Dagurinn í kirkjunni varð leikhópnun ómetanleg reynsla.

Og þarna hófst vinskapur okkar Reynis Sveinssonar. Hann reyndist vera hafsjór af fróðleik um sögu staðarins og kirkjunnar, sem hlaðin er úr tilhöggnu grjóti úr nágrenninu og var vígð 1887. Kirkjan geymir fágætan dýrgrip, legstein Steinunnar litlu Hallgrímsdóttur, sem fannst á hvolfi í gangstétt við kirkjuna haustið 1964. Í steinin er höggvið nafn stúlkubarnsins sem prestshjónin í Hvalsnesi misstu á fjórða ári. „hálf fjórða ár alls var ævi/ eigi þó fullkomin,“ orti skáldið.

Nafn hennar og dánarár

hefur Hallgrímur hamrað með eigin hendi. En því miður hefur verið höggvið utan af steininum svo hann félli betur inn í fyrrnefnda gangstétt þannig að hvorki nafn né ártal sést til fulls. Það breytir ekki því hversu snortinn maður verður við að virða fyrir sér áletrunina í þessari voldugu grjóthellu.

1997 var ég beðin að skrifa grein um stein Steinunnar fyrir tímaritið Bautastein. Ég hafði oft velt fyrir mér stærð og þyngd steinsins og hvílkum kröftum skáldið hefði þurft að beita í viðureigninni við hann. Og ég hringdi í Reyni og spurði hvort fyrir lægju upplýsingar um þyngd steinsins. Svo var ekki.

En Reynir dó ekki ráðalaus. Hann fór með baðvigtina sína í kirkjuna og lyfti steininum með aðstoð sóknarnefndar-konunnar, Bryndísar Gunnarsdóttur, upp á vogina. Steinninn reyndist vera 110 kíló! Og þyngri var hann áður en höggvið var af honum.

Pau eru ófá skiptin sem ég hef hitt Reyni í Hvalsneskirkju, sem hann helgaði svo stóran hluta ævinnar. Stundum höfum við sameinast um að taka þar á móti áhugahópnum um sögu staðarins, Hallgrím, Guðríði og Steinunni, stundum hef ég verið þar með fyrirlestra fyrir erlenda sem íslenska gesti. Alltaf var Reynir reiðubúinn að opna kirkjuna fyrir mér og þeim sem mér fylgdu.

Mér er fullkunnugt um að Reynir Sveinsson var afar þarfur maður í fæðingarbæ sínum Sandgerði. Listinn yfir þau sjálfboða- og trúnaðarstörf sem hann gegndi í þágu sveitunga sinna og nágranna er langur, auk þess sem hann var forstöðumaður Fræðaseturs í Sandgerði um árabíl.

En það eru sóknarnefndarformaðurinn Reynir Sveinsson og Hvalsneskirkja sem verða hér eftir sem hingað til órjúfanlega tengd í mínum huga. Ástríða hans og elja og trúnaður við þessa dýrmætu og ófgru kirkju er okkur öðrum unndum hennar til eftirbreytni.

Blessuð sé minning Reynis Sveinssonar.

Steinunn Jóhannesdóttir.

Samstarfsmaður okkar til margra ára, Reynir Sveinsson, er nú fallinn frá. Reynir var frábær starfsfélagi, alltaf hress og kátur og til í spjall. Hann var úrræðagóður og einstaklega hjálplegur, sama hvert verkefnið var sem þurfti að leysa. Reynir hafði unnið á Garðvegi 1 í mörg ár og var þar lengi forstöðumaður Fræðasetursins í Sandgerði. Þegar Þekkingarsetur Suðurnesja var stofnað árið 2012 og Fræðasetrið sameinaðist því urðu talsverðar breytingar á starfsumhverfi Reynis. Hann tók þeim öllum af mikilli ánægju og jafnaðargeði, enda sáum við hann aldrei skipta skapi. Hann var alltaf jafn glaðlyndur og hjálpsamur, og lagði sig fram við að koma

nýju fólki inn í starfseminna. Eitt af þeim verkefnum sem Reynir sinnti árum saman voru heimsóknir skólahópa í Fræðasetrið, og síðar Þekkingarsetrið. Á hverju vori koma yfir þúsund nemendur leik- og grunnskóla í heimsókn og tók Reynir á móti þeim með miklum glæsibrag, fræddi þá um starfseminna í húsinu og sýndi mikla þolinmæði þegar mikió gekk á. Oft fékk hann hrós frá kennurum fyrir móttökurnar.

Reynir var Sandgerðingur af lífi og sál. Hann var mjög fróður um nærsamfélagið og umhverfi þess sem og vinnustaðinn okkar á Garðvegi 1 enda hafði hann unnið þar lengi. Eftir að hann lét af störfum fyrir fáum árum var hann duglegur að kíkja við og fylgjast með starfseminni, og munum við sakna þeirra heimsókna. Reynir var mjög afkastamikill áhugaljósmyndari og eftir hann liggja líklega tugþúsundir mynda af bæjarlífinu, umhverfinu og starfseminni á Garðveginum, sem reynst hafa Þekkingarsetrinu einstaklega mikilvægar.

Reynir sinnti börnum sínum og barnabörnum af mikilli alúð og færði okkur reglulega fréttir af fjölskyldunni, sem var skemmtileg. Missir þeirra er mikill og sendum við þeim okkar innilegustu samúðarkveðjur á þessum erfiða tíma.

F.h. starfsfólks Þekkingarseturs Suðurnesja, Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurnesjum og Náttúrustofu Suðvesturlands,

Hanna María Kristjánsdóttir.

Það var hópur fólks sem settist saman á skólabeck fyrirpart þessarar aldar til að læra leiðsögn. Hópurinn var samansettur af fólki sem átti það sameiginlegt að eiga mjög sérstakan áhuga og skýra sýn um náttúru og sérstöðu Reykjanesskaga. Flest okkar voru að stíga sín fyrstu skref í leiðsögn, oft kvíðin og órugg, en það átti ekki við um Reyni, sem kom í hópinn með mikla þekkingu og stórt hjarta og studdi við okkur af öryggi og kærleika.

Hann kenndi okkur að nota húnur í leiðsögn og þá list að taka sjálfan sig ekki hátíðlega. Reynir var afar fjölhæfur og gegndi ábyrgðarstöðum fyrir sitt bæjarfélag. Einn nemandi lýsti fyrstu kynnum sínum af Reyni svona: „Ég mætti með nemendahóp í Fræðasetrið í Sandgerði þar sem Reynir var forstöðumaður. Hann tók vel á móti nemendum og fræddi þá um starfseminna. Einn nemandinn braut brunaboða og brunaviðvörðunarkerfið fór í gang með miklum hávaða. Þá stókk Reynir fram eins og í farsaleikriti og var orðinn slökkviliðsstjóri. Hann slókkti á brunabjöllunni eftir að hafa kannað hvort um hættuástand væri að ræða. Nokkru síðar var ég á ferðamálanámskeiði þar sem farið var í Hvalsneskirkju. Þar tók Reynir á móti hópnum og þá sem formaður sóknarnefndar þar sem hann fræddi fólk um kirkjuna og sögu staðarins af sinni alkunni snilld.“ Reynir tók af heilum hug þátt í öllu sem hópurinn tók sér fyrir hendur. Lagði vel af mörkum og veitti okkur öllum mikinn innblástur með nærveru sinni og einstökum sögumannshæfileikum.

Við kveðjum góðan vin og vottum fjölskyldu Reynis innilega samúð.

Leiðsögumenn Reykjaness, Rannveig Lilja Garðarsdóttir.

Deyr fé, deyjá frændur, deyr sjálfur ið sama. En orðstír deyr aldregi hveim er sér góðan getur. (Úr Hávamálum)

Reynir var formaður sóknarnefndar Hvalsnessóknar í yfir 30 ár og sinnti því starfi af lífi og sál. Hann var mikill heimamaður og lét menn og málefni bæjarfélagsins sig varða. Þrátt fyrir að sinna mörgum hlutverkum ávallt fyrir brjósti og fylgdi verkefnum varðandi viðhald og umhverfi kirknanna og kirkjugarðsins vel eftir. Reynir var góður sögumaður og hafði sérstaklega gaman af því að

taka á móti gestum í Hvalsneskirkju þar sem hann sagði þeim meðal annars frá sögu kirkjunnar og veru sr. Hallgríms í Hvalsnesi.

Þrátt fyrir erfið veikindi síðustu mánuði var hann með hugann við starfið og aflaði sér fréttu af gangi mála í sóknarnefndinni við hvert tækifæri sem gafst en það var hans hjartans mál að starfið gengi áfram vel fyrir sig þrátt fyrir fjarveru hans.

Reynis verður sárt saknað af okkur í sóknarnefndinni, því sóknarnefndarfundir voru oft á tíðum hin mesta skemmtun enda Reynir orðheppinn með eindæmum.

Blessuð sé minning kæra Reynis, við sendum börnum hans og fjölskyldunni allri okkar innilegustu samúðarkveðjur.

Minning um einstakan mann lifir áfram.

F.h. sóknarnefndar Hvalsnessóknar, Sigurbjörg Eiríksdóttir.

Reynir Sveinsson var einn af þessum mönnum sem láta

verkin tala, en Reynir var öflugur og trúfastur í öllu því sem hann tók sér fyrir hendur og sem sóknarnefndarformaður í Hvalsnessókn vann hann meðal annars ótullega að ýmsum endurbótum við Hvalsneskirkju, sem var honum afar hjartfólgin. Hún er ógleymanleg minningin þegar við í Bessastaðasókn lögðum leið okkar í Hvalsneskirkju og nutum leiðsagnar Reynis.

Í gegnum tíðina studdi hann með ráð og dáð allt það góða starf sem unnið hefur verið í Hvalsnessókn og ekki síður var hann góður liðsmaður á vettvangi Kjalarnessprófestsdæmis. Við sem unnum með honum á vettvangi kirkjunnar erum afar þakklát fyrir hans óeigingjarna starf í þágu kirkju og kristni.

Fyrir hönd okkar í Kjalarnessprófestsdæmi vil ég votta fjölskyldu, vinum og samferðafólki Reynis samúð mína.

Góður Guð blessi minningu Reynis Sveinssonar.

Hans Guðberg
Alfredsson prófastur
í Kjalarnessprófestsdæmi.

Okkar ástkæri

SVERRIR KRISTINSSON
kennari og skólastjóri,
Skólagarði 45,
Kópavogi,

lést í faðmi fjölskyldunnar á Landspítalanum í Fossvogi fimmtudaginn 25. janúar. Útför hans fer fram frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 7. febrúar klukkan 13. Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki A7 fyrir góða umönnun og alúð.

Þórunn Jósefsdóttir
Kristín Ósk Sverrisdóttir
Margrét Sverrisdóttir Guðbjartur Ólason
Kristinn Örn Sverrisson Níní Jónasdóttir
barnabörn og barnabarnabörn

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

MARGRÉT MARÍA GUÐMUNDSDÓTTIR
húsmóðir,

lést miðvikudaginn 24. janúar. Útför fer fram frá Árbæjarkirkju fimmtudaginn 15. febrúar klukkan 13. Sérstakar þakkir til starfsfólks á dvalarheimilinu Kirkjuhvoli fyrir hlýju og umhyggju í hennar garð.

Guðmundur Jónsson Valgerður Sverrisdóttir
Guðlaug P. Jónsdóttir
Ragnhildur H. Jónsdóttir Einar K. Stefánsson
Porbergur B. Jónsson
barnabörn og barnabarnabarn

Þökkum hlýhug og vináttu vegna andláts

HULDU ÓSKARSDÓTTUR

Útförin fór fram í kyrrþey frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 12. janúar. Innilegar þakkir sendum við öllu starfsfólki Seljahlíðar fyrir kærleikhljá og góða umönnun.

Auður María Aðalsteinsd. Vilhjálmur Bjarnason
Guðný Aðalsteinsdóttir Sverrir Haukur Gunnlaugsson
Kristín Hulda Sverrisdóttir
Katrín Auður Sverrisdóttir Stefan G. Lechler
Aðalsteinn Haukur Sverriss. Telma Steingrimsdóttir
Tómas Guðni Eggertsson Sigurbjörg Prastardóttir
Eiríkur Áki Eggertsson Sonja Rut Jónsdóttir
Kristín Martha Vilhjálmssd.
Hulda Guðný Vilhjálmssdóttir
Guðný Magnúsd. von Senger Guy von Senger
Thomas Haukur Lechler
Christian Sverrir Lechler
Eggert Georg Tómasson
Hrafn Tómasson
Ársól Þorsteinsdóttir
Sverrir Haukur Aðalsteinsson
Steingrímur Haukur Aðalsteinsson
Róbert Leó Eiríksson
Markús Aðalsteinn Eiríksson
Elin Christina von Senger
Theo Óliver von Senger

Elsku eiginmaður minn, pabbi okkar, tengdapabbi, afi og langafi,

RAGNAR ELBERGSSON,
Grundarfirði,

lést á sjúkrahúsinu í Stykkishólmi laugardaginn 20. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Hjartans þakkir til starfsfólks sjúkrahússins í Stykkishólmi, starfsfólks heilsugæslunnar og sjúkráflutningamanna í Grundarfirði og starfsfólks göngudeildar 10K á Landspítalanum fyrir umönnun og hlýju.

Matthildur S. Guðmundsdóttir
Ingimar og Jónína
Guðmunda og Hinrik
Ragnar Börkur og Arna Hildur
barnabörn og barnabarnabörn

Elskulegur faðir, sonur, bróðir og afi okkar,

RÓBERT ÓLAFSSON

lést 23. janúar. Útförin fer fram frá Áskirkju þriðjudaginn 6. febrúar klukkan 13.

Albert Marel Róbertsson Berta María Róbertsdóttir
Elisabet O. Róbertsdóttir Alexander Ingi Róbertsson
Eypór Darri Róbertsson
Ólafur Benediktsson Ólöf Ólafsdóttir
Anna Bára Ólafsdóttir Benedikt Ólafsson
Tanya Marie Ólafsdóttir Geir Ólafsson
Birna Ólafsdóttir
Jakob Darri Albertsson Harpa Hlín Albertsdóttir
Hlynur Darri Albertsson óskirður Bertuson
og fjölskyldur



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

SIGRÍÐAR ÞÓRÐARDÓTTUR,
áður til heimilis á Bergstaðastræti 73.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki á Hjúkrunarheimilinu Seltjörn fyrir góða og kærleiksrika umönnun.

Pórður Magnússon Marta María Oddsdóttir
Torfi Magnússon Laufey Bjarnadóttir
Ásgeir Magnússon Þórdís Kristinsdóttir
Ásgerður I. Magnúsdóttir Högni S. Kristjánsson
Bergþór Magnússon Linda Laufdal Traustadóttir
Kolfinna Magnúsdóttir Stefán Andreasson
Magnús Magnússon Magnea Vilhjálmisdóttir
barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn



Jón Hjálmarsson

† Jón Hjálmarsson var fæddur 3. apríl 1938 á Felli í Kollafirði í Strandasýslu. Hann lést á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða 21. janúar 2024.

Foreldrar hans voru hjónin Hjálmar Björn Jónsson, f. 14. júlí 1910, d. 3. júlí 1993, og Sæunn Ingibjörg Sigurðardóttir, f. 29. apríl 1908, d. 4. apríl 1976.

Jón ólst upp til tíu ára aldurs á Felli en þá flutti fjölskyldan að Innsta-Vogi við Akranes og síðar niður á Akranes. Árið 1958 flutti fjölskyldan að Ásfelli í Innri-Akraneshreppi sem nú tilheyrir Hvalfjarðarsveit. Jón var þriðji í aldursröð fimm bræðra, en bræður hans voru Óli Jakob, f. 9. júlí 1932, d. 20. apríl 2016, Sigurður Ingi, f. 18. mars 1935, d. 27. maí 2020, Ágúst, f. 26. september 1944, d. 25. mars 2021, og Árni Ágúst, f. 30. nóvember 1948, d. 10. desember 1987. Einnig ólu foreldrar hans upp Sæunni Óladóttur bróurdóttur Jóns,



f. 13. desember 1958.

Pann 10. september 1966 kvæntist hann Ragnheiði Guðmundsdóttur djákna og sjúkraliða frá Innra-Hólmi, f. 2. mars 1948. Þau byggðu sér hús í landi Ásfells, Ásfell II, og bjuggu þar upp frá því.

Börn þeirra eru: a) Guðmundur Sigurður, f. 16. mars 1968. Maki hans er Guðrún Sigríður Gísladóttir, f. 10. apríl 1969. Börn þeirra eru Marinó Rafn, maki hans er Eyrún Ída Guðjónsdóttir, þau eiga fjögur börn, Eybór Atla, Hektor Mána, Ísabellu Líf og Matthías Emil. Ragnheiður Eva, sambýlismaður hennar er Hermann Unnarsson. Steindór Gauti og Hákon Freyr. b) Sigrún Björk, f. 31. janúar 1973, börn hennar eru Bryndís Jóna, Hafsteinn Orri og Brynjar Örn. c) Bjarni Rúnar, f. 17. júlí 1975, maki hans er Sigrún Mjöll Stefánsdóttir, f. 28. september 1978, börn þeirra eru Sýlvía Mist, sambýlismaður hennar er

Tómas Helgi Tómasson, sonur þeirra er Mikael Rúnar. Stefán Ýmir, sambýliskona hans er Rannveig Klara Guðmundsdóttir. Rakel Sunna. d) Sævar Ingim., f. 30. ágúst 1976.

Jón lauk námi í vélvirkjun frá Iðnskóla Akraness og vélstjóraþrófi frá Vélskólanum í Reykjavík. Hann var vélstjóri á skipum um nokkurra ára skeið, vann á vélaverkstæði Haraldar Böövarssonar á Akranesi og í vélsmiðju Þorgeirs og Ellerts á Akranesi, var síðan vélstjóri á ms. Akra-borg um þriggja ára skeið. Árið 1972 hóf hann störf sem vélstjóri hjá Sementsverksmiðju ríkisins á Akranesi þar sem hann vann til starfsloka. Jón hafði yndi af tónlist og söng í kirkjukór, karlakór og tvöföldum kvartett um tíma. Þá var hann virkur félagi í Ungmennafélaginu Þróstum og var formaður þess um nokkurra ára skeið. Jón var laghentur og gerði við og smíðaði ýmislegt nýtsamlegt úr járni og tré. Þá hafði hann yndi af ferðalögum, innan lands og utan.

Útför Jóns verður gerð frá Akraneskirku í dag, 1. febrúar 2024, og hefst athöfnin kl. 13. Streymi á vef Akraneskirku. <https://www.mbl.is/go/97gve>

fallegum stað þar sem við munum einn daginn hittast á ný.

Hvíldu í friði, elsku afi,
Ragnheiður Eva.

Nú er sú stund upp runnin að við aðstandendur Jóns Hjálmarssonar á Ásfelli þurfum að kveðja hann. Af samferðafólki var hann alla jafna kallaður Nonni, en við systkinin og frændsystkinin kölluðum hann alltaf afa Jón, og það hafa mín börn einnig kallað langafa sinn.

Mér fannst afi alltaf svolítið feiminn eða rólegur, hann var hár maður og hraustur að vexti en var þó alltaf blíður og rólegur. Við elstu tvö systkinin gistum oft hjá ömmu og afa á Ásfelli sem börn, en þar sem við erum bæði þver og þrjúskátur við rifist eins og hundur og köttur. Þó minnst ég þess aldrei að afi hafi skipt skapi meðan verið var að stilla til friðar.

Þau amma mín Ragnheiður Guðmundsdóttir byggðu sér hús að Ásfelli um 1967, stuttu áður en faðir minn Guðmundur fæddist, elstur sinna systkina. Á laugarögum var afkomendunum boðið í skyr, og var þar mikið spjallað, rökrætt og hlegið. Afí var þar ekki hávær en kímíð þó og hló, en hann hafði eftirminnilegan hlátur og góða nærveru. Það hefur amma mín Ragnheiður líka, og mér hefur alltaf þótt gott að vera á Ásfelli.

Pangað fórum við alltaf um áramótin og var bæði tilhlökkunarefni að fylgja ömmu og afa á brennurnar (sem þá voru fleiri), en sérstaklega að fá að fylgjast með flugeldasjónarspilinu frá Ásfelli. Hvergi annars staðar er jafn gott að bjóða nýja árið velkomið, þaðan sést yfir Akranes og yfir til höfuðborgarinnar. Við buðum svo álfana velkomna, gengum í kringum húsið og þuldu:

„Komi þeir sem koma vilja, fari þeir sem fara vilja, veri þeir sem vera vilja, mér og mínum að meinalausu.“

Afi var mikill barnakarl og sögumaður. Stundum sat hann með okkur krakkana í fanginu og fór með visur, sögur eða ævintýri sem kættu okkur. Stundum fékk maður að vera með úti í bílskúr, þar voru ýmis verkfæri og áhugaverðir munir að grúska í. Afí var vélvirkjameistari, hafði lært og starfað hjá skipasmíðastöðinni Þorgeir og Ellert á Akranesi. Á uppvaxtarárum mínum vann hann á skipinu Skeiðfaxa sem flutti til efni fyrir Sementsverksmiðjuna. Við fjölskyldan fórum oft á sunnudagsrúnta niður á bryggju til sjá Skeiðfaxa, því í huga okkar krakkana var þetta auðvitað ekkert annað en skipið hans afa!

Á síðustu árum tók erfiður sjúkdómur að hrjá afa, og hafði það afskaplega þungbær áhrif á fjölskylduna. Með tímanum varð erfiðara að greina manninn sem við höfðum þekkt. En þó ljómaði hann allur þegar langafabörnin komu í heimsókn til hans og var hann afar blíður við þau, enda gat jafnvel móða veikindanna ekki hulið hve barngóður og hlýr einstaklingur hann var.

Við höfum þó enn hina dásamlegu ömmu mína Ragnheiði, sem hefur alltaf verið okkur mikill gleðigjafi og bæði yndisleg amma og langamma. Við munum gera okkar besta til að hlúa að henni og styðja í gegnum þann erfiða tíma sem fram undan er eftir fráfall eiginmanns hennar og besta vinar. Minning hans mun lifa áfram í huga og hjörtum okkar sem vorum svo heppin að fá að kynnaast honum. Hann var góður og heiðarlegur maður.

Við hugsum til þín með hlýjum og söknuð í hjarta.

Bless, afi minn.

Marinó Rafn Guðmundsson.



Þökkum auðsýnda samúð og vináttu vegna fráfalls eiginmanns míns, föður okkar og afa,

JÓNS ANTONS MAGNÚSSONAR
skipstjóra frá Drangnesi,

sem lést á HVE Hólmavík 10. janúar. Sérstakar þakkir fær starfsfólk HVE Hólmavík fyrir góðvild og hlýju í hans garð.

Auður Höskuldsdóttir
börn og afabörn



Innilegar þakkir til allra fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

FJÓLU JÓNASDÓTTUR.

Guðveig Jóna Hilmarsdóttir Stefán Örn Ástvaldsson
Örn Garðarsson Uthai Huiphimai
Pröstur Garðarsson Sigríður Lára Ásbergsdóttir
Hrafn Garðarsson Bergþóra Kr. Benediktsdóttir
og fjölskyldur



Innilegustu þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför

JÓNS GESTS VIGGÓSSONAR,
Skipalóni 6, Hafnarfirði.

Porbjörg Br. Gunnarsdóttir
Ásta Vigdís Jónsdóttir Guðmundur Ingi Markússon
Sigríður Björk Jónsdóttir
Berglind Vala Jónsdóttir Jón Þorvarðarson
Kjartan Freyr Jónsson Íris Stefánsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar elskulegu móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

BIRNU GUÐRÍÐAR PÉTURSDÓTTUR
ömmu Birnu,
Silfurgötu 47, Stykkishólmi.

Anna María Rafnsdóttir Davíð Sveinsson
Jóhann Kr. Rafnsson Þórunn Sigurðardóttir
Pétur Arni Rafnsson Júlía Lobanova
Björn Arnar Rafnsson Margrét Bjarnan
Rafn Júlíus Rafnsson Erla Friðriksdóttir
ömmubörn og langömmubörn



Innilegar og hjartahljár þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

SIGURBJARGAR VALSDÓTTUR,
Hrafnistu,
Sléttuvegi,

sem lést mánudaginn 15. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Sigríður Halldórsdóttir Jón Þórir Jónsson
Guðrún Halldórsdóttir Guðmundur Ingason
barnabörn og barnabarnabörn



Elsku, elsku, elsku pabbi minn. Ég sakna þín óumræðanlega mikið. Þú ert sá sem skildir mig og vildir allt fyrir mig gera. Pabbi var allra besta pabbi í heiminum og var alltaf til staðar fyrir mig þegar ég þurfti á því að halda, hvort sem það var með spjalli, að halda utan um mig eða einfaldlega með því að vera til staðar. Ég var mjög myrkfælin í æsku og hann sat hjá mér á hverju kvöldi og hélt í höndina á mér í örugglega hátt í mánuð eða lengur á hverju kvöldi til að mér liði betur, væri úruggari og gæti sofnað. Þá fann ég styrk frá pabba því að hann vildi ekki að mér liði illa.

Við fjölskyldan ferðuðumst mjög mikið um landið og þá var sofið í tjaldi. Í bílnum á leiðinni fræddumst við um allt sem hægt var að sjá út um gluggann eins og nöfn á fjöllum, staðhætti og helstu kennileiti. Pabbi og mamma hafa alltaf stutt mig og verið til staðar í öllu því sem ég hef afrekað og gert um ævina. Og ekki síst varðandi börnin mín. Já, hafa verið mín stöð og stytta og þau hafa átt jafnmikið ef ekki meira í börnunum mínum því að þau hafa alltaf verið stór hluti af lífi okkar. Við höfum alltaf átt öruggt skjól og stuðning hjá og frá þeim.

Bæði pabbi og mamma hafa verið mínar fyrirmyndir í lífinu. Þau voru miklir vinir og báru alltaf mikla virðingu hvort fyrir öðru. Mamma og pabbi voru samstiga, sammála og mjög samheldin. Þau vógu hvort annað upp. Það er hann var rólegur, hlédraegur og til baka en vildi samt allt fyrir alla gera, sérstaklega fjölskylduna sína, bræður sína og sína nánustu. En mamma var miklu opnari og meira í samskiptum við alla, sína nánustu sem og alla aðra í sveitinni. Þau voru mjög flott saman.

Pabbi var og verður algjör gimsteinn sem ég geymi ætíð í hjarta mínu.

Takk fyrir allt, elsku pabbi minn.

Hvíl í friði.
Þín

Sigrún Björk.

Afi var mjög góðhjartaður og einstaklega ljúfur. Hann var alltaf til í að segja okkur systkininum brandara þegar við vorum í pössun hjá afa og ömmu, þá var oftast sögu-stund fyrir svefninn þegar við

gátum ekki sofnað. Oftast nær spiluðum við veiðimann með honum til þess að stytta okkur stundir. Við hjálpuðum honum við slátt og rakstur í garðinum. Stundum fórum við með afa að setja niður kartöflur í kartöflugaröðum hjá þeim og stundum fengum við að fara með að sækja rabarbara og úr því var gerð sulta. Þegar við vorum yngri var mamma oft á kóræfingum og þá kom afi til þess að passa okkur og afi söng alltaf fyrir okkur þegar við náðum ekki að sofna. Oft þegar það var eitthvað að bílnum hjá okkur í fjölskyldunni kom afi færandi hendi og hjálpaði okkur að laga það sem var bilað. Síðan ég var lítill man ég alltaf eftir því að við fjölskyldan fórum saman í hina ýmsu sumarþústaði en efst í minningunni er sumarþústaðurinn Strandasel sem var á heimaslóðum afa og alltaf þegar við fórum í hann skoðuðum við bæinn Fell þar sem afi ólst upp. Honum fannst alltaf gaman að heimsækja heimaslóðirnar en það sem stóð upp úr var tíminn sem við fjölskyldan áttum saman og því verður aldrei gleymt. Svo var það fjölskylduferðin til Torreveiga á Spáni og þar áttum við yndislegar stundir í hitanum en afa langaði samt alltaf heim til Íslands þar sem hann kunnir best við sig. Afí var og verður einstakur um ókomna tíð og minningin um hann mun alltaf lifa. Ég elska þig afí.

Bryndís Jóna Hilmarsdóttir.

Það var alltaf gaman að sjá hvað lifnaði yfir afa Jóni þegar litlu langafabörnin komu í heimsókn. Ísabellu fannst mjög gaman að lita með afa, fá kex og safa og einnig labba um og skoða Höfða, þar sem afi Jón bjó. Það var líka sport að fá að leika með dótið sem afi Jón var með hjá sér, sýna honum kisuna og búið hennar.

Það verður skrítið í langan tíma að geta ekki heimsótt langafa á Höfða.

Hvíl í friði, elsku afi og langafi.

Eyrún Ída Guðjónsdóttir, Marinó Rafn Guðmundsson og börn.

Elsku yndislegi afi minn. Nú er komið að því, kveðjustundinni sem ég hef kviðið svo mikið fyrir. Stundin sem ég á svo erfitt

Prautir


Finndu fimm breytingar




Fimmkrossinn

Er hægt að búa til tvö fimm stafa orð með því að nota textann að neðan? Já, það er hægt ef sami bókstafur kemur fyrir í báðum orðum. Hvern staf má nota einu sinni.

BEINUSTUM



Stafakassinn



Prautin er að fylla í reitina með sex þriggja stafa orðum og nota eingöngu stafi úr textanum að neðan. Nota má sama stafinn oft en einu sinni.

IKNÓRUVÞÖ

Sudoku

3x3 Sudoku grid with some numbers pre-filled.

3x3 Sudoku grid with some numbers pre-filled.

3x3 Sudoku grid with some numbers pre-filled.

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3-reit birtist tölurnar 1-9. Það verður að gerast þannig að hver níu reita lína bæði lárétt og lóðrétt birti einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Orðarugl


A grid of letters for a word search puzzle.

Solveig Barnfæddir Farsimakerfa Fræðimanninn

Hertekin Héraðsfunda Meteorða Signingum

Spurði Sundurgreina Trosnaðar Útiloft


Krossgáta



Lárétt 1 náðhús 5 skegg 9 forsetning 10 dauft ljós 11 ruglingur 12 síll 13 knæpa 14 klifun 15 meiðir 17 kríli 18 vatn 19 stafur 21 æsandi atvik 25 yfirþyrma 27 ull 28 vel til vina 29 nagdyr 32 innrættur síður 33 létt snerting Lóðrétt 1 flottur 2 átak 3 talar mikið 4 hefti 5 misfarast 6 leiktækid 7 óbrigðul 8 nírfill 13 litvökví 15 fjarskiptataekisins 16 flakk 20 fljótur 21 maturinn 22 ósla í vatni 23 stjakaði 24 vært 26 ásaka 30 jökull 31 síl

Skák

Helgi Áss Grétarsson | skak@mbl.is



Hvítur á leik.

1. d4 d5 2. c4 e6 3. Rf3 Rf6 4. Rc3 c6 5. e3 g6 6. Be2 Bg7 7. 0-0 0-0 8. b3 b6 9. Bb2 Bb7 10. a4 a5 11. Bd3 Ra6 12. De2 Rb4 13. Bb1 c5 14. Rb5 De7 15. dxc5 bxc5 16. Re5 Hfd8 17. Rd3 dxc4 18. bxc4 Hac8 19. f3 Re8 20. Bxg7 Kxg7 21. Rc1 Df6 22. Rb3 Rc7 23. Be4 Bxe4 24. fxe4 De5 25. Df3 Hd7 26. Rxa5 Rca6 27. Had1 Hcd8 28. Hxd7 Hxd7 29. Df4 Db2 30. Rd6 Rd3 31. Df6+ Dxf6 32. Re8+ Kf8 33. Rxf6 Ha7 34. Rxh7+ Kg7 35. Rg5 Rab4 36. Rb3 Rc6 37. h3 Rce5 38. a5 Rxc4 39. Rxc5 Rxc5 40. Hc1 Hxa5 41. Hxc4 f6 Staðan kom upp á heimsmeistararmótinu í hraðskák í kvennaflokki sem lauk fyrir skömmu í Samarkand í Úsbekistan. Valentina Gunina (2.348) hafði hvítt gegn Ann Matnadze Bujashvili (2.428). 42. Hxc5! Ha1+ 43. Kf2 fxg5 44. Hxg5 Kf6 45. Hb5 Ha2+ 46. Kf3 Ha1 47. e5+ Kf5 48. g4+ Kg5 49. Hb6 og hvítur vann skákina nokkru síðar.

Brids

Guðmundur Páll Arnarson | brids@mbl.is

Martin Scholtz. V-AV

Norður ♠ 10653 ♥ 8 ♦ DG832 ♣ 753

Vestur ♠ K ♥ G109752 ♦ K54 ♣ D64

Austur ♠ G842 ♥ 63 ♦ 76 ♣ ÁK982

Suður ♠ ÁD97 ♥ ÁKD4 ♦ Á109 ♣ G10

Suður spilar 3G. Après-liðinn Martin Scholtz var með spil suðurs í úrslitaleik WBT Masters í Hörpu. Vestur opnaði á 2♥, austur hækkaði í 3♥ og Martin harkaði sér í 3G. Hjartagosi út. Martin drap strax, lagði niður spaðaás og veiddi kónginn. Spilaði svo tígultíu. Vestur dúkkaði og Martin yfirtók í borði og spilaði spaðatíu – gosi og drottning. Átta slagir í húsi, en hvar er sá níundi? Hvergi, með bestu vörn. En Martin gerði vörninni erfitt fyrir með því að spila nú laufgosa. Vestur tók slaginn á drottninguna og þarf að spila laufi áfram til að ná samningnum niður. En staðan í laufflitnum er óljós og vestur spilaði hjarta. Martin tók þá hjartaslagina og tígulas og þvingaði austur til að henda laufi. Spilaði loks laufi og neyddi austur til að spila frá spaða frá ♠84 í gegnum ♠97. Níu slagir.

Málið

Þótt mýrin um mýrina verði frá mýrinni í þágufalli dugir ekki að halda beint af augum til „mýrinnar“. Mýrarinnar skal það vera. „Fjölmennit var í opnun hönnunarbúðarinnar Mýrarinnar“ segir í Fréttablaðinu 2012 og „Andi mýrarinnar leysist úr læðingi á heiðum sumardögum og björtum sumarnóttum...“ Sr. Bjarni Sigurðsson í Mbl. 1965.



SALT

SALTVERSLUN.IS

ÁRMÚLI 11

A collection of small puzzles including Lausnir, Sudoku, Stafakassinn, Fimmkrossinn, and Krossgáta.

Lárétt 1 kamar 5 grón 9 útar 10 glöru 11 stú 12 alur 13 bar 14 stagi 15 særrí 17 anga 18 sí 19 ess 21 ævintýri 25 áttaka 27 to 28 náð 32 síðan 33 kiti Lóðrétt 1 kúli 2 at 3 mesar 4 áttir 5 glastá 6 ríðan 7 örugg 8 nurfan 13 bæsi 15 símans 16 reik 20 snar 21 ætíð 22 vada 23 ytti 24 rótt 26 lá 30 ok 31 al

Stjörnuspá

21. mars - 19. apríl

Hrútur Leyfðu vinum þínum að umvefja þig kærleika. Gerðu líka sem mest af því sem veitir þér ánægju.

20. apríl - 20. maí

Naut Fólk er fljótt að fyrirgefa ef það er beðið afsökunar. Hafðu það í huga þegar þú hittir gamlan vin. Þú ættir að æfa þig meira í að slaka á.

21. maí - 20. júní

Tviburur Þú hefur náð takmarkinu sem þú stefndir að síðustu vikurnar. Þá er bara að setja sér ný markmið og ná þeim. Þér verður falin veislustjórn.

21. júní - 22. júlí

Krabbi Haltu fólki í þeirri fjarlægð sem þú vilt því engan varðar um þína einkahagi. Komdu því til skila að þú hlustir ekki á kjaftasögur.

23. júlí - 22. ágúst

Ljón Það er engin ástæða til þess að láta erfiðleika draga úr sér allan mátt. Það kemur alltaf nýr dagur eftir þennan. Gott er að minna sig á að áhyggjur breyta akkúrat engu.

23. ágúst - 22. september

Mejja Sama hversu annríkt þú átt, þá skaltu gefa þér tíma til að vera í einrúmi. Uppeldi tekur mikinn tíma og þolinmæði.

23. september - 22. október

Vog Grunnurinn þarf að vera góður til þess að það sem á honum rís sé til frambúðar. Passaðu upp á peningana, þér hættir til að kaupa óþarfa.

23. október - 21. nóvember

Sporðreki Nú ertu tilbúinn til þess að tala um tilfinningar þínar við þá sem skipta þig máli. Það er í lagi að lána þeim sem þú treystir.

22. nóvember - 21. desember

Bogmaður Þú ert í rómantískum hugleiðingum og ættir að gera þér glaðan dag með ástinni þinni. Ekki blanda þér í deilur annarra, sumt þarf fólk að leysa sjálf.

22. desember - 19. janúar

Steingeit Það er eitt og annað sem er vefjast fyrir þér þessa dagana. Stundum verða hlutir bara að bíða betri tíma, þér liggur ekki lífið á.

20. janúar - 18. febrúar

Vatnsberi Þú átt einkar auðvelt með að ná til annarra með jákvæðni þinni. Þetta er flottur dagur til að stunda útivist og hafa kósíkvöld á eftir.

19. febrúar - 20. mars

Fiskar Breyttu út frá vananum. Ekki keyra sömu leiðina heim til dæmis, prófaðu að elda einhvern nýjan rétt. Þér gengur vel í uppeldinu, þú ættir að klappa þér á bakið.

Hjörtur Jóhann Hinriksson, bóndi á Helgafelli – 80 ára

Býr á miklum sögustað

Hjörtur Jóhann Hinriksson er fæddur 1. febrúar 1944 á Helgafelli á Snæfellsnesi.

„Ég fæddist í húsi á hlaðinu á Helgafelli sem langamma og langafi minn, Ástríður og Jónas, byggðu. Þau voru fyrstu ábúendur þessarar ættar og fluttu árið 1888 þangað og bjuggu ásamt sonum sínum Þorgeiri og konu hans Ingibjörgu Björnsdóttir og Þorsteini og konu hans Þorleifu Sigurðardóttur ljósmóður sem tók á móti mér þegar ég fæddist.“

Árið 1966 tók Hjörtur Jóhann við búinu ásamt foreldrum sínum, en hann tók síðar alfarir við búinu ásamt eiginkonu sinni Krístrúnu Guðmundsdóttur sem ættuð var frá Hofsósi. Hann stækkaði fjósið árið 1980 og fjölgaði þá kúnum. Hann byggði einnig fjárhús árið 1964 og eru þau notuð enn í dag. Fyrstu árin bjuggu Hjörtur Jóhann og Krístrún í íbúð ásamt foreldrum Hjartar, en árið 1972 byggðu þau sjálf og hófu sjálfstæðan búskap með tvær dætur sínar og einn nýfæddan son.

Einnig hefur Hjörtur verið í sóknarnefnd ásamt því að vera meðhjálpari kirkjunnar til fjölda ára og sinnt Helgafellskirkju vel, en þar eru ýmis verk sem þarf að sinna. Einnig sat Hjörtur Jóhann í hreppsnefnd Helgafellssveitar um margra ára skeið.

Alltaf hefur verið gestkvæmt á Helgafelli og margir ættingjar og vinir heimsótt staðinn ásamt þúsundum ferðamanna ár hvert. Saman eignuðust Hjörtur og Krístrún sjö börn, en þau eru Jóhanna Kristín, Ástríður, Guðmundur Helgi, Hinrik, Ragnheiður, Óskar og Ósk. Árið 1991 veiktist Krístrún mikið en hún lést árið 1993. Jóhanna elsta dóttir Hjartar tók þá við heimilinu og ól yngstu systkini sín upp og kom þeim í móðurstað.

Árið 2014 var jörðinni skipt á milli systkinanna, en allir bræðurnir eru með smá búskap á jörðinni. Bræðurnir eru hver með sitt fjárhús á sinni landareign en allir stunda þeir aðra vinnu með.

Helgafell er sögustaður sem margur ferðalangur heimsækir og



Með börnunum Hjörtur og börn, en myndin er tekin á Helgafelli.



Heima á Helgafelli Jóhanna, elsta dóttir Hjartar, ásamt yngstu börnunum, tviburunum Óskari og Ósk, um það leyti sem Krístrún móðir þeirra veiktist.

hefur fjöldinn aukist undanfarin ár. Hjörtur hefur því seinni árin sinnt ferðaþjónustu sem hann og dóttir hans Jóhanna eiga og taka þau á móti fólki yfir sumartímam eða frá byrjun maí til nóvember.



Hjónin Hjörtur Jóhann og Krístrún með tviburana á fyrsta ári.

„Helgafell er fallegur ferðamanna staður sem gaman er að koma á og skoða. Helgafell á sér langa sögu þar sem þekktar persónur Íslendinga-sagnanna hafa búið ásamt því að eitt af ríkustu klaustrum landsins var

þar. Mikill straumur er á fellið, bæði til að njóta útsýnsins eða bera upp óskirnar þrjár, samkvæmt ákveðinni hefð sem farið er eftir.“

Fjölskylda

Eiginkona Hjartar var Krístrún Guðmundsdóttir, f. 27.6. 1945, d. 30.7. 1993, húsfreyja á Helgafelli ásamt ýmsum störfum utan heimilis. Foreldrar Krístrúnar voru hjónin Guðmundur Jóhann Jónsson, f. 4.6. 1905, d. 27.4. 1971, vann við bókhald hjá Kaupfélagi Skagfirðinga, og Jóhanna Guðrún Sigmundsdóttir, f. 27.5. 1910, d. 20.12. 2000, vann í fiski og sem húsmóðir. Þau bjuggu á Hofsósi.

Börn Hjartar og Krístrúnar eru 1) Jóhanna Kristín Hjartardóttir, f. 4.6. 1966, sjúkraliði og rekur ferðaþjónustu á Helgafelli, búsett þar; 2) Ástríður Hjartardóttir, f. 5.8. 1967, leikskólakennari, búsett í Reykjavík. Fyrrverandi maki: Kjartan Frið-

Mjódd
Frú SigurlaugFrábær
verðMikið úrval af
spangarlausum
brjóstahöldurum

Sími 774 7377 | frusigurlaug.is

Til hamingju með daginn


Sylvía Spilliaert

30 ÁRA Sylvía ólst upp á Seltjarnarnesi en býr í Reykjavík. Hún er sjúkrajálfari frá HÍ og starfar á Reykjalundi. Hún er einnig tónlistarkona og er bassaleikari í hljómsveitinni FLOTT. Önnur áhugamál en tónlist eru handavinna.**FJÖLSKYLDA** Eiginmaður Sylvíu er Hannes Bjartmar Jónsson, f. 1983, verkfræðingur hjá Reykjavíkurborg. Sonur þeirra er Viggó, f. 2023. Foreldrar Sylvíu eru hjónin Sigurbjörg Eðvarðsdóttir, f. 1958, frönskukennari og leiðsögumaður, og Rémi Spilliaert, f. 1958, sameindalíffræðingur. Þau eru búsett á Seltjarnarnesi.

Nýr borgari

Reykjavík Viggó Spilliaert Hannesson fæddist 6. júní 2023 kl. 8:40 á Fæðingarheimili Reykjavíkur. Hann vó 3.300 g og var 50 cm langur. Foreldrar hans eru Sylvía Spilliaert og Hannes Bjartmar Jónsson.

Ætt Hjartar Jóhanns Hinrikssonar




jónsson, f. 20.11. 1965. Þeirra börn eru Krístrún, Friðjón Helgi, Hjörtur Snær, Guðrún Harpa; 3) Guðmundur Helgi Hjartarson, f. 1.4. 1972, sauðfjárbóndi á Helgafelli og rútubílstjóri. Maki: Lára Björg Björgvinsdóttir, f. 15.1. 1984, bóndi og vinnur við ferðaþjónustu. Þeirra börn eru Emilía Ósk, Viktor Brimir, Methúsalemm Páll, Gunnar, Björgvín, og Hulda Mjöll; 4) Hinrik Hjartarson, f. 28.5. 1974, húsa-smíðameistari og bóndi á Helgafelli, búsettur á Lyngholti skammt þar frá. Maki: Guðmunda Þórunn Ragnarsdóttir, f. 18.4. 1970. Börn: Guðmundur Ragnar, Margeir Ingi, Almar Njáll og Thelma Lind; 5) Ragnheiður Hjartardóttir, f. 25.4. 1978, hjúkrunarfræðingur, búsett í Reykjavík. Maki: Sigurður Hreiðarsson f. 16.7. 1977, bóndi á Narfeyri á Skógarströnd. Barn: Salka; 6) Óskar Hjartarson, f. 15.4. 1987, rafvirkjameistari og bóndi á Helgafelli, búsettur á Felli

skammt þar frá. Maki: Gunnhildur Gunnarsdóttir, f. 17.8. 1990, kennari. Þeirra synir eru Aron Ingi, Elvar Örn; 7. Ósk Hjartardóttir, f. 15.4. 1987, skólaliði, búsett á Litla-Felli. Fyrirverandi maki: Sigurður Hallvarðsson, f. 7.12. 1982. Þeirra börn eru Hjörtur Jóhann, Jóhanna Krístrún, Hallvarður Hinrik. Núverandi maki: Benedikt Páll Hauksson f. 20.9.1991. Systkini Hjartar eru 1) Auður Hinriksdóttir, f. 28.4. 1934; 2) Ingibjörg Þorgerður Hinriksdóttir, f. 8.10. 1936; 3) Birgir Hinriksdóttir, f. 25.5. 1940; 4) Gunnar Hinriksdóttir, f. 11.11. 1946; 5) Sjöfn Hinriksdóttir, f. 5.1. 1948; 6) Haraldur Hinriksdóttir, f. 12.6. 1952, og 7) Brynjar Olgeirsson, f. 13.11. 1954 (uppeldisbróðir). Foreldrar Hjartar voru hjónin Hinrik Jóhannsson, f. 16.2. 1905, d. 8.4. 2002, bóndi á Helgafelli, og Ragnheiður Þorgeirsdóttir, f. 5.5. 1910, d. 4.9. 2002, húsmóðir á Helgafelli.


Grettir



Hrólfur hræðilegi



Ferdinand




Í klípu



„ÁTTU EINHVER „LEITT-AD-HAFA-EKKI-NÁÐ-AD-HITTA-ÞIG-KORT“?

Hermann



„STJÓRNSTÖÐ, STJÓRNSTÖÐ. MIG VANTAR VATNSGLAS.“



Vísnaðhorn

Þorrinn genginn í garð

Á Boðnarmiði yrkir Ingólfur Ómar Ármannsson: Þá er þorrinn genginn í garð:

Nú er best að kýla kvíð kjamsa vel og lengi. Hangiket og sóltú svið súran pung og rengi.

Bragðið kæsta kætir geð kviknar bros á trýni. Hákarlsbita í túlann treð og teygja stau af víni.

Davíð Hjálmar Haraldsson um sameiginleg örlög:

Fæðist ess með harðan hóf, hreindýr, ær og geit með klauf. Allra bíður þrotlaust þóf: Það að bita gras og lauf.

Limra eftir Jón Jens Kristjánsson:

Það var tilkynnt með talsverðum þjósti og tjóði ei stuna né hósti að Þósturinn hrapi í hóflitlu tapi og sé hættur að dreifa pósti.

Enn yrkir Jón Jens og nú af því að þingmenn eru misánægðir með skrifstofurnar:

Ekki finnst þingmönnum aðstaðan fín og ósáttir kvartanir leggj' inn þeir fá ei að koma með koffortin sín, koppinn né myndir á vegginn

Gunnar J. Straumland yrkir og kallar Snjókomu:

Moksturskafald, maldringur, mulla, snjóhreytingur. Kófvíðri og klessingur, kyngi, skafrenningur.

Kafhrið, drífa, kófbylur kyngja, geyfa, maldur. Fannburðurinn fold hylur fjári er hann kaldur.

Gunnar skrifar neðan við vísurnar: Hugsanlega koma einhver þessara orða einhverjum ókunnuglega fyrir sjónir. Hér eru skýringar á nokkrum þeirra;

maldringur – snjócoma í logni, smáger snjócoma mulla – þétt logndrífa, snjómula, lausamjöll kófvíðri – snæfok, snædríf sem byrgir útsýni, snjór sem hvirflast upp í skafrenningi klessingur – slydda, blautur snjór kyngi – snjóþyngsli kafhrið – blindbylur, sortahríð drífa – snjócoma, logndrífa kyngja – skaf, snjódyngja geyfa – hríðarkóf maldur – smáger snjócoma

Haldór Blöndal halldorblondal@simnet.is

FORD F-150 LIGHTNING

- » ÁRGERÐ 2023
- » EKNIR FRÁ 5.000 km.
- » NOKKRIR LITIR Í BOÐI

Verð frá: 11.990.000 kr.



úranus

Sérhæft fyrirtæki í bílainnflutningi síðan árið 1996.

Við getum flutt inn draumabílinn þinn!

johannes@uranus.is

551-0205



BAKVÖRÐUR

Víðir Sigurðsson
vs@mbl.is

Pó að baráttan um enska meistaratítilinn í fótbolta virðist ætla að verða spennandi til vorsins eru líka skemmtilegir hlutir að gerast á hinum enda stigatöflunnar.

Pegar Luton Town vann sér sæti í efstu deild í fyrsta sinn í 31 ár síðasta vor spáðu eflaust flestir aðrir en Stefán Pálsson því að liðið yrði langneðst í deildinni og myndi tæplega vinna leik.

Rætt var um að stigaleysismet ónefnds félags frá tímabilinu 2007-2008 yrði jafnvel slegið.

Eftir stórsigur á Brighton, 4:0, í fyrrkvöld komst Luton úr fallsæti og á greinilega ágætis möguleika á að halda velli.

Fyrir aðeins tíu árum var Luton utandeildalið, sem hafði misst sæti sitt í deildakeppninni árið 2009 eftir þungar stigarsingur vegna fjárhagsóreid.

Íslendingar af yngri kynslóð-um kannast aðallega við Luton vegna flugvallarins í útjaðri borgarinnar, skammt norður af London, en tengslin við Ísland eru þó söguleg.

Ekki bara vegna þess að áður nefndur Stefán er dyggur stuðningsmaður félagsins, heldur vegna þess að Luton mætti til Íslands í vetrarveðri í janúar 1985 og spilaði vígsluleik gervigrasvallarins í Laugardal gegn Reykjavíkurráali.

Þá voru kappar eins og Ricky Hill, Steve Foster, Mick Harford og Brian Stein í búningi Luton, sem var gott lið í efstu deild á þessum árum, endaði m.a. í sjöunda sæti tveimur árum síðar og vann deildabikarinn 1988.

Luton var um þetta leyti eitt skemmtilegasta lið Englands á að horfa. Félagið hefur á seinni árum gengið í gegnum ótrúlegar hremmingar og það yrði eitt af betri ávintýrum enska fótboltans ef því tækist að halda sæti sínu í deild þeirra bestu, tíu árum eftir sigurinn í utandeildinni.

KNATTSPYRNA

Asiúbikar karla

16-liða úrslit í Katar:

Japan – Barein 3:1
Íran – Sýrland (1:1)
■ Framlenging stóð yfir þegar blaðið fór í prentun.

Grikkland

Bikarinn, 8-liða úrslit, seinni leikur:

Panetolikos – OFI Krít 3:1
● Guðmundur Þórarinnsson lék fyrstu 77 mínúturnar með Krít.
■ Panetolikos áfram, 5:2 samanlagt.
■ Öðrum leikjum gærkvöldsins, m.a. á Englandi, í Belgíu og í Meistaradeild kvenna, var ekki lokið þegar blaðið fór í prentun. Sjá mbl.is/sport.

HANDBOLTI

Noregur

Fredrikstad – Romerike Ravens 30:28
● Elías Már Halldórsson þjálfar kvennalið Fredrikstad, sem er í 5. sæti.
Follo – Storhamar 21:33
● Axel Stefánsson er aðstoðarþjálfari kvennaliðs Storhamar, sem er í 2. sæti.

KÖRFUBOLTI

NBA-deildin

Atlanta – LA Lakers 138:122
Boston – Indiana 129:124
New York – Utah 118:103
Chicago – Toronto 107:118
Golden State – Philadelphia 119:107

Frábært að vera kominn í þessa deild

- Hákon samdi við Brentford til 2028
- Stefnir á að verða aðalmarkvörður

ENGLAND

Gunnar Egill Daníelsson
gunnaregill@mbl.is

„Það er frábær tilfinning að vera kominn í ensku úrvalsdeildina,“ sagði Hákon Rafn Valdimarsson, markvörður enska úrvalsdeildarfélagins Brentford og íslenska landsliðsins í knattspyrnu, í samtali við Morgunblaðið.

„Það er gríðarlega gaman og Brentford er frábært félag. Æfinga-aðstaðan hérna er geggjuð og frábært fólk í kringum félagið, allt starfsfólkið.

Það eru geggjaðir leikmenn hérna þannig að það er frábært að vera mættur,“ hélt Hákon, sem er 22 ára Seltirningur, áfram.

Hann var á dögunum keyptur til Brentford frá sænska úrvalsdeildarfélaginu Elfsborg á 2,6 milljónir punda, tæplega 450 milljónir íslenskra króna, og skrifaði undir fjögurra og hálfis árs samning, til sumarsins 2028.

Mikil breyting fyrir mig

Hvernig hafa fyrstu dagarnir verið hjá Brentford?

„Þeir hafa verið mjög góðir. Það er gaman að sjá hvað þetta er allt stórt hérna. Það er mikil breyting fyrir mig að fara frá Elfsborg í Brentford, hvað aðstöðu og fjölda starfsfólks í kringum liðið varðar.

Svo hafa síðustu æfingar verið mjög góðar og það er geggjað að vera byrjaður að æfa með liðinu,“ sagði Hákon.

Eftir frábæra frammistöðu með Elfsborg á síðasta tímabili, þar sem hann var útnefndur besti markmaður sænsku úrvalsdeildarinnar eftir að hafa haldið marki sínu oftast hreinu og verið með hæst hlutfall varðra skota, sýndi fjöldi félaga Hákonu áhuga í janúar.

Villa og Köbenhavn áhugasöm

Þeirra á meðal voru Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni og Danmerkurmeistarar FC Köbenhavn. Bæði lögðu þau fram tilboð í markvörðinn en sagði hann þær þreifingar ekki hafa verið komnar mjög langt á veg.

„Ekkert eitthvað svakalega langt, það var bara góður áhugi. Það var líka mjög spennandi og gaman að það skyldi vera áhugi frá mörgum

liðum. Það sýnir bara að maður stóð sig vel á síðasta tímabili. Þetta var ekki komið neitt það langt á veg. Það var áhugi og það var bara gaman.“

Brentford bætir leikmenn

Spurður hvað hafi heillað hann mest við Brentford sagði Hákon:

„Það að hafa talað við markvarðarþjálfarann, þjálfarann [knattspyrnu-stjórn Thomas Frank] og þá sem vinna með þeim um það hvernig þeir vinna sem félag með það að markmiði að bæta leikmenn.

Hvernig við getum unnið saman til þess að ég verði betri markvörður og muni verða góður markvörður í ensku úrvalsdeildinni í framtíðinni.“

Er búð að fara yfir hver plön Brentford eru fyrir þig?

„Já, já, alveg þannig. En akkúrat núna er planið að komast inn í liðið og bæta sig með hverjum deginum.

Að aðlagast hraðanum og gæðunum sem eru hér. Á þessari stundu er planið að bæta sig með hverri æfingunni,“ sagði hann.

Hyggst verða númer eitt

Tveir reyndir markverðir eru fyrir hjá Brentford, hollenski landsliðs-markvörðurinn Mark Flekken og albanški landsliðs-markvörðurinn Thomas Strakosha. Flekken hefur reynslu úr þýsku 1. deildinni með Freiburg og Strakosha úr ítölsku A-deildinni með Lazio.

Samkeppnin er því mikil fyrir Hákon. Þrátt fyrir það sér hann leið að byrjunarliði Brentford þegar fram líða stundir.

„Já, það er auðvitað þannig. Ég horfi á það. Við verðum bara að sjá hversu langan tíma það tekur. Það er undir mér komið að bæta mig hratt og vel.

Við verðum að sjá hvenær ég verð tilbúinn fyrir það. Markmiðið mitt er að verða aðalmarkvörður Brentford í framtíðinni. Við verðum að sjá til hvenær það gerist,“ sagði Hákon, sem var aðalmarkvörður Gróttu í fjögur ár, frá 17 ára aldri, áður en hann fór til Elfsborg sumarið 2021. Þar lék hann 48 leiki í sænsku úrvalsdeildinni.

Stórt skref að taka

Sérðu fram á að það verði þolinmæðisvinna að brjóta þér leið inn í byrjunarliðið?

„Já, þannig séð. Þetta er náttúrulega stórt skref fyrir mig, að fara



Ljósmynd/Brentford

Brentford Hákon Rafn Valdimarsson með markmannstreyju Brentford eftir að hann skrifaði undir samning til 2028 við úrvalsdeildarfélagið.

úr sænsku úrvalsdeildinni í ensku úrvalsdeildina. Akkúrat núna er aðalmálið að aðlagast.

Það eru frábærir markverðir hérna, Flekken og Strakosha, og það er mjög gott að æfa með þeim. Þeir hafa spilað fullt af leikjum á hæsta stigi þannig að það er hægt að læra heilmikið af þeim,“ sagði hann.

Leitar að íbúð í Lundúnum

Brentford er staðsett í vesturhluta Lundúna. Hákon er enn sem komið er ekki búinn að koma sér að fullu fyrir í borginni.

„Nei, það tekur sinn tíma. Akkúrat núna er ég bara á hóteli og er á fullu að leita mér að íbúð, reyna að flytja inn og setjast að sem fyrst þannig að manni líði eins og heima hjá sér.

Við ætlum að reyna að drífa í því í næstu viku. Að koma sér í íbúð og fá sér kannski bíl. Allir svona litlir hlutir taka einhvern tíma. Þetta verður búíð í febrúar,“ útskýrði hann.

Skandinavískt umhverfi

Knattspyrnustjórinn Frank og aðstoðarmaður hans Claus Nørgaard eru báðir frá Danmörku. Auk þess eru fimm danskir leikmenn í aðalliðinu ásamt einum Norðmanni.

Spurður hvort það hjálpaði honum að svo margir innan liðsins séu frá Norðurlöndunum sagði Hákon:

„Já, ég myndi alveg segja það. Þetta er dálítið skandinavískt umhverfi. Þjálfarinn er Dani, aðstoðarþjálfarinn er Dani, það er fullt af dönskum leikmönnum, Norðmaður og ég Íslendingur.

Það er mjög gott að geta leitað til þeirra. Mér hefur allavega liðið mjög

vel hingað til og það er alveg hægt að segja að það hjálpi mér.“

Mikið Íslendingafélag

Hann er núndi Íslendingurinn sem semur við Brentford og víðurkennir Hákon að hann hafi ekki áttað sig á hversu margir þeir væru.

„Ég ræddi ekki við neinn þeirra. Ég bjóst ekki við því að þeir væru svona margir. Ég vissi af Patrik [Sigurði Gunnarssyni] náttúrulega, hann var þarna nýlega.

En svo var fullt af þessum leikmönnum að spila þegar Brentford var ekki í efstu deild. Eftir að ég sá einhverja frétt og talaði við fólk innan félagsins þá kom í ljós að það hafa margir Íslendingar verið hérna.

Það er bara skemmtilegt. Ég get kannski talað við þá síðar um félagið,“ sagði Hákon við Morgunblaðið.

Sá fyrsti í efstu deild?

Hann getur orðið fyrsti Íslendingurinn sem spilar fyrir Brentford í efstu deild á Englandi.

Hermann Hreiðarsson, Ívar Ingimarsson, Ólafur Gottskálksson markvörður, Gunnar Einarsson, Ólafur Ingi Skúlason og áður nefndur Patrik Sigurður léku allir með liðinu í neðri deildum Englands. Hákon er því þriðji markvörðurinn en Ólafur var aðalmarkvörður liðsins í C-deildinni á árunum 2000 til 2002 og Patrik lék með varaliðinu og einn leik í marki aðalliðsins í B-deildinni áður en hann fór til Víking í Noregi árið 2021.

Valgeir Valgeirsson og Kolbeinn Birgir Finnsson voru enn fremur á mála hjá Brentford um skeið og léku með varaliði félagsins.

Tuttugu hafa leikið í ensku deildinni

Víðir Sigurðsson
vs@mbl.is

Hákon Rafn Valdimarsson getur orðið 21. Íslendingurinn sem leikur í efstu deild karla í enska fótboltanum, ef og þegar hann fær sitt fyrsta tækifæri með Brentford í úrvalsdeildinni.

Albert Guðmundsson var sá fyrsti þegar hann fékk undanþágu til að leika tvo leiki sem áhuga- maður með Arsenal árið 1946, en á þeim tíma máttu erlendir leikmenn ekki spila í deildinni.


Hermann Hreiðarsson er sá leikjahæsti með 322 leiki, fjórum meira en Gylfi Þór Sigurðsson. Íslendingarnir tuttugu sem hafa leikið í deildinni eru eftirtaldir; leikjafjöldinn fremstur og síðan félög og ár:

322 – Hermann Hreiðarsson, Crystal Palace, Wimbledon, Ipswich, Charlton, Portsmouth, 1997-2011.

318 – Gylfi Þór Sigurðsson, Swansea, Tottenham, Everton, 2012-2021.
211 – Eiður Smári Guðjohnsen, Chelsea, Tottenham, Stoke, Fulham, 2000-2011.
202 – Guðni Bergsson, Tottenham, Bolton, 1988-2003.
150 – Jóhann Berg Guðmundsson, Burnley, 2016-2024. (Fyrir leikinn gegn Manchester City í gærkvöld).
126 – Grétar Rafn Steinsson, Bolton, 2008-2012.
96 – Heiðar Helguson, Watford, Fulham, Bolton, QPR, 2000-2012.
75 – Sigurður Jónsson, Sheffield Wednesday, Arsenal, 1984-1991.
72 – Ívar Ingimarsson, Reading, 2006-2008.
51 – Aron Einar Gunnarsson, Cardiff, 2013-2019.
45 – Arnar Gunnlaugsson, Bolton, Leicester, 1997-2001.
43 – Brynjar B. Gunnarsson, Reading, 2006-2008.

37 – Þorvaldur Örlygsson, Nottingham Forest, 1989-1993.
32 – Jóhannes Karl Guðjónsson, Aston Villa, Wolves, Burnley, 2002-2010.
29 – Lárus Orri Sigurðsson, WBA, 2002-2003.
10 – Þórður Guðjónsson, Derby County, 2001.
9 – Jóhann Birnir Guðmundsson, Watford, 1999-2000.
3 – Eggert Gunnþór Jónsson, Wolves, 2011-2012.
2 – Albert Guðmundsson (eldri), Arsenal, 1946.
1 – Rúnar Alex Rúnarsson, Arsenal, 2021.
Ólíklegt er að Hákon bætist í hóp þeirra Íslendinga sem hafa skorað í deildinni, en af þessum tuttugu leikmönnum er Gylfi Þór markahæstur með 67 mörk, Eiður Smári skoraði 55, Heiðar 28, Hermann 14, Guðni 10, Jóhann Berg er með 9, Sigurður 5, Ívar 4, Grétar Rafn 4, Brynjar Björn 3, Arnar 3, Aron Einar 2, Jóhannes Karl 2, Þorvaldur 2 og Þórður 1.

Myllu heilkornabrauð
LÍFSKORN
Lífskorn færir þér máltíð af akrynum



LÍFSKORN,
HEILT HVEITIKORN
OG RÚGUR

Ræktaðu huga og líkama

LÍFSKORN,
TRÖLLAHAFRAR
OG CHIA-FRÆ

LÍFSKORN,
SÓLBLÓMAFRÆ
OG HÖRFRÆ

D vítamín
í sólarleysinu

LÍFSKORN, D+
D-vítamínríkt og joðgjafi
- steinefni, heilkorn og
graskersfræ

LÍFSKORN,
KOLVETNASKERT

LÍFSKORN,
SJÖ TEGUNDIR
AF FRÆJUM
OG KORNUM

- ekkert ger
- ekkert hvítt hveiti

Lífskorn er næring fyrir heilsuræktina

Veldu þín Lífskorn

- heilkorna fjölskyldu af hollustu

Lífskorn er góð hugmynd að vellíðan og hluti af heilsurækt þinni. Í Lífskorni finnur þú góðu frækorn, trefjarnar, próteinin og bragðgæðin.

Lífskorn er trefjagjafi þinn - fræsafn þitt og heilsurækt - hefur hátt hlutfall heilkorns, með lágt fituhlutfall og inniheldur lítið af joðbættu salti.

Lífskorn inniheldur B- og E-vítamín og steinefni sem líkaminn þarfnast. **Núna er heilkorna Lífskorn á listajoðgjafa og D-vítamínríkra fæðutegunda. Smakkaðu núna.**

Veldu þín uppáhalds Lífskorn strax í dag.

Þú finnur plöntuefni, prótein og kolvetni heilkornsins í Lífskorni og undirbýrð þig þannig fyrir heilsuræktina. Lífskorn færir þér máltíð af akrynum, hollustu og orku fyrir heilsuræktina. Lífskorn er vegan!

Fáðu þér Lífskorn heilkornabrauð frá Myllunni - strax í dag
Ræktaðu huga og líkama

Heilkorn

Kím
Næring fyrir fræið, inniheldur andoxunarefni, E-vítamín og B-vítamín

Fræhvíta
Orkugjafi, inniheldur kolvetni og prótein

Kliá
Ytri skel sem ver fræið, inniheldur trefjar, B-vítamín og steinefni



Mikilvægt er að lítið samfélag okkar Íslendinga geti treyst á sjálfstæða innlenda framleiðslu. Myllan er ferskvöruframleiðandi sem skilur að samfélagið þrífst best á fjölbreyttri matarmenningu. Stöðug vörubrúun Myllunnar skilar okkur íslensku úrvali af ferskvörum í besta gæðaflokki. Skoðaðu hvaðan maturinn kemur - leitaðu eftir Myllu-merkinu! Myllan, þaðan sem nýtt kemur.

Skoðaðu vöruúrvalið á: myllan.is





■ Ekkert verður af því að **Lionel Messi** og **Cristiano Ronaldo** mætist í dag þegar lið þeirra, Inter Miami og Al-Nassr, mætast í Sádi-Arabíu, þar sem bandaríska liðið dvelur nú við æfingar og keppni. Talsverð eftirvænting ríkti fyrir þessa mögulega síðustu viðureign gömlu erkfjendanna en í gær skýrði þjálfari Al-Nassr frá því að Ronaldo yrði ekki með vegna meðsála.

■ **Andy Schmid**, besti handbolta- maður Sviss frá upphafi, hefur lagt skóna á hilluna, fertugur að aldri, eftir að hafa leikið með svissneska landsliðinu á EM í Þýskalandi. Hann lék í tólf ár með þýska liðinu Rhein-Neckar Löwen og var valinn besti leikmaður deildarinnar fimm ár í röð, frá 2014 til 2018, en Schmid varð tvisvar þýskur meistari með liðinu.

■ Þýski knattspyrnumaðurinn **Toni Kroos**, leikmaður Real Madrid, íhugar að taka fram landsliðsskóna á nýjan leik, en hann hætti að leika með landsliðinu eftir EM 2021. Evrópumótidið fer fram í Þýskalandi í sumar og að sögn The Athletic þykir Kroos freistandi að taka eitt stórmót í viðbót og það á heimavelli.

■ **Bjartey Hanna Gísladóttir**, 13 ára markvörður Fram í knattspyrnu, hlaut eldskírni sína með meistaraflokki liðsins þegar hún lék allan leikinn í markinu í naumu tapi fyrir bikarmeisturum Víkings úr Reykjavík í Reykjavíkurmótinu á þriðjudagskvöld. Bjartey Hanna er fædd árið 2010, verður 14 ára í maí og er enn í 4. flokki Fram.

■ **Benoit Kounkoud**, leikmaður Evrópumeistara Frakklands í handknattleik, var í gærmorgun handtekinn, grunaður um tilraun til nauðgunar á skemmtistaði í París. Kounkoud er 26 ára hornamaður, samherji **Hauks Prastarsonar** hjá pólska meistara-liðinu Kielce.

■ **Forráðamenn** danska knattspyrnufélagsins Silkeborg höfnuðu á dögum um tilboði í íslenska landsliðsmanninn **Stefán Teit Þórðarson**. Danski miðillinn Bold.dk greinir frá þessu en Stefán Teitur, sem er 25 ára gamall, hefur undanfarna daga verið sterklega orðaður við belgíska A-deildarfélagið Kortrijk, þar sem **Freyr Alexandersson** tók við stjórnar- taunumum í byrjun janúar- mánaðar. Sagt er að tilboðið hafi numið um fimm milljónum danskra króna, eða tæplega 100 milljónum íslenskra króna.



! Í KVÖLD

KÖRFUKNATTLEIKUR

Úrvalsdeild karla, Subway-deildin:
Smárin: Grindavík – Njaróvík 19.15
Álftanes: Álftanes – Þór P 19.15
Egilsstaðir: Höttur – Hamar 19.15
Ásvellir: Haukar – Keflavík 19.15
Sauðárkrúkur: Tindastóll – Breiðablik 19.15

HANDKNATTLEIKUR

Úrvalsdeild karla, Olísdeildin:
Safamýri: Víkingur – FH 18
KA-heimilið: KA – HK 19
Hlíðarendi: Valur – Selfoss 19.30
Varmá: Afturelding – Fram 19.30

Snýr aftur til Sauðárkróks

Tindastóll hefur samið við bandaríska körfuboltamanninn Keyshawn Woods um að leika með liðinu út tímabilið. Woods er Sauðárkrækungum að góðu kunnur, enda var hann í lykilhutverki þegar liðið vann Íslandsmeistaratið í fyrsta sinn síðasta vor. Hann tryggði titilinn með því að setja niður þrjú vítaskot gegn Val í oddaleik sem Tindastóll vann með einu stigi. Woods er 28 ára bakvörður og lék fyrri hluta vetrar með Ormanspor í Tyrklandi.



Ljósmynd/Jóhann Helgi Sigmarsson

Tindastóll Keyshawn Woods er kominn aftur frá Tyrklandi.

Leikur með AGF fram í júní

Sunneva Hrönn Sigurvinsdóttir, knattspyrnukona úr FH, er komin til Danmerkur og leikur þar með úrvalsdeildarliðinu AGF frá Árósum til loka tímabilsins. Sunneva er 26 ára og var fyrirliði FH í Bestu deildinni á síðasta tímabili. Þar með eru íslenskir leikmenn í fjórum af þeim sex liðum sem leika áfram um danska meistara- titilinn þegar keppni heldur áfram í mars eftir vetrarfríð. AGF er í sjötta sæti og var síðasta liðið sem slapp inn í efri hlutann.



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Danmörk Sunneva Hrönn Sigurvinsdóttir leikur með AGF.

„Ef það tekst er allt erfiðari þess virði“

● Sara Björk Gunnarsdóttir er ekki á heimleið og stefnir á að vera áfram úti

ITALÍA

Bjarni Helgason
bjarnih@mbl.is



Knattspyrnukonan Sara Björk Gunnarsdóttir nýtur lífsins hjá ítalska stórliðinu Juventus en hún gekk til liðs við félagið frá Lyon í Frakklandi sumarið 2022.

Sara Björk, sem er 33 ára gömul, hefur komið sér vel fyrir í Tórinó ásamt sambylismanni sínum, knattspyrnumanninum Árna Vilhjálmssyni, og syni þeirra Ragnari Frank sem verður þriggja ára í nóvember á þessu ári.

Sara Björk hefur leikið nú leiki í ítölsku A-deildinni á tímabilinu, þar sem hún hefur skorað eitt mark, en liðið er með 34 stig í öðru sæti deildarinnar

„Lífið hérna úti á Ítalíu er að fara mjög vel með mig,“ segir Sara Björk í samtali við Morgunblaðið.

„Árni skrifaði undir samning við Novara í byrjun janúarmánaðar og liðið er í um klukkutíma fjarlægð frá Tórinó, sem hentar okkur ágætlega. Tímabilið er því í fullum gangi hjá okkur báðum núna og þetta krefst smá skipulags. Ragnar Frank er á leikskóla hérna í Tórinó og á meðan ég er að spila á laugardögum spilar Árni á sunnudögum, þannig að þetta er ákveðið þúsluspil. Juventus er í harðri toppbaráttu og úrslitakeppni deildarinnar hefst í mars, þannig að það er nóg fram undan. Úrslitakeppnin leggst mjög vel í mig, deildin hefur verið mjög jöfn og spennandi í ár, þannig að það er óhætt að segja að það sé nóg að gera,“ segir Sara Björk.

Deildin á mikilli siglingu

Sara Björk hóf atvinnumannsferilinn í Svíþjóð hjá Rosengård árið 2011 en hún hefur einnig leikið með Wolfsburg í Þýskalandi og Lyon í Frakklandi á ferlinum. Öll þrjú félögin hafa verið í fremstu röð í Evrópu.

„Ítalska deildin er kannski ekki alveg jafn sterk og þýska eða franska deildin en hún á ekki langt í land, finnst mér. Ítalska deildin er á mikilli siglingu og uppleið ef svo má segja. Hún er til dæmis mun sterkari í ár en á síðustu leiktíð og það hafa fleiri sterkir leikmenn samið við félag í Ítalíu að undanfögnu. Umgjörðin hérna er líka fyrsta flokks, eins og til dæmis hjá Fiorentina, sem er með því besta sem maður hefur séð í Evrópu. Ég er mjög ánægð hérna og mér

líður virkilega vel. Við erum með frábært lið og erum búnar að vera í toppbaráttu frá því að ég kom. Það var vissulega svekkjandi að komast ekki lengra í Meistaradeildinni á tímabilinu en það segir manni líka hversu sterk keppnin er orðin. Samkeppnin er alltaf að verða meiri og það er mjög jákvæð þróun. Heilt yfir hefur gengið hérna hjá Juventus samt verið mjög gott og ég hef notið mín vel.“

Alls ekki sjálfgefið

Sara Björk hefur verið í stóru hlutverki hjá Juventus frá því að hún kom og hún er ánægð með þá vegferð sem liðið er á. „Ég er mjög sátt við tímenn hjá Juventus hingað til. Liðið hafði orðið ítalskur meistari fimm ár í röð áður en ég kom og við enduðum í öðru sæti á mínu fyrsta tímabili. Það var auðvitað svekkjandi, og það var líka svekkjandi að komast ekki upp úr riðlinum í Meistaradeildinni á síðustu leiktíð, en svona er fótboltinn. Aðstaðan hérna er frábær og ég er í frábæru liði sem er alltaf að bæta sig og getur náð enn lengra.

Ég er líka í stóru hlutverki, sem er mikilvægt. Svo hjálpar það mikið að við fjölskyldan njótum þess líka að vera saman eftir smá röt síðustu ár þegar Árni var að spila í Frakklandi og svo í Litháen. Við erum að spila á nánast sama stað í atvinnu- mennsku, sem er alls ekki sjálfgefið og nokkuð sem ég bjóst satt best að segja ekki við að myndi gerast.

Fótboltaheimurinn er harður heimur og það er erfið að finna lið sem eru nálægt hvort öðru þannig að ég er mjög sátt og þakklát fyrir það.“

Sátt við ákvörðunina

Sara Björk tilkynnti í janúar á síðasta ári að hún væri hætt að leika með íslenska landsliðinu, þá 32 ára gömul, en hún er leikjahæsta landsliðskona Íslands frá upphafi með 145 landsleiki á bakinu. Hún lék sinn fyrsta landsleik aðeins 16 ára gömul og var fyrirliði kvennalandsliðsins frá 2017 til 2023.

„Álagið hefur alltaf verið mikið og ég er búin að vera með krónískan verk í hásininni undanfarin tíu ár. Sá verkur er líklegast ekkert að fara, en það voru margir þættir sem spiluðu inn í þá ákvörðun mína að hætta að leika með landsliðinu. Mér fannst þetta góður tímunktur til þess að kveðja landsliðið og ég vildi eyða meiri tíma með fjölskyldunni



Ljósmynd/@JuventusFCWomen

ITALÍA Sara Björk Gunnarsdóttir er í stóru hlutverki hjá ítalska stórliðinu Juventus, en hún gekk til liðs við félagið frá Lyon í Frakklandi árið 2022.

minni og á sama tíma einbeita mér að því að ná markmiðum mínum með félagsliðinu mínu.

Það eru ákveðin kynslóðaskipti að eiga sér stað hjá landsliðinu og hópurinn hefur breyst mikið bara á einu ári. Ég get alveg viðurkennt að það er hálskrítið að vera í landsliðinu í 16 ár og spila fyrir Íslands hönd en vera svo allt í einu komin í þá stöðu að horfa á leikina í sjónvarpinu heima. Það breytir því samt ekki að ég er mjög sátt við ákvörðun mína, það er engin eftirsjá, og ég hef nýtt tímenn vel með fjölskyldunni minni.“

Mikilvægt skref

En hvernig sér Sara Björk framtíð kvennalandsliðsins fyrir sér?

„Það þarf að halda áfram að styðja vel við bakið á liðinu og gefa í líka svo að liðið komist á hærra stall. Ég hef líka alltaf sagt að þetta sé undir leikmönnum sjálfum komið og hvort þeir séu tilbúnir að taka skrefið sem þarf til þess að ná enn lengra. Leikmenn þurfa að vera tilbúnir að taka skrefið út úr þægindaramma sínum ef þeir ætla að halda áfram að bæta sig. Leikmenn hafa gert það á undanförunum árum og margar félagsliðum Evrópu í dag, sem er frábært.

Fyrir mér snýst þetta líka um reynsluna sem þú öðlast við það að fara úti í atvinnu- mennsku og að læra á lífið sjálft ef svo má segja. Það er krefjandi að fara einn út, búa einn og þurfa að læra aðeins á lífið. Þetta er ákveðið ferli og það er eitt að taka skrefið út og svo annað að halda sér í sama ferli. Þú þroskast ekki bara sem leikmaður með því að taka skrefið út heldur líka sem manneskja og þannig öðlastu mjög dýrmæta reynslu sem þú býrð að alla ævi.“

Erfið og frábær á sama tíma

Íslenska deildin er á uppleið og Ísland hefur átt tvo fulltrúa í Meistaradeildinni undanfarin ár.

„Það eru margir leikmenn heima á Íslandi sem hafa það mjög gott og það er auðvelt að taka ákvörðun um að spila bara á Íslandi. Aðstaðan

heima er fyrsta flokks og miklu betri en hjá mörgum stórum félögum í Evrópu. Þú ert með alla vini þína og fjölskyldu á Íslandi og eins og ég kom inn á áðan, í ákveðnum þægindaramma, en á meðan þú ert á Íslandi ertu ekki 100 prósent með hugann við fótboltann að mínu mati.

Það fer enginn út í atvinnu- mennsku til þess að verða ríkur til að byrja með og það er viðbúið að þú fái ekki besta samninginn strax. Þú þarft að spyrja þig af hverju þú ert að taka þetta skref, er það til þess að verða ríkur eða verða betri í fótbolta? Atvinnu- mennskan er erfið en frábær á sama tíma. Þú ert fyrst og fremst að gera þetta fyrir sjálfa þig, reyna á sjálfa þig, sjá hversu langt þú getur farið við erfiðar aðstæður, og hindranirnar eru margar sem þarf að sigrast á, en ef það tekst er allt erfiðari þess virði.“

Taka ákvörðun sem fjölskylda


Samningur Söru Bjarkar við Juventus rennur út eftir tímabilið, en hún hefur meðal annars verið orðuð við endurkomu til Íslands sem og lið á Englandi.

„Eins og staðan er í dag erum við ekki á heimleið en það er erfið fyrir okkur að skipuleggja okkur marga mánuði fram í tímann. Við tökum þetta viku fyrir í senn en bæði ég og Árni höfum enn mikla ástríðu fyrir fótboltanum og við viljum nýta þann tíma sem við höfum til þess að spila áfram á erlendri grundu. Það er klárt mál að við komum heim á einhverjum tímamarki en eins og staðan er í dag er plánið að vera áfram úti og okkur líður vel á Ítalíu.

Hvað varðar ensku deildina hefur hún alltaf heillað mig og þetta er deild sem hefur verið á mikilli uppleið undanfarin ár. Hún er jöfn og sterk og aðsóknin er mikil á leikina. Enska deildin er deild sem myndi henta mér og leikstíl mínum ágætlega en við þurfum að bíða og sjá hvað gerist. Það væri ekkert leiðinlegt að spila á Englandi en þegar allt kemur til alls tökum við ákvörðun um framhaldið sem fjölskylda,“ bætir Sara Björk við í samtali við Morgunblaðið.

GLÆNÝ RISASYRPA!

Vertu með í fjörinu í Andabæ!



Tilboðsverð: 2.599 kr.

Verð áður: 3.199 kr.

www.penninn.is
s: 540-2000



Frí heimsending*
ef pantað er fyrir 10.000 kr.
eða meira á vefnum okkar
*á ekki við um húsgögn og fyrirtækjþjónustu

PENNINN

Eymundsson

Vörurval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilbodsins er til og með 05. febrúar 2024 eða á meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og my-

Ljóðræn fegurð Vaðlaheiðarganga

● Verkfræðingar frumsýna leikverk um Vaðlaheiðargöng ● Staða mannsins í náttúrunni er í forgrunni verksins ● „Við erum að skoða grátbroslegu hliðarnar,“ segir Karl Ágúst Þorbergsson

Ragnheiður Birgisdóttir
ragnheidurb@mbl.is

„Það er svo margt í þessari hugmynd sem er svo fallegt og mannlegt,“ segir Karl Ágúst Þorbergsson, listrænn stjórnandi verksins *Vaðlaheiðargöng* í Borgarleikhúsinu, sem fjallar um þessa „stórkostlegustu framkvæmd Íslandssögunnar,“ eins og segir í kynningu frá leikhúsinu. Verkið, sem leikhópurinn Verkfræðingar stendur að í samstarfi við



Karl Ágúst Þorbergsson

Borgarleikhúsið, verður frumsýnt á Nýja sviðinu á morgun, föstudagskvöldið 2. febrúar.

„Samspil manns og náttúru er þarna í forgrunni. Við mennirnir að grafa okkur í

gegnum risastórt eldgamalt fjall til þess að stytta okkur leið. Sem er fullkomlega réttmætt og eðlilegt en samt líka skrítið ef maður fer að pæla í því.“ Þá segir hann að pólitíkin í kringum verkefnið hafi verið áhugaverð. „Til dæmis voru allir þingmennirnir sem komu að þessu úr Norðausturkjördæmi, sem er kannski ekki tilviljun, en þeir voru líka allir sköllóttir, sem er kannski skemmtilegri tilviljun,“ segir hann.

Eins og súrrealískt listaverk

„Svo var einhver ljóðræn súrrealísk fegurð sem birtist þarna, sérstaklega þegar það fór að ganga illa,“ segir Karl og vísar til þess þegar heitt vatn fór að streyma þar sem grafið var fyrir göngunum Eyjafjardarmegin. „Menn höfðu séð fyrir að það yrði eitthvert vatn í fjallinu en ekki heitt vatn. Það gýs upp þarna tæplega 50 gráðu heitt vatn sem gerir það að verkum að aðstæðurnar þarna inni verða eins og í gufubaði.“

Svo fór að leka kalt vatn Fnjóskaldsmegin. „Þá þurftu þeir að sigla inn í fjallið á bát og það er held ég bara það fallegasta sem ég hef séð.



Ljósmynd/Owen Fieni

Leikhús „Svo var einhver ljóðræn súrrealísk fegurð sem birtist þarna, sérstaklega þegar það fór að ganga illa.“

Það er eins og eitthvert listaverk. En á sama tíma verður það svo rosalega mannlegt því það er verið að athuga með einhverja þéttingu á einhverri steypu eða eitthvað. Og þá þarf að sigla á árabát inn í fjallið eins og í einhverju súrrealísku listaverki.“

Aðspurður segist Karl lengi hafa haft áhuga á þessari framkvæmd. „Við erum búin að grúka í þessu í um tvö ár og svo birtast um þetta endalausar fréttir og ég er búinn að vista þær allar í tölvuna. Þetta er gullnáma. Mestu vandræðin eru að það er búin að gera sýninguna fyrir okkur. Framkvæmdirnar við þessi göng eru bara sýningin. Þannig að við erum búin að vera í bölvuðum vandræðum með hvernig við komum þessari lygilegu sögu áfram.“

Samband manns og náttúru er að sögn Karls í algjörum forgrunni. „Það er auðvitað bara búin að gera þessi göng og þau virka vel, þannig

við erum voða lítið að pæla í þeim í sjálfu sér. En verkið gerist inni í þeim. Það eru þarna manneskjur inni í göngunum sem eru að dfla við sig sjálfar og náttúruna, smæð sína og þess háttar. Undirtónninn er maðurinn í hamfarahlýnuninni. Hvernig við höfum skapað okkur það umhverfi og hvernig við dflum við það,“ segir hann.

„Við fáum að fylgjast með manneskjum ganga í gegnum ýmsa hluti inni í göngunum. Það er spurning hvort þær geti horfst í augu við sjálfa sig og tekist á við stóra vandanálið. Eða hvort heimurinn hrynur ofan á þær.“

Þetta er heimsendir

Spurður hvers vegna hann hafi valið að gera verk um hamfarahlýnun segir Karl: „Þetta er náttúrulega heimsendir. Það er ekkert flóknara en það. Ekki heimsendir jarðarinn-

ar heldur heimsendir okkar. Svo ég spyr nú bara: Hvernig er hægt að gera verk sem fjallar ekki um hamfarahlýnun? Ég held að það verði endurkoma stóra sannleiksins. Hann er mættur. Það er alla vega mín skoðun, að öll verk hljóti að snúast um manneskjuna í samhengi við náttúruna á næstu árum.“

Verkinu er lýst sem „tilvistarlegum gleðileik“ og aðspurður segir Karl að þeim þyki sjálfum verkið mjög fyndið. „Við erum alla vega búin að hlæja okkur máttlaus. Við erum að skoða grátbroslegu hliðarnar á þessum aðstæðum sem við erum búin að koma okkur í.“

Leikhópurinn Verkfræðingar stendur að sýningunni. Aðalbjörg Árnadóttir, Hilmir Jensson og Kolbeinn Arnbjörnsson flytja verkið, Júlíana Lára Steingrimsdóttir sér um leikmynd og búninga og Ólafur Ágúst Stefánsson sér um

ljósaheimum. Tónlist og hljóðheimur verksins er í höndum Gunnars Karels Mátssonar og Björn Snorri Rosdahl vinnur grafíska hönnun fyrir verkið.

„Ég ákvað bara að húa í bestu vini mína. Þetta er fólk sem ég hef unnið mikið með í hópunum 16 elskendur og Sómi þjóðar. Þetta er eiginlega samruni þeirra tveggja. Þetta er fólk sem ég vissi að hefði áhuga á þessu og væri til í að gera rugl. Við erum að gera mjög mikið rugl, skemmtilegt rugl,“ segir Karl. „Þetta er samsköpunarverkefni sem ég leiði, er listrænn stjórnandi yfir. Ég kem með innlegg inn í þetta og hugmyndafræðilegan grunn og svo búa þau til tófrana.“

Hættur í listinni

Heiti hópsins er viðeigandi. „Verkfræðingar? Já, við erum sérfræðingar í að búa til verk. Svo er ég með persónulegar tengingar inn í verkfræðiheiminn. Ég ólst eiginlega upp með annan fótinn á verkfræðistofu. Pabbi minn var verkfræðingur og mamma var bókasafnsfræðingur á verkfræðistofu, svo að ég hef alltaf verið hugfaginn af þessum heimi,“ segir hann.

Eru verkfræðingar kannski markhópurinn? Attu von á mörgum á sýninguna?

„Já, biðdu fyrir þér. Verkfræðingar fara almennt frekar mikið í leikhús og við erum að fá stóran hóp frá VSÓ Ráðgjöf, annan stóran frá Verkís og svo kemur hópur frá Íslenskum aðalverktökum.“

Spurður um hvað hann sé annars að fást við þessa dagana segist hann hafa sagt upp starfi sínu við sviðslistadeild Listaháskóla Íslands og snúið sér að öðru.

„Ég er nýbúinn að taka algjöra u-beygju í mínu lífi. Þetta er það síðasta sem ég geri í listinni. Ég er kominn á fullt í trésmíðina og vinn við endurgerð á gömlum timburhúsum.“

En er útséð um að þú snúir einhvern daginn aftur í leikhúsið?
„Aldrei að segja aldrei.“

Pétur Gautur

GALLERÍ FOLD

Úrval listaverka eftir fjölbreyttan hóp listamanna Gallerís Foldar

Rauðarárstígur 12-14, sími 551 0400 · www.uppbod.is

Opið virka daga kl. 10-18
laugardaga kl. 12-16

Lífga upp á dimm-ustu mánuðina

● Vetrarhátíð á höfuðborgarsvæðinu

Vetrarhátíð verður haldin dagana 1.-3. febrúar í öllum sex sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins. „Tilgangur Vetrarhátíðar er að lífga upp á borgarlífið á dimmstu vetrarmánuðunum með því að tengja saman ólíka menningarlega þætti sem allir tengjast þema hátíðarinnar, ljósi og myrkri,“ segir í tilkynningu frá Reykjavíkurborg.

Hátíðin verður sett í dag í klukkan 19 fyrir framan Hegningarhúsið á Skólavörðustíg. Einar Þorsteinnsson borgarstjóri mun opna hátíðina með því að kveikja á ljóslistaverkinu „Absorbed by light“. Ljóslistaverk mynda gönguleið frá Hallgrímskirkju að Ráðhúsi Reykjavíkur.

Sundlauganótt er haldin í dag. Öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu taka þátt og verða alls 13 sundlaugar opnar og er aðgangur ókeypis. Safnanótt verður síðan haldin annað kvöld, föstudaginn 2. febrúar, en þá verða um 40 söfn opin almenningi og ýmsir óhefubundnir viðburðir á dagskrá.

Í Kópavogi verður m.a. boðið upp á miðausturlenska músíkveislu, spádóma Siggú Kling og



Ljósadýrð Hátíðin einkennist iðulega af mikilli ljósadýrð.

nýtt ljósaverk við Kópavogskirkju. Í Hafnarfirði verður boðið upp á barnatónleika, galdratáknasmíðju og leiðsögn um sýningar í Hafnarborg, svo eitthvað sé nefnt. Í Mosfellsbæ verður Álafoss sveifaður fjólubláum bjarma alla daga hátíðarinnar og í Garðabæ og á Seltjarnarnesi verður boðið upp á fjölbreytta viðburði fyrir alla fjölskylduna.

Nánari upplýsingar má finna á vefnum vetrarhatid.is.





TIL HAMINGJU, Steinunn, Gunnar og Rán!

Við óskum höfundunum okkar innilega til hamingju
með Íslensku bókmenntaverðlaunin

FAGURBÓKMENNTIR



BARNA- OG
UNGMENNABÆKUR



KVIKMYND EFTIR SIGURJÓN KJARTANSSON

Fullt hús

hann er kominn heim.

KOMIN Í SAMBÍÓIN KRINGLUNNI
SAMBÍÓIN KEFLAVÍK OG SAMBÍÓIN AKUREYRI

SAMBÍÓIN

Nánari upplýsingar um sýningartíma á sambio.is

11 ÓSKARS TILNEFNINGAR
MEDAL ANNARS
BESTA MYND
BESTA LEIKKONAN - EMMA STONE
BESTI LEIKSTJÓRI - YORGOS LANTHIMOS

MEAN GIRLS
A NEW TWIST FROM TINA FEY


ANYONE BUT YOU
SYDNEY SWEENEY EILEEN POWELL

THE IRON CLAW
KOMIN Í BÍÓ

THE GUARDIAN ★★★★★
INDIEWIRE ★★★★★
TOTAL FILM ★★★★★
THE HOLLYWOOD REPORTER ★★★★★

★★★★★ VARIETY
★★★★★ SCREEN DAILY
★★★★★ ROLLING STONE
★★★★★ EMPIRE

Fundu verk sem stolið var fyrir 14 árum



Verk eftir listamennina Chagall og Picasso, sem stolið var fyrir 14 árum frá listaverkasafnara í Ísrael, fundust nýverið í kjallara í Antwerpen í Belgíu. Verkunum tveimur, „Tête“ eftir Pablo Picasso og „L'homme en prière“ eftir Marc Chagall, var stolið úr heimahúsi í Tel Aviv í febrúar 2010. Þá voru verkin metin á rúmar 120 milljónir íslenskra króna. Ræningjarnir stálu einnig skartgripum að verðmæti rúmlega 90 milljóna króna en þeir hafa ekki fundist.

Rannsóknarlögregla fékk mikilvægar upplýsingar í málinu árið 2022 þegar hún fékk veður af því að listaverkasali í Namur í Belgíu væri með verkin tvö til sölu. Lögreglan fylgdist með hinum grunaða, 68 ára gömlum ísraelskum lúxúsúrasala, í nokkra mánuði og taldi loks víst að hann hefði verkin í fórum sínum. Hann viðurkendi það en vildi ekki upplýsa um hvar þau væri að finna. Þau fundust loks í Antwerpen, í húsnæði sem áður hafði hýst listaverkasölu sem hafði verið bendluð við málverkastuld.

Listaverk þjóðarinnar



Jón Stefánsson (1881-1962)
Sumarnótt, lómar við Þjórsá, 1929
Ólímálverk 100x130 cm

Fegurðin á fletinum

Fjallið, fjallið eina, oftast sett á miðjan myndflötinn, má segja að hafi verið rauði þráðurinn í listsköpun Jóns Stefánssonar. Jón hafði verið þrjú ár í verkfræðinámi í Kaupmannahöfn þegar hann ákvað að gerast listmálari og hóf listnám, fyrst í Kaupmannahöfn og síðan í París, þar sem hann var meðal nemenda Henris Matisse. Glíman við myndflötinn átti hug hans allan en hann leitaði eftir klassísku samræmi í túlkun sinni á íslensku landslagi og því var það ekki nákvæm eftirmynd landsins sem Jón leitaðist við að fanga, heldur frekar fegurðin á fletinum. Helstu einkenni verka

hans eru þaulhugsuð myndbygging og sterk formmótun. Leitinn að hinu fullkomna samræmi forma, línu og litar, sem magnaði inntak verksins, var sú krafa sem hann gerði til sín sem listmálari. Í verkinu Sumarnótt, lómar við Þjórsá, sem víða var til í eftirprentum á íslenskum heimilum á seinni hluta síðustu aldar, túlkar Jón kyrrð íslensku sumarnæturlinnar og leggur áherslu á hið kyrrstæða og algilda en myndin hefur jafnframt yfir sér blæ upphafningar. Láréttar línur landsins og samhverf myndskipanin með trapisulaga fjallið fyrir miðri mynd ásamt lóðréttum línunum fugl-

anna skapa ró og kyrrð sem rofin er með skálinu sem goggur annars fuglsins myndar. Kunnugir segja fjallið vera Skarðsfjall og álykta jafnvel að málarinn hafi fyrst og fremst af myndrænni nauðsyn látið skarðið vera sýnilegt í spegilmynd fjallsins. Hér ríkir jafnvægi milli spennu og kyrrðar þar sem hlutfallalögmál gullinsniðsins, sem um aldir var talið einkenna klassíska og vel mótaða myndbyggingu, liggur til grundvallar. Jón Stefánsson bjó til skiptis á Íslandi og í Danmörku en eftir sem áður var íslensk náttúra höfuðviðfangsefni hans og Danir kölluðu hann Islands store maler.

Verkið er í eigu Listasafns Íslands og er hluti af sýningunni Viðnám í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Listasafnið er opið kl. 10-17 alla daga nema mánudaga. Umfjöllunin er birt í samvinnu við Listasafn Íslands.

Borgarleikhúsið

Eitruð lítil pilla (stóra sviðið) Stórsöngleikur Alanis Morissette

Fös. 23 / 02 kl. 20:00 U Fös. 01 / 03 kl. 20:00 U Fim. 07 / 03 kl. 20:00 U
Lau. 24 / 02 kl. 20:00 U Sun. 03 / 03 kl. 20:00 U Fös. 08 / 03 kl. 20:00 U
Fim. 29 / 02 kl. 20:00 U Mið. 06 / 03 kl. 20:00 U Fim. 14 / 03 kl. 20:00 U

Fíasól (stóra sviðið) **** „Sprúðlandi fjörug sýning.“ - Þ.T. Morgunblaðið

Lau. 03 / 02 kl. 13:00 U Sun. 18 / 02 kl. 13:00 U Sun. 03 / 03 kl. 13:00 U
Sun. 04 / 02 kl. 13:00 U Lau. 24 / 02 kl. 13:00 U Lau. 09 / 03 kl. 13:00 U
Lau. 10 / 02 kl. 13:00 U Sun. 25 / 02 kl. 13:00 U Sun. 21 / 04 kl. 13:00 U
Sun. 11 / 02 kl. 13:00 U Lau. 02 / 03 kl. 13:00 U Lau. 27 / 04 kl. 13:00 U

Lúna (litla sviðið) Nýtt verk eftir Tyrting Tyrtingsson

Fim. 01 / 02 kl. 20:00 U Fim. 15 / 02 kl. 20:00 U Lau. 24 / 02 kl. 20:00 U
Sun. 04 / 02 kl. 20:00 U Fös. 16 / 02 kl. 20:00 U Fös. 01 / 03 kl. 20:00 U
Fim. 08 / 02 kl. 20:00 U Lau. 17 / 02 kl. 20:00 U Sun. 03 / 03 kl. 20:00 U
Sun. 11 / 02 kl. 20:00 U Fös. 23 / 02 kl. 20:00 U Mið. 06 / 03 kl. 20:00 U

Níu líf (stóra sviðið)

Fim. 09 / 05 kl. 20:00 U
Fös. 10 / 05 kl. 20:00 U
Sun. 12 / 05 kl. 20:00 U
Fim. 16 / 05 kl. 20:00 U

Með guð í vasanum

Lau. 03 / 02 kl. 20:00 U
Sun. 10 / 02 kl. 20:00 U
Sun. 11 / 02 kl. 20:00 U
Sun. 18 / 02 kl. 20:00 U

Síðustu sýningartími

X

Fös. 08 / 03 kl. 20:00 U
Sun. 10 / 03 kl. 20:00 U
Lau. 16 / 03 kl. 20:00 U
Sun. 17 / 03 kl. 20:00 U

Dulmagnað spennuleikrit

Deleríum búbonís

Fös. 02 / 02 kl. 20:00 U
Lau. 03 / 02 kl. 20:00 U
Fös. 09 / 02 kl. 20:00 U
Lau. 10 / 02 kl. 20:00 U

Vaðlaheiddargöng

Fös. 02 / 02 kl. 20:00 U
Fös. 09 / 02 kl. 20:00 U
Lau. 10 / 02 kl. 20:00 U
Fös. 16 / 02 kl. 20:00 U

Óbærilegur léttleiki knattspyrnunnar

Fös. 02 / 02 kl. 20:00 U
Fös. 09 / 02 kl. 20:00 U
Lau. 10 / 02 kl. 20:00 U

Fleiri sýningar á borgarleikhus.is | midasala@borgarleikhus.is | 568 8000

Veitingar frá Jómfrúnni fást í Borgarleikhúsinu!



Til hamingju!

Við hjá Sögufélagi óskum Haraldi Sigurðssyni til hamingju með Íslensku bókmenntaverðlaunin 2023 í flokki fræðibóka og rita almenns efnis fyrir bókina *Samfélag eftir máli: Bæjarskipulag á Íslandi og fræðin um hið byggða umhverfi*.



Umsögn dómnefndar:

Ritið byggir á langri og ítarlegri rannsóknarvinnu höfundar, framsetningin er aðgengileg og textinn einkar lipur. Skipulagsfræðin eru sett í samhengi við hugmyndasögu hvers tíma, svo og atvinnu- og lýðræðisþróun, einkum á Vesturlöndum, og vísanir í íslenskar og alþjóðlegar bókmenntir og listir þetta verkið og gefa því breiðari skírskotun. Höfundur segir hlutlægt frá, en er gagnrýnn á stefnur og strauma og minnr lesendur oft á að engin algild sannindi eru til í þessum fræðum. *Samfélag eftir máli* er afar áhugaverð bók um manngert umhverfi okkar, sem skiptir sköpum fyrir samfélagsþróunina, umhverfismál og persónulega líðan okkar allra. Hún á erindi jafnt til fagfólks og almennings, er fagurlega hönnuð og ljóst að hugað er að umhverfisþáttum við gerð hennar.





AFP/Kena Betancur

Stjarna Chita Rivera árið 2015. Hún starfaði á Broadway í um sex áratugi.

Chita Rivera látin, 91 árs að aldri

Broadway-stjarnan Chita Rivera er látin 91 árs að aldri eftir stutt veikindi. Þetta hefur *Variety* eftir kynningarfulltrúa hennar. Rivera, sem var jafnvíg á leik, söng og dans, fór með hlutverk Anítu í *West Side Story* eftir Leonard Bernstein við texta Stephens Sondheim og með dönsnum Jeromes Robbins þegar söngleikurinn var frumsýndur á Broadway 1957. Hún fór einnig með titilhlutverkið í *Kiss of the Spider Woman* 1993 og hlutverk Velmu Kelly í fyrstu uppfærslu *Chicago* á Broadway 1975. Ferill Rivera á Broadway spannaði rúm sextíu ár og á þeim tíma vann hún til tveggja Tony-sviðslistaverðlauna í Bandaríkjunum og var tilnefnd til átta verðlauna til viðbótar.

Eivör í tónleikaferðalag í haust



Færeyska tónlistarkonan Eivör fer í tónleikaferð um Evrópu ásamt norsku tónlistarkonunni Sylvaine í október í tengslum við útgáfu platna þeirra. „Ég og hljómsveitin mín biðum spennu eftir því að hefja þennan nýja kafla. Tónleikaferðalagið nær til Þýskalands, Hollands, Belgíu, Bretlands, Frakklands, Sviss, Austurríkis, Ungverjalands, Danmerkur, Svíþjóðar og Noregs,“ skrifar Eivör í tilkynningu. Miðasala er hafin og fer fram á eivor.com.

Rakalaus þvættingur

BÆKUR

EINAR FALUR
INGÓLFSSON




Skáldsaga

Lokasuðan ★★★★★

Eftir Torgny Lindgren.
Sæmundur, 2023. Mjúkspjalda, 269 bls.

Í upphafi *Lokasuðunnar* stendur 53 ára gamall fréttaritari í afskekktari sænskri sveit við skrifpúlt sitt og skrifar enn eina blaðafregningina um viðburði í héraðinu fyrir landsmálaþingið sem hann vinnur fyrir. Einungis tvö ár eru frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar og nú vinnur hann að pistli um dularfullan þýskan mann sem hefur komið sér fyrir í sveitinni, en þá berst fréttaritararum bréf frá aðalritstjóra blaðsins. Og þar er honum sagt samstundis upp störfum og ástæðan,



segir ritstjórnin: „Í ljós hefur komið að fregnir yðar eru, í sannleika sagt, rakalaus þvættingur. Sá veruleiki sem þér virðist lýsa er einfaldlega hugarburður, uppspuni og

tilbúningur“ (10). Hann segir að það fólk sem fréttaritarinn hafi látið fæðast, eiga afmæli, ganga í hjónaband og ef svo vildi til jafnvel deyja, hafi aldrei gengið um grundir. „Þegar að er gáð finnst mér jafnvel kynlegt ef ekki beinlínis ósemlegt að þér hafði verið til sjálfur,“ skrifar ritstjórnin reidur og bannar fréttaritararum að skrifa eina einustu línu í viðbót. Og fréttaritarinn varð við því, setti skrifpúlt sitt og minnisblokk inn í bú, og það varð svo sannarlega bið á því að hann skrifaði aftur – þótt hann hafi iðulega samið varnarskjál í huganum. Í því var kjarninn sá að sannleikurinn sjálfur ætti sér enga raunverulega tilvist, og að hann hefði skrifað fyrir sitt fólk, í sinni sveit sem honum hafi verið trúað fyrir. Og að þegar ritstjórnin sagði honum upp hefði verið von á tveimur mikilvægum pistlum frá honum, um ókunnugan mann sem birtist í sveitinni og svo hina



Ljósmynd/Jarvin

Skáldsaga „Lokasuðan er ein af bestu sögum sem hér komu út á liðnu ári,“ segir rýnir um verk Lindgrens.

ofurskæðu berkla sem herjuðu á íbúana. En þeir verða ekki skrifaðir fyrir en mörgum áratugum síðar, þegar höfundurinn er orðinn fjörgamall en hefur sigrast á ellinni – og þá listilega fléttuðu og stórskemmtilegu frásögn lesum við í þessari bók.

Torgny Lindgren (1938-2017) var eitt fremsta sagnskáld Norðurlanda á seinni hluta tuttugustu aldar, dádur fyrir framúrskandi stíl og fjölbreytileg verk, ljóð, skáldsögur og leikrit; hann hlaut ýmsar viðurkenningar í heimalandinu og sat í rúman aldarfjórðung í Sænsku akademíunni. Hvað þekktastur er hann fyrir sögurnar sem gerast í sveitum Vesturbotns, þaðan sem hann var sjálfur. Fjórar sagnanna sagði Lindgren mynda heild; Hannes Sigfússon skáld þýddi þá fyrstu fyrir allöngu, *Randafluguhunang*, hún kom á íslensku árið 1997, en Heimir Pálsson hefur þýtt tvær þær næstu í bálkinum *Norrlands Akvavit*, sem kom á íslensku fyrir tveimur árum, og nú *Lokasuðuna*. Þýðingar Heimis

eru afar vandaðar og skila stílgaldri Lindgrens og margbreytilegum röddum persóna hans mjög vel.

Fyrir miðju þriðju persónu frásagnarinnar er gamli maðurinn á vistheimili aldraðra sem aftur er tekinn til við skriftir og rifjar upp löngu liðna atburði í sveitinni. Þeir hverfast um komu tveggja manna sem setjast þar að, þýsk farandsölu-manns og barnakennara. Aðkomu-mennirnir tengjast gegnum ást sína á samsöng og ekki síður á svokölluðu slengi, kæfu sem er gerð með einstökum hætti á hverjum einasta bæ og þeir leggja á sig að rannsaka og bera saman. Á flakki þeirra um sveitina kynnast lesendur kostulegum og listavel mótuðum karakterum – meðal annars höfundi sögunnar ungun, auk sögumannsins sjálfs. Og svo er það ungi hann, Bertil, ungur og óráður, sem alls staðar skýtur upp kollinum, eins konar sögumiðlari og söguvitund, en hann er líka með hnifa og þegar slík eggvopn birtast í sögu þá þarf, rétt eins og með byssu

Tsjekhofs, að nota þau. Þessi margbrotna saga er nefnilega ekki bara um kæfu og söng, tortryggni gagnvart ókunnugum og sínálægan dauða vegna berklanna, heldur er þetta líka saga um glæp, ástir og afbrýði, og meira að segja fjársjóðsleit. Allt klassísk viðfangsefni sagnaritara, eins og gamla mannsins sem er látinn segja frá í þessari sögu sem Lindgren fellir með hrifandi hætti inn í sænsku sveitina.

Lokasuðan er ein af bestu sögum sem hér komu út á liðnu ári, skrifuð af mikilli en að því er virðist áreynslulausri íþrótt þrautþjálfaðs og frumlegs sagnaþular. Hún er listavel byggð og sýnir að sá sem skrifar, eins og fréttaritarinn sem sagt er upp störfum fyrir að búa til heima en segja ekki staðfestan sannleika, skapar líf og fólk sem verður raunverulegt ef sagan er einfaldlega vel sögð. Nú þarf Heimir Pálsson að ljúka við að þýða fjórleik Lindgrens, því frásögnin um *Biblíu Dorés* þarf að fylgja hinum þremur.

TUDOR Start/stop

AGM þurrir og EFB sýru rafgeymar fyrir bíla með start/stop búnaði




Veldu öruggt start með TUDOR



Mælum • Skiptum • Traust og fagleg þjónusta

SKORRI
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR

Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • Nytt! vefverslun: www.skorri.is



AFP/Henry Nicholls

Ljósainnsetning í kirkju í London

Gestur gengur inn kirkjugólfíð í St. Martin-in-the-Fields-kirkjunni í London við opnun fimm daga ljósa- og hljóðinnsetningar breska listamannsins Peters Walkers. Samkvæmt fréttaveitunni AFP er

markmið Walkers með innsetningunni að skapa nútímaútgáfu af steindum gluggum og auka aðgengi allra að listum. Innsetningin stendur til laugardagsins 3. febrúar.

Útsölulok í Curvy

Enn meiri verðlækkun!

50-70% afsláttur

Sjáðu úrvalið í netverslun www.curvy.is
eða komdu í verslun Curvy - Fellsmúla 26 við Grensásveg



Abby Blússa
5.495 kr
~~10.990 kr~~



Nola Blazer
8.995 kr
~~17.990 kr~~



Pallfettukjöll
8.995 kr
~~17.990 kr~~



Nila Jakki
6.995 kr
~~13.990 kr~~



Anni Kápa
14.995 kr
~~28.990 kr~~



Mesh Toppur
3.995 kr
~~7.990 kr~~



Foil Print Leggings
3.495 kr
~~7.990 kr~~



Eina Peysa
5.495 kr
~~10.990 kr~~



Mesh Kjöll
7.995 kr
~~15.990 kr~~



Nola Buxur
6.995 kr
~~13.990 kr~~



Miya Kjöll
4.797 kr
~~15.990 kr~~



Wide fit skór
7.995 kr
~~15.990 kr~~



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Ánægja Eva Björg Ægisdóttir, Rán Flygenring, Gunnar Helgason, Haraldur Sigurðsson og Steinunn Sigurðardóttir voru glaðbeitt á Bessastöðum í gærkvöldi þegar þau voru verðlaunuð.

Mikill heiður og góð hvatning

● Steinunn Sigurðardóttir, Gunnar Helgason, Rán Flygenring og Haraldur Sigurðsson hlutu Íslensku bókmenntaverðlaunin ● Eva Björg Ægisdóttir fékk Íslensku glæpasagnaverðlaunin

VIÐTAL

Ragnheiður Birgisdóttir
Silja Björk Huldudóttir

Steinunn Sigurðardóttir, Gunnar Helgason, Rán Flygenring og Haraldur Sigurðsson hlutu í gærkvöldi Íslensku bókmenntaverðlaunin 2023 úr hendi Guðna Th. Jóhannessonar forseta Íslands, er þau voru afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í 35. sinn. Við sama tækifæri voru Íslensku glæpasagnaverðlaunin Blóðdropinn 2023 afhent í 18. sinn og þau hlaut Eva Björg Ægisdóttir.

Steinunn hlaut verðlaunin í flokki skáldverka fyrir skáldsöguna *Ból* sem Mál og menning gefur út; Gunnar Helgason og Rán Flygenring myndhöfundur í flokki barna- og ungmennabóka fyrir skáldsöguna *Bannað að drepa* sem Mál og menning gefur út og Haraldur í flokki fræðibóka og rita almenns efnis fyrir bókina *Samfélag eftir máli – BæjarSKIPULAG á Íslandi og fræðin um hið byggða umhverfi* sem Sögufélag gefur út. Eva Björg var verðlaunuð fyrir glæpasöguna *Heim fyrir myrkur* sem Veröld gefur út.

Íslensku bókmenntaverðlauninum var komið á fót árið 1989 í tilefni af 100 ára afmæli Félags íslenskra bókaútgefenda (Fibút). Fyrsta árið var verðlauninum ekki skipt í flokka en tilnefndar alls tíu bækur. Árið eftir var tilhögun verðlaunanna breytt þannig að tilnefndar bækur skiptust í tvo flokka, fagurbækur annars vegar og fræðibækur og rit almenns efnis hins vegar. Þannig héldust verðlaunin óbreytt til 2013 að við bættist flokkur barna- og ungmennabóka. Árið 2020 var flokki fagurbóka, eða fagurbókmennta eins og einnig var notað, breytt í flokk

skáldverka. Árið 2022 tók Fibút að sér framkvæmd og fjármögnun Íslensku glæpasagnaverðlaunanna Blóðdropans og fer verðlaunaveiting þeirra og tilnefningar fram samhliða Íslensku bókmenntaverðlauninum. Verðlaunin nema einni milljón króna fyrir hvert verðlaunaverkanna fjögurra og eru kostuð af Fibút. Nýr verðlaunagripur, Blængur, blásvartur hrafn steypur í kopar, eftir myndlistarmanninn Matthías Rúnar Sigurðsson, var afhentur verðlaunahöfum Íslensku bókmenntaverðlaunanna í fyrsta sinn í ár.

Fjögurra manna lokadómnefnd valdi vinningsverkin úr hópi 20 bóka sem tilnefndar voru til verðlaunanna í desember á síðasta ári þegar fimm bækur voru tilnefndar í hverjum flokki. Lokadómnefndina skipuðu formenn dómnefndanna fjögurra, þau Hjalti Freyr Magnússon, Kristján Sigurjónsson, Steingerður Steinarsdóttir og Steinunn Valdís Óskarsdóttir ásamt Kristínu Ingu Viðarsdóttur, forsetaskipuðum formanni nefndarinnar.

Kærkomin og hvetjandi

„Við sem skrifum spyrjum okkur hvers orðin séu í rauninni megnug og tungumálið – og það í heimi sem verður nú viðsjárverðari með degi hverjum,“ sagði Steinunn Sigurðardóttir þegar hún veitti verðlauninum viðtöku á Bessastöðum í gærkvöldi. Í ræðu sinni vakti hún máls á því hve mikilvægt það væri hvernig talað er um hlutina. „Svo það fáiast af þeim sem réttust mynd, þar sem afvegaleiðandi orðin bjartsýni og svartsýni koma sem minnst við sögu. Þar sem orðið raunsæi væri leiðarljósið. Okkur ber að gjalda varhug við orðalagi sem er til þess fallið að slá ryki í augun, samanber



orðið loftslagsbreytingar. Breyting getur verið til batnaðar – sem væri öflugmæli í þessu samhengi.“

Í umsögn dómnefndar um bók Steinunnar segir: „*Ból* er efnismikil saga þrátt fyrir að bókin sé ekki ýkja löng. Viðfangsefnið er ástín í öllum sínum fjölbreyttu myndum, en líka missir, tengsl og tengslaleysi, hvort sem er við sjálfa sig eða aðra, umhverfi sitt og náttúru. Ferðalag söguhetjunnar rannar inn frásögnina sem um leið verður innri ferð hennar og uppgjör við lífið.“

Í samtali við Morgunblaðið segir Steinunn: „Ég er hoppandi kát með fréttirnar. Við erum fimm tilnefnd svo það var auðvitað möguleiki – og alls konar harðsnúnir lesendur spáðu mér verðlauninum strax í haust. En hreinskilnislega þá átti ég ekki sérstaklega von á því að *Ból* fengi þessi verðlaun, ég hugsa ekki þannig, en gleðst jafnframt innilega yfir því. Eðli málsins samkvæmt er bókin sú sama fyrir og eftir viðurkenninguna þannig að maður heldur nú alveg jafnvæginu. En auðvitað er gleðilegt að verkið hafi þennan hljómgrunn hjá dómnefnd sem virðist samsett af lesendum úr ýmsum áttum.“

Verðlaunin segir Steinunn bæði kærkomin og hvetjandi. „Í haust verða 55 ár frá því að ljóðabókin *Sífellur* kom út, en það var fyrsta bókin mín og það er aldeilis ánægjulegt að halda upp á þann áfanga með þessum hætti. Ég vonast sérstaklega eftir því að þau verði til þess að nýr

lesendur uppgötvu bækurnar mínar.“ Steinunn hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir skáldsöguna *Hjartastað* fyrir tæpum 30 árum, árið 1995, og spurð hvernig sé að fá verðlaunin núna miðað við síðast svarar hún: „Þetta er álíka mikið stuð. Það er stuð að fá verðlaun. Maður heldur smápartí eins og síðast og fagnar. Ólíkt því sem reynt er að klína á okkur sem höfum ekki haft það af að deyja ung, þá minnkar stuðið ekkert með árunum, að minnsta kosti ekki mitt. Svo ég er álíka ánægð með verðlaunin núna eins og ég var þá.“

Í því samhengi nefnir hún nýja verðlaunagripinn Blæng, sem hún segir „aðalmálið núna“. „Ég tek það svo, nema annað sannist, að hann heiti í höfuðið á Dýra mínum Blæng, leikstjóranum í *Jöklaleikhúsinu*, sem reykspólar í bæjarbúum á Papeyri með ýmsum töktum.“


Spurð hvort hún hafi ákveðið hvernig hún muni ráðstafa verðlaunafénu segir Steinunn: „Það mun leysast einhvern veginn eins og finnlandssænska ljóðskáldið Tua Forsström sagði þegar hún fékk Norðurlandaráðsverðlaunin um árið. Það verða engin vandræði að eyða þessu og málið leysist afar farsælega án þess að ég þurfi að hafa áhyggjur af framtíð fjárins.“

Steinunn segist vinna á hverjum degi allan ársins hring, nema ferðalög eða flensur trufla, og hún sé með tvö langtíma verkefni á skrifborðinu. Aðspurð segir hún sex mánaða starfslaunin sem hún hlaut í ár úr launasjóði rithöfunda hjálpa eitthvað. „En mikið væri það til bóta ef menningaryfirvöld á Íslandi gerðu svipað og systrabjór á Norðurlöndum: að tryggja afkomu þeirra sem hafa staðið í listsköpun

hálfa aldurnar og meira, eins og ég hef gert. Óöryggi okkar á þessum stað er algjört. Nú er ég því marki brennd að böðlast áfram eins og enginn sé morgundagurinn. Og samkvæmt þessari verðlaunaveitingu enn að skapa eitthvað sem máli skiptir. Frá mínum bæjardyrum séð er ég að skrifa það sem ég hefði ekki getað gert fyrir fimm árum, hvað þá tíu. Það sem ætti að skipta máli er ekki hvaða ár höfundurinn er fæddur heldur hvort verið er að skrifa eitthvað sem máli skiptir, eitthvað sem hreyfir við lesendum.“

Stórkostlegur heiður

„Mig langar að byrja á því að þakka þennan stórkostlega heiður sem mér, Rán og bókinni *Bannað að drepa* er sýndur hér í kvöld. Ég er svo fánæglega glaður, sérstaklega vegna þess að sjaldan eða aldrei hafa jafnmargar framúrskarandi barnabækur komið út á þessu landi,“ sagði Gunnar Helgason þegar hann veitti verðlauninum viðtöku í gærkvöldi. Í framhaldinu þakkaði hann Kyrilo, ungum dreng frá Úkraínu, fyrir að hafa sagt sér sögu sína sem varð Gunnari innblástur að bók sinni. „Það er ekkert í heiminum mikilvægara en börn. Allt annað kemur í öðru sæti. Og þegar kemur að bókum eru engar bækur mikilvægari en barnabækur.“



Í umsögn dómnefndar um *Bannað að drepa* segir: „Þrátt fyrir grafalvarlegt söguefnið einkennist sagan af leiftrandi frásagnargleði, sem fjórlegar myndir Ránar

Flygenring ýta svo enn frekar undir. Eins og í fyrri bókunum er persónusafnið fjölbreytt og litríkt og atburðarásin er spennandi.“

Í samtali við Morgunblaðið segir Gunnar það hafa komið sér ánægjulega á óvart að vinna aftur, en hann hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin 2015 í sama flokki fyrir skáldsöguna *Mamma klikk!* „Ég beitti sjálfan mig mikilli væntingastjórnun enda þorði ég ekki að gera mér vonir um að vinna aftur í annað sinn sem ég væri tilnefndur. Þetta reyndist hins vegar vera 100% færanyting,“ segir Gunnar kíminn. Spurður hvort hann geti gert upp á milli verðlaunabókanna tveggja svarar Gunnar því neitandi, en tekur fram að hann voni að sér fari fram sem höfundi. „Þegar ég vann síðast fannst mér það mikilvæg viðurkenning á mér sem höfundi þar sem mér bauðst að ganga inn um ákveðnar dyr. Nú er ég búinn að vera í rithöfundahúsinu í átta ár þar sem ég hef fengið tækifæri til að gera alls konar. Nú er ég kannski kominn upp á aðra hæð í húsinu og stífg betur í fætturna,“ segir Gunnar og áréttar að það sé alltaf gott að fá klapp á bakið og viðurkenningu. „Því við þrífumst öll betur á hrósi en lasti.“

Í ljósi þess að Gunnar deilir verðlauninum með Rán liggur beint við að spyrja um samstarf þeirra. „Það er dásamlegt að vinna með Rán. Í svona textabókum þá klára ég að skrifa alla bókina áður en ég sendi hana á Rán. Hún hefur frjálshar hendur með hvað hún myndlýsir en það hefur komið fyrir að ég hef beðið um að hún teiknaði ákveðin augnablik í bókunum,“ segir Gunnar og tekur fram að Rán hafi alltaf fullkomlega frjálshar hendur með kápurnar. Tekur hann fram að Rán komi honum alltaf á óvart með myndum sínum sem dýpki sögur hans. Nefnir hann sem dæmi að Rán hafi teiknað myndaröð af Raðmorðingjanum úr Gerðubergi, sem er köttur, til að setja hér og þar í bókina þar sem kötturinn sé þó hvergi nálægur. „En þessar myndir lýsa sálarástandi Alexanders. Þannig má segja að hún teikni undirtextann, en slíkt geta bara snillingar gert og hún er snillingur.“

Gunnar er einn þeirra höfunda sem hljóta 12 mánaða starfslaun úr launasjóði rithöfunda í ár. Spurður hverju hann ætli að vinna að á þeim tíma segir Gunnar margt á teiknaborðinu, enda vilji hann nýta tímann sem best. „Ég er að leggja lokahönd á smásagnasafnið *Læk* sem við Bergrún Iris Sævarsdóttir höfum skrifað í samstarfi við kennara og nemendur á mið- og unglingastigi í nýu grunnskólum Hafnarfjarðarbæjar með það að markmiði að efla lestur og lesskilning.“

Síðan er ég byrjaður á næstu bók og hún verður um Stellu,“ segir Gunnar og rifjar upp að eftir að hann hafi hætt að reyna að kveðja þann bókaflökk hafi hann ákveðið að skrifa í staðinn tíu bækur í bókaflökki um Stellu. „Næsta bók verður sú áttunda í röðinni um Stellu og fjölskyldu hennar,“ segir Gunnar og tekur fram að samhlíða

ALLS HAFNA 82 HÖFUNDAR VERIÐ VERÐLAUNAÐIR FRÁ 1989



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Gunnar og Steinunn bæði verðlaunuð í annað sinn í ár

Íslensku bókmenntaverðlaunin 2023 eru afhent í þremur flokkum. Auk verðlaunaverksins *Ból* eftir Steinunni Sigurðardóttur voru í flokki skáldverka tilnefnd verkin (í stafrófsröð höfunda): *DJ Bambi* eftir Auði Övu Ólafsdóttur; *Dúnstúlkinn í þokunni* eftir Bjarna M. Bjarnason; *Náttúruleg málin* eftir Eirík Örn Norðdahl og *Land næturinnar* eftir Vilborgu Davísdóttur. Alls voru 65 verk lögð fram í þessum flokki.

Auk verðlaunaverksins *Bannað að drepa* eftir Gunnar Helgason og myndhöfundinn Rán Flygenring voru í flokki barna- og ungmennabóka tilnefnd verkin: *Mömmuskipti* eftir Arndís Þórarinsdóttur og Huldu Sigrúnu Bjarnadóttur; *Stelpur stranglega bannaðar!* eftir Emblu Bachmann; *Hrím* eftir Hildi Knútsdóttur og *Vísindalæsi – Hamfarir* eftir Sævar Helga Bragason og myndhöfundinn Elías Rúna. Alls voru 44 verk lögð fram í þessum flokki.

Auk verðlaunaverksins *Samfélag eftir máli – Bæjarskipulag á Íslandi og fræðin um hið byggða umhverfi* eftir Harald Sigurðsson voru í flokki fræðibóka og rita almenns efnis tilnefnd verkin: *Með verkum handanna – Íslenskur refilsaumur fyrri alda* eftir Eisu E. Guðjónsson og Lilju Árnadóttur; *Séra Friðrik og drengirnir hans – Saga æskulýðsleiðtoga* eftir Guðmund Magnússon; *Ég verð aldrei ungrú meðfærilæg – Baráttusaga Guðrúnar Jónsdóttur* eftir Ingi-björgu Dögg Kjartansdóttur og *Alþýðuskáldin á Íslandi – Saga um átök* eftir Þórð Helgason. Alls voru 38 verk lögð fram í þessum flokki.

sé hann byrjaður á nýjum barna- og ungmennabókaflokki.

„Ég er búinn að vera að punkta hjá mér hugmyndir að þeim bókaflökki síðustu 14 árin,“ segir Gunnar og tekur fram að sögu svið sé framtíðin. „Þetta verður fantasía en þó byggð á raunverulegum atburðum. Sagan gerist á Íslandi, Englandi, í Wales, Noregi og Frakklandi,“ segir Gunnar og tekur fram að vinnutitill fyrstu bókarinnar sé *Sjö morðingjar*. Inntur eftir því hvort hann sé búinn

Alls hafa 82 höfundar hlotið Íslensku bókmenntaverðlaunin frá því þau voru fyrst veitt, þar af 28 konur og 54 karlar. Þrjú höfundar hafa hlotið verðlaunin þrisvar; Andri Snær Magnason sem sigrað hefur í öllum þremur flokkum, Guðjón Friðriksson sem ávallt hefur verið verðlaunaður fyrir fræðibækur og Hallgrímur Helgason sem í öll þrjú skiptin var verðlaunaður fyrir skáldverk. Sex höfundar hafa hlotið verðlaunin tvisvar; Arndís Þórarinsdóttir, Guðbergur Bergsson, Gunnar Helgason, Hörður Ágústsson, Silja Aðalsteinsdóttir og Steinunn Sigurðardóttir. Sé kynjaskipting skoðuð eftir flokkum má sjá að í flokki skáldverka hafa 10 konur og 21 karl hlotið verðlaunin, í flokki barna- og ungmennabóka hafa 10 konur og 3 karlar hlotið verðlaunin og í flokki fræðibóka og rita almenns efnis hafa 8 konur og 32 karlar hlotið verðlaunin.

Íslensku glæpasagnaverðlaunin Blóðdropinn voru fyrst veitt 2007. Samtals hafa 12 rithöfundar fengið verðlaunin, þar af hafa Stefán Máni og Yrsa Sigurðardóttir hlotið þau þrisvar hvort og Arnaldur Indriðason og Lilja Sigurðardóttir tvisvar hvort. Auk verðlaunaverksins *Heim fyrir myrkur* eftir Evu Björgu Áegisdóttur voru til Íslensku glæpasagnaverðlaunanna Blóðdropans 2023 tilnefnd verkin: *Sæluríkið* eftir Arnald Indriðason; *Maðurinn frá São Paulo* eftir Skúla Sigurðsson; *Borg hinna dauðu* eftir Stefán Mána og *Blóðmeri* eftir Steindór Ívarsson. Alls voru 19 verk lögð fram til verðlaunanna.

að ákveða í hvað verðlaunaféð fari segist Gunnar að minnsta kosti muna bjóða fjölskyldunni út að borða. „Og svo kaupi ég mér kannski nýjar buxur.“

Viðbrögðin eru framar vonum

„Það er gleðiefni að bók af þessu tagi fái brautargengi og það verði mögulega til þess að skipulagsmálin fái enn veglegri sess í samfélags- umræðunni,“ sagði Haraldur þegar hann veitti verðlauninum viðtöku á

Bessastöðum í gærkvöldi. Þá sagði hann að ávallt þyrfti að nálgast verkefni fræðasviðs skipulagsmála með auðmýkt og umburðarlyndi í huga. „Við þurfum umfram allt að vera gagnrýnin á okkar eigin verk, hætta aldrei að hugsa sjálfstætt þrátt fyrir öll snjalltæki nútímans og reyna ávallt að sjá hlutina frá eins mörgum sjónarhornum og mögulegt er.“

Í umsögn dómnefndar um bók Haraldar segir: „*Samfélag eftir máli* er afar áhugaverð bók um mann- gert umhverfi okkar, sem skiptir sköpum fyrir samfélagsþróunina, umhverfismál og persónulega líðan



okkar allra. Hún á erindi jafnt til fagfólks og almennings.“ Í samtali við Morgunblaðið segir Haraldur að verðlaunin hafi komið sér á óvart. „Maður þorði alveg að vona en ég bjóst ekki við þessu. Sérstaklega af því það voru frambærilegar bækur í þessum flokki. Þá vil ég sérstaklega nefna bókina *Með verkum handanna* sem er glæsilegt bókverk og byggt á miklum rannsóknum. Svo þetta var mjög ánægjulegt,“ segir Haraldur.

„Það er mjög hvetjandi að fá þessa viðurkenningu og viðbrögðin almennt við bókinni hafa verið framar vonum. Það var reyndar alltaf markmiðið að skrifa bók sem næði til breiðari lesendahóps. Þetta er náttúrulega mikið fræðirit um tiltölulega sérhæft málefni, bæjarskipulag, en markmiðið var að reyna að ná að höfða til fleiri.“

Haraldur segist hafa haft gaman af að fylgjast með því að fólk sem stendur utan við þennan fagheim hafi haft mikla ánægju af að lesa þessa sögu og kynnast því hvernig hún tengist sögu þjóðarinnar. „Það undirstrikar líka hvað þetta er mikilvægur málaflokkur og að skipulagsmálin eru orðin stærri hluti af samfélagsumræðunni en þau voru fyrir 20 eða 30 árum þegar ég var að byrja í þessum fræðum,“ segir hann.

„Þó skipulagsmálin séu sérhæfð í eðli sínu þá snerta þau á hinu hversdagslega,“ segir Haraldur og bætir við að þau beri oft á góma í samtölum fólks. Þetta er málaflokkur sem allir geta tjáð sig um og eiga að tjá sig um.“

Spurður hver lykillinn hafi verið að því að gera þetta verk aðgengilegt segir Haraldur að það hafi skipt máli hversu myndræn sagan er, auk góðrar ritstjórnar. „Það eru áhugaverðir uppdættir og ljósmyndir sem eiga stóran þátt í þessu.“ Hann nefnir sérstaklega hlutverk hönnuðanna Petters Spilde og Sunnu Ástþórsdóttur í að lyfta bókinni upp. Hann nefnir einnig að útgáfan Sögufélagið hafi staðið vel að verkefninu. „Þessi bók og þessi viðurkenning sem hún fær byggist á því að það eru margir sem koma að henni.“

Aðspurður segir Haraldur að verðlaunaféð sé bara bónus. „Það er fyrst og fremst heiðurinn og

viðurkenningin sem skiptir máli. En það er gott að fá umbun af því að ég hef unnið þetta í mínum frítíma, en hef vissulega notið stuðnings frá ýmsum styrktarsjóðum í gegnum árin.“

Mikilvæg hvatning

„Fyrir mér hefur það verið bæði lærdómsríkt og skrytið ferli að skrifa bækur. Í *Heim fyrir myrkur* leyfði ég mér að vera mjög sjálfselsk og skrifaði um það sem mér fannst skemmtilegt og áhugavert, þrátt fyrir að það væri í svoltið óhefðbundnum stíl fyrir glæpasögu,“ sagði Eva Björg Áegisdóttir þegar hún veitti verðlauninum viðtöku í gærkvöldi. Sagðist hún þar þeirrar skoðunar að glæpasögur „snúist alveg jafn mikið um ást og kærleika og hatur og glæpi, því hvorugt þrífst án hins. Því má eiginlega segja að glæpa-



sögur séu í raun ástarsögur.“ Í umsögn dómnefndar um bók Evu Bjargar segir: „*Heim fyrir myrkur* er gripandi sálfræðitryllir sem erfitt er að leggja frá sér. Andrúmsloft óhugnaðar og dulúðar er listilega byggt upp og grunsemdum og efa sáð jöfnum höndum í huga lesanda.“

Í samtali við Morgunblaðið segir Eva Björg það sér mikinn heiður að hljóta Blóðdropann. „Mér þykir líka mjög vænt um það að fá viðurkenningu í mínu heimalandi,“ segir Eva Björg sem hlotið hefur mikinn meðbyr erlendis þar sem bækur hennar hafa vakið verðskuldaða athygli. Með verðlauninum fylgir að *Heim fyrir myrkur* verður framlag Íslands til Glerlykilsins sem eru samnorræn glæpasagnaverðlaun. „Það er því núna verið að vinna að enskri þýðingu bókarinnar til þess að hægt sé að leggja hana fram til Glerlykilsins,“ segir Eva Björg og upplýsir að nú þegar hafi verið gerðir útgáfusamningar þar sem bækur hennar koma út á um 20 tungumálum.

„Það er auðvitað svoltið skrytið starf að vera rithöfundur. Maður eyðir heilu ári í að skrifa bók og sendir hana síðan frá sér upp á von og óvon,“ segir Eva Björg og tekur fram að góð viðbrögð lesenda við verkum hennar séu sér mikilvæg hvatning til áframhaldandi skrifa. „Bókabransinn er harður bransi og því vonar maður að verðlaun á borð við þessi hjálpi bókinni að ná til fleiri lesenda,“ segir Eva Björg og tekur fram að *Heim fyrir myrkur* hafi verið sú bók hennar til þessa sem sér hafi þótt skemmtilegast að skrifa. „Enda gaman að fara svoltið út fyrir rammann,“ segir Eva Björg. Aðspurð segist hún vera komin vel á leið með næstu bók, en ljóstrar engu upp um innihaldið.

Innt eftir því hvort hún sé búin að ákveða í hvað verðlaunaféð fari segist Eva Björg vera að taka það herbergið í gegn og því komið féð að góðum notum. „En það er auðvitað mest um vert að geta helgað sig alveg ritstörfum, þannig að verðlaunaféð fer að mestu í þann sjóð.“

ACANA

KATTAFÓÐUR

Því innihaldið
skiptir öllu

gæludýr.is

Kvenleikarnir

LEIKLIST

PORGEIR
TRYGGVASON

Borgarleikhúsið

Lúna ★★★★★

Eftir Tyrfing Tyrfingsson. Leikstjórn: Stefán Jónsson. Leikmynd: Börkur Jónsson. Búningar: Helga I. Stefánsdóttir. Lýsing: Gunnar Hildimar Halldórsson. Tónlist og hljóðmynd: Ísidór Jökull Bjarnason. Leikgervi: Elín S. Gísladóttir. Leikendur: Ásthildur Úa Sigurðardóttir, Hilmir Snær Guðnason, Sigrún Edda Björnsdóttir og Sigurður Þór Óskarsson. Frumsýnt á Litla sviði Borgarleikhússins föstudaginn 19. janúar 2024.

Þar sem við stöndum í rúm-góðu anddyrinu og búum okkur undir að setjast við Litla sviðið er rétt að fara nokkrum orðum um flinn sem rúmast ekki þar.

Ég fæ ekki betur séð en aðstandendur Lúnu og talsfólk Borgarleikhússins hafi haldið heldur illa á málum þegar áformum um þessa sýningu var andmælt af fólki sem á um sárt að binda vegna brota Heiðars Jónssonar. Steininn tók þar úr dagana fyrir frumsýningu þegar í ljós kom að það var mjög orðum aukíð að nafnabreyting verksins í kjölfar fundu með þolendum nægði til að skapa sátt. Fram að því hafði ýmislegt virkað heldur klúðurslegt í viðbrögðunum og helst þótti manni, utan frá séð, eins og einn hefði búist við neinum athugasemdum. Ekki hjálpaði sú bókmenntrafræðilega þrætubók að tala um að persóna Heiðars snyrtis í verkinu væri ekki maðurinn sjálfur, heldur sköpunarverk höfundar, leikara og leikstjóra sýningarinnar. Sem er auðvitað rétt, en kemur málinu ekki við.

Það er hafíð yfir vafa að fólk sem hefur ekkert til saka unnið telur að opinber sýning um þennan mann sé meiddandi í sjálfu sér. Það er jafnframt augljóst að leikhúsið telur að erindi sitt með sýningunni trompi þau óþægindi, en svo virðist sem það sé ekki vilji til að tala afdráttarlaust á þann hátt. Nema við viljum líta svo á að sýning verksins þrátt fyrir allt sé sú staðhæfing.



Ljósmynd/Íris Dögg Einarsdóttir

Glansrulla „Stjarna Ásthildur Úa Sigurðardóttir er rísandi og Lúna er glansrulla. Persónan þar sem hjarta verksins slær,“ segir í rýni. Með Ásthildi Úa á myndinni er Hilmir Snær Guðnason í hlutverkinu sem Heiðar snyrtir.

Það er í það minnsta auðskiljanlegt að það hafi ekki þótt góður kostur að slá þetta af. Lúna er afbragðsgott leikrit, með bestu verkum Tyrfings Tyrfingssonar, og þó að margt sverji sig í ætt við fyrri leikrit hans í efnistöfum og stíl er hér líka nýjabrum. Fléttan mikilvægari og betur sinnt en stundum áður. Smá daður við þínu gamaldags stofukómedíu, en líka við nútímaharmleiki með yfirtónum úr fánleikaleikhúsinu. Edward Albee kom mér nokkrum sinnum í hug. Og ekki bara fyrir barnleysið, sem er mikilvægt lykilatriði í framvindu þessarar jólanætur.

Nokkur spennusvið stýra gangi mála þegar Heiðar snyrtir birtist óvænt á mjög svo döpru aðfangadagskvöldi, sennilega því síðasta í sambandi Inga og Lúnu. Hún er á útleið, langþreytt á árangursleysi tilrauna þeirra til að eignast barn, búin að finna sannanlega frjóan

elskhuga annars staðar, sem reyndar virðist ekki hafa margt við sig umfram virkar sáðrásir.

Heiðar er í klípu. Búinn að lofa fjölskyldunni jólaferð til Parísar en velgengni fyrri ára löngu fyrir bí og veskið tómt. Getur Ingi hjálpað, upp á gamlan vinskapi? Sem reynist hafa rist dýpra en við höldum í upphafi. Eftir árangurslausar tilraunir til að koma þessum gesti úr fortíðinni burt biður órvæntingarfullur Ingi hann um nokkurs konar einkasjó fyrir Lúnu. Sem er fyrir fram síður en svo meðtækileg fyrir öldruðum – kannski úreltum – hugmyndum um kvenlega feður og framkomu, þó að hún gangi kaldhæðnislega með í leikinn.

En Heiðar og Lúna eru líka öndverðir pólar í heimspekilegum viðhorfum til feðurinnar og sannleikans. Hún er listakona og vinnur með hrörmun og ljótleika: allt sem við viljum hylja, fela og gleyma,

eða kannski öllu fremur: allt sem karlstýrt samfélag okkar krefst að konur hylji og feli svo að við öll getum gleymt því. Sem er jú það sem Heiðar hefur helgað líf sitt.

Tyrfingur vinnur af talsverðri fimi með þessar orkustöðvar lengst af. Miðlar upplýsingum eftir þrautreyndu resepti hins vel mótaða leikrits. Skapar spennandi baksögur sem afhjúpast smátt og smátt í framvindunni. Skrifar brílljant tilsvör, sérstaklega upp í Heiðar, sem er með svarta beltið í varnarháttum „camp“-menningarinnar, en líka fyrir Lúnu og hinn fjarverandi elskhuga sem vaknar ljóslifandi fyrir okkur í stórkostlega durgslegum textaskilaboðum. Skáldið heldur líka vel utan um samband sviðs og salar, rífur raunsæisblekkinguna en drepur hana ekki. Öll þessi fimi, og form hins vel gerða stofudrama, vekur hins vegar væntingar um fullnægjandi leikslok, sem ekki er síðan boðið upp á. Verkið endar á endanum óþarflega oft. Leikstjórnin Stefán Jónsson hefur haldið utan um framsetningu þessa bitastæða verks af fagmannlegri virðingu, án þess að stimpla það af krafti með túlkandi fingraförum, sem betur fer.

Þetta form, og þessi texti, er auðvitað kjarnfóður fyrir flinka leikara. Sennilega er það Sigurður Þór Óskarsson sem sýnir okkur helst óvæntar hliðar á sér. Hlutverk Inga er ekki glansrulla til jafns við hinar en það er alvörugefin kyrrð yfir túlkuninni sem Sigurður er ekki

oft beðinn um, enda mikill garpur í að túlka úthverf skrítimenni. Gerir þetta mjög fallega.

Hilmir Snær Guðnason er aftur á móti allur á mjög kunnuglegum stórleikaranótum í hlutverki Heiðars. Og það er nákvæmlega það sem þarf. Hann neglir myndina, sýnir inn í kvikuna, nýtir sín í samleik með salnum, fer hæfilega langt í átt að eftirhermunni. Það væri gaman ef Hilmir reyndi að dempa næstum-flámælgina sem hann hefur famið sér í textameðferð, en hér er hvorki staður né stund fyrir þá vinnu.

Stjarna Ásthildur Úa Sigurðardóttir er rísandi og Lúna er glansrulla. Persónan þar sem hjarta verksins slær. Lengst af þótti mér hún mjög sannfærandi en þótti túlkunin verða á full-almennum nótum upp úr miðbiki, þegar áföllin og átakaspannan fara að ganga nærri persónunni. Lúna varð síðan aftur heilsteypt og áhrifarík þegar leið á seinni hlutann.

Sigrún Edda Björnsdóttir á stutta innkomu sem móðir Inga, og fipast hvergi í þeirri smámynd af yfiringileika sem Tyrfingur gæti sennilega skrifað í svefni.

Leikmynd Barkar Jónssonar er í grunnformi rökrétt og raunsæisleg umgjörð fyrir stofudrama, þó að veggirnir og áferð þeirra geti eins vísað í nýrunnið hraun, einhvers konar rústir eða jafnvel dæmi um húsinn sem Ingi vinnur við að brjóta niður. Sé þetta hugsað sem hjálp fyrir áhorfendur til að skilja hve illa er komið fyrir þessu fólki er hún vel meint en óþörf. Búningar Helgu I. Stefánsdóttur þjóna verkinu af trúmennsku, Lýsing Gunnars Hildimars Halldórssonar skotheld, en hangkjötsilmurinn verður sennilega langlífasta einkenni umgjörðarinnar í huga þess áhorfanda sem hér skrifar.

Það er ekki mitt að meta hvort það er betra eða verra fyrir umræðuna um réttmæti sýningarinnar hvað brot Heiðars Jónssonar og hans persónulega uppgjör við gerðir sínar gegna litlu hlutverki í Lúnu. Þetta er hvorki varnarræða né annar opinber dómur. Hér er það Heiðar snyrtir sem menningarfyribæri sem er notaður til að skoða flókið samband yfirborðs og þess sem undir býr, konur að reyna að lifa af í heimi skilgreindum af körlum og þörfum þeirra. Og auðvitað eftirskjálftana af æsku-áföllum. Þetta er kröftugt, áleitnið og að mestu vel smíðað verk, skilað til áhorfanda af listfengi á öllum póstum. Leikhús að gera það sem við ætlumst til af því.

Samtalinu um hvort það erindi trompi tillitsemi við fólk sem á um sárt að binda og hvernig eigi að meta og meðhöndla þau mál verður sennilega seint lokið, en það þarf að hefjast.

EKKI GLEÝMA AÐ MOKA VIÐ ERUM Á LEIÐINI 🙌

Lausnir sem hentar öllum

GÁMALAUSNIR FYRIR

- Einstaklinga
- Fyrirtæki
- Sveitarfélög

Opnir gámar Tunnur og kör
Pressugámar Djúpgámar

5501900
afgreidsla@hringras.is

Þantaðu ráðgjöf

Myndlistarsjóður

**Umsóknarfres
rennur út
mánudaginn
12. febrúar 2024
kl. 16.00**

Nánari upplýsingar á myndlistarsjodur.is

ALVÖÖRU ÚTSALA



Lavor Galaxy 150 háprýstidæla

Mótor: 2100W
Prýstingur Max: 150 bör
Vatnsflæði Max: 450l/klst.

35% AF

19.494

Áður 29.990



Lavor HPC Cruiser 200 extreme háprýstidæla

Mótor: 2300W
Prýstingur Max: 200 bör
Vatnsflæði Max: 300l/klst.

30% AF

41.993

Áður 59.990

Black + Decker blaut-ryksuga

1200W, 15 litra

20% AF

13.332

Áður kr. 16.665

AirgoClean 11E lofthreinsitæki
Fjarlægir 99,97% af bakteríum, myglugróum o.fl. úr loftinu.

25% AF

11.999

Áður 15.999 kr.



Rafhloðu stingsög

11-20V – 20VOLT 2Ah

12.746

Áður 16.995



40% AF

53.997

Áður 89.995



20% AF

Keramik Element TFC 19E snúnings hitablásari, 2kW

7.916

Áður 9.895



40% AF

Foreste Pro snjósökófla

4.199

Áður 5.995



30% AF

Egematúr ZEUS eldhústæki square

4.043

Áður 8.085

Kross Laser 360 gráður
15 m með 3 fótum

8.103

Áður 11.575

LuTool grádukútsög 254mm 1600W

26.997

Áður 44.995

40% AF



40% AF

11.997

Áður 19.995

20% AF

LED construction spotlight PWLS 10-150

11.996

Áður 14.995

Heimilistrappa 4 þrep

7.388

Áður 9.235

20% AF

Límbyssá 80W

1.589

Áður 2.119

40% AF

Skolvaskur vegghengdur
1mm 55x45x21 cm

13.191

Áður 21.985

Maston Color spray

Margir litir- 400 ml.

Verð frá:

958

20% AF



CERAVID

3-6 lítra hnappur

CERAVID SETT

WC- kassi, hnappur og hæglokandi seta.

Þýsk gæðavara

47.996

Áður kr. 59.995

20% AF



MaxPro borvél 450W

4.197

Áður 5.995

30% AF

LED vinnuljós 30W m/hleðslubatteri

10.197

Áður 16.995

LED kastari 20W 1800LM 5400K á fæti

6.771

Áður 11.285

40% AF

Vatnspétt LED útljós / bílskúrsljós

IP65 24W 60cm

3.196

Áður 3.995

20% AF

Colorex Vagans 25 Þvott- og rakaheld málning sem hentar á baðherbergi, þvottahús og eldhús 9 lítrar

12.599

Áður 17.999

30% AF

Hrærivél Drive-HM-120 1200W. 40-60 ltr.

14.996

Áður 19.995

Drive-HM-140 1600W (20%) **19.996** Áður 24.995

Ceravid handlaug 45 cm m/öllu

17.546

Áður 23.395

25% AF

Guoren sturtusettt svart

18.197

Áður 25.995

30% AF

20% AF

Vatnspétt LED útljós / bílskúrsljós

IP65 48W 120cm

5.276

Áður 6.595

25% AF

20% AF

Ceravid Bathline Classic baðkar 170x75cm

27.676

Áður 34.595



BoZZ glerþil 8mm hert gler þil, ál hliðar

24.499

Áður kr. 34.999

30% AF

Með fyrirvara um prentvillur

SENDUM UM LAND ALLT!
www.murbudin.is

MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

RÚV

- 13.00 Fréttir með táknmálstúlkun
- 13.25 Heimalaikfimi
- 13.35 Kastljós
- 14.00 Gettu betur 2014
- 15.00 Orðbragð
- 15.30 Venjulegt brjálæði
- 16.10 Faðir, móðir og börn
- 16.40 Manndómsár Mikkos - Þriðja þrautin - skíðaganga
- 17.10 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarpsins
- 17.25 Lag dagsins úr núllinu
- 17.30 Grænkeramatúr
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Lesið í líkamann
- 18.29 Maturinn minn
- 18.41 Tilraunastund
- 18.45 Krakkafréttir með táknmálstúlkun
- 18.50 Lag dagsins
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Okkar á milli
- 20.35 Krullukóngurinn - danskt hugvit sigrar heiminn
- 21.05 Sambykki
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Lögregluvaktin
- 23.05 Dansmeyjar
- 23.50 Dagskrárlök

Sjónvarp Símans

- 12.00 Heartland
- 12.45 Love Island: All Stars
- 13.45 The Block
- 14.45 Survivor
- 15.50 Top Chef
- 17.15 Everybody Hates Chris
- 17.40 Superior Donuts
- 18.00 The King of Queens
- 18.25 Love Island: All Stars
- 19.25 Afturelding - Fram BEINT
- 19.25 Nánar auglýst síðar
- 21.00 Punktalínan
- 21.15 Law and Order: Organized Crime
- 22.05 Rabbit Hole
- 22.50 Walker
- 23.35 The Good Wife
- 00.20 NCIS: Los Angeles

Skjár 1

- 17.00 Rokkarar í frii
- 19.00 Gísl í greipum óttans
- 21.00 Áhættan mikla
- 23.00 Í frjálsu falli

Ljósavakinn Helena Björk Bjarkadóttir

Sjokkerandi Saltburn

Ég, eins og margir aðrir, eyði óþarflega miklum tíma á samfélagsmiðlum. Helsti tímaþjófurinn í mínu lífi er samfélagsmiðillinn TikTok og hafa örmyndbönd þar líklegast meiri áhrif á líf mitt en ég er tilbúin að viðurkenna fyrir alþjóð.



Oliver Barry Keoghan hefur slegið í gegn.

TikTok hefur verið rót ýmissa hvatvísikaupa á netinu og tilrauna í eldhúsinu. Nýlega fór sjónvarpsglápi mitt einnig að stjórna af miðlinum þegar ég lét undan þrýstingi og horfði á kvikmyndina *Saltburn* sem hefur vakið mikla athygli á miðlinum.

Í myndinni er Oliver Quick fylgt eftir á fyrstu önn hans í Oxford. Þegar líður á önnina vingast hann við Felix Cattburn, aðlaðandi, vinsælan og ríkan nemanda sem kemur úr aðalsfjölskyldu. Felix býður Oliver að eyða sumrinu með sér og fjölskyldu sinni á óðalssetrinu Saltburn. Þegar líður á sumarið byrja Felix og fjölskylda hans að upplifa skelfileg atvik á heimili sínu.

Saltburn er ekkert smá góð. Söguþráðurinn einkennist af óvæntum flækjum, áhugaverðum karakterum og kom myndin skemmtilega á óvart.

Kannski er bara fínt að leyfa samfélagsmiðlum að stjórna sjónvarpsglápi sínu. Það kom að minnsta kosti í veg fyrir sófarifriðni um hver ætti að velja mynd á mínu heimili í þetta skiptið.

Rás 1 92,4 • 93,5

- | | |
|---------------------------------|---|
| 07.00 Fréttir | 14.03 Á tónsviðinu |
| 07.30 Fréttayfirlit | 15.00 Fréttir |
| 08.00 Morgunfréttir | 15.03 Sögur af sjó og landi |
| 08.30 Fréttayfirlit | 16.00 Síðdegisfréttir |
| 09.00 Fréttir | 16.05 Víðsjá |
| 09.05 Segðu mér | 17.00 Fréttir |
| 09.45 Morgunleikfimi | 17.03 Lestin |
| 10.00 Fréttir | 18.00 Kvöldfréttir |
| 10.03 Veðurfregnir | 18.10 Spegillinn |
| 10.13 Á reki með KK | 18.30 Þjóðsögukistan |
| 11.00 Fréttir | 18.50 Veðurfregnir |
| 11.03 Mannlegi þátturinn | 18.53 Dánarfregnir |
| 11.57 Dánarfregnir | 19.00 Sinfóníukvöld: Á leið í tónleikasal |
| 12.00 Fréttir | 19.27 Sinfóníutónleikar |
| 12.03 Uppástand | 22.00 Fréttir |
| 12.10 Síðasta lag fyrir fréttir | 22.05 Veðurfregnir |
| 12.20 Hádegisfréttir | 22.10 Lestur Passíusálma |
| 12.42 Þetta helst | 22.16 Mannlegi þátturinn |
| 13.00 Samfélagið | 23.05 Lestin |
| 14.00 Fréttir | |

Stöð 2

- 08.00 Hvar er best að búa?
- 08.50 Shark Tank
- 09.35 Bold and the Beautiful
- 09.55 Necessary Roughness
- 10.40 Um land allt
- 11.10 Bætt um betur
- 11.40 Hell's Kitchen
- 12.25 Neighbours
- 12.50 Lego Masters USA
- 13.30 The Cabins
- 14.15 Leitín að upprunum
- 14.50 The Masked Singer
- 15.55 Hvar er best að búa?
- 16.35 Friends
- 17.00 Friends
- 17.30 Bold and the Beautiful
- 17.55 Neighbours
- 18.25 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.50 Sportpakinn
- 18.55 Ísland í dag
- 19.10 The Love Triangle
- 20.10 Scared of the Dark
- 21.20 The Kardashians: Billion Dollar Dynasty
- 22.10 Shameless
- 23.10 Shameless
- 00.05 The Graham Norton Show
- 01.05 Friends
- 01.25 Friends
- 01.50 La Brea
- 02.30 Heimilisofbeldi
- 03.10 Sneaky Pete
- 04.00 The Tudors

Omega

- 07.00 Joyce Meyer
- 07.30 Blandað efni
- 08.00 Blessun, bölvun eða tilviljun?
- 08.30 Benny Hinn
- 09.00 Joni og vinir
- 09.30 Máttarstundin
- 10.30 The Way of the Master
- 11.00 United Reykjavík
- 12.00 Í ljósinu
- 13.00 Joyce Meyer
- 13.30 Tónlist
- 14.30 Bill Dunn
- 15.00 Tónlist
- 15.30 Global Answers
- 16.00 Blandað efni
- 16.30 Gegnumbrot
- 17.30 Tónlist
- 18.30 Joel Osteen
- 19.00 Joseph Prince-New Creation Church
- 19.30 Joyce Meyer
- 20.00 Blönduð dagskrá
- 21.00 Blönduð dagskrá
- 22.00 Blönduð dagskrá
- 23.00 Let My People Think
- 23.30 Let My People Think
- 00.00 Joyce Meyer



Opnar sig um áralanga fitusmánun

Oprah Winfrey var á forsíðu tímaritsins People í tilefni af sjö-tugsafmæli hennar. Oprah fer yfir víðan völl og tekur meðal annars fyrir fitusmánun sem hún hefur reglulega orðið fyrir. Hún segir það hafa verið ríkt í fjölmiðlum og á meðal almennings að gera grín að líkama hennar síðustu 25 ár. „Það sem sagt hefur verið við mig og þeir brandarar sem hafa farið á flug eru nokkuð sem enginn kæmist upp með núorðið.“ Það er eitt atvik sem situr þungt í Oprah og það átti sér stað í upphafi ferils hennar. *Lestu meira á K100.is.*



6 til 10 Ísland vaknar Kristin Sif og Þór Bæring vakna með hlustendum K100 alla virka morgna.
10 til 14 Yngvi Eysteins Skemmtileg tónlist og létt spjall yfir daginn með Yngva.
14 til 16 Ásgeir Páll Fersk og skemmtileg tónlist, létt spjall og leikir ásamt því að fara skemmtilegri leiðina heim með hlustendum síðdegis.
16 til 18 Skemmtilegri leiðin heim Ásgeir Páll og Regina Ósk eða bara Gína og Geiri með hressilegar upptökur, spjall og tónlist.
18 til 22 Heiðar Austmann Betri blandan af tónlist öll virk kvöld á K100.
7 til 18 Fréttir Auðun Georg og Valtýr Björn flytja fréttir frá ritstjórn Morgunblaðsins og mbl.is á heila tímanum alla virka daga.



Dagmal

mbl.is/dagmal



Markmiðið að fækka sjálfsvígum

Það urðu tímamót á dögunum þegar landlæknisembættið kynnti sjálfsvígsforvarnamiðstöðina Lífsbrú til leiks með formlegum hætti. Guðrún Jóna Guðlaugsdóttir, verkefnastjóri sjálfsvígsforvarna hjá embætti landlæknis, er gestur í Dagmalum í dag og ræðir þar um mikilvægi miðstöðvarinnar sem vinnur markvisst að sjálfsvígsforvörnum í samræmi við aðgerðaáætlun stjórnvalda.




NÝJAR VÖRUR & ENN MEIRI ÚTSALA



Ármúli 5


Veðrið kl. 12 í dag

Suðvestan 8-18 í dag, hvassast norðantil. Dálitlar skúrir eða él, en þurrt að kalla um landið norðaustanvert. Hlýnandi, hiti 0 til 6 stig síðdegis. Hægari í kvöld og allvíða rigning eða snjökoma undir miðnætti, einkum syðst á landinu.



Á morgun: Gengur í suðvestan 15-25 m/s og kólnar með éljum en léttir til á Norðaustur- og Austurlandi. Frost 0 til 7 stig síðdegis. Á laugar-dag: Snýst í norðan og norðvestan 5-15 en suðvestan 15-23 sunnan til fram eftir degi. Víða él og frost 0 til 9 stig.

	1. febrúar	Sólarupprás	Sóisetur
REYKJAVÍK	10:14	17:09	
ÍSAFJÖRÐUR	10:36	16:57	
SIGLUFJÖRÐUR	10:20	16:39	
DJÚPIVOGUR	9:48	16:34	



Byggt á upplýsingum frá Veðurstofu Íslands

Veður víða um heim kl. 18.00 í gær að isl. tíma	°C	Veður
Reykjavík	0	skýjað
Sauðanesvíti	-2	hagl
Litla-Ávík	-2	skýjað
Egilsstaðir	-2	heiðskírt
Keflavíkurflugv.	-2	skafrenningur
Nuuk	-8	snjóél
Þórshöfn	3	léttskýjað
Ósló	3	alskýjað
Kaupmannahöfn	3	skýjað
Stokkhólmur	3	skýjað
Helsinki	1	þoka
Lúxemborg	6	skýjað
Brussel	8	skýjað
Dublin	11	skýjað
Glasgow	6	skýjað
London	9	skýjað
Paris	9	léttskýjað
Amsterdam	7	skýjað
Hamborg	5	alskýjað
Berlín	4	alskýjað
Vín	5	alskýjað
Moskva	0	alskýjað
Algarve	17	heiðskírt
Madrid	10	léttskýjað
Barcelona	14	heiðskírt
Mallorca	16	léttskýjað
Róm	12	heiðskírt
Áþena	8	léttskýjað
Winnipeg	4	skýjað
Montreal	-2	alskýjað
New York	3	alskýjað
Chicago	3	alskýjað
Orlando	18	léttskýjað

ALLIR VEGIR FÆRIR MEÐ SNJÓSKÓFLU ÚR BYKO

FISKARS®

BÍLASKÓFLA

Hvít snjóskófla úr áli. Það er gott að vera með svona þegar bíllinn festir sig í snjó. Stærð: 22 x 63 x 10,5 cm.

4.195

Vnr. 55619347




FISKARS®

SNJÓSKÓFLA

úr X-series línu Fiskars. Skóflan er afkastamikil og hentar vel til að moka snjó vegna lögunar og stærðar skóflublaðsins. Álkantur skóflunnar auðveldar mokstur á hörðum snjó og bætir einnig endingartíma skóflunnar. Álskaft skóflunnar er plasthúðað að hluta til að einangra kulda frá álinu og auka þægindi. Skóflan er 132 cm löng og 26 cm breið. Skóflan er 1400 gr að þyngd.

6.595

Vnr. 55622070



FISKARS®

ÁLSKÓFLA

Lítill og nett álskófla sem hentar vel í snjómoksturinn eða jafnvel í bílinn. Lengd: 79cm. Breidd blaðs: 25cm.

3.495

Vnr. 55620145




FISKARS®

SNJÓSKÓFLA

með lengjanlegu skafti úr nýrri X-Series línu Fiskars er með djúpu og breiðu blaði sem hentar bæði til að moka af göngustígum, bílaplönnum, stígum eða bara þar sem þarf að hreinsa snjó. Lengjanlegt skaft gefur notanda kost á að stilla lengd svo skóflan henti þörfum hvers og eins eða hvað hentar við aðstæður hverju sinni.

6.995

Vnr. 55622062



FISKARS®

SNJÓSKÓFLA

snjóskafa með sveigðu skafti og breiðu blaði sem hentar til að ýta eða moka snjó af stígum, bílaplani eða hvar sem þarf að hreinsa snjó. Skaftið er sveigt til að minnka álag á bak. Stórt D-laga handfang sem hentar vel þegar notandi er í þykkum vetrarvettingum og gert til að minnka álag á úlnið. Rífflað plast á skafti fyrir betra grip. Endingargott plastblað úr fjölliða plasti sem þolir allt að -30°C.

8.995

Vnr. 55622069



Birt með fyrirvara um prentvillur og/eda myndabrengi.

BYRJAR Í DAG

VERSLUN BREIDD

LAGERHREINSUN

KOMDU OG GRAMSADU

Vörur sem hætta í sölu, ósóttar sérpantanir, útlitsgallaðar vörur: ljós, blöndunartæki, verkfæri, smávara, baðkör, sturtugler, handlaugar, sturtubotnar, parket, flísar, vaskar og margt fleira!

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN



Á Spáni Eiríkur Orri Guðmundsson, áhugamaður um allt sem snýr að víni, í kynnisferð um vín í Rioja.

Vín ársins ekki endilega það besta

● Eiríkur Orri Guðmundsson með vísíðu undanfarin 26 ár

Steinþór Guðbjartsson
steinthor@mbl.is

Pvagfæraskurðlæknirinn Eiríkur Orri Guðmundsson er sérstakur áhugamaður um allt sem viðkemur víni og hefur haldið úti netsíðu (vinsidan.is) í 26 ár. Þar má sjá ýmsan fróðleik um vín og vínrækt, vínóma og ábendingar um góð kaup, vín ársins hverju sinni að mati sérfræðingsins og fréttir um vín og heilræði í tengslum við vín.

Í fyrra tók Eiríkur Orri þriðja stig af fjórum í alþjóðlegu námi á netinu um vín og vínfræði, svonefndu WSET-námi í umsjón Wine & Spirit Education Trust (wsetglobal.com). Um áramótin byrjaði hann á öðru námskeiði, French Wine Scholar, hjá Wine Scholar Guild (winescholarguild.com). Hann hefur hug á að taka kampavínsnámskeið, Champagne Master, og jafnvel önnur námskeið hjá sama skóla í náinni framtíð. „Nú er ég á kafi í franskri víngræð og get, ef vel gengur, orðið viðurkenndur fræðingur í frönskum vínunum.“ Til þess þurfi hann að kynna sér sögu hvers vínhéraðs í

Frakklandi með tilliti til vínræktar, skoða landafræðina og jarðveg á mismunandi svæðum og svo framvegis.

Stöðluð lýsing

„Á fyrrnefnda námskeiðinu, sem tók tíu vikur, lærði ég meðal annars að lýsa vínunum á staðlaðan hátt,“ segir Eiríkur Orri og bendir á að slíkar lýsingar séu mjög upplýsandi um viðkomandi vín. Fjórða stigið, sem er diplómanám, taki tvö ár og það bíði betri tíma.

Áhugi Eiríks Orra á víni hófst af alvöru eftir að hann gekk í vínklúbb árið 1997. „Upphaflega hugmyndin með Vísíðunni var að ég gæti fengið prufur og skrifað um vín.“ Lítið hafi reynt á hugmyndina en hann hafi samt haldið áfram að skrifa um vín eftir að hann fór í framhaldsnám erlendis. „Til að byrja með var þetta einföld umfjöllun um áhugasviðið.“ Hafi hann smakkað gott vín eða fundið löngun hjá sér til að skrifa um áhugavert efni hafi hann skrifað um það. „Þetta vatt meira upp á sig eftir að ég flutti aftur heim 2012 og ég fór að skrifa með það að leiðar-

ljósi að miðla fróðleik um efnið.“

Félagar í vínklúbbum hittast einu sinni í mánuði og smakka sex til átta vín í hvert sinn. Eiríkur Orri smakkaði yfir 200 vín á liðnu ári og þar af um 60 á námskeiðinu en hann birti 84 umsagnir á netsíðu sinni. Hann segir skrifin tímafrek, því að mörgu þurfi að hyggja, en hann nýti frídaga í áhugamálið. „Heimildavinnan tekur mestan tíma.“

Eiríkur Orri fór fyrst í vínsmökkunarferð 2018 og segir breytilegt hvaða vín og svæði höfði helst til hans. „Sagt er að þegar menn smakki vín eignist þeir nýtt upphaldsvín hverju sinni en eins og sjá má á vísíðunni hef ég verið mikið á Spáni vínfræðilega séð undanfarin ár.“ Áhugaverðast sé að smakka vín frá nýjum svæðum eða úr þrúgum sem hann hafi ekki prófað áður. „Þannig læri ég líka mest.“

Vín ársins hjá Eiríku Orra er ekki endilega það besta sem hann smakkaði á viðkomandi ári heldur frekar besta vínið miðað við verð. „Svo er gjarnan eitthvað spennandi og heillandi við það sem veður meiri athygli en margt annað.“

ÍÞRÓTTIR



Sara er ánægð með lífið á Ítalíu

Sara Björk Gunnarsdóttir, fyrrverandi landsliðsfyrirlíði í knattspyrnu, er ánægð með lífið á Ítalíu þar sem hún spilar með stórlíðinu Juventus og kveðst ekki vera á heimleið þótt samningur hennar renni út í vor. Hún gæti þó alveg hugsað sér að flytja til Englands. » 66

MENNING

Grosvenor leikur Busoni í Hörpu

„Einn fremsti píanóleikari samtímans, Benjamin Grosvenor, leikur píanókonert Busonis með Sinfóníuhljómsveit Íslands og karlakórnum Fóstbræðrum,“ í Eldborg Hörpu í kvöld kl. 19.30 undir stjórn Kornilios Michailidis. Þetta kemur fram í tilkynningu frá sveitinni. Þar kemur fram að Grosvenor sé þekktur fyrir fagaðan, ljóðrænan leik og „í túlkun hans þykir ríkja hið fullkomna jafnvægi tækni og músíkalskrar tjáningar. Konsertinn sem hér hljómar er eitt stórbrotasta og umfangsmesta verk sinnar tegundar í sögunni og ögrar lögmálum formsins á ýmsan hátt.“ Á undan konsertinum hljómar Klassíska sínfónían eftir Prokofiev.



Í lausasölu 919 kr.
Áskrift 9.965 kr. Helgaráskrift 6.248 kr.
PDF á mbl.is 8.705 kr. iPad-áskrift 8.705 kr.

Sími 569 1100
Ritstjórn frettir@mbl.is Auglýsingar augl@mbl.is
Áskrift askrift@mbl.is mbl.is frettir@mbl.is

DORMA

Láttu drauminn rætast

ÚTSALA

Lýkur 10. febrúar

20-60%
af öllum vörum



Skannaðu
og skoðaðu



Nature's Bedding



20%
af botni

25%
af dýnu

Elegance
heilsudýna og botn
160x200 cm Fullt verð: 247.900 kr.
Nú 189.325 kr.

30%

Miami lyftistóll

Stíllanlegur hægindastóll með tveimur öflugum mótörum. Leður á slitflötum. Hægt að halla til baka með skemli. Þessi aðstoðar þig líka á fætur. Svartur eða grár cm

Fullt verð: 279.900 kr.
Nú 195.930 kr.



Verð og vöruupplýsingar í auglýsingu eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA

Láttu drauminn rætast

Atvinnublaðið

Morgunblaðið mbl.is FINNAQ

atvinna@mbl.is • Sölufulltrúi • Berglind Guðrún Bergmann, berglindb@mbl.is, 569 1246



Hafnarfjörður

Skjalastjóri

Hafnarfjarðarbær óskar eftir að ráða metnaðarfullan og drífandi einstakling í starf skjalastjóra. Viðkomandi ber ábyrgð á þróun og mótun stefnu og framtíðarsýnar í skjalamálum ásamt því að leiða stafræna þróun í málaflokknum.

Um er að ræða spennandi starf sem gefur metnaðarfullum sérfræðingi á sviði skjala- og upplýsingamála einstakt tækifæri til innleiðingar á samræmdu verklagi við skráningu, vistun og meðhöndlun gagna hjá sveitarfélagi sem leggur mikla áherslu á stafræna þróun og nútímavæðingu í starfsemi sinni.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Stjórnun og stefnumótun í skjalamálum Hafnarfjarðarbæjar
- Yfirumsjón með skjalavistunarkerfi ásamt þróun og innleiðingu nýjunga á verklagi við rafræna skjalavistun
- Tryggja að farið sé eftir lögum og reglum opinberra aðila við skráningu, vörslu, meðhöndlun og skil skjala
- Dagleg umsýsla skjalamála á bæjarstjórnarskrifstofu, þ.m.t. söfnun, móttaka, skráning, varðveisla og miðlun skjala
- Ábyrgð á ráðgjöf og fræðslu til stjórnenda og starfsfólks um skjalavistun
- Undirbúningur og umsjón með afhendingu skjala til þjóðskjalasafns
- Greining og skráning ferla og verklagsreglna í skjalamálum

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun (B.A./B.S.) sem nýtist í starfi
- Meistaránám í upplýsingafræði eða mjög víðtæk starfs- og stjórnunarreynsla á sérfræðisviðinu
- Reynsla af skjalastjórnun innan opinberrar stjórnýslu er æskileg
- Mjög góð reynsla af verkefnastjórnun og teymisvinnu
- Reynsla af notkun rafrænna skjalastýringarkerfa
- Þekking og reynsla af stafrænu umbreytingarferli er kostur
- Góð þekking á lögum og reglugerðum sem um málaflokkinn gilda
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum, jákvætt viðmót og rík þjónustulund
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og geta til að leiða umbætur
- Frumkvæði, nákvæmni og skipulagshæfileikar
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með **12. febrúar 2024**. Umsókn óskast fyllt út á www.hafnarfjordur.is og þarf henni að fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við BHM. Vakin er athygli á stefnu Hafnarfjarðarbæjar um að jafna hlutfall kynjanna í störfum hjá bænum og að vinnustaðir bæjarins endurspegli fjölbreytileika samfélagsins.

Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Sigurður Nordal, sviðsstjóri stjórnýslusviðs (sigurdurnordal@hafnarfjordur.is).

intellecta
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir

RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR



intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is

Fjármálastjóri



Flensborgarskólinn í Hafnarfirði auglýsir eftir fjármálastjóra í 75-100% starf frá og með 1. apríl 2024.

Flensborgarskólinn er heilsueflandi framhaldsskóli í Hafnarfirði. Framtíðarsýn skólans má sjá í stefnu hans og er þar m.a. lögð áhersla á framsækni og metnað í skólastarfi auk vellíðunar og farsældar nemenda og starfsfólks. Á heimasíðunni www.flensborg.is er að finna ýmsar upplýsingar um skólann og starfsemi hans.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Umsjón með og ábyrgð á bókhaldi og reikningshaldi
- Uppgjör og regluleg upplýsingagjöf um fjárreiður
- Áætlanagerð, markmiðasetning, kostnaðargreining og eftirfylgni verkefna
- Umsjón með launavinnslu, gerð ráðningarsamninga og ferðareikninga
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur

- Háskólapróf á sviði viðskiptafræði eða hliðstætt próf sem nýtist í starfi
- Góð reynsla og þekking af reikningshaldi og áætlanagerð
- Faglegur metnaður, frumkvæði og jákvætt hugarfar
- Afburða góð hæfni til samvinnu og samskipta
- Nákvæmni og ögun í vinnubrögðum
- Góð kunnátta í íslensku, ensku og mikil tölvufærni
- Reynsla og þekking af bókhaldskerfi opinberra stofnana er kostur

Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Viska stéttarfélag hafa gert.

Umsóknum skal skilað rafrænt í gegnum Starfatorg (www.starfatorg.is)

Eftirfarandi gögn skulu fylgja umsókn:

- Kynningarbréf
- Náms- og starfsferilsskrá
- Afrit af prófskránum
- Upplýsingar um umsagnaraðila sem hafa má samband við

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Við ráðningar er tekið mið af jafnréttisstefnu Flensborgarskólans og eru öll kyn hvött til að sækja um starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 12.02.2024

Nánari upplýsingar veitir

Erla Sigríður Ragnarsdóttir,
erla@flensborg.is
 Sími 565 0400
 Júlía Jörgensen,
julia@flensborg.is
 Sími 565 0400



Verkefnastjóri óskast

Hjá Ingvarsson ehf óskar eftir að ráða starfsmann í verkefnastjórnun.

Starfið felur í sér verkefni á sviði úttekta á nýju og notuðu húsnæði, magnstöku, kostnaðaráætlanir, útboðsgögn ásamt umsýsni og eftirfylgni í framkvæmd.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Framkvæmda- og viðhaldsráðgjöf, úttektir og kostnaðaráætlanir vegna viðhalds og endurbóta nýrra og notaðra fasteigna ásamt útboðsgögnum og verklýsingum.
- Þátttaka í hönnunar og verkfundum, samskipti við verkkaupa og verktaka, umsýsni og eftirlit með framkvæmdum. Þetta á einnig við um nýframkvæmdir. Verkefnin eru mjög fjölbreytt.

Menntunar- og hæfniskröfur

Háskólapróf í byggingarfræði, byggingartækni-fræði, byggingaverkfræði. Lönmenntun á byggingarsviði er kostur. Reynsla af sambærilegum störfum. Sjálfstæð og öguð vinnubrögð. Góð tölvukunnátta áskilin ásamt góðu valdi á íslensku og ensku.

Nánari upplýsingar er hja-ingvarsson@simnet.is Hjálmar Ingvarsson.

Umsóknarfrestur er til og með 15. febrúar.

Pantaðu pláss fyrir þína atvinnuauklýsingu á
atvinna@mbl.is

Morgunblaðið

Vel búið að framtíðinni

VERKEFNASTJÓRAR VANDAÐRA FRAMKVÆMDA

Vilt þú bætast í öflugan hóp reynslumikilla verkefnastjóra í byggingaverkefnum JÁVERK? Við óskum eftir að ráða byggingaverkfræðinga eða tæknifræðinga til að stýra verkefnum á höfuðborgarsvæðinu og/eða á suðurlandi. Við leitum að fólki með reynslu af verkefnastjórnun sem vilja vinna hjá öflugum fyrirtæki sem býr vel að starfsfólki, umhverfinu og framtíðinni.

Helstu verkefni:

- Verkefnastjórnun
- Innkaup og samningar við verkkaupa, undirverktaka og birgja
- Kostnaðareftirlit og uppgjör verka
- Tilboðsgerð og verkefnaöflun

Hæfniskröfur:

- Byggingaverkfræðingur, byggingatæknifræðingur, byggingafræðingur
- Sjálfstæði og skipulag í vinnubrögðum
- Reynsla af stjórnun framkvæmda
- Frumkvæði, áráðni og metnaður til að ná árangri í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð tök á rituðu máli

Við leggjum áherslu á að ráða kraftmikla og metnaðarfulla einstaklinga sem búa yfir frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum. Við bjóðum upp á frábæran starfsanda og gott starfsumhverfi þar sem möguleikarnir til að vaxa í starfi eru miklir. Við hvetjum hæfileikaríkt fólk af öllum kynjum til að sækja um störf, því meiri fjölbreytileiki starfsliðsins er eitt af markmiðum fyrirtækisins.

Nánari upplýsingar gefur Gylfi Gíslason framkvæmdastjóri: gylfi@javerk.is.

Umsóknir ásamt ferilsskrá og kynningarbréfi sendist á sama stað. Farið verður með öll erindi sem trúnaðarmál.



Vel búið að starfsfólki og rekstri

JÁVERK er fjölskylduvænn vinnustaður sem gerir ráð fyrir að aðbúnaður og starfsumhverfi sé með því besta sem þekkt. Starfsandinn er frábær og starfsmannafélagið er mjög virkt og stendur fyrir margskonar skemmtunum og ferðalögum. Starfsmannaveita er mjög lítil.

JÁVERK er 30 ára öflugt og metnaðarfullt verktakafyrirtæki. Starfsmenn eru um 100 og verkefnastaða fyrirtækisins er mjög traust næstu árin. JÁVERK leggur áherslu á umhverfis-, öryggis- og gæðamál og ætlum við okkur að vera leiðandi í þeim efnum í mannvirkjagerð á Íslandi.



Sérfræðingur í eignastýringu

Birta lífeyrissjóður óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa á eignastýringarviði sjóðsins. Birta er fjórði stærsti lífeyrissjóður landsins með um 620 milljarða kr. í hreina eign til greiðslu lífeyris um sl. áramót. Sjóðurinn starfrækir bæði samtryggingar- og séreignardeild. Um áhugavert og krefjandi starf er að ræða þar sem eignasafn Birtu er fjölbreytt og umfangsmikið.

Helstu viðfangsefni

- Starfsmaður í eignastýringarteymi og fjárfestingaráði sjóðsins sem nú telur fjóra starfsmenn, þ.m.t. forstöðumann
- Umsýsla og uppbygging á eignasafni sjóðsins
- Fjárfestingaákvæðanir í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins
- Samstarf og ákvörðunartaka í eignastýringarteymi sjóðsins
- Eftirlit, eftirfylgni og mat á ávöxtun og áhættu eignasafns sjóðsins
- Greining á einstökum fjárfestingarkostum til skemmri og lengri tíma
- Samskipti við aðila á fjármálamarkaði, bæði héraðs og erlendis
- Skýrslugerð og upplýsingagjöf til stjórnenda og stjórnar sjóðsins
- Önnur tilfallandi verkefni á eignastýringarviði sjóðsins



Starfsfólk Birtu lífeyrissjóðs er kjarninn í starfsemi sjóðsins og rík áhersla er lögð á að búa vel að starfsfólki. Starfsumhverfi sjóðsins einkennist af ábyrgð, fagmennsku, heiðarleika og vilja til að öðlast og viðhalda trausti sjóðfélaga. Hjá sjóðnum starfa um 30 starfsmenn, samhentur og metnaðarfullur hópur. Birta lífeyrissjóður býður upp á góða starfsaðstöðu og starfsumhverfi og lögð er áhersla á jafnrétti og jafnvægi milli vinnu og einkalífs.



Sótt er um starfið á hagvangur.is

Öllum umsóknum skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf sem gerir grein fyrir hæfni umsækjanda sem nýtist í viðkomandi starfi.

Umsóknarfrestur er til og með **8. febrúar nk.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hlynur Atli Magnússon, hlynur@hagvangur.is, ráðgjafi hjá Hagvangi.

hagvangur.is



Vel búið að framtíðinni

JÁVERK LEITAR AÐ VERKAMÖNNUM Á BYGGINGARSTAÐI FÉLAGSINS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Helstu verkefni:

- Almenn verkamannavinna á byggingasvæðum
- Aðstoð við iðnaðarmenn
- Annað tilfallandi

Hæfniskröfur:

- Stundvísi, sjálfstæði og frumkvæði
- Íslensku eða enskumælandi
- Lyftara- og/eða kranaréttindi er kostur
- Reynsla af byggingarvinnu er kostur

Við leggjum áherslu á að ráða kraftmikla og metnaðarfulla einstaklinga sem búa yfir frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum. Við bjóðum upp á frábæran starfsanda og gott starfsumhverfi þar sem möguleikarnir til að vaxa í starfi eru miklir. Við hvetjum hæfileikaríkt fólk af öllum kynjum til að sækja um störf, því meiri fjölbreytileiki starfslíðsins er eitt af markmiðum fyrirtækisins.

Umsóknir ásamt ferilskrá og kynningarbréfi sendist á javerk@javerk.is. Farið verður með öll erindi sem trúnaðarmál.



Vel búið að starfsfólki og rekstri

JÁVERK er fjölskylduvænn vinnustaður sem gerir ráð fyrir að aðbúnaður og starfsumhverfi sé með því besta sem þekkist. Starfsandinn er frábær og starfsmannafélagið er mjög virkt og stendur fyrir margskonar skemmtunum og ferðalögum. Starfsmannavelta er mjög lítil.

JÁVERK er 30 ára öflugt og metnaðarfullt verktakafyrirtæki. Starfsmenn eru um 100 og verkefnastaða fyrirtækisins er mjög traust næstu árin. JÁVERK leggur áherslu á umhverfis-, öryggis- og gæðamál og ætlum við okkur að vera leiðandi í þeim efnum í mannvirkjagerð á Íslandi.



Framúrskarandi fyrirtæki



SKRIFSTOFU- OG MARKAÐSSTJÓRI Í HLOTASTARF

Vilt þú vinna að hagsmunum eldri borgara?

Landsamband eldri borgara (LEB) leitar eftir skrifstofu- og markaðs- stjóra í hlutastarf. Helstu verkefni eru almenn skrifstofustörf, skipulagning funda, ritun fundargerða og fréttu, samskipti við félög LEB sem og að halda utan um styrki og vinna að umbótum fyrir eldra fólk.

Við leitum að vel ritfærum einstaklingi með mikla samskiptahæfileika og góða þekkingu á tölum og samfélagsmiðlum. Við leitum að jákvæðum einstaklingi sem er tilbúinn að vinna að framgangi eldra fólks. *Starfshlutfall eftir samkomulagi.*

Hæfniskröfur:

- Mjög góðir samskiptahæfileikar og lausnamiðað viðhorf
- Mikil þjónustulund og jákvætt viðhorf
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð almenn tölvufærni

Nánari upplýsingar veitir formaður LEB, **Helgi Pétursson**, í síma 6962213
Umsóknir sendist á formadur@leb.is ásamt ferilskrá
Umsóknarfrestur er til 15. febrúar



LEB
Landssamband
eldri borgara

LEB – Landssamband eldri borgara | Ármúla 6, 108 Reykjavík | www.leb.is | Sími: 567 7111

Rekstur og umsjón tjaldsvæða Norðurlands

Óskað eftir rekstaraðilum

Norðurland auglýsir eftir áhugasömum aðila eða aðilum sem kunna að hafa áhuga á að taka að sér rekstur og umsjón með tjaldsvæðum Norðurlands 2024 – 2026.

Tjaldsvæðin eru staðsett á Húsavík, Kópaskeri og Raufarhöfn.

Rekstaraðili skal annast allan rekstur og eftirlit með tjaldsvæði.

Möguleiki er á að sækja um rekstur allra tjaldsvæðanna eða einstök tjaldsvæði.

Allar nánari upplýsingar má finna á vef Norðurlands

www.nordurthing.is



ÁSKRIFTASÍMI 569 1100

VILTU LEIÐA

SJÁLFBÆRNI HJÁ LSR

Sérfræðingur í sjálfbærni

LSR leitar að metnaðarfullum og skipulögðum einstaklingi til að leiða framkvæmd á sjálfbærnistefnu sjóðsins. Starfið er víðtækt og nær til fjölbreyttra sjálfbærni-verkefna sem tengjast fjárfestingum og rekstri sjóðsins. Starfið er á eignastýringar-sviði og felur í sér náð samstarf við starfsfólk sviðsins sem og önnur svið sjóðsins.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Innleiðing á sjálfbærnistefnu
- Innleiðing verkefna í tengslum við sjálfbærnilöggjöf
- Þátttaka í greiningu og mati á UFS-þáttum við fjárfestingaákvæðanir
- Þróun og umsjón með lykil-mælikvörðum á sviði sjálfbærni
- Umsjón með innri og ytri skýrslugjöf
- Fræðsla og ráðgjöf um sjálfbærni innan sjóðsins
- Umsjón annarra verkefna sem styðja við stefnu og áherslur í sjálfbærnimálum

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Brennandi áhugi og þekking á sviði sjálfbærni og loftslagsmála
- Þekking og reynsla af fjármála-mörkuðum er kostur
- Hæfni til að vinna sjálfstætt og í teymi
- Leiðtogahæfileikar, frumkvæði og drifkraftur
- Nákvæmni og skipulagshæfni
- Framúrskarandi samskipta- og samvinnuhæfileikar og hæfni til að miðla þekkingu
- Greiningarhæfni og gagnrýnin hugsun
- Mjög góð íslensku- og enskukunn-átta, bæði í orði og riti
- Góð kerfis- og tölvukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með

12. febrúar 2024. Sótt er um á alfred.is. Umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni í starfið. Umsjón hefur Ingunn Björk Vilhjálmisdóttir hjá Attentus (ingunn@attentus.is).

Hjá LSR njótum við þess að starfa í jákvæðu umhverfi með metnað og bjartsýni að leiðarljósi. Hjá sjóðnum starfa 59 manns sem búa að mikilli reynslu og þekkingu. Við vitum að það krefst ábyrgðar og framsýni að ávaxta eignir sjóðfélaga með traustum og sjálfbærum hætti til næstu áratuga. LSR starfar í samræmi við vottað jafnlaunakerfi og jafnréttisáætlun sjóðsins.



LSR
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins

PORSCHE



Nýr sýningarsalur Porsche á Íslandi að Krókháls 9 - Október 2024.

Vegna aukinna umsvifa leitum við að vönnum liðsfélögum

Sölustjóri Porsche

Porsche á Íslandi leitað að öflugum einstakling í starf sölustjóra. Sölustjóri þarf að hafa reynslu af bílamarkaðinum, vera skipulagður í vinnubrögðum ásamt því að búa yfir leiðtogahæfileikum og hafa reynslu af sölustörfum.

Starfssvið:

- Ber ábyrgð á mótun stefnu og markmiða söludeildar Porsche í samráði við forstjóra
- Ber ábyrgð á gerð sölulátlana og eftirfylgni þeirra í samstarfi við markaðsstjóra
- Stýrir sölufundum
- Ber ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi söludeildar
- Yfirumsjón með tilboðsgerð og uppþökum
- Vinnur með vörumerkjastjóra Porsche að pöntunum á nýjum bílum
- Sala og ráðgjöf til viðskiptavina

Hæfniskröfur:

- Reynsla af sölustjórnun
- Pekking á bílamarkaðinum
- Leiðtogahæfileikar og frumkvæði til að ná árangri
- Framúrskarandi þjónustulund
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Útsjónarsemi og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð Excel og almenn tölvukunnátta
- Góð enskukunnátta í töluðu og rituðu máli
- Sala og ráðgjöf til viðskiptavina

Söluráðgjafi Porsche

Við leitum eftir öflugum einstaklingi í starf söluráðgjafa. Starfið felur í sér kynningu, ráðgjöf og þjónustu vegna bílakaupa. Þú þarft að vera með keppnisskap, koma vel fyrir, vera þjónustulipur og geta sýnt frumkvæði í starfi. Aðeins þeir sem eru vanir sölumennsku koma til greina.

Starfssvið:

- Sala og ráðgjöf til viðskiptavina
- Móttaka gesta í sýningarsal
- Hafa samband við viðskiptavini með úthringingum
- Gerð tilboða og eftirfylgni
- Afhending bifreiða og eftirþjónusta

Hæfniskröfur:

- Reynsla af sölumennsku
- Góð framkoma og hæfni í samskiptum
- Snyrtimennska
- Útsjónasemi og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð tölvukunnátta
- Gott vald á íslensku, bæði munnlega og skriflega

Markaðsstjóri

Hefur þú brennandi áhuga á markaðsmálum og ert með mikið keppnisskap. Vilt þú starfa hjá rótgrónu og öflugum fyrirtæki með frábæru teymi sem hefur mikinn metnað til að ná árangri?

Starfssvið:

- Mótun, stefna og markmið markaðsdeildar
- Innri markaðsetning
- Ber ábyrgð á kostnaðaráætlun markaðsdeildar
- Ber ábyrgð á rekstri og stjórnun markaðsdeildar
- Ber ábyrgð á framkvæmd og eftirfylgni markaðsáætlunar
- Samskipti við auglýsingastofur og fagaðila á sviði markaðsmála

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í viðskipt- og/eða markaðsfræði
- Framhaldsmenntun í markaðsfræðum er kostur
- Starfsreynsla af markaðsmálum
- Hugmyndaauðgi og metnaður til að ná árangri í starfi
- Frumkvæði, drifkraftur og skipulagshæfni
- Pekking á nútíma markaðssetningu, þmt. vefmarkaðsetningu, samfélagsmiðlum og greiningu
- Mikið keppnisskap og teymishugsun
- Gott vald á íslensku, bæði munnlega og skriflega

Umsókn ásamt ferilskrá sendist fyrir 16. febrúar, merkt starfsheiti sem sótt er um, á netfangið: tryggvi@benni.is. Fullum trúnaði er heitið.



911 Carrera



718 Cayman



Taycan



Panamera



Macan



Cayenne



Bilabúð Benna ehf. er 48 ára þjónustufyrirtæki bílaá hugamannsins og umboðsaðili Porsche.

Porsche á Íslandi | Krókhálsi 9 | 110 Reykjavík | S: 590 2000 | porsche.is
Opíð virka daga frá 9:00 til 17:00 | Opíð laugardaga frá 12:00 til 16:00

Snillingur í skipulagningu!

Elskar þú að plana og skipuleggja?
Viltu hafa góða yfirsýn og allt á hreinu?
Ertu með góða samskiptahæfni?
Þá erum við með rétta starfið fyrir þig.

Árvakur leitar eftir starfsmanni til að sjá um skipulag og hafa umsjón yfir birtingum auglýsinga á auglýsingadeild.

Starfið er lifandi og skemmtilegt í krefjandi umhverfi. Viðkomandi vinnur náið með sölustjóra og sölumönnum.

Starfssvið:

- Umsjón birtinga
- Vinnsla við auglýsingaplan
- Samskipti við viðskipavini
- Innkallanir auglýsinga
- Birtinga- og markaðsráðgjöf
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Góð kunnátta á excel er skilyrði
- Reynsla af birtingastörfum er kostur
- Góð þekking á helstu markaðs- og greiningartólum
- Afburða skipulagshæfileikar
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð tölræðiþekking
- Þarf að geta starfað sjálfstætt og sem hluti af hóp
- Jákvæðni, gott skap og þjónustulipurð

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið gefur Silja Jóhannesdóttir, sölustjóri, í síma 569 1170 eða í tölvupósti á netfangið siljaj@mbl.is

Sækja um
starf hér



[https://
jobs.50skills.
com/arvakur/is](https://jobs.50skills.com/arvakur/is)

mbl.is Morgunblaðið 100

Drífandi og grænn verkefnastjóri

Við leitum að metnaðarfullum og drífandi einstaklingi í starf verkefnastjóra Iceland Eco Business Park (Græni iðngarðurinn) á Suðurnesjum. Iceland Eco Business Park hefur að markmiði að byggja upp fjölbreytta og græna iðnaðarstarfsemi í húsnæði sem áður var ætlað undir álver Norðuráls. Við höfum einsett okkur að verða leiðandi sjálfbært samfélag fyrir öflug innlend og erlend fyrirtæki sem vilja nýta sér einstaka staðsetningu, íslenskar náttúruauðlindir og hraðvaxandi atvinnu- og íbúasvæði.

Verkefnastjóri mun starfa með framkvæmdastjóra að framkvæmdum við uppbyggingu Iceland Eco Business Park (Græna iðngarðinn) á Suðurnesjum. Um er að ræða 28.000 fermetra húsnæði þar sem fyrsti áfangi framkvæmda verður frágangur um 10.000 fermetra.

Helstu verkefni:

- Gerð verk-, kostnaðar- og framkvæmdaáætla og eftirfylgni með þeim, í samráði við framkvæmdastjóra.
- Samskipti og samstarf við verktaka og hönnuði, eftirlit með framvindu, utanumhald teikninga og fleira.

Hæfniskröfur:

- Menntun í byggingarverkfræði, byggingartækniþræði, byggingafræði, eða sambærileg þekking tengd mannvirkjagerð og byggingastjórn.
- Haldbær reynsla og þekking á verkefnastjórnun framkvæmda.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri.
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kjartan Eiríksson framkvæmdastjóri IEBP.

Umsókn ásamt starfsferilskrá sendist til kjartan@iebp.is fyrir 15. febrúar 2024.

Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.



RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR



intellecta

Síðumbla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is

Við
leiðum
fólk
saman



HAGVANGUR



Viltu vera hluti af góðri liðsheild?

Faxaflóahafnir sf. óska eftir að ráða vélstjóra og hafnarverði í afleysingar sumarið 2024 í hafnarþjónustu.

Starf **vélstjóra** felst í vélstjórn dráttarbáta, viðhaldi dráttarbáta sem sinna þarf hverju sinni, afgreiðslu rafmagns auk annarra tilfallandi verkefna tengdum hafnarþjónustu við viðskiptavini.

Starf **hafnarvarðar** felst í móttöku á skipum, umhirðu hafnarsvæða, afgreiðslu vatns auk annarra tilfallandi verkefna tengdum hafnarþjónustu við viðskiptavini.

Faxaflóahafnir sf. er stærsta höfn landsins þar sem starfa um 80 manns og er umráðasvæði hennar í Reykjavík, Akranesi, Grundartanga og Borgarnesi. Fyrirtækið leggur áherslu á að vera leiðandi í umhverfis- og öryggismálum auk þess að vera í vegferð að þróa snjallar og grænar hafnir.

Hæfniskröfur vélstjóra

- Vélstjóraréttindi VF1
- Reynsla af yfirvélstjórn skipa
- Öryggisnáms Slysavarnarskóla sjómanna
- Góð íslensku-, ensku- og tölvukunnátta

Hæfniskröfur hafnarvarða

- Gilt ökuskirteini
- Öryggisnáms Slysavarnarskóla sjómanna er kostur
- Gild vinnuvélaréttindi er kostur
- Gild vigtaréttindi eru kostur

Þar sem í gildi eru ákvæði laga um hafnavernd þá er óskað eftir að umsækjandi geti lagt fram sakavottorð.

Öll kyn eru hvött til að sækja um en fyrirtækið hefur skýr jafnréttismarkmið og vill auka fjölbreytileika í starfslíði sínu. Starfsstöð er í Reykjavík.

Nánari upplýsingar um starfið gefur Gisli Jóhann Hallsson yfirhafnsögumaður gisli@faxaflaoahafnir.is

Umsókn ásamt ferilskrá sendist til Faxaflóahafna sf., á netfangið olafur@faxaflaoahafnir.is, eigi síðar en sunnudaginn **4. febrúar n.k.**

faxaflaoahafnir.is



Faxaflóahafnir sf.
Associated
Icelandic
Ports

vinnvinn

Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF

Rað- og smáauglýsingar

Tilkynningar

Styrkir VIRK 2024

VIRK Starfsendurhæfingarsjóður auglýsir eftir umsókn-um um styrki til verkefna sem auka fjölbreytni og framboð úrræða í starfsendurhæfingu og styrki til rannsóknna sem stuðla að uppbyggingu og auka við almenna þekkingu á starfsendurhæfingu á Íslandi.

Veittir eru styrkir til virkniúrræða, rannsóknarverkefna og uppbyggingar- og þróunarverkefna einu sinni á ári og þurfa umsóknir um styrkina að hafa borist sjóðnum 15. febrúar nk. inn á netfangið styrkir@virk.is.

Aðeins eru teknar til greina umsóknir sem uppfylla allar reglur um styrki VIRK. Nánari upplýsingar, stefnur og reglur varðandi umsóknir og umsóknareyðublöð má finna á www.virk.is.

Umsóknarfrestur er til og með 15. febrúar 2024.

Open for grant applications

VIRK Vocational Rehabilitation Fund is accepting grant applications for projects that will increase the diversity and availability of interventions in vocational rehabilitation and grants for research projects that promote development and greater general knowledge about vocational rehabilitation in Iceland.

Grants are offered once a year for activity projects, research projects and development projects and grant applications must be received by VIRK by 15th of February via the e-mail address styrkir@virk.is

Only applications that meet all regulations set forth by VIRK will be accepted. Further information regarding the application and about policies and rules as well as the application form can be found on VIRK's web page www.virk.is.

The application deadline is end of day February 15th, 2024.



STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

Auglýsing um skipulag Hafnarfjarðarbær

Tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir Gráhelluhraun ásamt breytingum á skipulagsmörkum Kaldárselsveggar og hestamannafélagsins Sörla.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 17. janúar 2024 að auglýsa nýtt deiliskipulag fyrir Gráhelluhraun ásamt breytingum á skipulagsmörkum við Kaldárselsveg og hestamannafélagsins Sörla.

Tillagan leggur áherslu á að bæta aðgengi að skóginum í Gráhelluhrauni. Göngu- og reiðleiðir verða aðgreindar með góðum tengingum við umhverfið í kring.

Gert er ráð fyrir bílastæðum út frá Kaldárselsvegi til norðurs og einnig við aðkomu að athafnasvæði hestamannafélagsins Sörla til suðurs. Samhliða verðar gerðar breytingar á skipulagsmörkum aðliggjandi svæða þannig að umrædd bílastæði verða innan deiliskipulagsmarka Gráhelluhrauns.

Á kynningartíma frá 1.2.2024 til 14.3.2024 má nálgast tillögurnar á hfj.is/skipulag og á skipulagsgatt.is.

Athugasemdir eða ábendingar skulu berast eigi síðar en 14.3.2024 með rafrænum hætti í gegnum skipulagsgatt@hafnarfjordur.is, á netfangið skipulag@hafnarfjordur.is eða stílaðar á:

Hafnarfjarðarbær
bt. umhverfis- og skipulagssvið
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

hafnarfjordur.is



Auglýsing um skipulag Hafnarfjarðarbær

Skipulags- og matslýsing, breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og nýjar deiliskipulagsáætlanir fyrir borteiga Coda Terminal

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti þann 17. janúar 2024 að hafin verði vinna við breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna borteiga og samhliða gerð nýs deiliskipulags og breytingum sem þurfa að koma til vegna þessa verkefnis.

Skipulagslýsing er verkáætlun um mótun tillögu og er tilgangurinn að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðilum að skipulagsferlinu á fyrstu stigum þess, auka gagnsæi, tryggja betra upplýsingaflæði, skila betri og markvissari skipulagsvinnu og gefa sveitarstjórn og þeim sem koma að ferlinu betri yfirsýn allt frá fyrstu skrefum.

Á kynningartíma frá 1.2.2024 til 29.2.2024 má nálgast tillögurnar á hfj.is/skipulag og á skipulagsgatt.is undir málsnúmeri 950/2023.

Athugasemdir eða ábendingar skulu berast eigi síðar en 29.2.2024 með rafrænum hætti í gegnum skipulagsgatt.is, á netfangið skipulag@hafnarfjordur.is eða stílaðar á:

Hafnarfjarðarbær
bt. umhverfis- og skipulagssvið
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

hafnarfjordur.is



Félagsstarf eldri borgara

Aflagrundi 40 Opin vinnustofa kl. 9-12 – Morgunspjall, heitt á könnunni kl. 9-11 – Ukulele, ókeypis kennsla kl. 10:00 – Boccia kl. 10:15 – Hádegisverður kl. 11:30 – 12:30 – Söngfuglarnir, kóræfing, laus pláss í allar raddir kl. 13:00 – Myndlist með Valgarði Gunnarssyni, öll velkomin kl. 13:00 – Bókaklúbbur kl. 13:15 – Siðdegiskaffi kl. 14:30-15:20 – Húsið lokar kl. 15:45 – Nánari upplýsingar í síma 411 2701.

Árskógar 4, Fristunda- og félagsstarf Smíðastofa með leiðbeinanda kl. 9-16. Gönguhópur kl. 10. Samvera með prestri kl. 10.30. Handavinna kl. 12.30-16. Myndlist með Elsu kl. 13. Kynningarfundur Hollvínafélags Árskóga kl. 14. Bónusbíllinn, fer frá Árskógum 6-8 kl. 12.45. Líkamsræktarhornið opið. Hádegismatur kl. 11.30-12.30. Kaffisala kl. 14.45-15.30. Allir velkomnir óháð búsetu og aldri. Sími: 411-2600.

Boðinn Fimmtudagur 1. febrúar: Bridge og Kanasta kl. 13:00. Sundlaugin opin til kl. 16:00.

Félagsmiðstöðin Hæðargarði 31 Kaffisopi og spjall kl. 8:30-11:00. Gæðastund með hannyrðir kl. 9:00-12:00. Hádegismatur 11:30-12:30. Myndlistarhópur Selmu kl. 13:00-15:45. Dönsum með göngugrindurnar og Matthildi kl. 13:30-14:30. Siðdegiskaffi kl. 14:30-15:30.

Garðabær 8.30 Pool-hópur í Jónshúsi 9.00 Listmálun í Smiðju 10.00 Ganga frá Jónshúsi 10.00 Qi-Gong í Sjálandssk. 11.00 Stóla-jóga í Sjálandssk. 13.00 Njálulestur 13.00 Handavinnuhorn í Jónsh. 11.15 Boccia í Ásgarði 13.20-15.30 Kaffiveitingar í Jónshúsi 13.00 Listmálun í Smiðju

Gerðuberg Fimmtudagur 01 febrúar Opin vinnustofa í Búkolullaut frá kl. 8:30 (heitt á könnunni) Bútasamur kl. 13:00 - 16:00 Öll velkomin, óháð aldri og búsetu

Gjábakki Opin handavinnustofa og verkstæði kl. 8.30 til 11.30. Qigong kl. 9 til 10.15. Jóga kl. 11.30 til 12.45. Bókband kl. 13 til 15.30. Bingó 1 x í mánuði, næst 22. febrúar. Félag vatnslitamála kl. 16 til 18. Bridge-félag kópavogs kl. 19 til 22.

Gullsmári Fimmtudagur: Opinn tími í handavinnu kl. 9:00. Qi-Gong hreyfing kl. 10:30. Bútasamur/Kapítólur kl. 13:00. Bridge kl. 13:00. Gönguhópur kl. 14:00. Jóga kl. 17:00.

Hraunbær 105 Kaffiklúbbur og spjall, allir velkomnir í fritt kaffi kl. 9. Handavinna með leiðbeinanda kl. 9:00 – 12:00. Bænastund kl. 9:30 – 10:00. Jóga kl. 10:00 - 11:00. Hádegismatur kl. 11:30. Söngustund kl. 12:30 – 14:00. Þrjónaklúbbur kl. 13:00 Létt ganga kl. 14:00.

Hvassaleiti 56-58 Morgunkaffi og spjall kl. 08:30 - 10:30. Opin vinnustofa kl. 9:00 – 16:00. Stólaleikfimi kl. 10:30. Félagsvist kl. 13:10.

Korpúlfar Borgir Fimmtudagur: Einstaklingsmiðað tölvanámskeið kl. 9:00. Stóla-jóga með Gyðu Dís kl. 9:00. Styrktar og jafnvægisleikfimi kl. 10:15 og 11:00. Skákhópur Korpúlfa kl. 13:00, Spilið Canasta fyrir byrjendur kl. 12:30 Tréútskurður á Korpúlfsstöðum kl.13:00. Sundleikfimi í Grafarvogslaug kl. 14:00.

Samfélagshúsið Vitatorgi Bókband í smiðju kl. 9:00 -12:30. Opin handverksstofa kl. 9:00 - 10:00. Námskeið fyrir konur af erlendum uppruna, lokaður hópur, í handverksstofu kl. 10:00 - 12:30. Ókeypis líkamsþjálfun, Vitamín í Val, í Valsheimilinu að Hlíðarenda kl. 10:00 - 11:00. Fræðsluerindi sjúkrahjálfa í setustofunni kl. 13:30 - 14:30. Opið hús á vegum Rauða krossins kl. 16:00 -18:00.

Seltjarnarnes Vatnsleikfimi í sundlauginni kl. 07.10. Kaffirkókur á Skólbraut kl. 9. Jóga/leikfimi á Skólbraut kl. 11. Félagsvist á Skólbraut kl. 13.30. Karlakaffi í safnaðarheimili kirkjunnar kl. 14. Minnum alla á gönguna á morgun frá íþróttahúsinu kl. 10.30.

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupum bíla 23-250 þús.

Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Húsviðhald

Húsviðgerðir
www.husco.is

Sími 555 1947
Gsm 894 0217

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK FLOTUN - SANDSPARSL MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum

Tímavinna eða tilboð

Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994



LiFePO4 rafgeymar til sölu:

12 volta 100 Ah kr. 94.845 m/vsk

12 volta 200 Ah kr. 165.981 m/vsk

12 volta 300 Ah kr. 248.886 m/vsk

Nánari upplýsingar á LiTime.com

og Youtube



Merbau pallefni(mahogany) 21x145mm Verð tilboð



Bankirai pallefni(parket) 21x145mm Verð tilboð

Cumaru panill 10x90mm og pallefni 21x90mm

Penofin harðviðarolía 3,8 lítrar

Indus ehf Óseyrarbraut 2 Hafnarf.

opið 10-14 virka daga

magnus@viduris

gsm: 660 0230 Magnús

Dýrahald



Kata er bröndótt með grábrúnan, brúnan, svartan og hvítan feld.

Hún er með hvíta sokka og bringu, hvítt hjá tryninu, hvíta línu efst á aftari hægri löppinni og hvítan blett efst á bakinu vinstra megin. Loppur og nebbi eru bleik og augun græn. Hún er 13 ára, geld og örmerkt með gula endurskinsmerkja ól með hringlóttu silfurlituðu spjaldi þar sem stendur KATA. **Ef þið rekist á hana eða kannist við að hafa séð hana endilega sendið sms eða hringið í 696-9659 eða 898-3958.**

Byggingar

Byggingafyrirtæki getur bætt við sig verkum

Uppslátt á húsum og sökklum.

Þakendurbætur, tek niður pantanir fyrir næsta ár 2024, geri tilboð í verk.

Stálgrindarhús, geri tilboð, er í samstarfi við innflutningsaðila.

Sumarhús, breytingar eða byggja nýtt hús, geri tilboð.

Nánari upplýsingar , Bjóssi smiður á google, s 893-5374

nybyggd@gmail.com

Bílar



Ford Transit Custom stuttur

Modelár 2017. Ekinn aðeins 91 þús.

km. Hann er svoltið ljótur greið en

góður í keyrslu þó. Ný smurður og á

vetrardekkjum tilbúinn í að fara í

vinnu þar sem útlitið skiptir ekki öllu.

Verðið er hinsvegar afar gott því það er aðeins 2.200.000 án vsk.



www.sparibill.is

Hátúni 6 A – sími 577 3344.

Opið kl. 10-18 virka daga.

Sumarhús



Sumarhús –Heilsárshús

Gestahús –Breytingar

• Framleiðum stórglæsileg sumarhús/heilsárshús í ýmsum stærðum.

• Tökum að okkur stækkun og breytingar á eldri húsum.

• Smíðum gestahús – margar útfærslur.

• Sjáum um almennt viðhald á sumarhúsum og sólpöllum.

• Setjum niður heita potta og smíðum palla og skjólveggi.

Áratugareynsla –

endilega kynnið ykkur málið.

Trésmiðja Heimis, Þorlákshöfn,

sími 892-3742 og 483-3693,

www.tresmidjan.is

Til sölu

Flottir ekta pelsar til sölu í fleiri stærðum.

Hafið samband við Unni í síma

868 2726

kinaklubbur@simnet.is